





Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi
og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland


# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**HELGARBLAÐ**
6. desember 2014
287. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014




## ALKÓHÓLISMINN TÓK HÁAN TOLL

**Ari Matthíasson, nýráðinn þjóðleikhússtjóri, segist vera venjulegur fimmtugur kall í Vesturbænum en hann á sér skrautlega sögu sem markast af alkóhólisma og missi allt frá barnæsku og þangað til fyrir tíu árum.** ▶ 28

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**PENNAVINUR FANGA Á DAUÐADEILD** Gunnhildur Halla Carr byrjaði sextán ára að skrifa og var það henni mikið áfall þegar fyrsti pennavinurinn var tekinn af lífi. ▶ 34




**300 ÁRA TEPPI**

Riddarateppi varð Evu innblástur að bók. ▶ 62






KÆRLEIKSKÚLAN
MANDARÍNA
Davíð Örn Halldórsson
Sölutímabil 5. - 19. desember www.kaerleikskulan.is
STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA



GEFÐU GÓÐA SKEMMTUN
SMÁRALIND GJAFAKORT
Gjafakort Smáralindar
SMÁRALIND



# FRÉTTIR

## GLEÐIFRÉTTIN

### Systur fengu kærleikskúluna

Kærleikskúla ársins var afhent við hátíðlega athöfn í Listasafni Reykjavíkur á miðvikudag. Kúlan ber nafnið Mandarína og er eftir Davíð Örn Halldórsson. Kúlan er seld til styrktar Reykjadal, sem rekur sumarbúðir og helgardvöl fyrir fötluð börn og unglinga. Handhafar kærleikskúlunnar í ár eru systurnar



Snædís Rán og Áslaug Ýr Hjartardætur. Þær hafa þrátt fyrir ungan aldur verið virkar í réttindabaráttu fatlaðs fólks, meðal annars skrifað greinar, komið fram í fjölmiðlum og notað samfélagsmiðla til þess að vekja athygli á baráttu sinni. „Þannig hafa þær verið fötluðu fólki mikilvæg hvatning og fyrirmyndir og eiga án efa eftir að verða enn öflugri á næstu árum,“ segir í tilkynningu en kærleikskúlan verður seld til 19. desember í ýmsum verslunum.

## FIMM Í FRÉTTUM NÝR RÁÐHERRA OG ÞAKKLÆTI



**Ólöf Nordal**, nýr innanríkisráðherra, kvaðst reiðubúin í ráðherrastól þrátt fyrir erfið veikindi fyrir skömmu. Skipun Ólafar í embættið kom þingmönnum Sjálfstæðisflokksins á óvart.



**Sveinn Runólfsson** landgræðslustjóri benti á að græða þyrfti upp yfir milljón hektara lands. Hann sagði umræðuna um að stöðva jarðvegseyðinguna hafa gleymst.



**Ellen Calmon**, formaður Öryrkjabandalags Íslands, gagnrýndi tillögu fjárlaganefndar Alþingis um að hækka almannatryggingabætur um þrjú prósent en ekki 3,5 prósent eins og til stóð.



**Margrét Steinarsdóttir**, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands, sagði að skoða þyrfti betur hvers vegna innflytjendum reyndist erfitt að fá menntun sína metna.



→ **Sebastian Andrzej Golab**, Pólverjinn sem var stunginn með hnífi í hjartað, lýsti yfir þakklæti til læknanna sem björguðu lífi hans. Hann ætlar nú að lifa lífinu á annan hátt.



**FISKVEIÐI** Menn veiða sér í soðið í austurhluta Dónetsk. Mikil átök hafa verið í borginni að undanförnu. NORDICPHOTOS/AFP

Enn er barist í Úkraínu en menn njóta friðarins á milli:

## Stund milli stríða í Dónetsk

**ÚKRAÍNA Mikil átök hafa verið í úkraínsku borginni Dónetsk undanfarna mánuði og fulltrúar deiluaðila eiga nú í viðræðum um vopnahléssamkomulag sem myndi ná til Dónetsk-héraðs. Mikil átök hafa geisað í kringum flugvöllinn í borginni síðustu daga.**

**Fulltrúar Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu stýrðu friðarviðræðunum, en stofnunin hefur fylgst náið með ástandinu í Úkraínu allt frá því að átök hófust þar í apríl síðastliðinn.**

**Samið var um vopnahlé í september en það hefur ítrekað verið brotið. Hafa rúmlega þúsund manns látist síðan og fjölmargir særst.** - glp

Saksóknarar funda með UST:

## Leggja áherslu á umhverfisbrotin

**LÖGREGLUMÁL** Lögfræðingar Umhverfisstofnunar áttu fund með embættum Sérstaks saksóknara og Ríkissaksóknara í vikunni. Tilgangur fundarins var að ræða um umhverfisbrot með auðgunarásetningi.

Fulltrúar Umhverfisstofnunar kynntu þá málaflokka sem heyra undir stofnunina, nýmæli í löggjöf og fóru yfir helstu mál sem komið hafa upp síðustu misseri.

Fundarmenn voru einhuga um mikilvægi þess að umhverfisbrot hljóti aukið vægi og lýstu yfir vilja til frekara samstarfs. - shá

Fiskistofumenn vilja svör:

## Hvað kostar flutningurinn?

**STJÓRNSÝSLA** Starfsmenn Fiskistofu sendu Sigurði Inga Jóhannssyni sjávarútvegsráðherra bréf í gær og óskuðu upplýsinga um áætlaðan kostnað við flutning höfuðstöðva Fiskistofu til Akureyrar. Einnig vilja þeir að ráðherra vísi í gögn til stuðnings fullyrðingum um að viðlíka flutningur stofnana í Noregi hafi orðið til þess að þær blómstruðu.

„Jafnframt ítrekum við starfsmenn Fiskistofu rúmlega þriggja vikna gamla beiðni um fund fulltrúa okkar með ráðherra,“ segir í bréfinu. - gar






**SÍÐASTA EMBÆTTISVERKIÐ** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson lét dómsmálin í hendur Ólafar Nordal á fimmtudag. Þá um daginn var tilkynnt um færslu lögreglunnar á Hornafirði í Norðausturkjördæmi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Flutningur lögreglu stöðvaður á lokadegi

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra ákvað á síðasta degi sínum sem dómsmálaráðherra að lögregluembættið á Höfn skyldi vera áfram í hans eigin kjördæmi en ekki í Suðurkjördæmi. Bæjarstjórinn á Höfn trúir ekki eigin augum.

**STJÓRNSÝSLA** Á meðan Ólöf Nordal tók formlega við sem nýr innanríkisráðherra á Bessastöðum barst bæjarstjóranum á Hornafirði, Birni Inga Jónssyni, tilkynning um nýja reglugerð um að sveitarfélagið Hornafjörður teldist til umdæmis lögreglustjórans á Austurlandi.

Með ákvörðun sinni ákvað þáverandi dómsmálaráðherra, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra, að lögreglan á Höfn yrði áfram í hans kjördæmi, Norðausturkjördæmi. Þannig stöðvaði ráðherrann áform um flutning lögregluembættisins yfir í Suðurkjördæmi. Reglugerðin var síðasta verk Sigmundar Davíðs sem dómsmálaráðherra.



**UNNUR BRÁ KONRÁÐSDÓTTIR**

„Ég trúði ekki eigin augum, ég hugsaði með mér að þetta hlyti að vera prentvilla,“ segir Björn Ingi Jónsson.

Undirbúningur að því að flytja lögregluna á Höfn í Suðurkjördæmi hefur staðið yfir síðan í sumar og var kominn á lokastig. Flutningurinn var áætlaður um áramót og var tilkominn vegna frumkvæðis frá innanríkisráðuneytinu.

Nýja reglugerðin kom sveitarstjórn Hornafjarðar og öllum í Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga því á óvart, að sögn Björns Inga.

„Í sumar var óskað sérstaklega yfir því að sveitarfélagið lýsti því yfir hvernig það sæi fyrir sér framtíð löggæslu. Eftir að þess var óskað fórum við í þá vinnu og kynntum niðurstöðuna, sem var sú að það væri langeðlilegast að löggæsla fylgi kjördæmamörkum. Það átti að taka tillit til okkar óska,“ segir bæjarstjórinn.

Búið var að fastsetja vaktir lögreglu og hjúkrunarfólks, lögreglustjóri Suðurlands heimsótti bæjarstjóra og bæjarstjórn í haust og ræddi fyrirkomulagið, skipurit, almannavarnir og fleira varðandi löggæsluna.

„Um miðjan desember á ég svo boðaðan fund með lögreglustjóranum sem ætlaði að hitta alla framkvæmdastjóra sveitarfélaga í sínu umdæmi,“ segir Björn Ingi. „Sigmundur Davíð setur svo reglugerð sem gengur þvert á það sem búið er að tala um undanfarnar vikur og algerlega án nokkurs samráðs, tíu mínútum áður en hann missir valdið. Þetta eru vinnubrögð sem eiga ekki að eiga sér stað nú á árinu 2014. Það er mjög erfitt að túlka gjörninginn öðruvísi en að það hafi verið einhver þrýstingur.“

Björn Ingi skrifaði strax bréf til þingmanna og nýs innanríkisráðherra, Ólafar Nordal, og rekur hann málavexti. Meðal annars segir hann frá því að ráðuneytið hafi óskað eftir skoðun sveitarfélagsins á framtíðarskipulagi löggæsluumdæmisins.



> **Sigmundur Davíð setur svo reglugerð sem gengur þvert á það sem búið er að tala um undanfarnar vikur og algerlega án nokkurs samráðs, tíu mínútum áður en hann missir valdið.**
>
> *Björn Ingi Jónsson, bæjarstjóri Hornafjarðar.*

Bæjarráð Hornafjarðar hefur tekið undir sjónarmið sem fram komu á fundi Samtaka sveitarfélaga á Suðurlandi, að hagsmunum sveitarfélagsins verði best borgið með því að skipan löggæslumála fylgi kjördæmismörkum.

„Við vorum fullvissuð um að hlustað yrði á afstöðu okkar. Við fengum fregnir af því að við ættum að fara að skipuleggja flutning á Suðurland og höfðum enga ástæðu til að ætla annað,“ segir Björn Ingi sem fer fram á að þingmenn beiti sér í því að þessi ákvörðun verði endurskoðuð.

Unnur Brá Konráðsdóttir, þingkona Sjálfstæðisflokks í Suðurkjördæmi, deilir á forsætisráðherra. „Þetta er ákvörðun sem gengur gegn allri vinnu sem unnin hefur verið, hann þarf að útskýra hana.“

kristjanabjorg@frettabladid.is

6. og 7. desember

# VIÐ HLÖKKUM TIL!

## SKEMMTUN

Gosi og Gluggagægir skemmta á laugardag kl. 14. Skemmtun og myndataka með Línu Langsokk kl. 16 á sunnudag.

## STEMNING

Lifandi jólatónlist og skemmtilegar uppákomur á göngugötunni. Skoðaðu dagskrána á smáralind.is

## NAMM!

Piparkökuhúsaleikur Kötlu. Komdu og skoðaðu öll glæsilegu piparkökuhúsin sem taka þátt!

**Næg bílastæði • Opið til 18 • Mundu eftir Jólagjafahandbókinni**



SMÁRALIND

Góða skemmtun

OPIÐ: VIRKA DAGA 11–19 FIMMTUDAGA 11–21 LAUGARDAGA 11–18 SUNNUDAGA 13–18 WWW.SMARALIND.IS FINNDU OKKUR Á FACEBOOK

## 29.11.2014 → 05.12.2014



**200** milljónir
er andvirði sauðargæra sem illa gengur að selja til Evrópu og sláturleyfishafar eiga á lager.

**2,2 milljarðar**



skiptu um hendur þegar Landsbankinn seldi hlut sinn í Borgun hf. Hópur fjárfesta sat einn að veislunni, sem bankinn segir eðlilegt.

**32.000**
kílómetrar af framræsluskurðum hafa verið grafnir á Íslandi frá því um miðja 20. öld.

**43%**
fanga eru í námi. Alls afplána 180 manns dóma í fangelsum ríkisins.



**5.727 jarðskjálftar**
höfðu riðið yfir í Bárðarbungu um miðja vikuna.



**1.000.000**
hektarar lands eru svo illa farnir að nauðsynlegt er að græða þá upp.





**14 af 15**
hlýjustu árum skráðrar sögu hafa verið á 21. öldinni.

**2.539**
flutningaskip boðuðu komu sína til hafnar hér við land árið 2013.





**MÓTMÆLT Á VEGUM AMNESTY** Samtökin láta sig mannréttindi fólks um heim allan varða. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Opið hús hjá Amnesty:

## Bréfamaraþon á laugardaginn

**MANNRÉTTINDI** Árlegt bréfamaraþon Íslandsdeildar Amnesty International fer fram í dag. Fólki er boðið að koma saman og skrifa bréf til stjórnvalda ýmissa ríkja þar sem brotið er á mannréttindum fólks.

Í fyrra skrifuðu Íslendingar og sendu rúmlega fimmtíu þúsund bréf og er vonast eftir svipaðri þátttöku í ár. Bréfamaraþonið fer fram á mörgum stöðum á landinu en í Reykjavík verður opið á skrifstofu Amnesty að Þingholtsstræti 27. - bá

Bankamenn kallaðir fyrir:

## Þingnefnd spyr um Borgun

**STJÓRNMÁL** Fulltrúar Landsbankans, Fjármálaeftirlitsins og Bankasýslu ríkisins eru boðaðir á fund efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis á mánudag til að ræða sölu Landsbankans á hlut í greiðslumiðlunarfélaginu Borgun.

Nokkrir þingmenn kölluðu eftir því að salan á Borgun yrði skoðuð eftir að greint var frá því að Landsbankinn seldi hlutinn sinn fyrir luktum dyrum. Landsbankinn er að langmestu leyti í eigu ríkisins. „Við ætlum að fræðast um þetta söluferli,“ segir Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og viðskiptanefndar. - bá

# Kemur við og veitir ókeypis námsráðgjöf á Kvíabryggju

Helga Lind Hjartardóttir námsráðgjafi kemur við á Kvíabryggju á leið heim úr vinnu þótt starfslýsing hennar feli það ekki í sér. Hún segir fanga búa við meiri óvissu en áður vegna aldurstakmarkana í nám.

„Ég kem við hjá þeim á leiðinni heim eftir vinnu,“ segir Helga Lind Hjartardóttir, námsráðgjafi við Fjölbrautaskóla Snæfellinga, sem vill ekki bregðast þeim föngum sem þurfa námsráðgjöf á Kvíabryggju en fá ekki vegna fjárskorts og leggur því lykkju á leið sína til þeirra í lok dags.

„Við sóttum um fé til að sjá um námsráðgjöf á Kvíabryggju. Málavextir eru þeir að námsráðgjafi sem á að anna Litla-Hrauni, Sogni og Kvíabryggju kemst ekki yfir verkefnin. Hún hefur nóg með að keyra á milli Litla-Hrauns og Sogns til að veita ráðgjöf og er auðvitað eins og hefur verið sagt frá í fréttum aðeins í hálfri stöðu frá FSu. Þessi málaflokkur hefur verið skorinn niður.“

### Fara aftarlega í röðina

Helga Lind segir óvissu fanga enn meiri en áður. Fyrir liggi að ekki verði greitt fyrir námsráðgjöf frá Fjölbrautaskóla Snæfellinga eftir áramót. Þá hafi fangar ekki fengið skýr svör um það hvort þeir lenda í biðröð eftir plássi í framhaldsskóla vegna aldurstakmarkana sem verða settar.

„Það er búið að láta mig vita af því að það verður ekkert greitt eftir áramót í þessa stöðu. Það eru nýir fangar að koma til afplánunar á Kvíabryggju innan skamms. Hvaða svör fá þeir? Þau eru engin mér vitandi og það er óásættanlegt. Ef þú ætlar að gefa föngum von, þá verða þeir að hafa markmið. Það bíður ekki neitt eftir þeim.

Þeir fara aftarlega í röðina þegar kemur að plássum í framhaldsskóla því nýnemar ganga fyrir, átján ára og yngri.“



**TÍMINN NÝTTUR** Afplánun er einmanalegur tími. Margir fangar vilja nýta tímann til náms. FRÉTTABLAÐIÐ/ PÉTUR

### Einmanalegur tími

Í Fréttablaðinu hefur nýverið verið fjallað um mismunun fanga eftir því hvar þeir afplána dóma sína og rætt við Ingu Guðrúnu Kristjánsdóttur, aðferðafræðikennara við Háskóla Íslands, um lögbundinn rétt fanga til náms. Umfjöllunin varpaði ljósi á misjafnan aðbúnað fanga til náms og hversu miklu máli það skiptir að vinna betur að málaflokknum.

Inga Guðrún fylgdi eftir átta föngum í rannsókn sinni á aðbúnaði fanga í námi. Einn þeirra segir hér frá reynslu sinni. Hann kýs að koma fram nafnlaust vegna þess að hann óttast atvinnuöryggi sitt og vill hlífa fjölskyldu sinni við áreiti.

### Tíminn lengi að líða

Fanginn sem um ræðir hafði óvanalega traustan grunn. Hann hafði lokið framhaldsskólaprófi. Ekkert háskólanám var í boði þegar hann hóf afplánun og því ákvað hann að hefja undirbúning að því til að sitja ekki iðjulaus.

„Fljótlega eftir að ég kom á Litla-Hraun sóttist ég eftir frekara námi á framhaldsskólastigi, enda var ekki háskólanám í neinu formi í boði á þeim tíma sem ég var í afplánun, aðallega til að búa mig undir háskólanám sem ég vonaðist eftir að myndi verða í boði síðar í afplánun minni eða þegar ég lyki afplánun. Ég tók kúrsa í náttúrufræði og raungreinum. Það gekk vel og ég safnaði fullt af einingum. Þar sem tíminn í afplánun er lengi að líða og getur verið einmanalegur er best að hafa eitthvað fyrir stafni til að láta tímann líða og til að staðna ekki á meðan. Í seinni hluta afplánunar minnar gafst mér kostur á að stunda fjarnám við háskóla, sem ég gerði en á enn ólokið því námi.“

### Lítill aðgangur að neti

Spurður um hindranir í námi nefnir hann að aðgangur að neti hafi verið takmarkaður. „Þegar ég var í afplánun voru aðstæður ekki góðar til náms í háskóla. Aðgengi að netinu var mjög takmarkað og það er lítil sem engin aðstoð í þannig námi. Mér skilst að það hafi breyst eitthvað, enda hafa nokkrir stundað háskólanám í afplánun eftir að ég lauk afplánun en hvort þeir hafa lokið námi eður ei veit ég ekki.“



**„Ef þú ætlar að gefa föngum von, þá verða þeir að hafa markmið. Það bíður ekki neitt eftir þeim.**

*Helga Lind Hjartardóttir, námsráðgjafi við Fjölbrautaskóla Snæfellinga.*

### Aðstoð langt fram á kvöld

Fanginn nefnir að hann viti til þess að námsráðgjafi á Litla-Hrauni sem nú hefur hætt störfum hafi unnið langtum meira en til var ætlast vegna brýnnar þarfar þótt hún hafi ekki fengið greitt fyrir þá vinnu.

„Hún aðstoðaði nemendur fram á kvöld eftir að hefðbundnum skóladegi lauk, tók símaviðtöl utan vinnutíma og kom í fangelsið vegna sérstakra aðstæðna utan vinnutíma til þess eins að veita nemendum bestu mögulegu aðstoð.“ kristjanabjorg@frettabladid.is




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 16° | Friedrichshafen | 4° | New York | 12° |
| Aþena | 18° | Gautaborg | 7° | Orlando | 26° |
| Basel | 10° | Kaupmannahöfn | 7° | Ósló | 1° |
| Berlín | 4° | Las Palmas | 21° | París | 6° |
| Billund | 6° | London | 6° | San Francisco | 16° |
| Frankfurt | 4° | Mallorca | 12° | Stokkhólmur | 3° |




**Á MORGUN**
5-15 m/s, hvassast austast




**MÁNUDAGUR**
3-10 m/s, hvassviðri V-til um kvöldið

**KÓLNANDI** SV-átt í dag og slydda eða él SV- og V-til. Snýst til N-áttar á morgun með snjókomu N- og A-lands og kólnandi veðri. Frost 2-10 stig á morgun. Hæglætisveður framan af degi á mánudag en SA- hvassviðri eða stormur SV-til á mánudagskvöld.



**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
**FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is,
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


JÓLATRÉ KJARAKLÚBBSINS
NORMANNSPINUR STANDARD FLOKKUR
150-240 cm
3.990 kr.
TAKMARKAÐ MAGN
Skráðu þig í Kjaraklúbbinn í næstu verslun.
KJARA KLÚBBUR %
JÓLATRÉ
Á LÆGRA VERÐI UM HELGINA
20% afsláttur
AF ÖLLUM SERÍUM FRÁ FROST
gildir 4-8 desember
JÓLALANDIÐ Skútuvogi
JÓLASVEINAR
KOMA Í HEIMSÓKN
kl. 15-16
Laugardag
ÍS AÐEINS 150kr
Í Kaffi Garði
KAFFI GARÐUR
JÓLAHLAÐBORÐ SKÚTUVOGI
Virkadaga kl. 17-20
Helgar kl. 12-15 og 17-20
Aðeins 1.980kr
Börn 10 ára og yngri aðeins 500kr
SKOÐAÐU HANDBÓK HÚSASMIÐJUNNAR
JÓLAGJAFIR Á ÓTRÚLEGU VERÐI
HANDBÓK HÚSASMIÐJUNNAR
OPIÐ TIL 21:00 Í SKÚTUVOGI ALLA DAGA TIL JÓLA
blómaval
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Segja lífríki ekki í hættu:

# Ala 350 tonn af bleikju og borra

**FISKELDI** Umhverfisstofnun hefur veitt Matorku ehf. starfsleyfi vegna fiskeldisstöðvar að Fellsmúla í Landsveit. Matorka má framleiða allt að 350 tonn samanlagt af bleikju- og borraseiðum en leyfi gildir ekki til slátrunar.

Fiskeldið í Fellsmúla mun samkvæmt umsókn ekki valda fækkun tegunda í lífríki Minnivallalækjar. Ekki er talin hætta á að fiskur sleppi úr eldinu því setþró sé þannig að eingöngu yfirfall fari út í lækinn og renni í um ristar. - shá

Ráðgjafar ríkisstjórnarinnar hafa skilað tillögum að fullbúnum hugmyndum um afnám fjármagnshafta:

# Boða slitastjórnir föllnu bankanna á fund

**VIÐSKIPTI** Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, sagði í fréttum Stöðvar 2 í gær að framkvæmdanefnd um afnám fjármagnshafta myndi skila fullmótuðum tillögum í þessari viku.

Samkvæmt heimildum upplýsingum fréttastofu hefur þessum tillögum nú verið skilað. Slitastjórnir Glitnis, Kaupþings og Landsbankans hafa verið boðaðar á fund á Grand hóteli á þriðjudag með framkvæmdanefnd um afnám fjármagnshafta.

Á meðal þess sem framkvæmdanefndin leggur til er tillaga um flatan útgönguskatt á allt fjármagn í eigu slitabúanna, samkvæmt upplýsingum fréttastofu. Nefndur hefur verið 35 prósenta flatur skattur á fjármagn í eigu slitabúanna en sú tala hefur þó ekki fengist staðfest.

Þá verða kynntar hugmyndir um framtíðareignarhald á Íslandsbanka og Arion banka, sem í dag eru báðir í eigu erlendra kröfuhafa, það er slitabúa Glitnis annars vegar og Kaupþings hins vegar.

Fundurinn með slitabúum föllnu bankanna og undanþágan sem slitabú Landsbankans fékk til að greiða forgangskröfuhöfum vegna Icesave þykir vera til marks um að hjólin séu raunverulega farin að snúast þegar kemur að afnámi fjármagnshafta. - þþ



**BOÐAR TIL FUNDAR** Bjarni Benediktsson segir tillögurnar fullmótaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




# Þrír af sjö vanhæfir til að loka skólanum

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar tók þá ákvörðun að loka Litlulaugaskóla og færa starfsemina í Hafralækjarskóla. Íbúar afar ósáttir við ákvörðun sveitarstjórnar. Þrír sveitarstjórnarmenn, þar með talinn oddvitinn, töldu sig vanhæfa í málinu.

**ÞINGEYJARSVEIT** Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar ákvað á aukafundi á fimmtudaginn að grunnskólastig Þingeyjarskóla yrði sameinað á einum stað frá og með 1. ágúst á næsta ári. Ákvað sveitarstjórn að skólinn yrði staðsettur í húsnæði Hafralækjarskóla og loka skólahaldi í Litlulaugaskóla.

Þrjár skýrslur voru gerðar um skólahald í Þingeyjarsveit og hafa verið harðar deilur í sveitarfélaginu allt frá því það var stofnað. Þingeyjarskóli var sameinaður í eina stofnun með starfsstöðvar á tveimur stöðum, annars vegar í Hafralækjarskóla og hins vegar í Litlulaugaskóla.

Um fjörutíu börn eru á hvorum stað og mikill sparnaður á að nást með lokun Litlulaugaskóla. Uppsagnir eru óumflýjanlegar, að mati Margrétar Bjarnadóttur, varaoddvita Þingeyjarsveitar.

Einnig hefur meirihluti sveitarstjórnar sent bréf til íbúa þar sem færð eru rök fyrir ákvörðuninni.

„Okkur er ljóst að þetta er sársaukafull og erfið ákvörðun en aldrei er hægt að gera öllum til hæfis. Það verða alltaf einhverjir sem hafa aðrar skoðanir og sýn á málin og vilja að önnur leið sé farin,“ segir Margrét.

Í Þingeyjarsveit eru um 900 íbúar og skólahald því mjög stór hluti af rekstri bæjarfélagsins. Til marks um það töldu þrír af sjö sveitarstjórnarfulltrúum sig vera vanhæfa á fundinum á fimmtudag. Þurfti því að kalla inn þrjá varamenn til að geta tekið ákvörðunina.

Ragnar Bjarnason, oddviti minnihlutans í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar, telur þetta sýna að sveitarfélagið sé of lítið til að sinna þessu stóra máli. Þá telur hann engin fagleg rök fyrir staðarvali meirihlutans.

„Við vitum það að málefni skólanna þarf að klára en það sem ég gagnrýni, og almenningur einnig, er hvernig vinnubrögðin við þessa ákvörðun eru,“ segir Ragnar sem kveður engin rök vera sett fram.

„Menn telja að ákvörðunin hafi verið tekin fyrir löngu síðan. Þetta lítur út eins og að leikrit hafi verið sett upp.“

Mikill hiti er í bæjarbúum sem telja sig hafa verið svikna og að meirihluti sveitarstjórnar hafi haldið illa á málinu, sem skipti gríðarlega miklu máli fyrir lítið sveitarfélag eins og Þingeyjarsveit er.

Ekki náðist í Arnór Benónýsson oddvita við vinnslu fréttarinnar. Hann mun hafa talið sig vanhæfan við afgreiðslu málsins eins og tveir aðrir í sveitarstjórninni.

sveinn@frettabladid.is



**SVEITARSTJÓRNARFUNDUR** Íbúar Þingeyjarsveitar telja sveitarstjórn hafa haldið illa á málinu. MYND/HERMANN

> **Menn telja að ákvörðunin hafi verið tekin fyrir löngu síðan. Þetta lítur út eins og að leikrit hafi verið sett upp.**
>
> *Ragnar Bjarnason, oddviti minnihlutans í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar.*




Nýr formaður Sjómannasambandsins hefur áhyggjur af slysahættu:

# Sjómenn fá ekki sex tíma hvíld

**KJARAMÁL** „Vinnuálagið er orðið óeðlilega mikið,“ segir nýr formaður Sjómannasambands Íslands, Valmundur Valmundsson. Óviðunandi aðstæður sjómanna voru ræddar á þingi Sjómannasambands Íslands sem sett var á fimmtudag, þar á meðal ónóg hvíld sjómanna.

„Hvíldarákvæði kjarasamninga eru brotin, við fréttum af því oftar en áður að sjómenn fái ekki þá sex tíma samfleyttu hvíld sem þeim er tryggð samkvæmt lögum,“ segir Valmundur.

Hann segir mannfæð um að kenna og hefur miklar áhyggjur af aukinni slysahættu. „Það er okkar mat að slysahætta eykst og það er mikið áhyggjuefni. Ef hvíldina vantar þá býður það hættunni heim.“

Valmundur tekur við af Sævari Gunnarssyni sem hefur verið formaður Sjómannasambandsins í 20 ár. Hann stundaði sjómennsku í 33 ár en lét af henni fyrir fjórum árum. Áður var Valmundur formaður Sjómannafélagsins Jötuns í Vestmannaeyjum.

Hann segir sjómenn langþreytta á aðstæðum sínum, þá helst vinnuálagi og fámenni á sumum fiskiskipum. Þeir hafi verið án kjarasamnings í fjögur ár. „Það hefur bitnað á okkur að enn hefur ekki verið lagt fram nýtt frumvarp um stjórn fiskveiða. Það hefur ekki verið vilji til að ræða við okkur um kjör um langa hríð vegna breytinga í útgerðinni. Það er fráleitt því það er um margt annað að semja,“ segir Valmundur. - kbg



**BARÁTTA FRAMUNDAN** Sjómenn hafa verið án kjarasamninga í fjögur ár og útvegsmönnum hefur þótt lítið tilefni til þess að setjast að samningaborðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



# SKAPANDI OG SKEMMTILEGT FÖNDUR




Box
verð frá
999kr

Teygjupokar
verð frá
299kr

Loom sem börn og unglingar elska.
Skemmtilegt, skapandi og skerpir sköpunargáfuna.
Gefið börnunum þroskandi leikföng.




FRÁBÆRT VERÐ
1.999kr
verð áður 3.499

**Loomæðið er komið til Islands!**
Með einföldu plastbretti og heklunál er hægt að föndra litrík armbönd, fylgihluti og margt margt fleira. Uppskriftir af 60 frumlegum verkefnum.

EINFALT AÐ SKILA EÐA SKIPTA

Skilamiði
Þessi vara er keypt í Hagkaup og fæst skilað eða skipt.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**Notice**

The Embassy of India will move its premises on Friday, the 5th December 2014. Kindly note that there will be no issuance of Visa or any other Consular Services on that day.

Normal services will be resumed at our new address at Túngata 7, 101 Reykjavik w.e.f Tuesday the 9th of December 2014.

On Monday the 8th of December Visas for emergency purposes only will be issued.




jonogoskar.is | Sími 5524910 | Laugavegi 61 | Kringlan | Smáralind







Samningur á Flateyri háður því að Valþjófur ehf. fái byggðakvóta:

# Bíða niðurstöðu Byggðastofnunar

**BYGGÐAMÁL** Samningur Arctic Odda, Valþjófs og Vísis um fyrirkomulag veiða og vinnslu á Þingeyri og Flateyri er háður því að Valþjófur ehf. fái aflamark Byggðastofnunar til að vinna á Flateyri.

Samkomulagið milli fyrirtækjanna felst í því að Arctic Oddi muni flytja starfsemi sína frá Flateyri í húsnæði sem var í eigu Vísis á Þingeyri. Í fréttatilkynningu frá þeim var talað um að þetta væri háð samþykki Byggðastofnunar.

Sigurður Pétursson, framkvæmdastjóri Arctic Odda, segir að ef Valþjófur fær ekki kvótann frá Byggðastofnun muni salan ekki ganga eftir. „Nú bíðum við bara og sjáum, Valþjófur mun bjóða í þennan kvóta Byggðastofnunar. Samningar milli fyrirtækjanna eru háðir því að Byggðastofnun veiti Valþjófi ehf. það aflamark sem við vorum með á Flateyri.“

Umsóknarfrestur um sértækt aflamark Byggðastofnunar rennur út þann 15. desember næstkomandi. Byggðastofnun rifti samningi við Arctic Odda fyrir skömmu vegna vanefnda á samningum. - sa



**FRÁ FLATEYRI** Aflamark Byggðastofnunar er veitt með skilyrði um mótframlag og vinnslu kvótans á Flateyri.

# Minnkar líkurnar á greiðslujafnaðaráfalli

Samkomulag um lengingu á skilmálum skuldabréfa Landsbankans fyrsta skref í áætlun um afnám hafta, segir sérfræðingur hjá Íslandsbanka. Takmörkuð áhrif á gengi krónunnar til skemmri tíma. Ný áætlun um afnám hafta kynnt eftir helgi.

**EFNAHAGSMÁL** „Þetta hefur verulega þýðingu sem fyrsta skref í nýrri áætlun um aflettingu hafta sem virðist vera handan við hornið,“ segir Jón Bjarki Bentsson hjá Greiningu Íslandsbanka um heimild gamla Landsbankans, LBI hf., til að greiða forgangskröfuhöfum 400 milljarða króna. Þrotabú gamla bankans fékk undanþágu frá lögum um gjaldeyrishöft frá Seðlabanka Íslands þess efnis.

Tildrögin voru samkomulag gamla og nýja bankans um breytingar á skilmálum skuldabréfa sem Landsbankinn gaf út í október 2009.



**JÓN BJARKI BENTSSON**
Greiningu Íslandsbanka

Jón segir samkomulagið í raun vera nauðsynlegan undanfara þess að hægt sé að ráðast í áætlun um afnám hafta. „Það kemur ýmislegt til. Endurgreiðsluferill þessara erlendu skuldabréfa Landsbankans er mjög veigamikill hluti af heildarendurgreiðslum erlendra lána þjóðarbúsins næstu árin. Með því að búið er að ganga frá þessari breytingu er endurgreiðsluferill erlendra skulda í heild orðinn vel viðráðanlegur að því er virðist,“ segir Jón Bjarki.

Hann segir að miðað við nýbirt mat Seðlabankans á endurgreiðslum erlendra skulda gætu endurgreiðslurnar numið um 2,5 til 3 prósentum af landsframleiðslu eftir breytinguna á Landsbankabréfinu. Þrátt fyrir að viðskiptaafgangur, sem var 5,5 prósent af landsframleiðslu á fyrstu 9 mánuðum ársins, verði minni á komandi misserum en nú fari hann býsna langt með að dekka slíkar endurgreiðslur einn og sér. Ef einnig sé tekið tillit til möguleika á endurfjármögnun hluta skuldanna og innflæði vegna erlendrar fjárfestingar þá séu endurgreiðslur erlendra lána ekki sjálfstætt áhyggjuefni.

„Í stórum dráttum þá hefur greiðslubyrði okkar af erlendum skuldum breyst á nokkrum misserum frá því að vera verulegt áhyggjuefni í að virðast vera ágætlega viðráðanleg,“ segir Jón Bjarki og segir lenginguna lánsins vera endahnútinn aftan við jákvæða þróun sem sést hafi í greiðslujafnaðartölum og þróun í skuldastöðu síðustu misseri.

Jón Bjarki segir áhrifin á gengi krónunnar til skemmri tíma verði takmörkuð. „Vegna þess hversu gengi krónunnar er haldið stöðugu. Til lengri tíma þá eru áhrifin þau að líkur á miklu gengisfalli minnka einmitt vegna svona endurgreiðsluvanda. Þetta minnkar líkur á greiðslujafnaðaráfalli, að það verði ekki til gjaldeyrir til að standa straum af endurgreiðslum sem þurfa að fara fram. Það sem út af stendur núna er að búa svo um hnútana að ekki verði miklar sveiflur á gjaldeyrisflæði vegna þrotabúa gömlu bankanna. Það er væntanlega það sem við sjáum tillögur um eftir helgi,“ segir Jón Bjarki en tillögur fjármálaráðuneytisins um losun fjármagnshafta verða kynntar fyrir efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis á mánudag.

fanney@frettabladid.is



**JÁKVÆTT SAMKOMULAG** Jón Bjarki Bentsson hjá Íslandsbanka segir samkomulag gamla og nýja Landsbankans tryggja að endurgreiðsluferill erlendra skulda í heild sé viðráðanlegur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Starfsmenn ráðuneyta þekkja ekki siðareglur og fá litla fræðslu um þær:

# Lítið pælt í nýjum siðareglum

**STJÓRNSÝSLA** Lítil áhersla hefur verið lögð á að fræða starfsfólk ráðuneyta um siðareglur Stjórnarráðs Íslands og stór hluti starfsfólksins telur sig ekki þekkja reglurnar sem skyldi.

Árið 2012 staðfesti forsætisráðherra siðareglur fyrir starfsfólk stjórnarráðsins í samræmi við lög. Í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar er fjallað um innleiðingu reglnanna og virkni þeirra í starfsemi ráðuneytanna. Lítil áhersla hefur verið lögð á að fylgja reglunum eftir með skipulegri fræðslu og eftirfylgni og tryggja þar með að þær komi að tilætluðum notum, er niðurstaða Ríkisendurskoðunar.

Í skýrslunni kemur fram að ráðuneytin séu almennt jákvæð í garð siðareglnanna og telji þær góða og mikilvæga viðbót við lög og reglur. Þau hafi þó ekki formlegt eftirlit með því að starfsfólk fari eftir þeim. Þar sem engin viðurlög eru við brotum á reglunum hafi ráðuneytin eingöngu beitt ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (starfsmannalaga) eftir því sem þau eiga við. - shá



**STJÓRNARRÁÐIÐ** Ekkert er fylgst með hvort starfsfólk fylgi siðareglum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# FRÁBÆR TILBOÐ!




**KRONBORG FALKETIND ANDADÚNSÆNG**
Notaleg og góð sæng fyllt með 90% af andadúni og 10% af andafiðri. Þyngd: 750 gr. Sængin er saumuð í ferninga og því helst dúnninn jafn yfir alla sængina. Stærðir: 135 x 200 sm. **19.950** nú **12.950** 135 x 220 sm. **21.950** nú **14.950** Koddi: 50 x 70 sm. **7.995**
Vnr. 4060050, 4060051,4260004










**SINGER PROMISE 1409 SAUMAVÉL**
Þægileg og auðveld í notkun. 4 þrepa hnappagatasaumur, 6 grunnspor og 2 skrautspor. Stillanleg sporalengd. Auðvelt að þræða. Grunnfylgihlutir fylgja með.
Vnr. 1984900

SINGER®







**EYJA SÆNGURVERASETT**
140 x 200 sm. **9.995** nú **7.995**
140 x 200 sm. **10.950** nú **8.750**
200 x 220 sm. **14.950** nú **11.950**
Efni: 100% bómull.
Lokað með smellum.
Vnr. 55882200

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

TILBOÐIN GILDA TIL 07.12.14



**DJÚPIVOGUR** Blikur eru á lofti vegna fráhvarfs Vísis hf. FRÉTTABLAÐIÐ/JSE

Landanir upp á hvern dag:

## Metafli á land á Djúpavogi

**SJÁVARÚTVEGUR** Nýtt met hefur verið slegið í lönduðum bolfiskafla í Djúpavogshöfn eftir að löndunartölur nóvembermánaðar lágu fyrir, en fyrra metið var frá árinu 2007 og hefur nú verið bætt um sex tonn.

Samtals hefur verið landað 10.497 tonnum, og segir í frétt á heimasíðu sveitarfélagsins að landað hafi verið á staðnum nánast upp á hvern einasta dag frá því í september. Alls var 7.446 tonnum landað á þessum þremur mánuðum.

Sem fyrr segir var gamla metið sett árið 2007 þegar 10.491 tonni var landað. **- shá**



**GAMLIR GLÆPIR** Francois Hollande Frakklandsforseti við minnismerki um helförina í Drancy, einu úthverfa Parísar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eftirlifendur helfararinnar:

## Hundruð fá skaðabætur

**FRAKKLAND, AP** Hundruð manna, sem lifðu af helför þýskra nasista gegn gyðingum og fleiri minnihlutahópum, fá skaðabætur úr bandarísk-frönskum sjóði.

Flestir eru þeir sem fá greitt úr sjóðnum bandarískir ríkisborgarar sem franska lestarfyrirtækið SNCF flutti í útrýmingarbúðir.

Þetta varð niðurstaða í dómsmáli gegn SNCF, sem vonast til þess að fá verktakasamninga í Bandaríkjunum. Vegna þátttöku SNCF í stríðsglæpum nasista á árum seinni heimsstyrjaldarinnar hafa bandarískir þingmenn verið á móti því að fyrirtækinu verkefni í Bandaríkjunum. **- gb**

Samkomulag gerir Rio Tinto Alcan á Íslandi kleift að skila 35 megavöttum af raforku til Landsvirkjunar:

# Þarf að greiða Landsvirkjun tvo milljarða

**IÐNAÐUR** Rio Tinto Alcan á Íslandi hefur komist að samkomulagi við Landsvirkjun um að fá að skila 35 megavöttum af raforku sem álframleiðandinn getur ekki notað.

Einnig þarf álverið að greiða Landsvirkjun 17 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði 2,1 milljarðs króna, vegna kostnaðarins sem það hafði í för með sér fyrir Landsvirkjun að reisa Búðarhálsvirkjun fyrr en þörf krafði.

Landsvirkjun og Rio Tinto gerðu árið 2010 rafmagnssamning sem nær til ársins 2036. Í kjölfarið reisti Landsvirkjun Búðarhálsvirkjun til að efna samninginn en hann átti að mæta aukinni orkuþörf Rio Tinto sem ætlaði þá að auka framleiðslugetu álversins í Straumsvík um tuttugu prósent. Einungis tókst að auka framleiðsluna um átta prósent og álverið hefur af þeim sökum ekki fullnýtt þá orku sem samið var um.

Samkvæmt nýja samkomulaginu hefur álverið í nokkur ár möguleika á að endurheimta orku í samræmi við þarfir, upp að 422 megavöttum, en fyrirtækið leitar enn leiða til að auka framleiðsluna.

„Landsvirkjun fagnar samkomulaginu, en með því er greitt úr ófyrirséðum vandamálum sem upp komu við fjárfestingarverkefni Rio Tinto Alcan. Samkomulagið grundvallast á langvarandi viðskiptasambandi fyrirtækjanna sem og virðingu fyrir gagnkvæmum viðskiptahagsmunum,“ segir Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar. **- hg**



**ÁLVERIÐ Í STRAUMSVÍK** Rio Tinto Alcan réðst í 60 milljarða króna fjárfestingarverkefni árið 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# NASA hefur undirbúning að ferðum manna til Mars

NASA skaut í gær upp ómannaða tilraunageimfarinu Orion til undirbúnings frekari ferðalögum manna út í geim. 42 ár eru frá því NASA sendi síðast geimfar ætlað mönnum lengra út í geiminn en á sporbraut um jörðu.

**VÍSINDI, AP** Charles Bolden, yfirmaður hjá NASA, sagði geimskotið í gær marka upphafið að nýju tímabili langferða út í geiminn. Risinn væri „fyrsti dagur Marstímaskeiðsins“.

Bandaríska geimferðastofnunin NASA skaut geimfarinu Orion út í geiminn snemma morguns, en ferðin var stutt því fjórum og hálfum klukkutíma síðar hafnaði farið í Kyrrahafinu skammt vestur af Mexíkóströnd Kaliforníuskaga.

„Mjög spennandi,“ sagði Mark Geyer, sem hafði umsjón með geimskotinu. „Við eigum samt enn langt í land.“

Um þessar mundir eru 42 ár síðan NASA sendi síðast út í geiminn mannað geimfar til tunglsins. Það var geimfarið Apollo 17 sem skotið var á loft í desember árið 1972.

Eftir það hafa geimfarar ekki farið lengra en á braut umhverfis jörðu. Þrjú ár eru svo síðan NASA hætti að senda á loft geimskutlurnar, sem meðal annars gegndu því hlutverki að flytja geimfara til alþjóðlegu geimstöðvarinnar.



**GEIMSKOTIÐ HEPPNAÐIST** Allt fór eins og til var ætlast þegar Orion var skotið á loft frá Canaveral-höfða í gær. Fjórum og hálfum tíma síðar hafnaði farið í Kyrrahafinu út af Mexíkóströnd Kaliforníuskaga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tilraunaskotið í gær var gert til undirbúnings mönnuðum geimferðum lengra út í geiminn á ný. Smíði næsta Orion-geimfars er þegar hafin hjá Lockheed Martin-verksmiðjunum. Stefnt er að því að fjöldi slíkra geimfara verði smíðaður á næstu árum, og á endanum vonast NASA til þess að geta sent menn alla leið til reikistjörnunnar Mars með einu slíku farartæki.

Einnig á að vera hægt að nota þetta geimfar til að senda menn til að kanna smástirni af ýmsu tagi langt úti í geimnum. Ekki er þó reiknað með að senda menn út í geiminn með Orion-fari fyrr en árið 2021.

Upphaflega átti að skjóta farinu á loft á fimmtudaginn, en fresta þurfti því vegna veðurs og tæknilegra vandkvæða. Allt gekk þó að óskum í gær.

Andrúmsloftið við Kennedy-geimferðastöðina á Canaveral-höfða í gær minnti töluvert á fyrri tíma þegar geimskutlum var skotið á loft. Fjöldi fólks flykktist að til að fylgjast með skotinu.

„Það er orðið dálítið síðan við gátum skotið á loft einhverju af þessari stærðargráðu,“ segir Chris Tarkinton, einn þeirra sem stóðu og horfðu á. **gudsteinn@frettabladid.is**

> **Það er orðið dálítið síðan við gátum skotið á loft einhverju af þessari stærðargráðu.**
>
> *Chris Tarkinton, sem fylgdist með geimskotinu í gær.*


www.volkswagen.is




Volkswagen atvinnubílar

**Einstakt tækifæri**

Nú í desember gefst einstakt tækifæri til að kaupa **sýningar- og reynsluakstursbíla** hjá VW atvinnubílum **á góðum kjörum.** Kynntu þér málið hjá sölufulltrúum okkar á Laugavegi 174.

Atvinnubílar

Takmarkað magn

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði


2. DES. 1999 OPNUÐU GARÐHEIMAR VIÐ STEKKJARBAKKA. AF ÞVÍ TILEFNI BJÓÐUM VIÐ
15% - 25% AFSLÁTT AF ÖLLUM VÖRUM
LAUGARDAG OG SUNNUDAG
25%
AFSLÁTTUR AF JÓLATRJÁM
OPIÐ TIL 21
ÖLL KVÖLD
GARÐHEIMAR
Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

Rúm 65 milljón tonn af heitu vatni hafa verið notuð til upphitunar frá ársbyrjun:

# Mildur nóvember en júlí napur

**VEÐUR** Í nóvemberlok höfðu frá upphafi ársins 2014 runnið 65,5 milljón tonna af heitu vatni úr leiðslum Orkuveitu Reykjavíkur til heimila og fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu.

Orkuveitan segir heitavatnsnotkun á höfuðborgarsvæðinu sýna hversu nöpur tíðin var í júlí í sumar og hversu nýliðinn nóvember var mildur.

Áðurnefnd 65,5 milljón tonn af heitu vatni eru nokkru minna magn en notað var á höfuðborgarsvæðinu í fyrra. Þá var algert metár í notkun á heitu vatni.

Árið í ár er þó yfir meðaltali áranna 2006 til 2013. - kbg



**SVEIFLUR** Skrúfað var rækilega frá ofnunum í júlí en notkunin í nóvember var óvenju lítil. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**MÓTMÆLI Í PALESTÍNU** Palestínskur piltur flýr undan ísraelskri herbifreið, eftir að hafa tekið þátt í mótmælum í þorpinu Kafr Qaddum, skammt frá borginni Nablus á Vesturbakkanum. Mótmælendur höfðu kastað grjóti en ísraelsku hermennirnir dreifðu illa þefjandi úða yfir mótmælendur. NORDICPHOTOS/AFP



**SPRENGJUÁRÁS Í ÍRAK** Íbúar í sjíahverfinu Sadr City virða fyrir sér eyðilegginguna eftir sprengjuárásir í gær. Að minnsta kosti fimmtán manns létu lífið.

## ÁSTAND HEIMSINS






**SKEMMDIR Í TSJETSJENÍU** Hermaður í Grosní, höfuðborg Tsjetsjeníu, á verði við skólahús sem skemmdist í átökum milli uppreisnarmanna og lögreglu á fimmtudaginn. Átökin kostuðu að minnsta kosti 20 manns lífið.



**HUNGURVERKFALL Í HONG KONG** Joshua Wong, einn af leiðtogum námsmanna, í hjólastól á blaðamannafundi í Hong Kong í gær eftir langt hungurverkfall. Leiðtogar námsmanna hafa sagt að til greina komi að þeir hætti þátttöku í mótmælunum, sem nú hafa staðið yfir í meira en tvo mánuði.

Jólauppboð

í Gallerí Fold

sunnudaginn 7. desember kl. 16
og mánudaginn 8. desember kl. 18
í Gallerí Fold, á Rauðarárstíg

Á uppboðinu verður gott úrval verka samtímalistamanna svo og fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.



Tryggvi Ólafsson

LISTMUNASALA fold

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

Forsýning í Gallerí Fold
laugardag kl. 11–17, sunnudag kl. 12–15,
mánudag kl. 10–17
(einungis þau verk sem boðin eru upp á mánudag)

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is



Orkuveita Reykjavíkur er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu.

Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.

JAFNRÉTTISRÁÐ

Orkuveita Reykjavíkur hlaut jafnréttisviðurkenningu árin 2002 og 2013

Upplýsingar um þjónustu okkar má finna á www.or.is

Sérfræðingur í útboðum og samningagerð

Við óskum eftir sérfræðingi til starfa við útboðs- og samningamál. Um er að ræða krefjandi og fjölbreytt starf í góðu starfsumhverfi.

Innkaup og rekstrarþjónusta OR starfar sem þjónustueining á sviði innkaupa fyrir dótturfélög samstæðunnar.

Starfs- og ábyrgðarsvið
- Framkvæmd og úrvinnsla útboða
- Yfirlestur og aðstoð við gerð útboðsgagna
- Gerð innkaupa- og verksamninga
- Þjónusta við innri viðskiptavini á sviði innkaupamála
- Ráðgjöf um innkaupaleiðir

Menntunar- og hæfniskröfur
- Rík þjónustulund og samskiptafærni
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. á sviði lög-, verk-, tækni-, eða viðskiptafræða
- Reynsla af samningagerð kostur
- Þekking á veitu- og virkjanarekstri kostur
- Gott vald á íslensku og ensku
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Nánari upplýsingar veitir Birna Bragadóttir, starfsþróunarstjóri í netfanginu starf@or.is. Þú sækir um á vefnum okkar, starf.or.is. Umsóknarfrestur er til og með 15. desember.

Orkuveita Reykjavíkur Bæjarhálsi 1 S: 5166000

Orkuveita Reykjavíkur


Gjafakort Miðborgarinnar okkar
Fáanlegt í bókaverslunum miðborgarinnar
Aðventa í miðborginni
LANGUR LAUGARDAGUR 6. DESEMBER
Þú finnur úrval öðruvísi jólagjafa í Miðborginni okkar. Njóttu þess að ganga um 101 og virða fyrir þér ljósadýrðina í einstöku umhverfi. Verslanir opnar til kl. 22 alla daga frá 11. des. og til kl. 23 á Þorláksmessu. Nema á sunnudögum, þá er opið kl. 13–18.
Skemmtiatriði milli kl. 14 og 16 á Laugavegi, Skólavörðustíg og Ingólfstorgi. Borgarkórinn syngur og Leppalúði mætir með lútuna og kyrjar sín ljúfustu lög.
Kynntu þér einstök jólatilboð á midborgin.is eða á facebook.com/midborgin.
Ný tilboð daglega fram til jóla.
Næg bílastæði og þægileg bílastæðahús.
BERGSTAÐIR
KOLAPORT
RÁÐHÚSIÐ
STJÖRNUPORT
TRAÐARKOT
VESTURGATA
VITATORG
BÍLASTÆÐASJÓÐUR
LEIGUFÉLAG ÍSLANDS
VERUM, VERSLUM OG NJÓTUM ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆR!
— WWW.MIDBORGIN.IS —
MIÐBORGIN OKKAR




PIPAR\TBWA • SÍA

KRINGLAN.IS

ALLT FYRIR JÓLIN Á

# EINUM STAÐ

Njóttu aðventunnar með okkur í Kringlunni!
Við bjóðum þér inn í hlýjuna þar sem þú getur
keypt allt fyrir jólin og notið jólalegrar
skemmtidagskrár sem er
full af söng og fjöri.



## LAUGARDAGUR

**14.00**
Gói úr Stundinni okkar skemmtir

**15.00**
Jónas Þórir leikur ljúfa jólatóna

**15.30**
Ragnheiður Gröndal syngur

## SUNNUDAGUR

**13.00**
Siggi Sæti og Íþróttaálfurinn

**13.30**
Þórir Baldursson leikur jólatónlist

**14.00**
Ævar Þór Benediktsson kynnir
bók sína: Þín eigin þjóðsaga

**15.00**
Helgi Björns syngur




VERÐLAUNALEIKURINN

# KRINGLUKRÖSS

Þú leikur þér að afslættinum og gerir enn betri kaup
fyrir jólin. Náðu þér í vinsælasta app landsins.

App Store    Google play

Solal Silver 2014

Atkvæðagreiðsla á þinginu:

## Þingkona ýtti á rangan hnapp

**SVÍÞJÓÐ** Þingkona í Hægri flokknum í Svíþjóð, Cecilia Magnusson, greiddi atkvæði með fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnar Jafnaðarmanna og Græningja í fyrradag. Í viðtali við Sænska Dagblaðið kveðst þingkonan hafa ýtt á rangan hnapp. Það hafi verið mikil mistök. Hún er fegin að það skuli ekki hafa haft áhrif á niðurstöðuna.

Að sögn ýtti hún á já-hnappinn af gömlum vana. Það hafi hún nefnilega gert í átta ár. - ibs

Þótt Seðlabankinn hafi lækkað stýrivexti sína í byrjun nóvember hefur raunvaxtastig í landinu hækkað:

# Spáð er 25 til 50 punkta lækkun stýrivaxta

**EFNAHAGSMÁL** Greiningardeildir Arion banka og Íslandsbanka gera ráð fyrir frekari lækkun stýrivaxta Seðlabankans næsta miðvikudag. Greiningardeild Arion spáir 0,5 prósentustiga lækkun, en Greining Íslandsbanka 0,25 prósentustigum.

Í rökstuðningi Íslandsbanka eru tölur um landsframleiðslu sagðar renna stoðum undir spá um 25 punkta lækkun og að önnur vaxtalækkun fylgi svo í febrúar. „Virkir raunvextir bankans miðað við ársverðbólgu eru nú tæplega 4,0 prósent og hafa hækkað um tæplega 0,7 prósentustig frá síðustu vaxtaákvörðun þrátt fyrir lækkun nafnstýrivaxta bankans þá,“ segir í umfjöllun Greiningar.

Greiningardeild Arion bendir einnig á að raunvaxtastig sé töluvert yfir því sem ákjósanlegt teljist að mati sérfræðinga þar á bæ. „Ársverðbólga hefur ekki einungis lækkað frá síðustu vaxtaákvörðun heldur hafa verðbólguhorfur einnig lækkað verulega,“ segir í Morgunkorni greiningardeildarinnar í gær.

Óvissa er engu að síður sögð fylgja því hvað gerist eftir helgi þegar kynntar verði tillögur ráðgjafahópsins sem starfi að áætlun um afnám hafta. „Nú liggur fyrir ákvörðun stjórnvalda að samþykkja undanþágubeiðnir sem lúta að forgangskröfum í bú gamla Landsbankans og lenging í Landsbankabréfinu. Ef frekari skref verða stigin í átt að afnámi hafta á næstunni má færa rök fyrir því að Seðlabankinn stigi varlega til jarðar með lækkun stýrivaxta.“ - óká



**VAXTAÁKVÖRÐUN** Næsta vaxtaákvörðun peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands verður kynnt miðvikudaginn 10. desember. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Íslenskukennsla fyrir útlendinga

Umsóknarfrestur 5. janúar kl. 16:00

Rannís auglýsir eftir umsóknum um styrki til skipulagningar námskeiða í íslensku sem ekki eru hluti af formlegu námi á grunn- eða framhaldsskólastigi.

Markmiðið með styrkjunum er að gefa öllum, sem búsettir eru hér á landi og skráðir eru með lögheimili í þjóðskrá, tækifæri til að öðlast nauðsynlega færni í íslensku til að geta orðið virkir samfélagsþegnar á Íslandi.

**Fræðsluaðilar og fyrirtæki** sem bjóða starfsmönnum sínum upp á skipulagða kennslu í íslensku og eru á fyrirtækjaskrá geta sótt um styrki. Fyrirtæki, sem ekki eru fræðsluaðilar, þurfa að láta undirritaðan samning við hæfan fræðsluaðila er annast kennsluna fylgja umsókninni.

**Umsóknargögn er að finna á www.rannis.is og skal skilað á rafrænu formi.**

**Upplýsingar um sjóðinn veitir Helga Rún Viktorsdóttir, sími 515 5820, helga.viktorsdottir@rannis.is**

rannís www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun




**HÁSKÓLANEMAR** Rektor Háskólans á Akureyri segir mun á háskólamenntun íbúa eftir búsetu óafsakanlegan. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Konur og borgarbúar með meiri menntun

Aðeins fjórðungur íbúa landsbyggðanna hefur lokið háskólaprófi. Mun fleiri konur en karlar eru með háskólamenntun. Þetta bil mun halda áfram ef ekkert verður að gert. Að mati rektors Háskólans á Akureyri verður að stöðva þessa þróun.

**MENNTAMÁL** Mun fleiri íslenskar konur hafa lokið háskólanámi en karlar. Munurinn á körlum og konum hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár. Að mati Ástu Urbancic, fagstjóra hjá Hagstofunni, mun þetta bil milli kvenna og karla halda áfram að aukast næstu ár ef kynjahlutföllin í háskólum landsins breytast ekki.

„Við sjáum það í yngri aldurshópunum að fleiri menntaðar konur eru að koma inn í greiningar okkar. Elstu aldurshóparnir eru öðruvísi samansettir, þar eru menntaðir karlmenn fleiri en konur. Því má leiða að því líkur að ef þróunin heldur áfram á þessa leið muni konum með háskólapróf halda áfram að fjölga,“ segir Ásta.

Einnig kemur fram mikill munur á menntun íbúa höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðanna árið 2013. Á höfuðborgarsvæðinu höfðu 22,7 prósent íbúa á aldrinum 25-64 ára eingöngu lokið grunnmenntun en 42,3 prósent höfðu lokið háskólamenntun. Utan höfuðborgarsvæðisins höfðu 37 prósent íbúa eingöngu lokið grunnmenntun og 24,7 prósent lokið háskólamenntun.

Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri, telur að þessa þróun þurfi að stöðva og markmiðið sé að fá fleiri karlmenn inn í háskólana.

„80 prósent nemenda Háskólans á Akureyri eru konur. Hlutfallið er um 70 prósent í Háskóla Íslands. Ef þessi staða verður óbreytt lengi gætum við horft upp á þjóðfélag þar sem einstaklingar ná ekki að blómstra. Auðvitað er mikilvægt að menntun kynjanna sé sem jöfnust þannig að við getum byggt upp samfélag jafnréttis,“ segir Eyjólfur.



> **Það væri áhugavert að sjá hvernig staðan væri ef ekki væri fyrir Háskólann á Akureyri.**
>
> *Eyjólfur Guðmundsson, rektor HA.*

Munur á menntunarstigi þjóðarinnar, eftir því hvort einstaklingar býr á höfuðborgarsvæðinu eða í landsbyggðunum, er að mati Eyjólfs óafsakanlegur og telur hann Háskólann á Akureyri mikilvægan hlekk í því að snúa þessari óheillaþróun við.

„70 prósent brautskráðra kandídata við Háskólann á Akureyri eru staðsettir utan höfuðborgarsvæðisins eftir að námi lýkur við skólann. Sú staðreynd að Háskólinn á Akureyri sinnir að miklu leyti því að hækka menntunarstig utan höfuðborgarsvæðisins sýnir hversu mikilvægur skólinn er fyrir þjóðfélagið. Það væri áhugavert að sjá hvernig staðan væri ef ekki væri fyrir Háskólann á Akureyri,“ segir Eyjólfur. sveinn@frettabladid.is


GEFÐU HÆNU



GEFÐU GJÖF SEM GEFUR

Með gjafabréfi á gjofsemgefur.is geturðu styrkt bágstadda fjölskyldu um til dæmis hænu, geit, brunn, matjurtagarð, menntun eða aðrar nauðsynjar. Gefðu skemmtilegar gjafir til verkefna heima og erlendis.

www.gjofsemgefur.is

Hjálparstarf kirkjunnar


Nýnasistar fá fleiri til liðs við sig í mótmælum í Dresden í Þýskalandi:

# Þúsundir mótmæla múslimum

**ÞÝSKALAND, AP** Borgaryfirvöld í Dresden í Þýskalandi reikna með að minnsta kosti átta þúsund nýnasistum og öðrum hægri þjóðernissinnum til mótmælagöngu á mánudaginn.

Skipuleggjendur mótmælanna hafa staðið fyrir vikulegum mótmælum undir merkjum evrópskra ættjarðarsinna gegn múslimum á Vesturlöndum.

Með því að banna nasistatákn og nasistaslagorð í mótmælunum hefur skipuleggjendum tekist að fá fjölda fólks til liðs við sig, sem annars er ekki talið að hefði látið sjá sig í mótmælum á vegum nýnasista. - gb



**FJÖLMENNI** Síðasta mánudag mættu 7.500 manns til mótmælanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


Vissir þú að... börn eiga rétt á vernd gegn kynferðislegu ofbeldi.

Barnaheill Save the Children á Íslandi

# VIÐ ERUM UNDIRSTAÐAN

BSRB
VERJUM VELFERÐINA

Fólk í almannaþjónustu vinnur mikilvæg störf um land allt og er undirstaða þess samfélags sem við búum í. Opinberir starfsmenn veita okkur umönnun og hjúkrun, gæta öryggis, mennta og gæta barnanna okkar og sinna allri grunnþjónustu samfélagsins.

Það er hagur okkar allra að grunnstoðirnar séu sterkbyggðar. Hvetjum stjórnvöld til að efla almannaþjónustuna í stað þess að veikja hana. Styðjum við og verum stolt af því fólki sem þjónar okkur í fjölbreyttum störfum hjá hinu opinbera.



Val Bjarna Benediktssonar fellur í grýttan jarðveg:

# Mórallinn hrundi

Í fyrstu virtist val Bjarna Benediktssonar á eftirmanni Hönnu Birnu Kristjánsdóttur í embætti innanríkisráðherra vera snilldarbragð. Útlit var fyrir að hann hefði slegið vopnin úr höndum allra þeirra þingmanna, sem gengu með ráðherrann í maganum, þegar hann fól Ólöfu Nordal að gegna embættinu. Rykið settist fljótt og þá kom í ljós, bæði í opinberum viðbrögðum og prívatsamtölum, að það ólgar innan þingflokksins. Kastljósið er skyndilega komið á innanbúðarmál Sjálfstæðisflokksins og einkum þingflokksins.

Engum hefur dulist að Bjarni hefur haft góð tök á sínu fólki, sínum flokki og þingmönnunum. Hann hefur verið óskoraður fyrirliði síns liðs. Það kann að hafa breyst. Takist honum ekki að lægja öldurnar er allt eins víst að ósættið aukist. Það er grínlaust að hafa þrjá eða fjóra þingmenn, í ekki fjölmennari hópi, sem eru ósáttir og telja eigin framgang átt að hafa orðið meiri en hann hefur orðið. Fólk er í fýlu. Og því fylgir vandi.



Sigurjón Magnús Egilsson
sme@frettabladid.is

Mál Hönnu Birnu ætlar að reynast erfitt, fyrir hana og fyrir Bjarna. Það losnaði eitt ráðherraembætti og hið minnsta fjórir þingmenn flokksins töldu sig albúna til verksins. Og eflaust voru þau hvert og eitt ágætir kandídatar í embættið. Það eitt að Bjarni kaus að leita út fyrir þingflokkinn er eitt. Annað er hvað hann sagði við fjölmiðla eftir að hafa afráðið að Ólöf Nordal tæki við embættinu. „Þetta er vandasöm ákvörðun sem ég stóð frammi fyrir. Fyrst og fremst vildi ég fá einstakling sem nyti óskoraðs trausts okkar sjálfstæðismanna. Ég lít á hana sem eina af okkur enda var hún á þingi með okkur allt fram á síðasta ár.“ Þessi orð Bjarna fóru þversum í marga. Auðvitað telja þingmenn flokksins að þeir njóti óskoraðs trausts flokksmanna.

Af lestri Morgunblaðsins, en afstaða þess er talin skipta máli, er ekki hægt að sjá að blaðið fagni ákvörðun formannsins, en blaðið hefur greinilega ekkert á móti skipan Ólafar. Mogginn kinkar kolli. Gefur samþykki sitt.

Ólöf Nordal var áberandi þingmaður, þann tíma sem hún sat á þingi, og segja má að það hafi munað um minna. Ólöf segir sjálf að þótt hún setjist nú í ráðherrastól, án þess að vera kjörin til þings, sé alls ekki víst að það merki nýtt upphaf, að hún muni sækjast eftir kjöri til þings í næstu kosningum. Þegar ljóst varð að Ólöf yrði ráðherra fannst mörgum blasa við að Bjarni væri þar að velja næsta varaformann, að Ólöf myndi í framhaldinu sækjast eftir að verða aftur kjörin varaformaður flokksins, þar sem staða Hönnu Birnu er veik, hið minnsta þessa stundina, hvað sem verður.

Bjarni hefur ekki leyst vanda innan flokksins. Hann átti fáa góða kosti, kannski engan. Hann hefur hið minnsta sýnt okkur að það gengur á ýmsu innan flokks og milli þingmannanna.

Einn er örugglega sigurvegari þessa alls. Einar K. Guðfinnsson las rétt í stöðuna og kaus, þrátt fyrir eftirgang Bjarna, að sitja áfram sem forseti þingsins. Stjórnarandstæðingar hafa keppst við að fagna ákvörðun hans.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Handsmíðaðir íslenskir skartgripir



ANNA MARÍA DESIGN
GULLSMIÐUR
Skólavörðustígur 3
Sími 551 0036
www.annamariadesign.is

## SPOTTIÐ




MÍN SKOÐUN: PAWEL BARTOSZEK

## Skerðum námið

Í umræðu um styttingu framhaldsskólans hafa andstæðingar þeirrar hugmyndar stundum kallað hana „skerðingu náms til stúdentsprófs“. Það er kannski ákveðinn áróðursfnykur af þessu orðalagi en auðvitað er þetta samt rétt. Vonandi er það rétt! Hvað segði það okkur um framhaldsskólann nú ef hægt væri að skera hann niður um eitt ár þess að nokkuð myndi tapast?

Nei, vissulega getur stytting þýtt að nemendur sitji á heildina litið í færri tímum, lesi færri bækur, hlusti á færri fyrirlestra, taki niður færri glósur, skrifi færri ritgerðir og reikni færri dæmi. Ef við höfum trú á að þessir hlutir skipti máli þá felur það í sér að við höldum að nemendur muni koma verr undirbúnir í háskóla ef við styttum framhaldsskólann (eða grunnskólann) um eitt ár. En það er augljóslega ekki rétta nálgunin. Það verður að skoða menntakerfið í heild sinni.



Sumir vilja að börn fari í skóla fimm ára. Hvernig væri nú ef þær hugmyndir væru skotnar niður á þeim forsendum að verið væri að „rýra gildi leikskólanámsins“? Væri það heppileg nálgun á viðfangsefnið? Auðvitað ekki. Heildarleið nemandans gegnum skólakerfið hlýtur að vera það sem skiptir máli.

## Slökum á kröfum

Framhaldsskóli er, fyrir flesta, áfangi á leið til frekari menntunar. Það verður því að mæla árangur hans í því ljósi. Spyrjum okkur: Hve vel stendur framhaldsskólastigið þegar kemur að því að taka við grunnskólabörnum og breyta þeim í stúdenta?

Í tveggja ára gamalli skýrslu menntamálaráðuneytisins kemur fram að einungis 44% íslenskra menntaskólanema ljúka námi á tilskildum tíma. Annars staðar á Norðurlöndunum er hlutfallið yfir 70%. Íslensku tölurnar verða að fara að hækka. En nú spyr einhver: „Er þetta ekki röng nálgun? Erum við ekki að rýra námið og minnka kröfur til að fleiri komist í gegn?“ Og það er nákvæmlega það sem við verðum að gera. Við verðum að rýra námið og skerða kröfur.

Nám til stúdentsprófs verður að vera jafninnihaldslítið og í Danmörku. Kröfurnar verða að vera jafnlitlar og í Finnlandi. Þessar þjóðir eru reyndar í efstu tveimur sætum þegar kemur að svokallaðri menntunarvísitölu Sameinuðu þjóðanna. Við verðum að vera jafnmetnaðarlaus og þær þegar kemur að inntaki stúdentsprófs.

Finnskir nemendur eru í grunnskóla til 16 ára aldurs. Þeir fara síðan í þrjú ár í framhaldsskóla og hefja að jafnaði háskólanám við nítján ára aldur. Danskir nemendur eru í grunnskóla til 16 ára aldurs og fara svo í framhaldskóla. Þeir útskrifast úr framhaldsskóla 19 ára. Sama kerfi er við lýði í Noregi og Svíþjóð.

## Eins og aðrir hafa gert

Alls staðar í þessum löndum hafa skólakerfi tekið breytingum. Ég las það á vef danskrar alfræðiorðabókar að árið 1903 hafi latínuskólunum þar í landi verið breytt í fjögurra ára menntaskóla þar sem fyrsta árið var gert að almennri undirbúningsbraut en svo tók við þriggja ára nám á þremur námsbrautum: nýmálabraut, fornmálabraut og stærðfræði- og náttúruvísindabraut. Einhvern veginn líktist þetta danska fyrirkomulag undarlega mikið námsframboði þess menntaskóla sem ég útskrifaðist sjálfur úr, tæpum hundrað árum síðar.

Einhvers staðar á leiðinni hafa Danir, og aðrar Norðurlandaþjóðir, hins vegar ákveðið að skerða nám til stúdentsprófs. Sé litið til þeirra fordæma gæti hugsanlega verið skynsamlegt að fela þær breytingar í móðu ólíkra námsbrauta með valkvæðum hraðbrautum áður en kerfið er samrýmt að nýju með þeim afleiðingum að allir útskrifast ári fyrr. Þegar ég segi „skynsamlegt“ á ég við pólitískt skynsamlegt, því það er ekkert raunverulegt vit í því að búa til slíkan hrærigraut einungis til að særa enga menntastofnun og móðga enga stétt.

Mér heyrist margir vera á því að stytting heildarnáms til stúdentsprófs sé skynsöm en að framhaldskólinn sé ekki rétti staðurinn heldur ætti að stytta grunnskóla frekar. Sumir rökstyðja þetta með því að segja að þeim hafi leiðst í grunnskóla en ekki í framhaldsskóla. Það gefur kannski til kynna að grunnskólinn geti stundum kreist meira úr sumu fólki. En við skulum ekki gefa okkur að það sé ekki hægt.

Það má heldur ekki gleyma því að allar hinar Norðurlandaþjóðirnar hafa valið að fara þessa leið, að stytta framhaldsskólann í þrjú ár. Fæstir þeirra sem vilja efla menntakerfið í þessum löndum leggja til að aukafjármagn til menntamála verði notað til að lengja framhaldsskólann að nýju. Menn virðast sáttir við að hafa námið þrjú ár. Menn virðast sáttir við að hafa námið „varanlega skert“.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is*
**MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*




Herra lagerinn outlet

Troðfull verslun af merkjavöru!

# Jólagleði!

# 40-70%

afsláttur af öllum vörum

Barnafatnaður frá

ENGLABÖRNIN

Falleg föt á stelpur og stráka...

molo TICKET hummel

# Náttúran þolir ekki bið

UMHVERFISMÁL



Ragnheiður Elín Árnadóttir
iðnaðar- og viðskiptaráðherra

Eitt mikilvægasta verkefni okkar Íslendinga um þessar mundir er að finna leið til að fjármagna uppbyggingu og verndun okkar vinsælustu ferðamannastaða. Að sama skapi skiptir miklu máli að dreifa betur álaginu um landið með því að fjölga áfangastöðum og ekki síst að huga betur að öryggismálum ferðamanna.

Þetta verkefni hefur verið í undirbúningi í ráðuneytinu síðustu mánuði og hefur frá upphafi verið lagt upp með að sú leið sem farin verði sé einföld og almenn. Aðspurðir segjast um 80% ferðamanna koma til landsins til að skoða náttúruna og þeim fer fjölgandi með hverju árinu.

Þetta viðfangsefni snertir okkur öll og því er eðlilegt að margir hafi á því sterkar skoðanir og að sjónarmið séu mörg. Þetta er landið okkar allra og það hvílir því á okkur sú skylda að tryggja að náttúran bíði ekki skaða af þessari miklu fjölgun.

Það hafa margar leiðir og útfærslur verið skoðaðar í þessari vinnu, en að öllu vegnu og að teknu tilliti til ólíkra sjónarmiða er náttúrupassinn sú leið sem lögð er til.

**Íslendingar borga minna en nú**

Náttúrupassinn mun kosta 1.500 kr. og gilda í þrjú ár, eða 500 kr. á ári. Hann veitir aðgang að öllum ferðamannastöðum í eigu ríkis og sveitarfélaga og stuðlar að uppbyggingu og verndun þeirra. Ráðuneytið hefur frá upphafi leitast við að finna leið sem felur í sér minnstan kostnað fyrir Íslendinga – en á grundvelli EES-samningsins er okkur ekki fært að mismuna eftir þjóðerni. Því verða Íslendingar jafnt sem erlendir ferðamenn að greiða fyrir náttúrupassa eins og þeir gera líka gegnum gistináttagjald, komugjöld og aðra kosti sem hafa verið í umræðunni. Með náttúrupassa munu 85-90% af því fjármagni sem innheimtist koma frá erlendum ferðamönnum í stað þess að Íslendingar greiði stærstan hluta eins og nú er.

Þörfin er sannarlega til staðar en nú liggja hjá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða umsóknir upp á tæpa tvo milljarða króna vegna framkvæmda, og er það langt umfram þær tæplega 150 milljónir sem sjóðurinn hefur af innheimtu gistináttagjalds.

**Náttúrupassi er einföld lausn**

Passinn verður meðal annars seldur á netinu og Íslendingar munu einnig geta keypt hann gegnum skattframtalið. Umsýslan verður einföld og mun Ferðamálastofa annast framkvæmdina en Framkvæmdasjóður ferðamannastaða úthluta fjármagninu, líkt og nú er og því er ekki um nýja stofnun að ræða.

Ekki verða sett upp hlið eða gjaldskýli og verður ásýnd ferðamannsins sú sama og í dag. Allt tal um að fólk geti ekki lengur farið í berjamó eða notið náttúrunnar með öðrum hætti er ekkert annað en pólitískt fjaðrafok. Landið verður jafn opið og áður en allur aðbúnaður á fjölsóttustu stöðunum verður stórbættur.

Eftirlit verður á fyrir fram tilteknum ferðamannastöðum víðs vegar um landið, líkt og við þekkjum í almenningssamgöngum víða erlendis þar sem stikkprufur verða teknar. Íslendingar munu ekki þurfa að bera passann á sér heldur framvísa skilríkjum ef eftir því er leitað.

Með fjölgun erlendra ferðamanna til landsins hefur álag á björgunarsveitir landsins aukist. Af þeim fjármunum sem fást með náttúrupassanum munu 7,5% renna til öryggismála, þar af helmingur til björgunarsveita til að styrkja þeirra mikilvæga og góða starf.

**Höfum ekki rétt til að skaða náttúruna**

Í umræðu síðustu daga hefur almannarétturinn verið títt nefndur og halda þeir sem gagnrýna þessa aðferð því fram að verið sé að ganga á hann. Það er rangt. Almannarétturinn snýr fyrst og síðast að ferðafrelsi. Það getur aldrei verið réttur almennings að skaða náttúruna. Okkur þykir öllum t.a.m. sjálfsagt að stunda ekki utanvegaakstur – þrátt fyrir ákvæði um almannarétt. Með náttúrupassa er ekki verið að ganga á rétt almennings til að ferðast um eigið land.

Í náttúruverndarlögunum er raunar þegar kveðið á um heimild til að taka sérstakt gjald fyrir aðgang að náttúruverndarsvæði „ef spjöll hafa orðið af völdum ferðamanna eða hætta er á slíkum spjöllum“. Tekjum skal varið til eftirlits, lagfæringar og uppbyggingar svæðisins eða aðkomu að því. Svandís Svavarsdóttir, fyrrverandi umhverfisráðherra, lagði fram og fékk samþykkt ný lög um náttúruvernd á síðasta ári, sem þó hafa enn ekki tekið gildi, þar sem þessi ákvæði voru áfram inni. Í þeim er að finna fordæmi fyrir þeirri leið sem lögð er til með náttúrupassa.

Þingmenn Samfylkingarinnar og VG samþykktu þessi lög á síðasta þingi, þar með taldir formenn beggja flokka auk Steingríms J. Sigfússonar sem tjáð hefur sig mikið um þessi mál undanfarið.

**➜ Með náttúrupassa leysum við fjölþætt vandamál, við tryggjum nægt fjármagn á næstu árum til að byggja upp þau svæði sem eru farin að láta á sjá.**

Ég hvet hann til að þess að kynna sér sérstaklega 92. grein náttúruverndarlaga síðustu ríkisstjórnar. Núverandi þingmenn Pírata og Bjartrar framtíðar samþykktu einnig þessi lög. Þá höfðu þeir ekki áhyggjur af skerðingu almannaréttar eins og þeir gera nú.

**Við leysum fjölþætt vandamál**

Með náttúrupassa leysum við fjölþætt vandamál, við tryggjum nægt fjármagn á næstu árum til að byggja upp þau svæði sem eru farin að láta á sjá. Við tryggjum ferðamönnum framtíðarinnar sömu upplifun af þessum svæðum og ferðamenn dagsins í dag fá. Leiðin er almenn og gjaldtakan leggst ekki á einn anga ferðaþjónustunnar. Allt eru þetta mikilvæg markmið. Tökum umræðuna út frá rökum og staðreyndum, skiptumst á skoðunum og virðum ólík sjónarmið. Þá hef ég hef fulla trú á því að okkur takist að klára þetta mál í sátt.

# Næsta ár í Reykjavík

FJÁRMÁL



Sóley Tómasdóttir
forseti borgarstjórnar

Í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2015 endurspeglast pólitískar áherslur og forgangsröðun meirihluta borgarstjórnar. Við erum stolt af þessari fyrstu áætlun, þar sem rík áhersla er lögð á mannréttindi, velferð, umhverfi og almennt réttlæti.

**Mannréttindamál**

Mannréttindastefna borgarinnar verður endurskoðuð á næsta ári með tilliti til breytinga í málaflokknum frá því hún var fyrst samþykkt. Fylgja þarf eftir örri þróun í réttindabaráttu hinsegin fólks, styrkja ákvæði gegn ableisma, leggja ríkari áherslu á margföldunaráhrif minnihlutahópa og margt fleira sem tekið verður á í endurskoðuninni. Af einstökum verkefnum ber aðgerðir gegn heimilisofbeldi hæst, þar sem farið verður í samstarf við lögregluna að fyrirmynd þess sem reynst hefur vel á Suðurnesjum. Gripið verður til aðgerða gegn kynbundnum launamun, búinn til upplýsingapakki fyrir nýja Reykvíkinga, stefna mótuð í atvinnumálum fatlaðs fólks og svona mætti lengi telja.

**Velferðarmál**

Í velferðarmálum ber fyrst að nefna áætlun um fjölgun félagslegra leiguíbúða um 500 á næstu árum samhliða uppbyggingu búsetuúrræða fyrir fatlað fólk og eflingu þjónustu utan kjarna fyrir þann hóp. Samþætting heimahjúkrunar og heimaþjónustu mun vonandi leiða til betri og heildstæðari þjónustu og miklar vonir eru bundnar við umbætur í ferðaþjónustu fatlaðra. Á næsta ári hefst tilraunaverkefni hjá þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og Barnavernd Reykjavíkur um styttri vinnudag. Þar verður vinnuvikan stytt í 35 stundir með það að markmiði að bæta líðan og starfsánægju, þjónustu og afköst til lengri tíma.

**Umhverfismál**

Vinna við gerð hverfisskipulags mun halda áfram á næsta ári, byggð á nýju aðalskipulagi fyrir Reykjavík. Þar er stefnt að vistvænni lifnaðarháttum borgarbúa með þéttari byggð og bættri nærþjónustu, aðlaðandi almannarýmum og vistvænni samgöngum. Á umhverfis- og skipulagssviði verður tekið upp sjálfsagt og eðlilegt skipulagsgjald og kostnaðarhlutdeild bifreiðaeigenda eykst þegar kemur að rekstri bílastæða í miðborginni. Strætó mun hefja akstur fyrr á sunnudögum og áfram verður unnið að bættri aðstöðu til hjólreiða og göngu í borginni.

**➜ Strætó mun hefja akstur fyrr á sunnudögum og áfram verður unnið að bættri aðstöðu til hjólreiða og göngu í borginni.**

**Barnafjölskyldur**

Í samræmi við samstarfssáttmála meirihlutaflokkanna verða stigin skref til að létta byrðum af barnafjölskyldum í Reykjavík. Þannig munu námsgjöld í leikskóla lækka um 6%, tekinn verður upp systkinaafsláttur þvert á skólastig og frístundakortið hækkað um 5.000 krónur. Þetta er brýnt réttlætismál sem verður haldið áfram með á næstu árum og vonandi tekst okkur einn góðan veðurdag að tryggja börnum gjaldfrjálsa menntun í Reykjavík. Fjölmörg önnur verkefni eru fyrirhuguð á næsta ári sem munu stuðla að enn betra skóla- og frístundastarfi og aukinni þátttöku barna og unglinga.

**Gott ár fram undan**

Þessi fyrsta fjárhagsáætlun meirihluta Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata lofar góðu. Hún er til marks um einlægan vilja til að byggja réttlátari borg í þágu komandi kynslóða, þar sem umhverfi og börn njóta vafans, þar sem fjölbreytileikanum er fagnað og velferðin er í fyrirrúmi. Ég er viss um að næsta ár verður gott ár.

# Vanmáttur og styrkur

KYNFERÐISBROT



Svala Ísfeld
dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík

Hæstaréttardómur frá 11. maí 1978, þar sem faðir Thelmu Ásdísardóttur var sýknaður af kynferðisbroti gagnvart elstu dóttur sinni, hefur verið til umfjöllunar síðastliðna daga í tilefni af meistararitgerð Áslaugar Einarsdóttur, þar sem hún deilir á fjölmiðla á þessum tíma og telur þá hafa brugðist skyldu sinni.

Þegar dómurinn er lesinn blasir við vanmáttur. Algjör vanmáttur. Allir brugðust systrunum fimm sem bjuggu í Gula húsinu í Hafnarfirði. Barnaverndaryfirvöld. Skólinn. Nágrannar. Réttarkerfið. Enginn kom þeim til hjálpar sem gagnaðist.

Í stað þess að rekja hér allt það sem brást í þessu máli, en þar er af nógu að taka, er vert að rifja upp hina hliðina. Björtu hliðina. Hún er sú að þessar fimm systur hafa sýnt og sannað að það er líf eftir alvarleg kynferðisbrot. Það er hægt að vinna úr erfiðleikum sem virðast utan séð frá óyfirstíganlegir. Systurnar hafa ekki aðeins unnið úr hremmingum æsku sinnar þannig að þær eigi innihaldsríkt líf heldur hafa þær nýtt reynslu sína á þann veg að gefa öðrum von og leiðsögn sem standa frammi fyrir sambærilegum aðstæðum.

Thelma ákvað árið 2005 að segja sögu sína. Gerður Kristný rithöfundur hlustaði á frásögn hennar og úr þeirri samvinnu varð til bókin Myndin af pabba. Saga Thelmu. Í henni lýsir Thelma bágum aðstæðum og fátækt sem fjölskyldan í Gula húsinu bjó við og því alvarlega og langvarandi andlega, líkamlega og kynferðislega ofbeldi sem heimilisfaðirinn beitti dætur sínar og eiginkonu. Bókin lét engan ósnortinn.

Það þarf kjark til að segja frá æskuminningum af þessu tagi. Thelma hafði þann kjark. Bókin vakti mikla athygli og umtal og varð metsölubók. Þar var afhjúpaður óþægilegur veruleiki sem enginn vill vita af. Fjölmörg viðtöl voru tekin við Thelmu og systur hennar í kjölfarið þar sem þær tjáðu sig opinskátt og hispurslaust um erfiðleika æsku sinnar. Þær vöktu athygli og aðdáun fyrir yfirvegaða framkomu sína og einlæga frásögn. Samstaða þeirra var eftirtektarverð og sá kærleikur sem ríkti á milli þeirra og væntumþykja þeirra í garð móður sinnar.

**Opnuðu umræðuna**

Systurnar fimm hafa lagt mikið af mörkum til umræðunnar um kynferðisofbeldi gegn börnum á Íslandi og eiga mikilvægan þátt í að opna gátt að svæði sem hafði að langmestu leyti verið lokað. Þær opnuðu umræðu um það sem enginn vill vita af eða tala um. Það er nefnilega fátt sem vekur jafn miklar tilfinningar með fólki og frásagnir af kynferðisofbeldi gegn börnum. Enginn vill vita til þess að börn séu meidd vísvitandi og viðbrögðin eru því í samræmi við það. Í bókinni var ekki aðeins lýst alvarlegu kynferðisofbeldi heldur og tegund ofbeldis sem ekki hafði áður komið fyrir sjónir almennings. Að faðir skyldi hafa komist upp með það árum saman að beita fimm dætur sínar jafn grófu ofbeldi og þar var lýst án þess að gripið hafi verið inn í og það stöðvað er þyngra en tárum taki. Ekki var nóg með að hann bryti gegn trúnaði dætra sinna og svipti þær því öryggi og skjóli sem heimilið ætti að veita þeim, heldur gekk hann lengra og seldi öðrum fullorðnum karlmönnum aðgang að líkama þeirra.

**➜ Þær opnuðu umræðu um það sem enginn vill vita af eða tala um.**

Eftir stendur systrahópur sem óhætt er að dást að fyrir það hugrekki og þá eljusemi sem þær hafa sýnt í viðleitni sinni til að vekja upp von hjá þeim sem deila reynslu af þessu tagi. Þær hafa sýnt og sannað að það er raunverulega hægt að vinna úr allra grófasta ofbeldi sem þar að auki er framið af þeim sem ætti að vernda mann og gæta. Thelma nýtti reynslu sína og þekkingu í starfi fyrir Kvennaathvarfið og Stígamót um árabil og stofnaði síðan samtökin Drekaslóð sem hafa það að markmiði að hjálpa þolendum ofbeldis að vinna úr sálarmeinum sínum.

Út úr jafn hörmulegu máli og lýst er í dómi Hæstaréttar frá 11. maí 1978 og bókinni sem skrifuð er eftir frásögn Thelmu komu eftir allt sem á undan var gengið fimm sterkar og samstiga systur. Þær höfðu kjark til að segja frá leyndarmálinu og bera með sér von og trú á farsælt líf. Það eru mikilvæg skilaboð til þeirra sem hafa mátt þola ofbeldi í æsku, þurfa að létta af sér slíkum byrðum og þurfa auk þess stuðning til að takast á við framtíðina. „Ég væri ekki sú sem ég er nema vegna þess að ég á þessa fortíð, bæði hryllinginn en einnig hugrekki, styrk og dýrmæta reynslu sem hefur nýst mér í mörgu“, segir Thelma sjálf.

# Hugleiðingar læknanema

KJARAMÁL



Erna Markúsdóttir
formaður Félags íslenskra læknanema í Slóvakíu

Ég er læknanemi á 3. ári í Slóvakíu. Mér líkar vel í mínu námi – fæ góða kennslu og klínik. Þótt ég eigi þó nokkur ár eftir af mínu grunnnámi þá hef ég þungar áhyggjur þegar ég les fréttir að heiman á vefnum. Þar blasir við hver fréttin á fætur annarri þess efnis að læknar á Íslandi séu annaðhvort að flytja úr landi eða snúa sér að einhverju öðru. Ég á erfitt með að skilja hvernig heilbrigðismál hafa getað þróast á þennan veg. Lausnin er eflaust ekki auðveld en felst allavega ekki í 3% launahækkun sem læknum hefur verið boðin.

Þegar dæmið er reiknað sé ég ekki fram á að við sem nú menntum okkur erlendis getum náð endum saman þegar við komum heim að námi loknu.

Grunnnámið mitt í JFM CU tekur sex ár og er allt á minn kostnað. Því kem ég til með að skulda um það bil 20 milljónir í verðtryggðum skuldum að því loknu. Þá á eftir að bætast við kostnaður við sérnám sem hleypur á milljónum.

Að sérnámi loknu verð ég líklegast komin á fertugsaldurinn, búin að vera erlendis frá 20 ára aldri að mennta mig. Ég mun ekki eiga neitt nema skuldir og mun þurfa að borga lánin mín upp. Miðað við kjör lækna á Íslandi í dag, mun ég ekki sjá mér fært að flytja heim til Íslands og stunda vinnu, þrátt fyrir að það sé það sem mig dreymir um að gera. Það verður bara einfaldlega ekki í boði fyrir mig að koma heim aftur.

Ég vona að heilbrigðiskerfinu okkar verði bjargað og laun lækna gerð samkeppnishæf á ný. Við erum að dragast aftur úr – og það á leifturhraða!

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi.
Sendu greinina þína á **greinar@visir.is**
og við komum henni á framfæri hið snarasta.

# ÓSKABÓK SKOTVEIÐIMANNSINS




**Stórglæsileg bók um skotveiði í máli og myndum**







*Þúsundir landsmanna stunda skotveiði sér til ánægju og yndisauka. Í þessari bók, sem er sjálfstætt framhald af **Skotveiði í máli og myndum** sem kom út árið 2009, er komið víða við og stemmning skotveiðinnar svífur yfir vötnum.*

*Nokkrir af snjöllustu skotveiðimönnum landsins segja sögur, rifja upp skemmtileg atvik og miðla af reynslu sinni. Einnig eru í bókinni eldri frásagnir og greinar sem sýna breytta tíma.*

*Bókin er ríkulega myndskreytt.*

LITRÓF

Vatnagörðum 14 • 104 Reykjavík
Sími 563 6000 • www.litrof.is

# DÚNDURTILBOÐ – MIKILL AFSLÁTTUR

33% AFSLÁTTUR

LAZBOY

20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM LZB STÓLUM

**CORONA**
La-Z-boy hægindastóll
Ljóst og brúnt áklæði.
Stærð: 80x80 H: 100 cm



IDAHO LZB STÓLL
**79.990**
FULLT VERÐ: 119.990

MIKIÐ ÚRVAL AF SPENNANDI SMÁVÖRU!

**VIDIVI** stjörnusett
40% afsláttur. Tilboðsverð 2.994 kr.



**SÖDAHL** jóladiskamotta
50% afsláttur. Tilboðsverð 790 kr.



**BODUM** kaffikönnur
40% afsláttur. Tilboðsverð 2.394 kr.



25% AFSLÁTTUR

**MARCUS** borðstofustóll,
Margir litir.



**5.990**
FULLT VERÐ: 7.990

50% AFSLÁTTUR



**7.990**
FULLT VERÐ: 15.990

**AROS**
Barstóll
Hvítur, grár og
turkis blár.

21% AFSLÁTTUR

LAZBOY

20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM LZB STÓLUM

**DREAMTIME**
La-Z-boy hægindastóll.
Svart, brúnt og vínrautt
leður.
Stærð: 94x95 H: 100 cm



DREAMTIME LZB STÓLL
**149.990**
FULLT VERÐ: 189.990

43% AFSLÁTTUR

**SALA** borðstofustóll,
svart vandað leður og
burstað stál í fótum.



**19.990**
FULLT VERÐ: 34.990

29% AFSLÁTTUR



**SYLVESTER**
borðstofustóll.
Margir litir.

**9.990**
FULLT VERÐ: 13.990

25% AFSLÁTTUR

skovby

FRÁBÆRT VERÐ



**MORRISSON**
Borðstofuborð
Gegnheil sápuborin eik
Stærð: 100x200 cm. H: 76 cm
Með 3x50 cm stækkunum

**299.990**
FULLT VERÐ: 399.990

EYRI – REYKJAVÍK – AKUREYRI – REYKJAVÍK

– TAKMARKAÐ MAGN!

HÚSGAGNAHÖLLIN

# LAUGARDAGUR TIL LUKKU!

## OPIÐ ALLA HELGINA TIL KL. 18⁰⁰

## FYRSTIR KOMA – FYRSTIR FÁ

100.000 AFSLÁTTUR

**349.990**

FULLT VERÐ: 449.990



**MIDLAND** tungusófi. Brúnt microfiber.
B: 280 D:170 H: 95 cm.

100.000 AFSLÁTTUR

**199.990**

FULLT VERÐ: 299.990



**DURANGO** U-sófi. 287x199 H 83 cm.
Svart, bonded leður. Hægri og vinstri tunga.

40% AFSLÁTTUR

**GENOVA** hægindastóll.
Stillanlegt bak.
Vandað mjúkt leður.
Stöðugir fætur.
Litir: Dökkbrúnn
svartur og vínrauður



**74.990**

FULLT VERÐ: 124.980

70.000 KR. AFSLÁTTUR

**149.990**

FULLT VERÐ: 219.990



**AVIO** tungusófi. 268x162 H 82 cm. Corsica dökkgrátt áklæði.
Eingöngu með hægri tungu

N • Bíldshöfða 20 • Reykjavík OG Dalsbraut 1 Akureyri OPIÐ: Virka daga 10-18, laugard. 11-18 og sunnud. 13-18 EITT SÍMANÚMER: 558 1100

VANNST ÞÚ Í GÆR?

VINNINGASKRÁ SÍBS

12. FLOKKUR 2014
ÚTDRÁTTUR 5. desember 2014

SÍBS HAPPDRÆTTI

**Nissan Leaf rafbíll kr. 5.000.000**
52323

**Aukavinningar kr. 100.000**
52322 52324

**Kr. 500.000**
2885 3002 3515 13119 39490 39788 42189 46331 53088 53806

**Kr. 50.000**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 64 | 4572 | 7250 | 12886 | 19137 | 26805 | 30389 | 34858 | 39414 | 42380 | 46388 | 50662 | 54286 | 57762 | 61959 | 67559 | 72179 | 75480 |
| 419 | 4600 | 7433 | 12984 | 19770 | 27534 | 30634 | 34988 | 39560 | 43272 | 46548 | 50801 | 54725 | 58109 | 62371 | 67900 | 72593 | 76067 |
| 605 | 4752 | 7494 | 13163 | 19914 | 27802 | 30896 | 35046 | 39688 | 43469 | 46633 | 50803 | 54751 | 58223 | 62581 | 68193 | 73349 | 76099 |
| 715 | 4959 | 8196 | 13665 | 19995 | 27882 | 31264 | 35354 | 40160 | 43682 | 46736 | 51144 | 55000 | 58574 | 64084 | 68529 | 73709 | 76668 |
| 1214 | 5295 | 8378 | 14739 | 20206 | 28097 | 31538 | 36128 | 40354 | 43887 | 47859 | 51305 | 55367 | 59120 | 64179 | 68616 | 73967 | 77107 |
| 1754 | 5477 | 8498 | 15175 | 20504 | 28191 | 31705 | 36311 | 40364 | 44115 | 48042 | 51309 | 55408 | 59480 | 64304 | 68839 | 74008 | 77146 |
| 1946 | 5656 | 8989 | 15823 | 21926 | 28277 | 32116 | 36379 | 40594 | 44241 | 48471 | 51619 | 55508 | 60334 | 64377 | 68993 | 74128 | 77235 |
| 2089 | 5830 | 9439 | 15841 | 23239 | 28288 | 32237 | 36932 | 40666 | 44320 | 48646 | 51857 | 55765 | 61037 | 64975 | 69219 | 74166 | 78324 |
| 3287 | 5841 | 9674 | 16032 | 23320 | 28540 | 32461 | 36990 | 40732 | 44368 | 48929 | 51891 | 55810 | 61601 | 65214 | 70123 | 74194 | 78395 |
| 3338 | 5872 | 10751 | 16581 | 23655 | 28963 | 33544 | 37125 | 40840 | 44615 | 49075 | 52497 | 55821 | 61611 | 65273 | 70154 | 74335 | 79036 |
| 3415 | 6038 | 10924 | 16782 | 24104 | 29268 | 33595 | 37138 | 41405 | 44765 | 50070 | 53103 | 56015 | 61808 | 66417 | 70894 | 74395 | 79215 |
| 3571 | 6404 | 12428 | 17416 | 24759 | 29584 | 34139 | 37206 | 41501 | 45483 | 50148 | 53264 | 56160 | 61872 | 66803 | 71010 | 74437 | 79730 |
| 3866 | 6581 | 12584 | 17745 | 25768 | 29661 | 34238 | 37862 | 41672 | 46167 | 50413 | 53349 | 56758 | 61897 | 67173 | 71566 | 74709 | |
| 4546 | 6616 | 12794 | 18600 | 26661 | 29993 | 34362 | 38229 | 42064 | 46169 | 50528 | 54140 | 56900 | 61932 | 67405 | 71687 | 74855 | |

**Vöruúttekt hjá N1**

**kr. 25.000**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 154 | 4200 | 7582 | 12812 | 17069 | 21081 | 25428 | 29370 | 34403 | 39377 | 44106 | 48813 | 53236 | 56297 | 61038 | 65331 | 69649 | 74828 |
| 194 | 4305 | 7599 | 13101 | 17123 | 21368 | 25491 | 29402 | 34485 | 39407 | 44132 | 49098 | 53297 | 56589 | 61255 | 65353 | 69969 | 74839 |
| 290 | 4352 | 8294 | 13303 | 17342 | 21394 | 25567 | 29630 | 34600 | 39417 | 44694 | 49192 | 53303 | 56680 | 61640 | 65537 | 70343 | 74938 |
| 503 | 4473 | 8397 | 13362 | 17392 | 21529 | 25620 | 29745 | 34834 | 39633 | 44734 | 49446 | 53343 | 56707 | 61646 | 65671 | 70436 | 75034 |
| 670 | 4795 | 8494 | 13510 | 17415 | 21831 | 25843 | 29764 | 34982 | 39890 | 44805 | 49647 | 53468 | 56953 | 61712 | 65677 | 71109 | 75817 |
| 784 | 4991 | 8545 | 13587 | 17510 | 21879 | 25972 | 29968 | 35277 | 40194 | 44876 | 50116 | 53531 | 57118 | 61732 | 65738 | 71147 | 75832 |
| 864 | 5335 | 9302 | 13611 | 17567 | 22010 | 26075 | 30046 | 35691 | 40386 | 45045 | 50164 | 53702 | 57267 | 61754 | 65800 | 71238 | 75842 |
| 1381 | 5373 | 9356 | 13658 | 17740 | 22074 | 26403 | 30358 | 35719 | 40650 | 45056 | 50289 | 53971 | 57377 | 62157 | 65893 | 71257 | 75926 |
| 1561 | 5393 | 9470 | 13699 | 17839 | 22094 | 26511 | 30552 | 35792 | 40653 | 45256 | 50310 | 54260 | 57786 | 62204 | 65905 | 71277 | 76305 |
| 1704 | 5407 | 9496 | 14011 | 17897 | 22234 | 26522 | 30633 | 35895 | 40655 | 45340 | 50334 | 54555 | 57881 | 62414 | 65971 | 71351 | 76378 |
| 1720 | 5469 | 9738 | 14015 | 17974 | 22261 | 26612 | 30929 | 35934 | 40670 | 45385 | 50346 | 54580 | 57922 | 62683 | 65993 | 71356 | 76509 |
| 1779 | 5548 | 9764 | 14222 | 18076 | 22434 | 26728 | 31068 | 35947 | 40690 | 45711 | 50887 | 54654 | 58118 | 62764 | 66434 | 71448 | 76574 |
| 1825 | 5557 | 9877 | 14243 | 18099 | 22512 | 26849 | 31250 | 36034 | 40724 | 45856 | 51106 | 54701 | 58122 | 62949 | 66624 | 71579 | 76617 |
| 2574 | 5714 | 10026 | 14258 | 18154 | 22892 | 26912 | 31488 | 36267 | 40838 | 45994 | 51133 | 54858 | 58228 | 63259 | 66660 | 71704 | 77211 |
| 2649 | 5770 | 10040 | 14275 | 18183 | 22942 | 27029 | 31862 | 36349 | 40897 | 46576 | 51224 | 54864 | 58241 | 63285 | 66793 | 71820 | 77273 |
| 2721 | 5864 | 10134 | 14519 | 18253 | 22958 | 27071 | 32279 | 36372 | 40985 | 46615 | 51285 | 54886 | 58507 | 63301 | 66813 | 72233 | 77379 |
| 2725 | 5897 | 10142 | 14591 | 18393 | 23187 | 27083 | 32333 | 36633 | 40987 | 46818 | 51346 | 54989 | 58939 | 63361 | 67311 | 72394 | 77644 |
| 2736 | 5912 | 10430 | 14643 | 18401 | 23622 | 27086 | 32410 | 36903 | 41100 | 46946 | 51363 | 55004 | 59188 | 63372 | 67479 | 72412 | 77920 |
| 2748 | 5923 | 10655 | 14718 | 18515 | 23993 | 27135 | 32498 | 36955 | 41410 | 47071 | 51406 | 55039 | 59304 | 63468 | 67497 | 72506 | 77986 |
| 2829 | 5929 | 10716 | 14833 | 18586 | 24014 | 27182 | 32508 | 37116 | 41534 | 47355 | 51604 | 55108 | 59630 | 63499 | 67508 | 72591 | 78033 |
| 2926 | 5967 | 10864 | 15185 | 19043 | 24032 | 27276 | 32743 | 37165 | 41950 | 47391 | 51741 | 55201 | 59723 | 63579 | 67731 | 72631 | 78129 |
| 3141 | 6003 | 10948 | 15557 | 19217 | 24036 | 27301 | 32902 | 37399 | 41958 | 47475 | 51825 | 55288 | 59841 | 63633 | 67736 | 72785 | 78319 |
| 3144 | 6024 | 10951 | 15572 | 19356 | 24122 | 27437 | 33206 | 37508 | 41991 | 47547 | 51989 | 55541 | 59849 | 63748 | 67879 | 72974 | 78325 |
| 3173 | 6059 | 11064 | 15723 | 19367 | 24190 | 27486 | 33326 | 37728 | 42132 | 47665 | 52426 | 55551 | 59927 | 64062 | 67894 | 73592 | 78721 |
| 3202 | 6457 | 11424 | 16205 | 19453 | 24221 | 27495 | 33328 | 37821 | 42163 | 47805 | 52504 | 55604 | 60090 | 64073 | 67973 | 73650 | 79048 |
| 3219 | 6568 | 11589 | 16244 | 19548 | 24563 | 27602 | 33390 | 37823 | 42255 | 47899 | 52629 | 55622 | 60123 | 64111 | 68077 | 73687 | 79175 |
| 3492 | 6627 | 11640 | 16310 | 19778 | 24704 | 27659 | 33519 | 37904 | 42835 | 48020 | 52634 | 55644 | 60124 | 64283 | 68293 | 73908 | 79454 |
| 3545 | 6644 | 12065 | 16332 | 19926 | 24760 | 27885 | 33835 | 38352 | 43160 | 48148 | 52869 | 55654 | 60423 | 64297 | 68775 | 73909 | 79690 |
| 3594 | 6871 | 12187 | 16469 | 20043 | 24904 | 27959 | 33917 | 38398 | 43443 | 48364 | 52912 | 55728 | 60497 | 64392 | 68976 | 74174 | 79718 |
| 3618 | 6960 | 12313 | 16586 | 20195 | 24980 | 28076 | 33942 | 38477 | 43640 | 48392 | 52926 | 55790 | 60634 | 64766 | 69134 | 74317 | |
| 3717 | 6999 | 12643 | 16705 | 20289 | 25026 | 28422 | 33962 | 38860 | 43895 | 48435 | 53043 | 56014 | 60661 | 64894 | 69157 | 74318 | |
| 3730 | 7210 | 12684 | 16827 | 20678 | 25092 | 28970 | 33978 | 39035 | 43918 | 48702 | 53124 | 56183 | 60799 | 65116 | 69355 | 74447 | |
| 3919 | 7236 | 12756 | 16905 | 20718 | 25382 | 29051 | 34094 | 39194 | 43947 | 48755 | 53149 | 56230 | 60847 | 65212 | 69391 | 74759 | |

**Kr. 15.000**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3605 | 7380 | 10840 | 14742 | 18973 | 23937 | 29694 | 34393 | 38564 | 44031 | 48934 | 52734 | 57851 | 62056 | 66188 | 70705 | 75382 |
| 97 | 3643 | 7385 | 10968 | 14749 | 19016 | 24079 | 29710 | 34437 | 38594 | 44073 | 49022 | 52822 | 57925 | 62072 | 66484 | 70715 | 75458 |
| 116 | 3709 | 7464 | 11085 | 14866 | 19077 | 24173 | 29736 | 34570 | 38685 | 44118 | 49055 | 52895 | 58086 | 62164 | 66495 | 70773 | 75522 |
| 129 | 3819 | 7647 | 11264 | 14877 | 19096 | 24412 | 29866 | 34790 | 38845 | 44125 | 49174 | 53030 | 58136 | 62183 | 66748 | 70800 | 75527 |
| 250 | 3988 | 7829 | 11280 | 14888 | 19210 | 24962 | 29916 | 34819 | 38912 | 44336 | 49182 | 53183 | 58154 | 62327 | 66764 | 71209 | 75856 |
| 449 | 4047 | 7854 | 11304 | 15029 | 19460 | 25034 | 29937 | 34878 | 39277 | 44356 | 49382 | 53309 | 58208 | 62367 | 66795 | 71221 | 75861 |
| 487 | 4227 | 7896 | 11323 | 15111 | 19490 | 25065 | 30018 | 35085 | 39376 | 44555 | 49448 | 53358 | 58270 | 62377 | 66824 | 71365 | 76146 |
| 489 | 4267 | 7924 | 11346 | 15193 | 19496 | 25146 | 30043 | 35114 | 39462 | 44606 | 49493 | 53420 | 58665 | 62403 | 66863 | 71402 | 76186 |
| 635 | 4386 | 7940 | 11605 | 15329 | 19505 | 25256 | 30294 | 35231 | 39742 | 44676 | 49536 | 53462 | 58699 | 62545 | 66928 | 71590 | 76427 |
| 668 | 4417 | 7973 | 11612 | 15380 | 19587 | 25263 | 30346 | 35290 | 39743 | 44851 | 49663 | 53542 | 58732 | 62549 | 66941 | 71596 | 76502 |
| 710 | 4544 | 8115 | 11646 | 15531 | 19698 | 25429 | 30351 | 35407 | 39845 | 45015 | 49711 | 53643 | 58800 | 62729 | 66976 | 71612 | 76634 |
| 865 | 4764 | 8118 | 11747 | 15533 | 19710 | 25497 | 30463 | 35430 | 39894 | 45107 | 49743 | 53794 | 58973 | 62771 | 66985 | 71752 | 76656 |
| 916 | 4870 | 8139 | 11777 | 15623 | 19827 | 25547 | 30498 | 35447 | 40099 | 45198 | 49754 | 53810 | 59017 | 62790 | 67131 | 71895 | 76726 |
| 938 | 4907 | 8158 | 11789 | 15764 | 19900 | 25565 | 30592 | 35501 | 40152 | 45342 | 49828 | 53901 | 59287 | 62801 | 67263 | 72026 | 76750 |
| 993 | 4922 | 8226 | 11795 | 15777 | 20164 | 25657 | 30606 | 35541 | 40311 | 45393 | 49851 | 54116 | 59345 | 62821 | 67267 | 72089 | 76807 |
| 1006 | 5044 | 8313 | 11844 | 15917 | 20582 | 25696 | 30800 | 35542 | 40560 | 45646 | 49866 | 54176 | 59454 | 62942 | 67306 | 72273 | 76849 |
| 1070 | 5081 | 8351 | 11932 | 15965 | 20643 | 25711 | 30956 | 35585 | 40635 | 45795 | 49934 | 54283 | 59475 | 62969 | 67403 | 72311 | 76986 |
| 1165 | 5149 | 8413 | 11934 | 16104 | 20647 | 25773 | 31024 | 35594 | 40673 | 45805 | 49966 | 54427 | 59538 | 63000 | 67449 | 72439 | 77008 |
| 1276 | 5173 | 8439 | 11956 | 16145 | 20679 | 25882 | 31039 | 35678 | 40833 | 45895 | 49967 | 54603 | 59868 | 63002 | 67485 | 72503 | 77132 |
| 1341 | 5176 | 8493 | 12004 | 16209 | 20779 | 25956 | 31112 | 35723 | 40888 | 45999 | 50029 | 54629 | 59907 | 63142 | 67650 | 72547 | 77542 |
| 1425 | 5218 | 8526 | 12108 | 16247 | 21026 | 26007 | 31200 | 35736 | 40894 | 46038 | 50071 | 54686 | 59955 | 63165 | 67749 | 72574 | 77549 |
| 1440 | 5282 | 8582 | 12169 | 16266 | 21159 | 26478 | 31247 | 35830 | 41257 | 46133 | 50201 | 55013 | 60085 | 63516 | 67858 | 72685 | 77556 |
| 1472 | 5318 | 8700 | 12189 | 16360 | 21357 | 26735 | 31416 | 35877 | 41333 | 46220 | 50250 | 55068 | 60180 | 63688 | 68020 | 72866 | 77663 |
| 1565 | 5403 | 8780 | 12226 | 16391 | 21541 | 26964 | 31443 | 36056 | 41476 | 46255 | 50409 | 55101 | 60339 | 63724 | 68070 | 72968 | 77740 |
| 1585 | 5555 | 8795 | 12368 | 16413 | 21584 | 26974 | 31630 | 36290 | 41542 | 46269 | 50463 | 55133 | 60400 | 63974 | 68119 | 73017 | 77782 |
| 1682 | 5695 | 8857 | 12377 | 16462 | 21832 | 27006 | 31642 | 36298 | 41631 | 46371 | 50556 | 55139 | 60408 | 64026 | 68246 | 73331 | 77815 |
| 1738 | 5696 | 9011 | 12448 | 16476 | 21895 | 27042 | 31743 | 36326 | 41662 | 46549 | 50651 | 55278 | 60412 | 64088 | 68268 | 73337 | 77844 |
| 1771 | 5838 | 9018 | 12592 | 16487 | 21953 | 27151 | 31880 | 36410 | 41714 | 46971 | 50914 | 55351 | 60422 | 64102 | 68331 | 73433 | 77874 |
| 1835 | 5875 | 9223 | 12635 | 16499 | 22048 | 27292 | 31983 | 36463 | 41837 | 46977 | 50959 | 55517 | 60440 | 64138 | 68332 | 73442 | 78055 |
| 1857 | 5882 | 9231 | 12693 | 16540 | 22060 | 27388 | 32041 | 36484 | 41902 | 46992 | 51029 | 55718 | 60480 | 64266 | 68344 | 73534 | 78071 |
| 1865 | 5890 | 9269 | 12768 | 16659 | 22109 | 27425 | 32246 | 36495 | 41925 | 47141 | 51080 | 55725 | 60525 | 64311 | 68375 | 73684 | 78242 |
| 1873 | 5978 | 9390 | 12782 | 16744 | 22378 | 27509 | 32671 | 36541 | 42295 | 47212 | 51259 | 55893 | 60573 | 64369 | 68454 | 73737 | 78246 |
| 1879 | 6006 | 9411 | 12937 | 16851 | 22543 | 27515 | 32851 | 36790 | 42412 | 47308 | 51260 | 55998 | 60598 | 64414 | 68499 | 73759 | 78521 |
| 1956 | 6030 | 9587 | 12947 | 16891 | 22593 | 27529 | 32896 | 36892 | 42427 | 47317 | 51307 | 56079 | 60636 | 64686 | 68502 | 73844 | 78662 |
| 2171 | 6060 | 9915 | 12957 | 16945 | 22681 | 27667 | 32961 | 36895 | 42550 | 47398 | 51388 | 56166 | 60705 | 64715 | 68586 | 73866 | 78692 |
| 2230 | 6304 | 9980 | 12976 | 16998 | 22765 | 27746 | 33002 | 36905 | 42581 | 47466 | 51571 | 56242 | 60713 | 64765 | 68612 | 73917 | 78697 |
| 2291 | 6309 | 10014 | 13116 | 17055 | 22800 | 27988 | 33076 | 37038 | 42650 | 47606 | 51574 | 56279 | 60902 | 64770 | 68801 | 74109 | 78787 |
| 2360 | 6467 | 10124 | 13368 | 17218 | 22813 | 28052 | 33149 | 37040 | 42814 | 47616 | 51586 | 56295 | 60958 | 64850 | 68830 | 74209 | 78806 |
| 2500 | 6490 | 10151 | 13406 | 17249 | 22885 | 28091 | 33184 | 37045 | 42865 | 47698 | 51613 | 56400 | 60965 | 64890 | 68831 | 74232 | 78807 |
| 2512 | 6514 | 10157 | 13554 | 17366 | 22887 | 28098 | 33204 | 37210 | 42946 | 47842 | 51740 | 56472 | 60970 | 65157 | 68849 | 74351 | 78829 |
| 2631 | 6535 | 10165 | 13596 | 17369 | 23215 | 28271 | 33281 | 37295 | 43159 | 47922 | 51800 | 56518 | 61089 | 65324 | 68856 | 74517 | 78946 |
| 2674 | 6543 | 10174 | 13602 | 17543 | 23218 | 28330 | 33317 | 37424 | 43175 | 47962 | 51852 | 56561 | 61093 | 65412 | 69121 | 74650 | 78975 |
| 2797 | 6546 | 10227 | 13841 | 17580 | 23281 | 28656 | 33443 | 37649 | 43201 | 48037 | 51855 | 56600 | 61156 | 65417 | 69426 | 74653 | 79142 |
| 2860 | 6583 | 10289 | 13843 | 17606 | 23407 | 28880 | 33450 | 37701 | 43213 | 48099 | 51900 | 56636 | 61216 | 65425 | 69440 | 74692 | 79150 |
| 2962 | 6588 | 10366 | 13882 | 17626 | 23417 | 28904 | 33553 | 37794 | 43221 | 48206 | 52025 | 56743 | 61254 | 65446 | 69584 | 74861 | 79189 |
| 2988 | 6677 | 10395 | 13898 | 17631 | 23483 | 28993 | 33679 | 37994 | 43236 | 48262 | 52048 | 56823 | 61371 | 65450 | 69635 | 74877 | 79267 |
| 3015 | 6707 | 10410 | 14297 | 17703 | 23575 | 28998 | 33776 | 38056 | 43329 | 48280 | 52166 | 57005 | 61383 | 65623 | 69641 | 74979 | 79393 |
| 3179 | 6776 | 10415 | 14349 | 18004 | 23676 | 29010 | 33874 | 38088 | 43478 | 48341 | 52211 | 57160 | 61478 | 65681 | 69650 | 74999 | 79482 |
| 3246 | 6984 | 10603 | 14433 | 18464 | 23687 | 29063 | 33894 | 38261 | 43539 | 48415 | 52500 | 57263 | 61667 | 65778 | 70165 | 75013 | 79493 |
| 3326 | 7039 | 10701 | 14523 | 18573 | 23733 | 29090 | 33941 | 38303 | 43724 | 48477 | 52508 | 57358 | 61690 | 65795 | 70430 | 75035 | 79653 |
| 3358 | 7045 | 10725 | 14580 | 18653 | 23754 | 29198 | 34003 | 38435 | 43742 | 48506 | 52543 | 57397 | 61697 | 65849 | 70438 | 75187 | 79670 |
| 3362 | 7252 | 10745 | 14603 | 18724 | 23809 | 29271 | 34012 | 38449 | 43828 | 48636 | 52585 | 57423 | 61758 | 66030 | 70561 | 75211 | 79770 |
| 3446 | 7261 | 10768 | 14612 | 18904 | 23834 | 29583 | 34132 | 38498 | 43885 | 48656 | 52655 | 57509 | 61772 | 66076 | 70575 | 75337 | |
| 3505 | 7361 | 10800 | 14703 | 18945 | 23910 | 29673 | 34204 | 38512 | 43921 | 48835 | 52719 | 57587 | 61895 | 66097 | 70578 | 75350 | |

H:N Markaðssamskipti / SÍA

Tryggðu þér miða
á sibs.is eða í síma 560 4800

Afgreiðsla vinninga hefst þann15. desember 2014
Birt án ábyrgðar um prentvillur

DRÖGUM ÚT
RÍFLEGA
600
MILLJÓNIR
Á ÁRINU



DRÖGUM ÚT
NISSAN
LEAF
RAFBÍL
Í HVERJUM
MÁNUÐI

# Innleiðum Istanbúlsamninginn

KYNBUNDIÐ OFBELDI



**Kristín Ástgeirsdóttir**
framkvæmdastýra Jafnréttisstofu

Árið 2011 lauk vinnu við gerð Samnings Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi. Samningurinn er kenndur við borgina Istanbúl þar sem hann var formlega samþykktur. Nú hafa 14 ríki innleitt samninginn, sem þýðir að gripið hafi verið til nauðsynlegra aðgerða þannig að fullnægjandi teljist til að fullgilda hann. Ísland hefur enn ekki lokið því verki en hinar Norðurlandaþjóðirnar eru ýmist búnar að því eða rétt að ljúka innleiðingu. Fleiri ríki munu bætast í hópinn á næstunni.

Istanbúlsamningurinn er viðamikill samningur sem beinist að því að fyrirbyggja og kveða niður hin ýmsu og ótrúlega útbreiddu form ofbeldis gegn konum. Orðið kona nær samkvæmt samningnum einnig yfir „stúlkur undir 18 ára aldri“ þannig að samningurinn verndar þær sem og fullorðnar konur. Hann kveður á um réttindi brotaþola og skyldur opinberra aðila til að vernda og aðstoða þær sem verða fyrir ofbeldi, fræða almenning, stjórnvöld og fagaðila, fyrirbyggja ofbeldi og bjóða ofbeldismönnum upp á meðferð. Samningurinn nær yfir nánast allar tegundir ofbeldis, líkamlegt og andlegt, kynferðislega áreitni og umsáturselti (e. stalking) að ekki sé minnst á kynferðisofbeldi þar með taldar nauðganir. Síðan er tekið á sérstökum brotum eins og nauðungarhjónaböndum, limlestingum á kynfærum kvenna og nauðungarfóstureyðingum. Grundvallaratriði samningsins er að stjórnvöld móti heildstæða stefnu sem nái til allra þeirra þátta sem samningurinn kveður á um.

**➜ Er það til dæmis eðlilegt að það séu félagasamtök sem bera hitann og þungann af ráðgjöf og aðstoð við brotaþola?**

### Engin heildstæð aðgerðaáætlun

Hér á landi er ekki í gildi nein heildstæð aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi, eingöngu áætlun sem snýr að kynferðisofbeldi gegn börnum. Sú fyrsta og eina sem hér hefur verið samþykkt rann út í árslok 2011. Ýmsar aðgerðir eru þó í gangi eins og t.d. Suðurnesjaverkefnið og samstarfsteymi um heimilisofbeldi en að mínum dómi er þetta ástand óviðunandi. Hinar Norðurlandaþjóðirnar eru komnar með þriðju og fjórðu áætlunina enda hafa þær gefið góða raun. Verkefnin hrópa á okkur og umræðu er þörf. Er það til dæmis eðlilegt að það séu félagasamtök sem bera hitann og þungann af ráðgjöf og aðstoð við brotaþola? Sitja konur og börn á landinu öllu við sama borð? Kynbundið ofbeldi er ekki síst lýðheilsumál sem er samfélaginu mjög dýrt og kostar einstaklinga og fjölskyldur, ekki síst börn, miklar þjáningar. Á þeim verður að taka. Istanbúlsamningurinn mun vonandi koma skikki á meðferð mála, treysta forvarnir og tryggja þjónustu við brotaþola. Því er brýnt að innleiða hann sem allra fyrst. Ég skora á ríkisstjórn Íslands að spýta í lófana og ljúka nauðsynlegum aðgerðum þannig að hægt verði að fullgilda Istanbúlsamninginn.

# Völundarhús

VINNUUMHVERFI



**O. Lilja Birgisdóttir**
formaður Vinnís

Völundarhús geta verið skemmtileg ef góður tími og næði er til staðar til að fara í gegnum það. Pirringur, óþolinmæði og jafnvel streita getur hlaðist upp ef þessa þætti skortir.

Eftir 20 smelli með músinni opnast loksins glugginn sem opnar rétta rýmið. Eitt skref áfram og tvö aftur á bak. Mögulega eru einhverjar aðferðir til að stytta leiðina en þær eru mismunandi eftir staðsetningu. Fjölbreytt kerfi í tæknivæddu vinnuumhverfi eru ekki alltaf að vinna með okkur.

Flest vinnum við við einhvers konar kerfi við vinnu okkar og má þar nefna ýmiss konar tímaskráningarkerfi, launakerfi, innkaupakerfi, viðskiptavinakerfi, Dropbox, Trello, Share Point, Lotus Notes o.s.frv. Yfirleitt er markmið þessara kerfa að einfalda og auðvelda okkur vinnuna og þar með gera vinnuumhverfi okkar betra. Þó er það staðreynd að þessi kerfi flækja vinnu okkar oft óþarflega mikið og eru jafnvel vinnuhamlandi. Má nefna dæmi úr heilbrigðisgeiranum með 60-80 mismunandi klínísk kerfi sem tengjast illa við önnur kerfi og það getur tekið heilan dag að komast í gegnum lyfjaskráninguna! Ofan á allt hefur hlutverk starfsins fjarlægst kjarnann, meiri samskipti við kerfin og minni við viðskiptavininn.

Það geta verið ýmsar ástæður fyrir því að kerfin virka ekki nægilega vel. Kannski hentar það kerfi sem valið var verkefninu ekki nægilega vel, kerfið er illa hannað eða illa innleitt. Notendaviðmótið er ekki staðlað, mismunandi letur, mismunandi litir, mismunandi tákn.

### Þveröfug áhrif

Kerfi eru hönnuð til að einfalda og auðvelda og bæta þannig vinnuumhverfið. Kerfi sem ekki virka geta hins vegar haft áhrif á líðan og valdið streitu. Minni stjórn á aðstæðum og tilfinning um vanhæfni. Þetta getur leitt til minni framleiðni og jafnvel veikindafjarveru.

**➜ Illa hönnuð, illa innleidd eða rangt valin kerfi geta því valdið streitu.**

Kerfin eru því farin að hafa þveröfug áhrif miðað við upphaflegt markmið. Hver kannast ekki við að standa í röð í matvöruversluninni og allt er stopp. Eina skýringin sem starfsmaðurinn getur gefið er að kerfið sé eitthvað að stríða (the computer says NO).

Illa hönnuð, illa innleidd eða rangt valin kerfi geta því valdið streitu.

Notendaviðmót skiptir máli, alls staðar. Tökum sem dæmi venjulega sjónvarpsfjarstýringu. Hvað er verið að nota marga takka á henni? Af hverju ekki að hafa hlutina einfalda ef það virkar?

Vinnuumhverfið hefur breyst töluvert síðustu ár. Meiri fjölbreytileiki, meðvitund um stillanleika búnaðar, loftgæði og vel hannaða lýsingu. Streitan er mikil og því nauðsynlegt að skoða hvað veldur hverju sinni. Mörg og flókin kerfi geta verið einn þátturinn, höfum það í huga þegar verið er að meta áhrif umhverfis á líðan. Höfum notendur með frá fyrsta degi, bæði við hönnun og val búnaðar og gefum tíma fyrir góða innleiðingu og þjálfun. Verum meðvituð um eigið vinnuumhverfi og hvaða þættir hafa áhrif á líðan, látum kerfið vinna fyrir okkur.

Völundarhús geta verið skemmtileg, bara ekki í vinnunni.

(Skrifað undir áhrifum af bókinni Jävla skitsystem! eftir Jonas Söderström.)

# Jólin nálgast

## Dásamlegir dýrgripir í jólapakkann.



### Retap, vatnsflöskur

Flöskurnar sem slegið hafa í gegn.
Umhverfisvænar úr sterku gleri.

**Jólaverð: 2.900 kr. (500 ml)**

**Fullt verð: 3.300 kr.**



### Bosch, fótanuddtæki

PMF 3000

Dekraðu við fæturna.
Nýtt frá Bosch.

**Jólaverð: 16.900 kr.**

**Fullt verð: 21.900 kr.**



### Magisso, flöskukælir

Magisso flöskukælir heldur köldu í marga klukkutíma. Sniðug gjöf.

**Jólaverð: 10.960 kr.**

**Fullt verð: 12.900 kr.**



### Koizol, skurðarbretti

Snap

Samfellanleg skurðarbretti úr vistvænu plasti.
Fáanleg í mörgum litum.

**Jólaverð: 3.790 kr.**

**Fullt verð: 4.480 kr.**



15% jólaafsláttur af Múmín-vörum

### Muurla, múmínbollar

Stórir og skrautlegir.

**Jólaverð: 2.800 kr.**

**Fullt verð: 3.300 kr.**



### Bosch, ryksuga

BGL 3A122

Nýr HiSpin mótor: Afkastamikill mótor sem hreinsar ryk vel með lágmarks-orkunotkun.

**Jólaverð: 21.900 kr.**

**Fullt verð: 26.900 kr.**



### Koizol, kökudiskur

Babell L

Kökudiskur á þremur hæðum.
Fáanlegur í nokkrum stærðum.

**Jólaverð: 5.270 kr.**

**Fullt verð: 6.200 kr.**



### Stadler Form, rakatæki

Jack

Eykur loftgæði.

**Jólaverð: 28.900 kr.**

**Fullt verð: 34.900 kr.**



### Kubu, reykskynjarar

Til í nokkrum litum.

**Jólaverð: 5.600 kr.**

**Fullt verð: 6.600 kr.**



15% jólaafsláttur af öllum Secrid veskjum

### Secrid, seðlaveski

Álhylki fyrir kortin.

**Jólaverð: 10.965 kr.**

**Fullt verð: 12.900 kr.**

BOSCH

BÚÐIN

Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090

# HELGIN



**Bjartmar Guðlaugsson, tónlistarmaður**

### Nostalgíutúr

Ég er að spila á tónleikum í Alþýðuhúsinu í Vestmannaeyjum í kvöld, fer yfir ferilinn. Það er svona svolítil nostalgía í mér yfir því vegna þess að við strákarnir byrjuðum ferilinn þarna og ég hef haldið tryggð við húsið síðan. Sunnudagurinn fer svo bara í ferðalög og hvíld eftir helgina.



**Hugleikur Dagsson, rithöfundur**

### Getur ekki sagt það

Vinna. Ég er bara að vinna alla helgina. Ég get ekki einu sinni sagt að hverju ég er að vinna því það er svo mikið hernaðarleyndarmál. Svo þetta verður boring helgi.



**Hera Hilmarsdóttir, leikkona**

### Vinahelgi í jólalandi

Núna er ég að fara í „Winter Wonderland“ jólaland hér í London með nokkrum góðum vinum. Svo ég ætla að fá mér gott kaffi og hanga með vinunum, þetta er eiginlega bara vinahelgi. Ég ætla að hitta nokkra góða vini sem ég hef ekki séð lengi.



**Auður Ava Ólafsdóttir, rithöfundur**

### Semur erindi og fer í bíó

Ég ætla að semja erindi sem ég flyt á málþingi í næstu viku uppi í háskóla og síðan ætla ég að undirbúa komu hóps af Frökkum sem kemur líka í næstu viku. Síðan var ég að hugsa um að fara í bíó að sjá Clouds of Sils Maria.

## FARÐU HORFÐU HLUSTAÐU LESTU...



**MEÐ FJÖLSKYLDUNNI** á heimilislegan sunnudag á Kexi hosteli klukkan 13 og hlýddu á upplestur Sigrúnar Eldjárn og Elsu Nielsen og ljúfa tóna frá Siggu Eyrúnu og Kalla Olgeirs.

**Á HEIMILDARMYND Á STÖÐ 2** annað kvöld um Bubba og Bó sem stundum hafa eldað grátt silfur saman.






**Á NÝJA PLÖTU MEÐ JOHN GRANT** að syngja sín bestu lög við undirleik Fílharmóníusveitar BBC.




**HÁSKA Í HAFI II** þar sem Illugi Jökulsson rekur sögur af sjóslysum og björgunarafrekum við Íslandsstrendur.



**JÓLATRÉÐ SKREYTT** Brynja Kristín Guðbrandsdóttir og Eva Rakel Óskarsdóttir skreyta jólatré úr spýtum með kramarhúsum og snúnum kertum og vefja sortulyngi um það. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Jólaundirbúningur í hægagangi á safninu

Haldin hefur verið jólasýning í Árbæjarsafni í 25 ár. Þar er hægt að kynna sér jólahald í gamla daga og í hverju jólaundirbúningurinn fólst. Margir hafa það sem fastan lið á aðventunni að upplifa værðina sem tengdist jólahaldi fyrr á tímum og gæða sér í leiðinni á hangikjöti og laufabrauði.

Jólasýning Árbæjarsafns verður opnuð á morgun og verður opin á aðventunni fram að jólum. Sigurlaugur Ingólfsson, verkefnastjóri Árbæjarsafns, segir sýninguna vera fastan lið í jólaundirbúningnum.

„Fólk virðist vilja upplifa gömlu jólastemninguna í ró og næði. Hér gerist allt miklu hægar og það virðist fara vel í fólk á aðventunni. Þessir sunnudagar á aðventunni eru allavega stærstu dagarnir hér hjá okkur á safninu og maður fær jólin alveg beint í æð. Þetta eru erfiðustu dagarnir vegna fjölda verkefna og mikils mannfjölda, en jafnframt skemmtilegustu dagarnir.“

Á sýningunni er verið að undirbúa jólin eins og þau voru í gamla daga. Skorið er út laufabrauð í einu húsinu, kerti steypt úr tólg og jólaskraut föndrað. Prentarar prenta jólakort og skata er soðin í einu húsinu, til að fá réttu lyktina. Einnig er dansað í kringum jólatré og jólasveinarnir koma í heimsókn en Sigurlaugur segir að þeir mæti í gömlu fötunum að sérstakri ósk safnsins.

Fjölmargir jólamarkaðir, jólasýningar og aðrir jólaviðburðir verða í boði um helgina og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Lesa má nánar um skemmtilega viðburði sem Fréttablaðið hefur tekið saman á síðu 92.

> **Fólk virðist vilja upplifa gömlu jólastemninguna í ró og næði. Hér gerist allt miklu hægar og það virðist fara vel í fólk á aðventunni.**
>
> *Sigurlaugur Ingólfsson, verkefnastjóri Árbæjarsafns*

# Tómatsúpa með Mexíkóbragði

Góð súpa sem nærir og yljar í skammdeginu og auðvelt er að matreiða.

- 3 msk. matarolía
- 1 laukur
- 2 hvítlauksrif
- 3 gulrætur
- 1 grænmetisteningur
- 2 ds. niðursoðnir saxaðir tómatar
- 3 dl kalt vatn
- 2 msk. síróp
- 1 tsk. svartur pipar
- 2 msk. takókrydd
- 1 tsk. salt

Afhýðið laukinn og saxið, ásamt hvítlauknum og gulrótunum. Hitið olíuna í potti og látið laukinn krauma smástund, bætið þá hvítlauknum og gulrótunum við og síðan teningnum og tómötunum. Setjið vatnið í og látið suðuna koma upp. Þá kemur að kryddinu og sírópinu. Smakkið og hrærið. Sjóðið áfram í 20 mínútur og maukið súpuna ef þið viljið. Berið hana svo fram með góðu brauði.

*Úr bókinni Matargatið eftir Theodóru J. Sigurðardóttir Blöndal.*






# „Þetta alveg steinliggur hjá honum!“

EGILL HELGASON / KILJAN

*Skálmöld* er fjórða bókin í Sturlungabálki Einars Kárasonar en jafnframt sú fyrsta: hér er lýst aðdraganda þess að út braust borgarastyrjöld á Íslandi svo að eldar loguðu og blóðið flaut.

★★★★

**„... frábær skáldskapur ...“**

JÓN YNGVI JÓHANNSSON / FRÉTTABLAÐIÐ

★★★★

**„... spennuþrungnir atburðirnir lifna á síðunum.“**

EINAR FALUR INGÓLFSSON / MORGUNBLAÐIÐ

★★★★

**„... undirritaður gat varla hætt að fletta ...“**

VALUR GUNNARSSON / DV

www.forlagid.is – 1 kr. sendingargjald í vefverslun 5.–8. desember

# Það er bara einn sem ræður

**Ari Matthíasson** tekur við starfi þjóðleikhússtjóra um áramótin. Hann hefur undanfarin fjögur ár verið framkvæmdastjóri leikhússins og þekkir því vel til starfseminnar. Það var þó ekki leikhússtjórinn Ari sem mig langaði að forvitnast um heldur manneskjan og hún reyndist heldur betur eiga sér óvæntar hliðar. Alkóhólismi hans og annarra á þar stóran þátt.




**Friðrika Benónýsdóttir**
fridrikab@frettabladid.is




FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Það er stuð á skrifstofu núverandi framkvæmdastjóra og tilvonandi leikhússtjóra Þjóðleikhússins, Ara Matthíassonar, þegar mér loks tekst að ramba á réttar dyr. Þar eru mættir leikararnir Pálmi Gestsson og Eggert Þorleifsson, uppdubbaðir í ullarjakkaföt og stígvél enda eru þeir að leika framsóknarmenn í jólasýningu hússins, Sjálfstæðu fólki. Eftir að hafa verið leystir út með gotterfi og kaffi láta þeir sig hverfa og Ari hristir hausinn. „Þetta er það sem maður kallar honey moon,“ segir hann og glottir. „Þegar maður er að taka við eru allir vinir manns og vilja tala við mann. Síðan byrjar maður að velja og hafna í hlutverk og það er alveg ljóst að það geta ekki allir leikið Hamlet, hann er bara einn. En mörgum finnst að þeir ættu að leika hann enda séu þeir best til þess fallnir og fái þeir ekki hlutverkið fer stolt og metnaður viðkomandi að grilla í hausnum á honum og hann fer að ímynda sér að það sé einhver illvilji í hans garð hjá stjórnendunum og þá verða oft leiðindi. Það fylgir bara djobbinu.“

Ari veit um hvað hann er að tala, hefur verið framkvæmdastjóri Þjóðleikhússins frá 2010 og segist hafa fengið að taka mun virkari þátt í allri starfsemi hússins en það starf kannski útheimti, vegna þess hversu mikinn áhuga hann hafi á leiklistinni. Það séu hins vegar erfiðir tímar hjá leikhúsinu, fjárframlög til þess hafi verið skorin grimmt niður og krafan sé að verkefnavalið sé markaðsdrifnara en áður var. „Ég verð örugglega skammaður fyrir það einhvern tíma að velja ekki þetta eða hitt eða of mikið af þessu og of lítið af hinu. Þá er það mitt starf að reyna að komast að eins góðri niðurstöðu og hægt er miðað við rammann sem okkur er settur í fjárlögum, þann mannskap sem er hérna og vilja fólksins í landinu sem lætur mig fá peninga til að reka þetta leikhús. Það eru ótal þættir sem þarf að taka tillit til.“

### Ekki skemmtilegur karakter

Ari talar sig í ham um hlutverk og stefnu Þjóðleikhússins en þar sem markmið viðtalsins er að fá að kynnast manninum á bak við titilinn stoppa ég hann af og skelli á hann fyrstu spurningunni: Hver er Ari Matthíasson? „Hann er fimmtugur kall í Vesturbænum,“ svarar hann og skellihlær. „Ég hef búið í vesturbæ Reykjavíkur meira og minna alla mína ævi og gengið hina hefðbundnu slóð: Melaskóli, Hagaskóli, M.R. Háskóli Íslands í bókmenntafræði, Leiklistarskóli Íslands, seinna Háskólinn í Reykjavík í MBA-nám og enn seinna Háskóli Íslands í meistaranám í hagfræði. Þannig að ég er með tvær mastersgráður og svo er ég meira að segja með skipstjórnarréttindi.“

Eftir þessa upptalningu er erfitt að draga upp úr honum orð og greinilegt að honum finnst mjög óþægilegt að tala um sjálfan sig, en ég gef mig ekki og spyr aftur: Hver er Ari Matthíasson? „Hver er maður? Það er rosalega erfið spurning. Ég hef líka minni áhuga á mér heldur en öðru fólki af því að ég er alltaf með sjálfum sér og ég bara get ekki dvalið í mér öllum stundum. Ég til dæmis tók mér pásu á Facebook af því að mér líkaði ekki sá Ari sem ég sá þar. Þá var maður búinn að vera í umræðu og æsa sig yfir einhverjum hlutum en svo hallaði ég mér aðeins aftur og horfði á þetta og skildi bara ekkert í því hvaða mynd ég var að gefa af sjálfum mér þarna. Er þetta ég? Þegar ég raðaði þessu saman fannst mér þessi karakter bara ekkert skemmtilegur og ákvað að gefa honum frí. Er maður kannski að skrifa eigin eftirmæli jafnt og þétt á Facebook?“

> **Ég verð örugglega skammaður fyrir það einhvern tíma að velja ekki þetta eða hitt eða of mikið af þessu og of lítið af hinu.**

### Missti tvo bræður á sama ári

Ég er ekkert á þeim buxunum að sleppa honum svona billega og held áfram að pressa. Það er á allra vitorði að Ari fór í áfengismeðferð fyrir tíu árum og hefur verið edrú síðan, en hvað kom honum til þess að taka þá ákvörðun að leita sér aðstoðar? „Ég var bara mjög drykkfelldur og þegar maður drekkur svona mikið verður maður neikvæður og leiðinlegur, hættir að vera skapandi. Ég veit ekki hversu margar sýningar ég lék illa timbraður og þá hættir það að vera gaman. Það endaði reyndar með því að ég var rekinn frá Borgarleikhúsinu og drykkjuskapurinn átti örugglega stóran þátt í því. Eftir á að hyggja hafði minn alkóhólismi tekið frá mér gleðina og ánægjuna af því að leika. Ég fór samt ekki í meðferð fyrr en löngu seinna og þá einfaldlega vegna þess að ég neyddist til

# JÓLAGLAÐNINGURINN






**SEVERIN**

**Severin KA5700**
1450w Café Caprice kaffivél sem sýður vatnið.
Dropastoppari. Tekur 8-12 bolla.

VERÐ **16.990**

## *Sjálfvirk kaffivél*

**Saeco**



**Saeco Intelia HD8751**

- Sjálfvirk kaffivél
- Ketill úr ryðfríu stáli
- Kvörn úr keramík
- Panarello flóunarstútur
- Baunahólf: 300g
- Vatnstankur: 1,5 lítrar
- Korgskúffa: 10 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- Til heimilisnotkunar
- 1400 wött

TILBOÐ **79.990**
**FULLT VERÐ 99.990**

***KAUPAUKI***
*1kg af Kimbo baunum fylgir öllum SAECO kaffivélum til jóla*

*Mest seldu sjálfvirku kaffivélarnar á Íslandi um árabil!*

## *Frábært úrval af nýjum vörum frá KitchenAid*

Pottar, pönnur og bökunarvörur



## *Hágæða blandari frá KitchenAid*

Fyrir kröfuharða - margir litir



**KitchenAid**
FOR THE WAY IT´S MADE

## *Fjöldi aukahluta fyrir Kitchenaid hrærivélar*





*Meðal annars:*
*Sleikjuarmurinn – fullkominn í baksturinn*
*Ísgerðarskálin – breyttu hrærivélinni í ísvél!*
*Pastagerðarvél – Dýrindis heimagert pasta*

**dyson**

ÖFLUGAR
HÁGÆÐA
RYKSUGUR

- *Mikill sogkraftur*
- *Engir pokar*
- *Góðar loftsíur*
- *Sparar orku*




**EF 50**
*1964 - 2014*

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is


**SÁÁ** Framkvæmdastjórinn.


**AUGLÝSIR SMOKKA** Ari tók þátt í smokkaherferðinni frægu.


**Á FRUMSÝNINGU** Með eiginkonunni Gígju Tryggvadóttur og útvarpskonunni Sigurlaugu M. Jónasdóttur.


**AFMÆLI** Með Tinnu þjóðleikhússtjóra á afmæli leikhússins.


**STJÓRARNIR** Með Kristínu Eysteinsdóttur borgarleikhússtjóra.

að horfast í augu við sjálfan mig og viðurkenna að ég kæmist bara ekki lengra, ég myndi bara spóla í sama hjólfari endalaust. Allar svona ákvarðanir eru auðvitað býsna flóknar og þótt ég hafi farið í meðferð af sjálfsdáðum þá spilaði það auðvitað inn í að ýmsir vinir mínir höfðu gert það. Þá sá ég að það var orðið samfélagslega samþykkt. Ég er mjög stoltur maður og það er erfitt fyrir slíkan mann sem telur sig geta allt, er í tveimur vinnum með MBA-námi og finnst bara ekkert vera að því þótt hann sé alltaf fullur, að sætta sig við vanmátt sinn. Ég veit að það er klisja og allt það en maður þarf að játa sig sigraðan og þiggja hjálp af heilum huga og hlýða nú einu sinni í lífinu. Það er gott að verða leiður, biðjast afsökunar og bæta líf sitt og ég tel mig vera miklu betri mann eftir að ég hætti að drekka áfengi.“

Vandamál Ara hafa reyndar tengst alkóhólisma frá því hann man eftir sér og hann hefur þurft að glíma við afleiðingar hans hjá fleirum en sjálfum sér. „Ég kem úr alkóhólíseraðri fjölskyldu og missti tvo af bræðrum mínum beinlínis úr alkóhólisma með stuttu millibili árið 1980, þegar ég var sextán ára. Það var mjög mikið áfall fyrir mig. Ég var að vinna á Flateyri þegar annar þeirra dó voveiflega úti í Kaupmannahöfn og það var alveg rosalegt þegar presturinn kom til mín og sagði mér frá því. Maður var einn í heiminum á hjara veraldar og vissi ekkert hvernig maður ætti að díla við þessar fréttir. Hinn bróðir minn varð bráðkvaddur í neyslu stuttu seinna. Foreldrar mínir báðir voru súpergreint fólk en miklir alkóhólistar sem dóu bæði fyrir aldur fram, mamma 53 ára og pabbi 63 ára. Það er þess vegna hrikalega sjokkerandi þegar maður hugsar til baka og sér hversu mikill alkóhólisti maður var sjálfur og hvernig maður hefði getað endað. Það er virkilega mikil gæfa að það skuli vera til eitthvert batterí sem getur hjálpað manni út úr því.“

### Ekki pólitísk ráðning

Ari hefur sterka tengingu við SÁÁ, var framkvæmdastjóri samtakanna um tíma og ber hag þeirra mjög fyrir brjósti. Honum er því lítið skemmt þegar ég skelli fram þeirri spurningu hvort bandalag hvítra miðaldra karla sem séu í SÁÁ sé ekki að verða einhvers konar bræðralag í anda frímúrara og þeir hjálpi hver öðrum að tryggja sér góðar stöður í samfélaginu. „Ég held það sé nú enginn fótur fyrir því, það er enginn frímúrarafílingur í gangi í samtökunum. Auðvitað myndast einhverjar klíkur, eins og gengur, en það ræður engum úrslitum um framgang manna í störfum. En talandi um miðaldra hvíta kalla þá er SÁÁ auðvitað stofnað af tiltölulega ungum hvítum körlum og eru ofsalega góð og falleg samtök. Þarna leggja karlar gott til samfélagsins af ósérhlífni og velvilja gagnvart náunganum og það er nú ekki oft sem karlar gera það. Hitt er annað mál að SÁÁ á ekkert að kveinka sér undan gagnrýni, það er alveg sjálfsagt að gagnrýna þau samtök eins og allt annað, en mér finnst samt að sú gagnrýni verði að vera sanngjörn.“

Hér leiðist umræðan út í þá gagnrýni sem SÁÁ hefur sætt undanfarið vegna hættu á áreiti sem konur séu í inni á meðferðarstofnunum og Ari bendir á að þær séu sannarlega í mun minni hættu innan stofnanaveggjanna en utan. Samtalið átti hins vegar alls ekki að snúast um SÁÁ eða mismunandi skoðanir á meðferðarúrræðum fyrir kynin svo við tökum U-beygju og skellum okkur í að tala um Þjóðleikhúsið og þau nýju verkefni sem hann stendur frammi fyrir. Veit hann til dæmis hvers vegna það tók menntamálaráðherra svona langan tíma að skipa í stöðuna? „Ég held hann hafi bara viljað vanda sig og komast að góðri niðurstöðu. Ég held þetta hafi verið faglegt ferli og ég held það sé eiginlega algjörlega öruggt að þessi ráðning hafi ekki verið pólitísk. Ég er fyrrverandi varaþingmaður vinstri grænna og sat á þingi fyrir þá en auðvitað á það ekki að koma að sök í þessu starfi og Þjóðleikhúsið má aldrei verða flokkspólitískt. Hins vegar á það að vera pólitískt í þeim skilningi að það á að taka þátt í þjóðfélagsumræðunni og taka með því vissa afstöðu. Það er til dæmis skylda Þjóðleikhússins að taka þátt í umræðunni um ofbeldi gegn konum, málefni geðsjúkra og svo framvegis með því að setja upp verk þar sem fjallað er um og tekið á þeim málum. Í sjálfu sér er eitt mikilvægasta hlutverk lista að vera hinn frjálsi agent sem segir það sem segja þarf og þarf að geta gert það án þess að vera hræddur við refsingu valdhafanna. Það er stundum kvartað yfir því að listamenn séu gjarna vinstrisinnaðir en ég held að það sé bara vegna þess að listin er í eðli sínu alltaf í stjórnarandstöðu og það hefur lengi verið frekar hægrisinnuð pólitík á Íslandi. Ég mun að sjálfsögðu passa mig að vera ekki flokkspólitískur, ég er mjög meðvitaður um það. Ég vona að það sé ekki einhver aumingjaskapur eða linka en ég virði mikilvægi þess að ríkisstofnanir séu í góðri sátt og samvinnu við stjórnvöld, án þess þó að missa sjálfstæði sitt. Það þarf alltaf að passa upp á þennan balans.“



**„Foreldrar mínir báðir voru súpergreint fólk en miklir alkóhólistar sem dóu bæði fyrir aldur fram, mamma 53 ára og pabbi 63 ára. Það er þess vegna hrikalega sjokkerandi þegar maður hugsar til baka og sér hversu mikill alkóhólisti maður var sjálfur.**

### Geðþóttaákvarðanir ganga ekki upp

Hér hlaupum við út undan okkur einu sinni enn og í gang fara ákafar samræður, næstum rifrildi, um skyldur Þjóðleikhússins við nýsköpun í íslenskri leiklist, muninn á leikgerð og frumsömdu leikriti og fleiri leikhúsmál. Sú umræða endar með því að ég skelli andstyggilegri spurningu á þjóðleikhússtjórann tilvonandi: Ætlar þú að fylgja fordæmi ýmissa forvera þinna og byrja á því að reka fullt af starfsfólki hússins? Þetta þykir honum greinilega óþægileg spurning, hann engist pínulítið í stólnum, en lætur sig samt hafa það að svara. „Ég vil tala varlega um þetta efni, það varðar störf og starfsframa fólks en að sjálfsögðu er hreyfing á listamönnum hússins. Margir þeirra vilja ekki vera fastráðnir heldur verkefnaráðnir, ráða sig í eitt ár í senn eða eitthvað svoleiðis, það er allur gangur á því. Það er náttúrulegt og gott og eðlilegt og ég tel að það hafi áfram sinn gang.

Hvort listamönnum eða öðru starfsfólki verður sagt upp vegna breyttra listrænna áherslna, það verður bara að fá að koma í ljós. Það væri fullkomlega ábyrgðarlaust að vera að gefa einhverjar yfirlýsingar um það í fjölmiðlum.“

Ég skammast mín pínulítið og reyni í ofboði að hugsa upp leið til að fá svar við spurningunni án þess að svarið setji af stað einhvern titring hjá starfsmönnum leikhússins. Best að spyrja hvort hinn almenni leikhúsgestur muni verða var við það að búið sé að skipta um skipstjóra á skútunni. „Já, ég ætla að vona að það verði breyttar áherslur og þá auðvitað til góðs. Hins vegar minni ég á sama tíma á að að mörgu leyti er svigrúm okkar til þess að gera það sem mig langar til bundið fjárhagslegri getu. Þetta er ríkisstofnun og hér eru starfsmannalög. Geðþóttaákvarðanir í ríkisstofnunum ganga ekki upp. Ég get ekki farið að hegða mér eins og þetta sé einkafyrirtæki og sagt: ég fíla þig ekki, vertu úti. Enda væri það algjörlega siðlaust. Ég verð í þessu starfi að þola það að fólk sé mér ósammála og virða skoðanir þess og það mun ég reyna að gera. Maður er alltaf að reyna að verða betri manneskja og ég vona að mér endist ævin til þess.“

### Þar sem hjartað slær

Við vendum okkar kvæði í kross enn og aftur og ég spyr hann út í fjölskylduhagi og áhugamál. „Konan mín heitir Gígja Tryggvadóttir, við erum búin að vera gift síðan 1986 og eigum þrjú börn; Júlíu fædda 1987, Birtu fædda 1989 og Jón Tryggva fæddan 1998. Það fylgir því að horfa á börnin vaxa úr grasi að maður gengur í gegnum nokkur skeið þar sem maður telur sig vera orðinn miðaldra; þegar eldri dóttirin fermist, þegar hún verður stúdent, tala nú ekki um akkúrat núna þegar yngri dóttirin er að fara að útskrifast með mastersgráðu úti í Amsterdam og sú eldri frá H.Í. Strákurinn er kominn í M.R. og bráðum verða þau öll farin. Svona líður þetta bara áður en maður veit af. Það er víst kallað líf. Ég hef ekkert mjög mörg áhugamál en ég syndi á hverjum degi og svo les ég ógeðslega mikið, ég verð eiginlega að svara þessu eins og fegurðardrottning; hef gaman að því að ferðast, lesa og synda. Uppáhaldshöfundarnir mínir eru auðvitað leikskáld, þeir Pinter og Tjékov, ég skil þá betur en flesta aðra höfunda, hef leikið í nokkrum Tjékov-leikritum og alltaf náð rosalega góðu sambandi við þau. Bókmenntirnar heilluðu mig mest á unglingsárunum, enda fór ég í bókmenntafræði eftir stúdentspróf en ég lenti í vondum félagsskap og kláraði hana ekki heldur fór í leiklistarskólann. Í M.R. lék ég í Herranótt og lenti í félagsskap með Stebba Jóns, Himma Jóns, Eddu Arnljóts, Ástu og Hörpu Arnardætrum og fleirum sem urðu leikarar, ég hugsa að ef ég hefði ekki lent í þeim vonda félagsskap hefði ég mögulega farið í læknisfræði, og væri kannski í verkfalli núna. Ég hafði alltaf einhvern metnað til þess að verða læknir en svo bara tók leiklistin yfir, fyrst í Herranótt og svo í Stúdentaleikhúsinu, og ég hætti í bókmenntafræðinni og fór í leiklistarskólann. Ég lék í um fjörutíu sýningum í leikhúsi, slatta af bíómyndum og sjónvarpsþáttum og þegar ég horfi til baka sé ég að það var bara helvíti mikið. Auk þess leikstýrði ég fimmtán leiksýningum og skrifaði handrit og fleira, þannig að ég tel mig nú hafa umtalsverða listræna reynslu af starfi í leikhúsi. Eftir að ég lauk MBA-prófinu ætlaði ég mér karríer í þeim geira og starfaði sem markaðsráðgjafi í mörgum stórum fyrirtækjum og stofnunum í nokkur ár. Á þeim tíma sem ég starfaði sem ráðgjafi var það segin saga að ef ég fór á mannamót var ég alltaf kominn í hóp með listafólkinu eftir smá stund, jafnvel þótt ég þekkti það ekki neitt. Það sogaði mig bara til sín. Það var auðvitað vísbending um það hvar hjartað slær og þegar starf framkvæmdastjóra Þjóðleikhússins var laust árið 2010 sótti ég um og kom aftur hér inn. Hér hef ég verið alveg ofboðslega ánægður og mjög mikið verið inni í öllum pródúksjónum og allri vinnu leikhússins. Líklega miklu meira en hægt er að segja að sé beinlínis á verksviði framkvæmdastjóra. Ég held það sé miklu vænlegra að vera þátttakandi í öllu sem hér er að gerast heldur en að hanga inni á skrifstofu og bíða eftir því að brunabjöllurnar fari í gang. Þannig að ég held ég sé mjög vel búinn undir að takast á við starf þjóðleikhússtjóra. Auðvitað er ábyrgðin önnur og meiri og mér dettur ekki í hug að öllum líki allt sem ég mun gera hér, en á endanum er það bara einn sem ræður og ef fólki líkar ekki þær ákvarðanir sem ég tek þá verð ég bara að sætta mig við það. En ég ber mikla virðingu fyrir þessari stofnun og starfinu hér og mun svo sannarlega gera mitt allra besta.“

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Vínartónleikar

## Dísella Lárusdóttir og Garðar Thor Cortes

Fim. 8. jan. » 19:30
Fös. 9. jan. » 19:30
Lau. 10. jan. » 16:00, 19:30

***David Danzmayr*** *hljómsveitarstjóri*
***Dísella Lárusdóttir*** *og*
***Garðar Thor Cortes*** *einsöngvarar*

Verð frá 3.400 kr.

Árlegir Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem mörgum þykir ómissandi upphaf á nýju ári. Þetta eru vinsælustu tónleikar hljómsveitarinnar þar sem glæsileiki og glaðværð eru ríkjandi.

Tryggið ykkur miða



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

**Aðalstyrktaraðili:**
GAMMA

@icelandsymphony #sinfó

**Miðasala** » www.sinfonia.is » www.harpa.is » Sími: 528 5050 » Opið 9-18 virka daga og 10-18 um helgar

netto
Í JÓLASKAPI




www.netto.is
| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |




**SMÁKÖKUR**
DELIKATESS
**499**
KR/PK




**PIPARKÖKUR**
300 G -DELIKATESS
**399**
KR/PK

# JÓLAHÚS NETTÓ

AKUREYRI | NJARÐVÍK
BORGARNESI | EGILSSTÖÐUM
SELFOSSI | MJÓDD | GRANDA

OPIÐ 6. - 24. DESEMBER

Í jólahúsinu færðu aðstoð sérfræðings við val réttu jólasteikinni.Við sögum fyrir þig og hjálpum þér að velja rétta bitann fyrir þig og þína.



**APPELSÍNUR**
FERSKAR OG FÍNAR
-50%
**125**
ÁÐUR 249 KR/KG





**HUMAR - 2KG**
ASKJA
-44%
**5.034**
ÁÐUR 8.989 KR/ASKJAN



**RJÚPUBRINGUR**
4 STYKKI
**1.989**
KR/PK




**FJÖRFRÆÐIBÓK SVEPPA**
SVERRIR ÞÓR SVERRISSON
**2.399**
KR/STK




**NICE & EASY PIZZUR**
4 TEGUNDIR
-30%
**298**
ÁÐUR 426 KR/STK



**HUMAR VIP ASKJA**
800 GR
15%
**5.948**
ÁÐUR 6.998 KR/PK

**Tilboðin gilda 4. - 7. des 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Áfall þegar aftakan fór fram

**Gunnhildur Halla Carr** hefur verið pennavinur þriggja fanga á dauðadeild í Bandaríkjunum í átta ár. Hún hvetur alla til að prófa slíkar bréfaskriftir enda séu þær gefandi fyrir mann sjálfan og geti þar að auki skipt sköpum fyrir líðan fangana.

**Erla Björg Gunnarsdóttir**
erlabjorg@frettabladid.is



Gunnhildur var aðeins sextán ára gömul þegar hún skrifaði sitt fyrsta bréf til fanga á dauðadeild. Ástæðan fyrir því að henni datt sá möguleiki í hug var kvikmyndin The Hurricane með Denzel Washington. Í myndinni er svartur maður ranglega dæmdur til dauða vegna kynþáttafordóma en með hjálp aðstandenda, og þar á meðal pennavinar hans, er mál hans tekið upp að nýju og sakleysi sannað. Myndin hafði mikil áhrif á hana og varð til þess að hún fór á netið að gúggla pennavini fanga.

„Það kom á óvart hve margar heimasíður eru til sem bjóðast til að tengja mann við fanga, flestar þeirra eru reknar af mannréttindasamtökum. Ég valdi mér eina slíka og þar var hægt að velja kyn, aldur, kynþátt, sjá myndir af viðkomandi og sakaskrá ef maður vildi. Einnig hversu langan dóm viðkomandi fékk. Mínir þrír pennavinir hafa allir setið á dauðadeild og eiga það sameiginlegt að vera allir svartir og mjög ungir þegar þeir eru dæmdir til dauða,“ segir Gunnhildur og dregur upp bunka af handskrifuðum bréfum. Þetta eru eingöngu bréf frá einum fanganum, hin eru í kassa í geymslu.



**VIÐ ELDHÚSBORÐIÐ** Gunnhildur með lítinn hluta bréfanna sem hún hefur fengið en hún skrifar sín bréf á tölvu og gefur sér góðan tíma til þess. Bréfin frá henni eru allt upp í tuttugu síðna löng en handskrifuð bréf fanganna eru um sex síður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Allir eiga skilið annað tækifæri

Gunnhildur hefur alltaf haft mikinn áhuga á bandarísku réttarkerfi og er gífurlega mótfallin dauðarefsingum en í meira en helmingi fylkja Bandaríkjanna eru dauðarefsingar leyfilegar.

„Í Suðurríkjunum eru refsingarnar sérstaklega litaðar kynþáttafordómum þar sem kornungir menn fá dauðarefsingu, jafnvel við fyrsta alvarlega glæpinn, og eru í mörgum tilfellum svartir. Mín lífssýn er sú að allir eigi skilið annað tækifæri,“ segir Gunnhildur. Hún ákvað því að leggja sitt af mörkum til að gera dvöl þessara fanga bærilegri á dauðadeildinni. „Það eru grundvallarmannréttindi að fá að eiga samskipti við annað fólk. Fangar á dauðadeild fá klukkutíma á sólarhring til að gera eitthvað annað en að sitja í fangaklefanum. Ég sendi þeim bréf í gegnum tölvupóst og þeir nota þennan klukkutíma til að lesa bréfin. Svo svara þeir mér með handskrifuðum bréfum og þeir borga sjálfir fyrir frímerki, pappír og annað. Þessi samskipti eru greinilega ofarlega í forgangsröðinni hjá þeim, alla vega hafa þeir sem ég hef talað við kosið að eyða þessum dýrmæta tíma sínum í bréfaskriftir. Þörfin fyrir samskipti er svo sterk og samskiptin innan veggja fangelsisins eru ekki endilega eftirsóknarverð, enda ekki mjög heilbrigð oft og tíðum. Þannig að ástæðan fyrir því að ég geri þetta er sterk réttlætiskennd, von til að gleðja þá en líka forvitni mín á öllu sem tengist þessum málum. Svo kom í ljós að þetta er mjög gefandi, bæði að eiga pennavin og skrifa bréf um líf sitt en einnig að gefa einhverjum ókunnugum sem er á erfiðum stað í tilverunni smá ljósglætu, tilhlökkun og kannski tilgang með deginum.“

### Myndi ekki skrifa hverjum sem er

Eftir að hafa fengið leyfi hjá foreldrum sínum byrjaði Gunnhildur að skrifast á við fyrsta pennavininn, ungan mann sem var átján ára þegar hann framdi glæpinn sem hann fékk dauðarefsingu fyrir. Hann framdi vopnað rán og myrti afgreiðslumanninn með slysaskoti. Gunnhildur vissi fyrst ekki fyrir hvað hann sat inni, hún hafði ekki kosið að sjá sakaskrána og samkvæmt leiðbeiningum heimasíðunnar sem tengdi þau saman þá er ekki mælt með að spyrja fangann beint út í glæpinn heldur bíða þar til hann kýs sjálfur að segja frá því.

„Enginn af mínum pennavinum hefur reynt að sannfæra mig um sakleysi sitt, þeir hafa einmitt viðurkennt glæp sinn í auðmýkt og lýst eftirsjá sinni. Mér finnst óskiljanlegt að átján ára strákur sé settur á dauðadeild. Ég er ekki að réttlæta það sem hann gerði en maður getur gert stór mistök þegar maður er svona ungur – og lært af þeim. Auðvitað var erfitt að heyra hann lýsa fyrir mér glæpnum en það hafði ekki áhrif á pennavináttuna. Reyndar myndi ég ekki vilja skrifast á við hvern sem er. Ég hef valið unga menn sem hafa fengið fullþunga refsingu að mínu mati, fanga sem mér finnst eiga skilið að fá annað tækifæri. Ég myndi til dæmis aldrei vilja skrifast á við helsjúka raðmorðingja og barnanauðgara.“

### Aftakan var sjokk

Fyrsti pennavinur Gunnhildar var tekinn af lífi 2008. Þá voru þau búin að skrifast á í tvö ár og búin að kynnast mjög vel. Þá var Gunnhildur eingöngu átján ára gömul.

„Mér leið hrikalega. Þetta var í raun algjört sjokk þótt ég vissi náttúrulega að þetta myndi enda svona. Á heimasíðunni er gefnar upp dagsetningarnar á aftökum. Þetta var samt mjög erfitt. En maður má ekki taka þetta of mikið inn á sig. Svona er þetta, ég get lítið gert til að breyta því en ákvað að halda áfram að láta gott af mér leiða.“

Gunnhildur fékk nýjan pennavin en þeirra bréfaskriftir komust aldrei á flug og því lognaðist sambandið út af. Hún segir eðlilegt að slíkt gerist eins og í öllum samskiptum, þar sem fólk á einfaldlega misjafnlega vel saman. Nú á hún þriðja pennavininn. Það er 36 ára gamall maður sem hefur setið í fangelsi frá því að hann var 18 ára. Hann var í götugengi, seldi eiturlyf og lenti í skotbardögum. Hann var með tvo minni dóma á bakinu en þriðja dóminn fékk hann ▶

> **Í Suðurríkjunum eru refsingarnar sérstaklega litaðar kynþáttafordómum þar sem kornungir menn fá dauðarefsingu, jafnvel við fyrsta alvarlega glæpinn, og eru í mörgum tilfellum svartir. Mín lífssýn er sú að allir eigi skilið annað tækifæri.**

> **Reyndar myndi ég ekki vilja skrifast á við hvern sem er. Ég hef valið unga menn sem hafa fengið fullþunga refsingu að mínu mati, fanga sem mér finnst eiga skilið að fá annað tækifæri. Ég myndi til dæmis aldrei vilja skrifast á við helsjúka raðmorðingja og barnanauðgara.**

> **Ég er á Facebook-síðu pennavina fanga og þar sér maður ýkt dæmi af því hversu náin þessi samskipti geta orðið, þar eru konur sem enda á að giftast föngum á dauðadeild. Það er alveg á tæru að það er ekki mitt markmið með bréfaskriftunum.**

> **Það eru allir alltaf svo hræddir við allt. Af hverju á maður að vera það? Af hverju ekki að leyfa hlutunum að gerast, slaka á fordómum og sjá það góða í fólki?**

## BROT ÚR BRÉFUM

**Fanginn sem Gunnhildur skrifast á við núna var dæmdur til dauða 18 ára en er nú 36 ára. Hann var nýlega fluttur af dauðadeild vegna framburðar nýrra vitna í máli hans. Máli hans er ekki lokið en það er greinilegt að hann ber von í brjósti um að losna einhvern tímann út.**

### *Fangadrama*

*Guð minn góður. Þeir pirra mig svo þessir gaura. Það kostar alltaf eitthvað að vera vinur þeirra. Ég er fátækur maður og á ekki mikið til að gefa þeim. Það er kannski ekki alveg rétt, því ég gef þeim góð ráð þótt þeir noti þau sjaldan. Það er pirrandi, því þeir leita til mín og biðja um ráð sem ég gef þeim en svo snúa þeir sér við og um leið breyta rangt. Annað sem er alveg brjálað. Ég er sá eini hérna inni sem er sekur. Af þúsund föngum eru 999 saklausir. Ég hef ekki tíma fyrir svona bull. Gaurarnir halda manni í marga klukkutíma og segja að þeir hafi ekki gert neitt, svo les maður skjölin þeirra til að reyna að hjálpa þeim og kemst að því að þeir eru að ljúga. Sannanir og lífssýni alls staðar. Flestir eru hér vegna morða, rána og eiturlyfjasölu. Peningar. Þetta snýst allt um peninga.*

### *Draumar*

*Hvað dreymir mig um? Að komast úr fangelsi einn daginn, vonandi á meðan foreldrar mínir eru enn á lífi. Mig langar að eiga venjulegt líf, vera í vinnu og vera hamingjusamur. Ég held ég hafi þurft að fara í gegnum þessa reynslu til að skilja hvað skiptir máli í þessu lífi. Ég hef svo sannarlega náð því. Þegar ég kemst út mun ég aldrei fara í gegnum þetta aftur eða leggja annað eins á fjölskylduna mína. Ég hef góða tilfinningu fyrir framtíðinni.*

### *Ísland*

*Ég hef farið á bókasafnið og lesið mér til um Ísland. Ég hef lesið mikið og rannsakað landið þitt og skil af hverju þú vilt búa þar. Þú ert líka á góðum stað, ung og veist hvað þú vilt í lífinu. Það er gott. Ég er kominn á nýjan stað, hann er mun betri. Og ég er þakklátur fyrir gott fólk í lífi mínu sem heldur mér á jörðinni. Það er svo auðvelt að fara út af sporinu, sérstaklega þar sem hinir gaurarnir hérna eru út úr kortinu. Alltaf að spila einhverja leiki. Ég er ekki fyrir leiki, ég kem til dyranna eins og ég er klæddur.*

### *Fjölskyldan*

*Ætli það mætti ekki segja að fjölskyldan mín sé að lifa ameríska drauminn. Þau hafa það gott. Þessa dagana er bróðir minn að reyna að finna stað fyrir mig til að hafa tilbúinn þegar ég kem út.*







# EINSTAKT BMW TÆKIFÆRI.

## BJÓÐUM NOKKRA FJÓRHJÓLADRIFNA BMW X1 OG GLÆSILEGA BMW 1 SERIES Á EINSTÖKU VERÐI.

Það er komið að þér að gera einstök kaup og upplifa BMW gæði, sparneytni og afl. Komdu og reynsluaktu fjórhjóladrifnum BMW X1 xDrive 18d eða BMW 1 series 116d og upplifðu aksturseiginleika BMW og aflmiklar dísilvélar sem eiga fáa sína líka.

**BMW X1 xDrive18d – 5,4 l/100 km***
**Verð 6.990 þús. kr. sjálfskiptur**

**BMW 1 series 116d – 4,1 l/100 km***
**Verð 4.390 þús. kr.**

**OPIÐ Í DAG FRÁ KL. 12–16**

B|L

BL ehf. Sævarhöfða 2, 110 Reykjavík. Sími 525 8000

*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

# DAUÐAREFSINGAR Í BANDARÍKJUNUM

## 33 HAFA VERIÐ TEKNIR AF LÍFI ÁRIÐ 2014




**30 ÁR** var meðalaldur fanganna þegar þeir voru dæmdir til dauða.

**→ 18 ÁR** var meðalbiðtími fanganna á dauðagangi áður en aftakan fór fram.

**→ 48 ÁR** var meðalaldur fanganna þegar þeir voru teknir af lífi.

**Allir voru þeir teknir af lífi með banvænni sprautu.**

**Aftökur í Bandaríkjunum frá 1976 þar sem fórnarlamb var af öðrum kynþætti en gerandi**



**Í 10% TILFELLA** er gerandi hvítur og fórnarlamb svart

**Í 90% TILFELLA** er gerandi svartur og fórnarlamb hvítt

Rannsóknir hafa sýnt að ef fórnarlambið er hvítt auki það líkur á dauðarefsingu. Inni í þessum tölum eru eingöngu hvítur og svartur kynþáttur.

## BANDARÍKIN OG HVÍTA-RÚSSLAND ERU EINU RÍKIN Í NORÐUR-AMERÍKU OG EVRÓPU SEM BEITA DAUÐAREFSINGUM

**3.000** fangar sitja á dauðadeild í fangelsum Bandaríkjanna.

**32 AF 50** fylkjum Bandaríkjanna leyfa dauðarefsingar.

**1.392** hafa verið teknir af lífi vegna dauðadóms í Bandaríkjunum frá árinu 1976.

**Bandaríkin eru í fimmta sæti yfir fjölda aftaka í heiminum árið 2013.** Ríki sem framkvæmdu fleiri aftökur eru Kína, Íran, Írak og Sádi-Arabía. Flestar aftökur voru í Kína, fjölda er haldið leyndum en talið er að þúsundir séu teknar af lífi á ári hverju. Ef Kína er undanskilið er vitað að 778 aftökur áttu sér stað í heiminum árið 2013 í 22 ríkjum.

*Heimild: www.deathpenaltyinfo.org*

▶ þegar hann fór ásamt vini sínum að hræða vinnuveitanda sinn sem hafði ekki borgað þeim laun. Þeir voru með byssuna hans meðferðis og vinurinn skaut af henni og drap manninn. Vinurinn, sem er hvítur, fékk fjörutíu ára dóm. Hann, sem er svartur, fékk dauðadóm. Fljótlega eftir að Gunnhildur byrjaði að skrifast á við hann komu fram ný vitni í málinu og dómurinn var mildaður þannig að nú er hann farinn af dauðadeild. Málinu er ekki enn lokið en Gunnhildur segir mikla von búa í brjósti hans og talar hann stöðugt um það „þegar hann kemst úr fangelsi“.

### Engin rómantík

„Bréfin eru mjög einlæg og maður kynnist þeim mjög vel. Mörgum finnst erfiðara að opna sig við fjölskylduna eða vini vegna skammar og áminningu um fortíðina. Þeir eru með afar brotna sjálfsmynd og margir fastir í einhverjum sporum. Það að eiga pennavin gefur þeim tækifæri til að eiga samskipti við umheiminn, tala við einhvern utanaðkomandi sem krefst einskis af þeim og bara hlustar. Ég er á Facebook-síðu pennavina fanga og þar sér maður ýkt dæmi af því hversu náin þessi samskipti geta orðið, þar eru konur sem enda með því að giftast föngum á dauðadeild. Það er alveg á tæru að það er ekki mitt markmið með bréfaskriftunum,“ segir Gunnhildur og skellihlær. „Ég tek fram í fyrsta bréfi að ekki sé um rómantík að ræða heldur eingöngu vináttu. Ég segi líka að ef hann virði það ekki þá hætti ég að skrifa.“

Hún bendir á að vegna mikilvægi bréfaskriftanna fyrir fangana séu bréfaskriftirnar mikil skuldbinding. Ef bréf hætta allt í einu að berast geti þeir upplifað mikla höfnun. „Þú ert kannski það eina sem þeir hafa og þar með tekurðu allt frá þeim. Ég skrifa bréf svona einu sinni til tvisvar í mánuði og ég undirbý mig andlega áður en ég sest niður við skriftir. Þetta tekur alveg á. En þetta er svolítið eins og að skrifa dagbók, mjög gefandi og góð stund líka. Maður lýsir tilfinningum sínum, segir hvað maður er að hugsa og gera. Það getur líka verið erfitt að lesa bréfin frá þeim, þau geta verið mjög þung og lýsa erfiðum aðstæðum. Svo sendum við myndir, ég sendi honum til dæmis margar myndir frá ferðalagi mínu í Asíu – guð minn góður, Asía,“ æpir Gunnhildur allt í einu upp. „Það er svo hræðilega sorgleg saga og lýsir vel ábyrgðinni sem maður tekur á sig,“ segir Gunnhildur og grefur upp fallegt afmæliskort úr bréfabunkanum við hliðina á sér.

„Ég ferðaðist um Asíu í allt sumar en gleymdi að segja honum frá því. Þegar ég kem heim í lok ágúst bíður mín þetta afmæliskort en ég hafði fyrir löngu nefnt við hann að ég ætti afmæli í lok ágúst. Í kortinu stóð að hann skildi ekki af hverju við værum hætt að tala saman en að hann vildi óska mér til hamingju með afmælið. Í bréfinu á undan hafði hann spurt hvort hann mætti hringja í mig og spjalla af og til við mig í síma. Hann hélt að ég hefði fríkað út vegna þess og lokað á hann. Ég lá í sófanum og hágrét þegar ég kom heim frá Asíu og sá þetta afmæliskort. Ég var algjörlega miður mín en hann fyrirgaf mér eftir að hafa fengið tuttugu síðna bréf með afsökunum og ferðasögunni frá Asíu, ásamt myndum.“



**SKULDBINDING** Gunnhildur skrifar bréf tvisvar í mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




**AFMÆLISKORTIÐ**

**„Til hamingju með afmælið. Jafnvel þótt þú hafir yfirgefið mig þá mun ég minnast góðu samtalanna. Ég veit að þú átt afmæli á þessum tíma og vildi óska þér til hamingju. Hafðu það gott og ég er hér ef þig langar að hafa samband aftur og við þurfum ekkert að tala saman í síma, eins og ég bað um, ef það er ástæðan fyrir því að þú hættir að skrifa mér. Ég vona ekki en ég bara skil ekki af hverju bréfin hættu allt í einu að koma.**

### Væri til í heimsókn

Gunnhildur hefur íhugað að fara til Bandaríkjanna og heimsækja pennavini sína. Oft tala þau þannig í bréfunum, eins og þau muni hittast og sýna hvort öðru land sitt. Henni finnst það fallegt, hvort sem það gerist eða ekki. Það sem hefur stoppað hana hingað til er hversu dýr sú ferð yrði en hún segir að það verði kannski einhvern tímann af því. Það kom henni því svolítið á óvart hvað henni brá þegar pennavinurinn bað um númerið hennar.

„Það varð svo raunverulegt. Símtal er allt öðruvísi en að sitja í skjóli tölvunnar hinum megin á hnettinum. Hann ætlaði sem sagt að safna fyrir símakorti og var voða spenntur að heyra frá mér. Það er náttúrulega mjög persónulegt, að heyra röddina hans og eiga svona flæðandi samtal. Ég velti þessu aðeins fyrir mér en komst svo að þeirri niðurstöðu að það var ekkert að óttast. Það eru allir alltaf svo hræddir við allt. Af hverju á maður að vera það? Af hverju ekki að leyfa hlutunum að gerast, slaka á fordómum og sjá það góða í fólki? Þannig að ég gaf honum númerið mitt og hann gæti bara hringt á hverri stundu,“ segir þessi hressa og einlæga unga kona að lokum og þvertekur fyrir það að fólk sé með fordóma fyrir þessum bréfaskriftum hennar. Flestir verði hissa á að slíkar bréfaskriftir séu mögulegar og verða forvitnir. Hún hvetur því fólk til að kynna sér málin frekar, til að mynda á heimasíðunni www.writeaprisoner.com.


# Virkar hún?

**Reynslan af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar**



## Opinn fundur

**mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar 10. desember kl. 08.30-10.00 í Iðnó á alþjóðlegum degi mannréttinda**

**Setning fundar**
Líf Magneudóttir, formaður mannréttindarráðs

**Hvernig varð hún til ?**
Halldóra Gunnarsdóttir sérfræðingur í jafnréttismálum hjá Reykjavíkurborg

**Mannréttindaborgin Reykjavík ?**
Dr. Þorgerður Þorvaldsdóttir

**Mannréttindastefnan sem verkfæri**
Ingi B. Poulsen umboðsmaður borgarbúa

**Umræður og fyrirspurnir**

**Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. Kaffi og kruðerí.**


Líf Magneudóttir


Halldóra Gunnarsdóttir


Dr. Þorgerður Þorvaldsdóttir


Ingi B. Poulsen

Reykjavíkurborg
Mannréttindaskrifstofa

www.reykjavik.is/mannrettindi

# Gefðu fallega hönnun úr Módern

## Góð hönnun gerir heimilið betra

Við leggjum mikinn metnað í að bjóða aðeins vandaðar vörur og tefla fram því besta í evrópskri hönnun. Úrvalið einkennist af fallegri og fjölbreyttri hönnun sem stenst tímans tönn. Markmið okkar er að aðstoða viðskiptavini við að fegra heimili sín.



MARGAR STÆRÐIR

Hreindýrshaus á vegg / Verð frá 5.500 kr.



Hreindýr h39 cm / Verð 9.900 kr.



Koparbakki 38 cm / Verð 7.990 kr.



Aalto trébretti / Verð frá 7.990 kr.



Essence bjórglös, 48 cl, 2 stk. / Verð 4.900 kr.



Waxinelight kertahús / Verð 2.900 kr.



Kastehelmi 35cl / Verð 3.790 kr.



MARGAR STÆRÐIR

Omaggio vasar / Verð frá 3.990 kr.



Cucu 33 cm / Verð 12.900 kr.

MÓDERN

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 11–18 • LAUGARDAGA KL. 11–16 • HLÍÐASMÁRA 1 • 201 KÓPAVOGUR • 534 7777 • modern.is

PIPAR\TBWA • SÍA

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!




**3999** kr. stk.
Kamp Knox




**4389** kr. stk.
Kata




**2949** kr. stk.
Gula spjaldið í Gautaborg
Fæst í Krónunni Lindum, Bíldshöfða, Granda, Akranesi, Selfossi og Mosfellsbæ

Gildistími 6.-7. desember

# GEFÐU BÓK Í JÓLAGJÖF




**3469** kr. stk.
Vakandi veröld
Fæst í Krónunni Lindum, Bíldshöfða, Granda, Akranesi, Selfossi og Mosfellsbæ




**6389** kr. stk.
Stóra Alifuglabókin




**3329** kr. stk.
Nenni ekki að elda
Fæst í Krónunni Lindum, Bíldshöfða, Granda, Akranesi, Selfossi og Mosfellsbæ




**3889** kr. stk.
Bjór – Umhverfis jörðina á 120 tegundum
Fæst í Krónunni Lindum, Bíldshöfða, Granda, Akranesi, Selfossi og Mosfellsbæ

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

Krónan Árbæ | Krónan Bíldshöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Vallakór | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum




**4189** kr. stk.

**Kaupmaðurinn á horninu**
Fæst í Krónunni Lindum, Bíldshöfða, Granda, Akranesi, Selfossi og Mosfellsbæ




**2979** kr. stk.

**Hrossahlátur**
Fæst í Krónunni Lindum, Bíldshöfða, Granda, Akranesi, Selfossi og Mosfellsbæ




**2979** kr. stk.

**Jóga fyrir alla**
Fæst í Krónunni Lindum, Bíldshöfða, Granda, Akranesi, Selfossi og Mosfellsbæ




**2269** kr. stk.

**Ljónatemjarinn**
Fæst í Krónunni Lindum, Bíldshöfða, Granda, Akranesi, Selfossi og Mosfellsbæ




**4289** kr. stk.

**Náðarstund**




**2799** kr. stk.

**Pabbi er farinn á veiðar**
Fæst í Krónunni Lindum, Bíldshöfða, Granda, Akranesi, Selfossi og Mosfellsbæ




**2099** kr. stk.

**Loom æðið**




**1889** kr. stk.

**Frozen Ævintýri Önnu**
Fæst í Krónunni Lindum, Bíldshöfða, Granda, Akranesi, Selfossi og Mosfellsbæ




**2759** kr. stk.

**Ævintýri H.C. Andersen**
Fæst í Krónunni Lindum, Bíldshöfða, Granda, Akranesi, Selfossi og Mosfellsbæ




**4299** kr. stk.

**Sigurður dýralæknir**
Fæst í Krónunni Lindum, Bíldshöfða, Granda, Akranesi, Selfossi og Mosfellsbæ

**Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is**



**SKÓLAVÖRÐUSTÍGURINN** Snjórinn liggur á bílum og grýlukertin hanga neðan af ljósastaurum. Ein fallegasta gata miðbæjarins er að vakna í morgunsárið.

# JÓLABÆR Í LJÓSASKIPTUM

**Gunnar V. Andrésson** ljósmyndari Fréttablaðsins fór á stjá eldsnemma morguns og myndaði miðbæ Reykjavíkur í jólabúningi. Jólaljósin nutu sín í fallegri birtunni, fólk gekk um í rólegheitum og kíkti inn um jólaskreytta búðarglugga á Laugaveginum og fyrsti kaffibolli dagsins yljaði köldum borgarbúum.



**FYRSTI BOLLINN** Rjúkandi kaffi rennur ljúflega niður í kuldanum en á hverjum morgni hittast fjölmiðlamenn og samfélagsrýnar á Kaffifélaginu og taka stöðuna á málunum. Björn Þór Sigurbjörnsson, Kolbeinn Óttarsson Proppé og Helgi Seljan voru á fyrsta bolla þegar ljósmyndarinn rakst á þá.



**LJÓMANDI TRÉ** Borgartréð 2014 er vel upplýst með hjálp fjölda ljósasería. Garðhlynurinn er við Sturluhallir þar sem Íslenska auglýsingastofan er til húsa og lýsir upp Laufásveginn í myrkrinu.



**SKOÐA Í GLUGGA** Búðargluggarnir á Laugaveginum eru komnir í jólabúning og skreytingarnar draga að forvitin augu enda erfitt að ganga fram hjá án þess að virða fyrir sér jólasveina, engla og skreytt jólatré.



**AUSTURVÖLLUR** Metnaðurinn í ljósadýrðinni á Austurvelli vex ár frá ári og má sjá nýja liti og enn meiri ljósadýrð í kringum Jón Sigurðsson en áður.

NÝTT

Nóa Fylltir molar

# FYRIR GLEÐILEG JÓL

## ALLIR FYLLTU MOLARNIR SAMAN Í KASSA

Það elska allir Nóa Konfekt en sumir elska Fylltu molana meira en aðra mola. Nú fá þeir konfektkassa sem eru fullir af gómsætum Fylltum molum... og engu öðru.




## GOTT AÐ GEFA, HIMNESKT AÐ ÞIGGJA

NÓA Konfekt

ÁRNASYNIR



„Maður á að vera þakklátur fyrir það sem maður hefur í lífinu því það getur allt breyst á morgun og maður á ekki að sjá eftir neinu.

**LEYFIR SÉR AÐ SYRGJA** Hrafn ákvað strax að lifa ekki í sorg en leyfir sér þó að syrgja. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ákvað að lifa ekki í sorg

Þann 8. desember í fyrra lést útvarpskonan **Valdís Gunnarsdóttir** eftir skammvinn veikindi. Hún hafði greinst með ristilkrabbamein og fór í aðgerð vegna þess. Aðgerðin heppnaðist vel en í bataferlinu fékk hún óvænt hjartastopp. **Hrafn Valdísarson** segir sögu móður sinnar og hvernig hann hefur tekist á við lífið eftir að hafa misst móður sína sem var einnig hans besti vinur.

**Viktoría Hermannsdóttir**
viktoria@frettabladid.is



Mig langar að segja hennar sögu því við eigum á hverjum degi að vera þakklát fyrir það sem við höfum. Það getur allt breyst á örskotsstundu eins og hjá mömmu,“ segir Hrafn.

Valdís móðir hans lést eftir skyndilegt hjartastopp sem hún fékk eftir að hafa farið í vel heppnaða skurðaðgerð vegna krabbameins í ristli. Aðgerðin gekk vel en nokkrum dögum síðar fór hún í hjartastopp, algjörlega ótengt aðgerðinni. „Þetta var ótrúlega mikið áfall enda höfðum við búist við því að það versta væri yfirstaðið,“ segir Hrafn.

Margir þekkja nafn Valdísar Gunnarsdóttur og muna eftir rödd hennar enda var hún ein þekktasta útvarpskona landsins til margra ára. „Við mamma vorum rosalega náin. Við vorum eiginlega bara eitt. Við áttum okkar eigið tungumál og létum eins og fífl fyrir framan hvort annað,“ segir Hrafn um náið mæðginasamband þeirra. Það var því mikið áfall þegar móðir hans greindist með ristilkrabbamein. „Það var eitthvað búið að vera að angra mömmu í maganum í nokkrar vikur og við skildum ekki af hverju það lagaðist ekki,“ segir hann. Valdís fór til heimilislæknis sem sendi hana í ristilskoðun. „Ég beið rólegur úti í bíl á meðan hún fór í skoðunina. Svo hringir mamma í mig hágrátandi og segir mér að hún sé með illkynja ristilkrabbamein. Ég gjörsamlega fraus enda hefði mér aldrei dottið í hug að þetta myndi einhvern tímann koma fyrir hana,“ segir hann.

### Vel heppnuð aðgerð

Valdís fór í aðgerð sem heppnaðist vel og æxlið var fjarlægt. „Allt gekk eins og í sögu. Þetta leit allt rosalega vel út og læknirinn sagði að við þyrftum ekki að hafa áhyggjur. Ég held ég hafi aldrei grátið jafn mikið af gleði,“ segir Hrafn einlægur.

Annað áfall átti þó eftir að dynja á þeim. „Mamma var byrjuð að geta gengið og borðað. Hún stóð sig vel í endurhæfingu og það þýddi að það væru bara nokkrir dagar þangað til hún gæti komið heim. Ég heimsótti hana á hverjum degi á spítalann og sagði henni frá deginum mínum. Meðan hún lá inni þá töluðum við alltaf saman í símann í klukkutíma áður en við fórum að sofa jafnvel þótt ég væri nýfarinn frá henni á spítalanum,“ segir hann. „Þann 29. október sendi ég mömmu skilaboð því við höfðum ekki spjallað saman í síma kvöldið áður og spurði hvort það væri allt í lagi. Mamma svaraði til baka: „Æi ég sofnaði var þreytt ástin mín, elska þig þín mamma,“ segir hann og heldur áfram: „Hálftíma seinna þá hringir systir mömmu í mig meðan ég er í skólanum. Hún gat ekki talað og eina sem ég heyrði var: „Hún datt“ og „komdu upp á spítala strax“, ég hljóp í gegnum skólann, beint út í bíl og beint á spítalann.“

### Skyndilegt áfall

Valdís hafði farið í óvænt hjartastopp. „Ég vissi ekkert hvað hafði gerst. Ég kom inn í aðstandendaherbergi og þar voru systur mömmu hágrátandi og þá vissi ég að eitthvað hræðilegt hafði gerst,“ segir hann alvarlegur. Valdís hafði farið í hjartastopp. Læknar höfðu náð að lífga hana við en henni var haldið sofandi í öndunarvél. „Ég varð aðeins rólegri þegar ég heyrði að þeir höfðu náð að lífga hana við. Ég hélt að slæmu fréttirnar væru búnar en svo reyndist ekki vera. Læknarnir tilkynntu okkur að hún hefði orðið fyrir miklum heilaskaða,“ segir hann.

Næstu dagar voru erfiðir. „Ég var svo hræddur og vissi ekki neitt. Hugsunin um að ég að ég gæti ekki talað við mömmu aftur var eins og að líf mitt væri búið. Allt var stopp.“

Læknar gerðu fjölskyldunni ljóst að þótt hún myndi vakna þá yrði hún ekki söm. Hrafn segir þau þó hafa haldið í vonina þó að innst inni hafi þau vitað eins og var, að þetta væri búið. Fjölskyldan var hjá Valdísi síðustu dagana, spilaði uppáhaldsmúsík hennar og talaði við hana. „Það hjálpaði mér líka mikið. Ég skreytti herbergið á spítalanum með dótinu sem henni þótti vænst um og við gerðum það eins heimilislegt og við gátum. Við spjölluðum mikið við hana og létum hana vita að við elskuðum hana,“ segir Hrafn.

### Þyrfti ekki að hafa áhyggjur

Í byrjun desember í fyrra var hún svo flutt á líknardeildina í Kópavogi. „Við skreyttum með jóladóti og reyndum að gera allt heimilislegt þar líka. Við vissum að það myndi gefa henni orku til þess að halda áfram,“ segir hann. Þó var vitað að baráttan væri á enda.

Þann 8. desember kvaddi hún svo þennan heim. „Ég sagði við hana að hún væri besta mamma sem hægt væri að óska sér og að ég elskaði hana meira en allt í heiminum og að ég ætlaði að gera hana stolta. Ég hvíslaði í eyrað á henni að hún mætti fara og hún þyrfti ekki að hafa áhyggjur af mér. Ég væri með svo gott fólk í kringum mig, fólk sem hefur stutt mig eins og klett í þessu öllu,“ segir hann. „Eftir að ég hvíslaði þessu að henni tók hún síðasta andardráttinn. Þegar við löbbuðum út af stofunni hljómaði lagið War is over með John Lennon, uppáhaldstónlistarmanninum hennar mömmu, sem dó sama dag mörgum árum fyrr. Það var svolítið táknrænt,“ segir hann.

### Ákvað að lifa ekki í sorg

Hrafn segir næstu vikur og mánuði hafa verið erfiða. Aðeins 19 ára gamall hafði hann misst móður sína og sinn besta vin. Þrátt fyrir að það hafi verið langt frá því að vera auðvelt þá hafi hann ákveðið strax frá byrjun að lifa ekki í sorg því það hefði móðir hans ekki viljað. „Ég er svo heppinn að hafa átt svona góða mömmu. Það eru ekkert nema mistök að lifa í sorginni. Ég sagði við sjálfan mig að hún myndi vilja sjá strákinn sinn standa sig vel í öllu því sem hann gerir og það hef ég gert,“ segir hann. Hrafn tók prófin í skólanum, hélt áfram í handbolta og vann með. Hann hefur fengið góða hjálp frá ættingjum og vinum. Hann viðurkennir að auðvitað hafi árið verið erfitt, hann leyfi sér að syrgja en líka að vera hamingjusamur.

### Ótrúleg í alla staði

„Það sést ekki alltaf utan á manni en ég leyfi mér líka að syrgja. Ég sakna hennar rosalega og græt þegar ég vil gráta. En það verðmætasta sem maður á eru minningar og ég rifja upp góðar minningar á hverju degi,“ segir hann. Eftir að móðir hans lést flutti hann inn til góðra vina móður sinnar. Hann þurfti með góðri hjálp að takast á við mjög fullorðinslega hluti eins og að skipuleggja jarðarför og ganga frá eigum hennar. „Ég hef þroskast mikið á þessu eina ári og lært það að maður veit aldrei hvað gerist næst,“ segir Hrafn og minnist móður sinnar með bros á vör.

„Mamma var ótrúleg í alla staði, gullfalleg, góður vinur, góð manneskja – hún hafði bókstaflega allt. Ég er svo stoltur af því að vera sonur hennar og hún kenndi mér svo margt,“ segir hann brosandi. „Maður á að vera þakklátur fyrir það sem maður hefur í lífinu því það getur allt breyst á morgun og maður á ekki að sjá eftir neinu.“

## Fædd 10. 11. 1958 – dáin 08.12.2013



**Valdís Gunnarsdóttir** var um árabil ein þekktasta útvarpskona landsins. Hún lést eftir skammvinn veikindi, 8. desember í fyrra, aðeins 55 ára gömul. Valdís starfaði um árabil við fjölmiðla, fyrst á Rás 2 og svo lengst af á Bylgjunni sem dagskrárstjóri og þáttagerðarkona ásamt því að starfa sem flugfreyja hjá Flugleiðum hf., síðar Icelandair. Valdís tók upp á mörgu skemmtilegu og óvenjulegu í þáttagerð sinni og kynnti þjóðina meðal annars fyrir Valentínusardeginum.




www.forlagid.is – 1 kr. sendingargjald í vefverslun 5.–8. desember



PHILIPS DAGSBIRTU VEKJARAR
VERÐ FRÁ 12.995
iRobot
HREIN SNILLD!
SJÁLFVIRK GÓLFMOPPA
iRobot Braavia 380
Sjálfvirk hljóðlát skúringar-moppa, bæði fyrir blautt og þurrt.
JÓLATILBOÐ
49.995
FULLT VERÐ 54.995
PRINCESS
Princess 112433
700w vöfflujárn, samlokugrill og grill. Þrjár skiptanlegar Non-stick plötur. Bakar belgískar vöfflur. Auðvelt að þrífa.
VERÐ
5.995
FRÁBÆRT VERÐ
MELISSA
Melissa 16240049
1000w heilsugrill. Fínt fyrir panini eða samlokur. Viðloðunarfríar grillplötur. Ljós kviknar þegar réttum hita er náð.
VERÐ
5.995
FRÁBÆRT VERÐ
PRINCESS
Princess 221203
600w töfrasproti með hraðastillingum og túrbó. Ryðfríir stálhnífar og þægilegt handgrip. Auðvelt að þrífa. Þeytari, hakkari, skál og geymslustandur fylgir.
VERÐ
9.995
FRÁBÆRT VERÐ
1000W CHEF HRÆRIVÉL
HITAÞOLINN GLERBLANDARI OG HAKKAVÉL FYLGJA
KENWOOD
Kenwood KMC570
JÓLATILBOÐ
69.995
FULLT VERÐ 89.995
PRINCESS
Princess 173000
Flottur fondú pottur tilvalinn fyrir súkkulaði eða ostafondú. 6 pinnar fylgja.
VERÐ
9.995
FRÁBÆRT VERÐ
MEDISANA
Medisana 88258
Lampi sem hitar með ljósi og linar sársauka. 100w. Auðvelt að stilla (0°-45°). 3ja ára ábyrgð.
VERÐ
4.495
FRÁBÆRT VERÐ
TONI&GUY SALON PROFESSIONAL
HÁRTÆKI Í ÚRVALI
MEDISANA
Medisana 79415
ViFit Activity Tracker með Bluetooth. Sýnir kaloríubrennslu. Skrefa- og tímamælir. Tengist við snjallsíma eða tölvu. Mælir svefn.
VERÐ
12.995
FRÁBÆRT VERÐ
MEDISANA
made for Life
3ja ára ábyrgð!
Medisana 88295
Nuddtæki með 2 styrkleikum og 4 mis-munandi nuddhausum. Fyrirferðalítið og hægt að nota heima eða taka með.
VERÐ
3.995
FRÁBÆRT VERÐ
MEDISANA
made for Life
3ja ára ábyrgð!
Medisana 88940
Nuddtæki fyrir axlir, háls og læri. 10 styrkleikar. 5 nudd taktar. Auðvelt og þægilegt.
VERÐ
14.995
FRÁBÆRT VERÐ
elna
Elna ELNA220EX
Saumavél með 15 sporgerðir. Stilliskífa fyrir spor. 4 gerðir saumfóta. Overlock. Ábreiða og íslenskur leiðarvísir.
JÓLATILBOÐ
29.995
FULLT VERÐ 37.995
MELISSA
Melissa 16290024
3ja lítra djúpsteikingarpottur. 2200w. 90-190°C. Stór karfa með handfangi.
VERÐ
5.995
FRÁBÆRT VERÐ
Dantax
Dantax M171
17 lítra og 700w örbylgjuofn með fimm 5 hitastillingum.
JÓLATILBOÐ
10.396
FULLT VERÐ 12.995
PHILIPS
Senseo
Öllum Senseo vélum fylgja 2 Senseo glös og 2 pakkar af kaffi!
KENWOOD
multipro compact
Kenwood FPM250
Nett 750w matvinnsluvél með 2,1L skál og blanda sem tekur 1,2L. Sítruspressa, þeytari, hnoðari og þrjú rifjárn fylgja. Burstað stál.
VERÐ
19.995
FRÁBÆRT VERÐ
DeLonghi
DeLonghi ECAM21117B
1,8L MagnificaS Espresso kaffivél með kaffikvörn. Tekur 250gr af baunum. Tekur líka malað kaffi. Býr til gufu bæði til að flóa mjólk. Auðvelt að þrífa.
JÓLATILBOÐ
69.995
FULLT VERÐ 79.995
TÖLVULISTINN
Heimilistæki
7 VERSLANIR
REYKJAVÍK - AKUREYRI - HÚSAVÍK - SELFOSS
EGILSSTAÐIR - REYKJANESBÆR - AKRANES
www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ - www.ht.is - ÞÚSUNDIR VÖRUTEGUNDA - www.ht.is - FRÁBÆR TILBOÐ - www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ

tl.is

# TÖLVU LISTINN

# FARSÍMAR OG SNJALLÚR Í TÖLVULISTANUM !

## Samsung Gear S



**58.990**

## LG Watch R



**49.990**

## HTC One



32GB MINNIS STÆKKUN FYLGIR

**129.990**

MINNISSTÆKKUNIN ER AÐ VERÐMÆTI 7.990

### 2.16 GHz INTEL PENTIUM



TOSHIBA
TOS-C50B133

**69.990**

### 10" IPS HÁSKERPA OG INTEL ATOM



ASUS
ASU-ME302C1A027A

**49.990**

VERÐ ÁÐUR 89.990

### TRAUSTUR 2TB USB3.0 FLAKKARI



Seagate
SEA-STBV2000200

**14.990**

### INTEL PENTIUM FJÓRIR KJARNAR



TOSHIBA
TOS-C50B12X

**89.990**

### DOMINATOR 690 III TURNKASSI



COOLER MASTER
CM-CMS693KKN1

**21.990**

### MEKANÍSKT RAZER BLACKWIDOW 2014



RAZER
RAZ-BLACKWIDOW2014

**24.990**

### STEELSERIES MÚSAMOTTA



steelseries
STE-QCKMINI

**2.990**

### SÉRHÖNNUÐ LEIKJAHEYRNARTÓL



steelseries
STE-5HV3

**14.990**

**0% VEXTIR**
Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI

**8 VERSLANIR UM ALLT LAND**

Netgíró
14 daga vaxtalaus greiðslufrestur eða raðgreiðslur.

# 32GB MINNISSTÆKUN FYLGIR ÖLLUM ANDROID SÍMUM TIL JÓLA!

**OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT**
**LAU. 11-18**
**SUN. 13-18**

## Samsung Galaxy S5



32GB MINNIS STÆKKUN FYLGIR

**99.990**

## iPhone 6



PURO TASKA FYLGIR

**119.990**

## iPhone 6 Plus



**129.990**

## LG G3 Titan



32GB MINNIS STÆKKUN FYLGIR

**99.990**

### 8" SPJALDTÖLVA Á 14.990!



nextbook

**14.990**

VERÐ ÁÐUR 19.990

NEX-NX008HD8G

### 22" HÁSKERPUSKJÁR



PHILIPS

**26.990**

PHS-223V5LSB

### LED Í HVERJUM TAKKA



CORSAIR

**39.990**

COR-K70RGBMXBR

### 8GB MINNI OG 1 TB DISKUR



acer

**99.990**

ACE-NXMLDED015

### GTX 760 OG LEIKJAMÚS Í KAUPBÆTI!



msi

**39.990**

MSI-N760TF2GD50C

### ÞRÁÐLAUS FJÖLNOTAPRENTARI



EPSON

**14.990**

EPS-XP322

### VINSÆLASTI SJÓNVARPSFLAKKARINN



A.C.Ryan

**22.990**

ACR-PV73500

### iPAD MINI 16GB WI-FI



**43.990**

APL-MD531

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 | Sími 414 1750 |

„Okkur finnst þetta skrítið af því Ísland er að missa af tækifæri til þess að nota menntun og þekkingu þessa fólks. Við myndum vilja að þetta yrði skoðað betur og reynt að einfalda þetta.
*Angelique Kelley, í stjórn Samtaka kvenna af erlendum uppruna.*

„Viðhorfið þarf að breytast, líka meðal stofnana og atvinnuveitenda, og það þarf að byrja að horfa á menntun innflytjenda, sem og á menntun almennt, sem auðlind og allar auðlindir þarf að nýta skynsamlega.
*Anna Katarzyna Wozniczka, formaður Samtaka kvenna af erlendum uppruna.*

„Ein af þeim áskorunum sem vinnumarkaðurinn stendur frammi fyrir er að viðurkenna menntun og reynslu annars staðar heldur en frá okkur Íslendingum sjálfum. Ég held við séum öll af vilja gerð.
*Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, forstöðumaður mennta- og nýsköpunarsviðs Samtaka atvinnulífsins.*

„Þetta er ekkert flókið í sjálfu sér. Við þurfum að fá góða og gilda sönnun fyrir því að viðkomandi hafi lokið námi einhvers staðar og það uppfylli ákveðin skilyrði.
*Leifur Bárðarson, starfandi landlæknir.*

„Í flestum ríkjum þar sem fólk er með háskólamenntun þá er það fullnægjandi menntun þannig að ég held við þurfum ekkert að vera hrædd við það.
*Margrét Steinarsdóttir, lögfræðingur og framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands.*

„Ég held það sé mikilvægt að það sé auglýst eftir fólki þar sem bakgrunnur þeirra sem innflytjandi er metinn sem kostur.
*Óskar Dýrmundur Ólafsson, hverfisstjóri Breiðholts.*

# Innflytjendum reynist oft erfitt að fá starf sem hæfir menntun

Innflytjendur sem setjast að hér á landi geta átt í erfiðleikum með að fá menntun sína metna eða starf við hæfi. Háskólamenntað fólk með erlendan uppruna sinnir oft láglaunastörfum hérlendis, í fyrstu til að reyna að ná tökum á tungumálinu.



**Viktoría Hermannsdóttir**
viktoria@frettabladid.is

Það getur reynst nnflytjendum sem setjast að hér á landi erfitt að fá menntun sína metna eða fá starf sem hæfir menntuninni. Mörg dæmi eru um að háskólamenntaðir innflytjendur sinni láglaunastörfum hérlendis. Ástæðurnar eru margvíslegar. Sumir hafa átt erfitt með að fá menntun sína viðurkennda og þá sérstaklega þeir sem koma frá löndum utan EES. Margir þeirra sem Fréttablaðið hefur rætt við telja líka að það sé erfiðara að fá vinnu við sína menntun hérlendis beri maður erlent nafn.

Flestir sem koma hingað fara fyrst um sinn að vinna í láglaunastörfum meðan þeir koma sér inn í samfélagið. Tungumálið reynist þeim mörgum fjötur um fót til að byrja með.

Fréttablaðið hefur undanfarið kynnt sér hvers vegna það getur reynst innflytjendum svo snúið að fá menntun sína metna eða starf við hæfi.

**Þyrfti að einfalda**

Samtök kvenna af erlendum uppruna segja marga lenda í vandræðum með að fá námið metið. Stjórnarkonurnar Angelique Kelly og Anna Katarzyna Wozniczka benda á að það þurfi að líta á nám sem auðlind sem eigi að nýtast, hvort sem það er erlend menntun eða íslensk. „Ísland er að missa af tækifæri til þess að nota menntun og þekkingu þessa fólks,“ segir Anna. Þær benda á að það myndi hjálpa mörgum ef það yrði gert aðgengilegra og auðveldara fyrir fólk að fara í gegnum ferli til þess að láta meta nám sitt. Einnig mætti gera íslenskunám hagnýtara að einhverju leyti þannig að það tengist ákveðnum deildum. Þannig ætti að vera auðveldara að fara til starfa í því sérstaka fagi sem viðkomandi er menntaður í.

**Auðveldara fyrir fagmenntaða**

Auðveldara reynist iðn- og fagmenntuðum að fá metna sína menntun heldur en háskólamenntuðum, eftir að svokallað raunhæfnimat var tekið upp, samkvæmt Margréti Steinarsdóttur, lögfræðingi og framkvæmdastjóra Mannréttindaskrifstofu Íslands. Matið felur í sér verklegt mat á kunnáttu. „Einstaklingur er settur í slíkt mat og mögulega uppfyllir hann öll skilyrði eða það vantar kannski eitthvað upp á og þá er honum leiðbeint með það og getur þá bætt við menntun sína.“ Hún hefur unnið að málefnum innflytjenda frá árinu 2004 og segir algeng erindi til Mannréttindaskrifstofunnar snúa að því að fá hjálp við að fá menntun sína viðurkennda.

**Óþarfi að hræðast**

Samkvæmt þeim fjölmörgu sem Fréttablaðið hefur rætt við reynist hvað erfiðast að fá menntun á heilbrigðissviði metna. Kröfurnar eru háar vegna eðli starfsins en mörgum þykir þær of strangar. Í síðustu viku var sögð saga Liönu Belinski sem er menntaður kvensjúkdómalæknir frá föðurlandinu Úkraínu og hefur búið hér í ellefu ár. Hún hefur starfað á leikskóla í átta ár þar sem það hefur reynst henni erfitt að fá nám sitt metið hér. Eiginmaður hennar er menntaður skurðlæknir en vinnur í eldhúsi og vörumótttöku á spítala. Margrét bendir á í þessu samhengi einnig á að það sé óþarfi að hræðast erlenda menntun. „Í flestum ríkjum þar sem fólk er með háskólamenntun þá er það fullnægjandi menntun þannig að ég held við þurfum ekkert að vera hrædd við það.“

**Telur það ekki erfiðara hér**

Leifur Bárðarson, starfandi landlæknir, segist ekki kannast við að erfiðara sé að fá metið læknisnám hér heldur en annars staðar. „Þetta er ekkert flókið í sjálfu sér. Við þurfum að fá góða og gilda sönnun fyrir því að viðkomandi hafi lokið námi einhvers staðar og það uppfylli ákveðin skilyrði. Menntun á þessum stöðum er oft með öðrum hætti heldur en hér. Við viljum tryggja að menn hafi þá reynslu og þekkingu sem almennt tíðkast hér.“

**Ekki séríslenskt fyrirbæri**

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, forstöðumaður mennta- og nýsköpunarsviðs Samtaka atvinnulífsins, sagði í samtali við Reykjavík síðdegis í vikunni, að henni fyndist vera leifar af gömlum fordómum sem snúa að menntun sem kemur annars staðar frá en Íslandi. Vinnumarkaðurinn stæði frammi fyrir þeirri áskorun að viðurkenna menntun annars staðar frá. Hún sagði ekki vera um séríslenskt fyrirbæri að ræða, staðan væri svipuð í nágrannalöndum okkur. Hún telur þó að þetta sé að breytast. „Fólk gerir sér grein fyrir því að við þurfum á öllum hæfileikum að halda. Hvar sem þeir eru í samfélaginu.“

**Hagnýt íslenskukennsla**

Óskar Dýrmundur Ólafsson, hverfisstjóri í Breiðholti, er yfir tilraunaverkefninu Menntun núna sem fram fer í Breiðholti og Norðvesturkjördæmi. Markmið verkefnsins er að auka ráðgjöf og stuðning við menntun innflytjenda. Liður í því er að hjálpa fólki að fá menntun sína metna hérlendis. Óskar segir reynsluna af verkefninu vera góða en meginháherslа hefur verið lögð á þá sem eru með litla menntun eða enga. Engu að síður þekkir hann til þeirra sem eru mikið menntaðir en fá ekki störf við hæfi eða menntun sína metna. Að hans mati eru nokkur atriði sem mætti hafa í huga til að hjálpa fólki að eiga greiðari leið inn á vinnumarkað og fá starf sem hentar þeirra menntun. Nefnir hann hagnýta íslenskukennslu, ráðgjafaþjónustu og að atvinnurekendur taki það föstum tökum að ráða inn fólk af erlendum uppruna. „Það þyrfti íslenskunám sem er sniðið að þörfum hvers og eins, ráðgjafaþjónustu frá fyrsta degi sem gæti hjálpað fólki mjög hratt og örugglega í gegnum kerfið og að atvinnurekendur, hvort sem það eru opinberir aðilar eða einkaaðilar, taki það mjög alvarlega að ráða inn fólk af erlendum uppruna með þessa hæfni,“ segir hann. „Það gerist ekkert nema við setjum þetta inn sem stefnu,“ segir hann. „Eins með stjórnir fyrirtækja, rétt eins og við viljum jafna kynjahlutfall þá mætti alveg kveða sterkar að orði í mannauðsstefnu stofnana og fyrirtækja um þetta,“ segir hann. ▶

## Dýralæknir frá Litháen sem vinnur í kjötvinnslu



**ÁNÆGÐ Í VINNUNNI** Stacia fékk menntun sína metna en vegna þess að hún hefur ekki náð góðum tökum á íslensku hefur hún ekki treyst sér til að vinna sem dýralæknir. Hún útilokar þó ekki að vinna við menntun sína hér á landi seinna meir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stacia Zakarauskiené flutti til Íslands árið 2007. Hún er frá Litháen og menntuð sem dýralæknir þaðan. Hún vann við dýralækningar þarlendis í nokkur ár og ýmis störf tengd menntun sinni. Þegar hingað var komið fékk hún menntun sína metna en hefur ekki starfað sem dýralæknir. Hún fékk samning til reynslu hjá dýralækni en endaði á að vinna í kjötvinnslu þar sem hún hefur átt í erfiðleikum með að ná tökum á íslenska tungumálinu. „Ég reyndi að vinna sem dýralæknir en það stoppar mig að ég er ekki góð í íslensku. Ég get ekki talað mjög flókið og útskýrt hluti.“ Núna vinnur hún í kjötvinnslu og kann vel við sig. „Íslendingar eru yndislegir. Vinnufélagar mínir hafa stutt mig mjög mikið og mér finnst mjög gott að vera hér,“ segir hún. „Ég mun samt vonandi einn daginn starfa við það sem ég menntaði mig til, þegar ég hef náð betri tökum á íslenskunni.“

## Sótti um 200 störf en fékk ekki starf við það sem hún lærði



**HJARTAÐ TILHEYRIR HAGFRÆÐI** Alina útskrifaðist með master í fjármálaverkfræði og hefur sótt um fjölda starfa án þess að fá vinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég kom hingað fyrst sem aupair árið 2001. Síðan kynntist ég manninum mínum og þá ákvað ég að setjast að hérna,“ segir Alina Kerul sem er frá Litháen. Hún er menntuð sem saumafræðingur frá heimalandinu. „Fyrstu árin var ég að læra tungumálið og komast inn í samfélagið. Síðan langaði mig að gera meira og þess vegna skráði ég mig í hagfræði í háskólanum.“

Alina segist hafa haft einstaklega gaman af náminu og fengið góðar einkunnir þrátt fyrir að hafa verið með pínulítið barn á þessum tíma. Þegar hún útskrifaðist úr BS-náminu leitaði hún að vinnu í átta mánuði en varð ekkert ágengt í þeim efnum.

„Ég ákvað þá að taka master í fjármálahagfræði.“ Þaðan útskrifaðist hún með fyrstu einkunn. Eftir útskrift fór hún að sækja um störf á nýjan leik en ekkert gekk. „Ég sótti um 200 störf og fékk fjögur viðtöl. Þetta var ömurlegt. Ég horfði upp á samnemendur mína sækja um sömu störf og fá þau.“

Hún segist auðvitað ekki geta sagt það með vissu en hana grunar að það hafi eitthvað að gera með það að hún beri erlent nafn. Þeim umsóknum sé tekið á annan hátt en ef nafnið er íslenskt. „Þetta tók mjög á. Þetta hafði mikil áhrif á sjálfstraustið hjá mér því þetta er það sem ég hef svo gaman af og langaði að vinna við,“ segir hún.

Í dag vinnur hún í Jafnréttishúsi við ýmis skrifstofustörf. „Amal bjargaði mér. Ég hitti hana einu sinni og var að segja henni frá þessum vandamálum og hún bauð mér vinnu,“ segir hún og vísar þar til Amal Tamimi sem rekur Jafnréttishús. Hún hefur þó ekki gefist upp og vonast til þess að hún muni einn daginn starfa sem hagfræðingur.

„Hjarta mitt er í hagfræðinni og það er það sem ég elska að gera. Vonandi fæ ég vinnu við það einhvern tímann en núna er allavega ekkert í boði.“

www.hyundai.is

Ábyrgð
5 ÁRA
Ótakmarkaður Akstur

# NÝI BÍLLINN ER HYUNDAI

5 ára ábyrgð
Ótakmarkaður akstur!

## KOMDU TIL OKKAR OG PRÓFAÐU

Upplifðu Hyundai gæði strax í dag. Við bjóðum þér í kaffi og reynsluakstur og kynnum hina frábæru 5 ára ábyrgð sem fylgir öllum nýjum Hyundai.







ENNEMM / SIA / NM66208




*Miðað við uppgefnar tölur framleiðenda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

# 10%

## ÚTBORGUN INN Á NÝJAN HYUNDAI

Kynntu þér lánakjör Lykils á www.lykill.is

Lykill

## OPIÐ Í DAG FRÁ KL. 12-16

| GE bílar | Bílasalan Bilás | Bílasala Akureyrar | Bílaverkstæði Austurlands | IB ehf. |
|---|---|---|---|---|
| Reykjanesbæ | Akranesi | Akureyri | Egilsstöðum | Selfossi |
| www.bilahusid.is | www.bilas.is | www.bilak.is | www.bva.is | www.ib.is |
| 420 0400 | 431 2622 | 461 2533 | 470 5070 | 480 8080 |

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

Hyundai – Kauptúni 1 – Beint á móti IKEA – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

**22.744**
erlendir ríkisborgarar eru á Íslandi.

7% þjóðarinnar eru erlendir ríkisborgarar



**16.188**
erlendir ríkisborgar eru á íslenskum vinnumarkaði.

8,7% af vinnuafli á Íslandi eru erlendir ríkisborgarar



**1.221**
erlendir ríkisborgarar eru atvinnulausir.

7,5% atvinnulausra á Íslandi eru erlendir ríkisborgarar



## MENNTUN ERLENDRA RÍKISBORGARA Á ATVINNULEYSISSKRÁ

| 205 | 170 | 150 |
|---|---|---|
| MEÐ HÁSKÓLAPRÓF | MEÐ STÚDENTSPRÓF | HAFA LOKIÐ IÐNNÁMI |

Tölfræði fengin frá Vinnumálastofnun. Tölurnar eru áætlaðar og til bráðabirgða þar sem árið er ekki liðið. Tölfræðin á bara við um þá sem eru með erlendan ríkisborgararétt en algengt er að innflytjendur fái íslenskan ríkisborgararétt fimm til sjö árum eftir að þeir flytja til landsins.



**VAR DÆMT Í HAG** Davor sótti um að komast í lögregluskólann en var synjað. Hann var ósáttur við niðurstöðuna og vann málið á báðum dómsstigum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Synjað ólöglega um inngöngu í Lögregluskólann

Fékk viðurkennt á báðum dómsstigum að synjunin hefði verið ólögleg. Starfar sem lögfræðingur í dag.

Davor Purusic kom til Íslands árið 1993. Hann var lögreglumaður í Sarajevo þegar stríðið í fyrrverandi Júgóslavíu braust út og kom til Íslands til þess að leita sér lækninga. Davor lærði íslensku og sótti um að komast í Lögregluskóla ríkisins þar sem hann hafði áhuga á að starfa sem lögreglumaður hér. Í fyrra skiptið sem hann sótti um féll hann á þolprófi en í seinna skiptið stóðst hann öll próf. Hann komst þó ekki inn. „Þá voru reglur um að umsækjendur ættu að vera á aldrinum 20-35 ára. Ég var orðinn eldri þannig að ég hefði þurft undanþágu vegna aldurs til að fá inngöngu í skólann en hún var ekki veitt.“ Davor var ekki sáttur við niðurstöðuna og komst seinna að því að þrír aðrir hefðu fengið undanþágu þetta sama ár vegna aldurs til þess að komast inn í skólann. Hann leitaði til Umboðsmanns Alþingis og ráðuneytisins. Málið endaði fyrir dómi þar sem hann vann málið á báðum dómsstigum. „Fyrir mér var þetta réttlætismál þar sem mér fannst eins og verið væri að segja að af því ég komst ekki inn þá hefði ég eitthvað að fela eða það væri eitthvað að mér. Ég vildi viðurkenningu á því að ég hefði ekkert að fela.“

Málið var fyrir dómstólum í mörg ár. Þegar niðurstaðan varð loksins ljós hafði Davor hafið nám í lögfræði við Háskólann á Bifröst. Hann útskrifaðist þaðan með fyrstu einkunn og starfar á sviði lögfræði og lögmennsku í dag. Meðal annars starfar hann að verkefninu Menntun núna. „Sem betur fer eru breytingar til batnaðar. Augu hins opinbera og almennings eru að opnast fyrir því hversu mikill auður er falinn í fjölbreyttum hópi innflytjenda. Mér finnst virkilega metnaðarfullt af Reykjavíkurborg að ýta þessu verkefni úr vör og hlakka til að hjálpa öðrum innflytjendum að nýta réttindi sín og reynslu frá öðrum löndum í þágu íslensks samfélags.“

Þótt starfsréttindi séu fyrir hendi getur þó verið erfitt fyrir innflytjendur að fá vinnu á Íslandi. Davor segist sjálfur hafa fundið fyrir því að það sé erfiðara að sækja um störf hérlendis með erlent nafn. Hann hefur lent í því að sækja um störf hjá hinu opinbera þar sem fólk með sömu menntun og hann en minni starfsreynslu fái starfið. Hann segir þó að alltaf sé erfitt að sanna að þetta sé vegna nafnsins en að það sé tilfinningin sem hann fái.

Þrátt fyir að hann hafi ekki farið í Lögregluskólann segir hann það hafa verið mikilvægt fyrir sig að fá réttlætinu fullnægt. Hann lítur björtum augum á framtíðina og hvetur innflytjendur til að láta ekki hindranir hafa áhrif á markmið sín um að taka virkan þátt í íslensku atvinnulífi.



**MAGDALENA KUBISZEWSKA** Er menntuð í vélaverkfræði en hefur ekki fengið vinnu við menntun sína hér. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Verkfræðingur fær ekki vinnu

Magdalena hefur ekki fengið starf sem hæfir menntun sinni á Íslandi. Hún ætlar að læra betri íslensku í þeirri von að geta unnið við vélaverkfræði hér á landi.

Magdalena Malecka er fædd í Póllandi en kom til Íslands í lok árs 2006. Hún er menntaður vélaverkfræðingur frá föðurlandinu en jók við menntun sína í Þýskalandi. Henni hefur ekki tekist að fá vinnu við hæfi eftir að hún flutti hingað. Menntun hennar var metin af Háskólanum en illa hefur gengið að fá vinnu. „Ég vissi að þegar ég kæmi fyrst þá myndi ég þurfa að læra tungumálið og koma mér inn í samfélagið áður en ég fengi vinnu,“ segir hún. Magdalena starfaði við ræstingar en missti starfið eftir að hún veiktist og var frá vinnu í smá tíma. Hún eignaðist svo son sinn sem er nú tveggja ára og frá því hún var búin í fæðingarorlofi hefur hún reynt að fá vinnu sem hentar menntun hennar.

„Ég leitaði til Vinnumálastofnunar sem hjálpaði mér að reyna að finna starf sem myndi henta mér. Þeir hafa sent ferilskrána mína og meðmæli til nokkurra fyrirtækja þar sem menntun mín myndi nýtast eða ég kæmist í starfsþjálfun. Ég fékk hins vegar engin svör frá fyrirtækjunum.“

Hún hefur ekki náð fullkomnum tökum á íslenskunni en talar góða ensku. Magdalena er atvinnulaus sem stendur en er nú að leita sér að vinnu þar sem hún ætlar að leggja áherslu á að ná betri tökum á íslensku í þeirri von að fá vinnu við hæfi. „Mér var sagt að kannski ætti ég að flytja frá Íslandi, til dæmis til Noregs þar sem gæti vantað verkfræðinga. Mér finnst það sorglegt því mig langar ekki að flytja frá Íslandi. Ég keypti mér íbúð hér fyrir ári og á tveggja ára gamlan son sem var að byrja í leikskóla og er ánægður þar. Þannig mig langar ekki að gefast upp,“ segir hún. „Ég vona að það verði þannig að innflytjendur sem koma hingað með menntun frá góðum háskólum úti um allan heim geti fengið að starfa hér við menntun sína. Annars mun fólk flytja til annarra landa þar sem fyrirtæki vill ráða það.“

> **Mér var sagt að kannski ætti ég að flytja frá Íslandi, til dæmis til Noregs þar sem gæti vantað verkfræðinga. Mér finnst það sorglegt því mig langar ekki að flytja frá Íslandi.**

# Lögfræðingur á leikskóla

Það kom Miriam á óvart að vera bara boðin láglaunastörf eftir að hún flutti til landsins. Vinnur í dag á leikskóla og ver hagsmuni innflytjenda í frítíma sínum.

„Ég er menntuð sem lögfræðingur frá Brasilíu. Stuttu eftir að ég sótti um málflutningsleyfi fyrir hæstarétti þar, kynntist ég fyrrverandi manninum mínum í Brasilíu. Síðan ákváðum við að búa á Íslandi,“ segir Miriam Guerra D. Másson sem er lögfræðimenntuð frá Brasilíu. Hún getur ekki nýtt sér menntun sína hér af þeim augljósu ástæðum að lagaumhverfið er allt annað hér en í heimalandinu. „Þannig að ég fór að vinna á leikskóla og líkaði það mjög vel. Svo í framhaldi ákvað ég að mennta mig í þeim fræðum. Það var auðvitað leiðinlegt að vita að ég gæti ekki starfað hér sem lögmaður, eftir að hafa klárað sex ára lögfræðinám.“

Áður en Miriam flutti hingað til lands hafði hún einnig náð inntökuprófi til að komast inn í skóla sem undirbýr nemendur undir að verða dómarar.

Miriam skilur það vel að geta ekki nýtt lögfræðimenntun sína hér þar sem lagaumhverfið er annað, en það kom henni á óvart hvernig störf henni voru boðin þegar hún kom hingað. „Þegar ég hef sótt um vinnu hér hefur það komið mér á óvart að vera oft bara boðin störf eins og við ræstingar til dæmis.“

Hún tekur fram að þó hún hafi átt mjög gott líf í Brasilíu, þá hafi hún aldrei séð eftir að hafa flust til landsins. Hér er hún ánægð með lífið ásamt eiginmanni og börnum og segist hafa lært hluti sem hún hefði aldrei kynnst í Brasilíu.

Miriam fór í Háskóla Íslands fyrir nokkrum árum þar sem hún ætlaði að taka meistaranám í umhverfislögfræði. „Ég hef mikinn áhuga á lögum og þess vegna fór ég í HÍ, en hætti í náminu því ég myndi ekki fá nein réttindi hér. Þrátt fyrir að ég fái ekki nám mitt metið hér, hef ég kynnt mér mjög vel íslensk lög.“

Í stað þess fór hún að læra uppeldissálfræði í brasilískum háskóla og flaug á milli til þess að klára námið. Hún hefur nýtt sér þetta nám í starfi sínu á leikskóla en á sér enn þann draum að geta starfað sem lögmaður. „Ég er varaformaður í félagi sem aðstoðar portúgölskumælandi og má því segja að ég sé verjandi hagsmuna þeirra,“ segir hún.



**VER HAGSMUNI INNFLYTJENDA** Miriam starfar á leikskóla en er lögfræðimenntuð frá heimalandinu Brasilíu. Hún er varaformaður í félagi sem aðstoðar portúgalska innflytjendur sem hingað koma.




ENNEMM / NM66108

*340 kr. greiðslugjald leggst við hvern mánuð ef greiðslum er dreift á kreditkort. Nánari upplýsingar á siminn.is/vefverslun. **Þeir sem hafa áður fengið Spotify Premium á 0 kr. hjá Símanum geta ekki fengið Spotify áskrift á 0 kr. aftur. Ekki er hægt að fá Spotify Premium á 0 kr. án þess að vera með GSM snjallpakkaáskrift. Kaupaukann má nota með stærri Sveigjanlegum og Endalausum snjallpökkum. ***Kaupaukann má nota sem afslátt af mánaðargjaldi fyrir stærri Sveigjanlegaog Endalausa snjallpakka.

# Sorrí sigraði með yfirburðum

Við höldum áfram þeim samkvæmisleik að velja verstu og bestu titla ársins og nú er komið að geisladiskunum. Þar bar diskur Prins Póló höfuð og herðar yfir keppinautana, tveir af hverjum þremur álitsgjöfum völdu Sorrí besta titil ársins. Mjórra var á munum í keppninni um versta titilinn en Liberté Gulla Briem marði sigur á Eru ekki allir sexý? Helga Björns.

## BESTI TITILLINN



**1. SÆTI**
**SORRÍ**
PRINS PÓLÓ

❝ Gott af því Prinsinn hefur akkúrat ekkert til að vera sorrí yfir.

❝ Sorrí, en ég gat ekki, ekki valið Sorrí.

❝ Lýsir hljómsveitinni fullkomlega. Einfaldur titill sem segir samt svo margt.




**2. SÆTI**
**RÖKRÉTT FRAMHALD**
**GRÍSALAPPALÍSA**

❝ Finnst bara fyndið að hugsa til þess að nokkuð sé rökrétt fyrir Grísalappalísu.

❝ Mjög rökrétt nafn á rökréttri plötu, en líka flottur titill og gæti hafa komið úr smiðju Megasar – sem eru ekki slæm meðmæli.

❝ Hér hyggst bandið væntanlega ætla að slá vopnin úr höndum gagnrýnanda sem oft nota þennan frasa og tekst það svona ljómandi vel.



**3. SÆTI**
**MEXICO**
GUSGUS

❝ Hljómar vel. Lúkkar vel. Bara alveg eins og GusGus.

❝ Kúl plötutitill hjá kúl bandi.

❝ C-ið gerir gæfumuninn. Gott að þeir eru hættir í K-inu.

## VERSTI TITILLINN




**1. SÆTI**
**LIBERTÉ**
GULLI BRIEM

❝ Hljómar sjúklega snobbað.

❝ Gulli gerir heiðarlega tilraun til að tryggja sér heimsmeistaratitilinn í tilgerð.

❝ Fallegt orð – en franskt og verður því frekar tilgerðarlegt á íslenskri plötu.




**2. SÆTI**
**ERU EKKI ALLIR SEXÝ?**
HELGI BJÖRNS

❝ NEI!

❝ Ég er ekki viss hvort mér þyki þessi frasi henta sem plötutitill. Hann er ekki mjög sexý.

❝ Nei, Helgi. Ekki allir.




**3. SÆTI**
**KÖTTUR Á HEITRI STEYPU**
**GÍMALDIN**

❝ Ég mæli ekki með því að nýta sér þjónustu Google Translate þegar plötutitlar eru annars vegar.

❝ Léleg tilvísun.

## EINNIG NEFNDIR

**Fjöldi plötutitla komst á blað hjá álitsgjöfum, bæði sem besti og versti titill.**

**Versti titill**
**HEIM JÓN JÓNSSON**
❝ Það eru bara stórstjörnur sem komast upp með að bjóða aðdáendum sínum upp á svona týpískan og glataðan plötutitil. Minni spámenn mega hins vegar skammast sín.

**Besti titill**
**KÆLIR VARÐHUND STAFRÆNN HÁKON**
❝ Maður leiðir hugann alls ekki nægilega oft að varðhundum í frystikistum. Þessi plötutitill breytir því og á því skilið verðlaun af einhverju tagi.

**Versti titill**
**PALME ÓLÖF ARNALDS**
❝ Olof Palme … Really? Í versta falli smekklaust djók, í besta falli hallærislegur einkahúmor. Fittar tónlistinni 0%.

**Besti titill**
**O LOW ROAR**
❝ Er þetta einhver tíska núna að kalla plötur eftir bókstaf? En þetta er sniðugt, O eins og í báðum nöfnum á bandinu.

**Versti titill**
**DISKÓ BERLÍN NÝDÖNSK**
❝ Diskó + Berlín = Nýdönsk. Þetta er bara jafna sem gengur ekki upp. Nýdönsk fann óvart upp á nafni á GusGus plötu.

### → Álitsgjafar

| | |
|---|---|
| Gunnar Lárus Hjálmarsson | tónlistarmaður |
| Anna Margrét Björnsson | blaðamaður |
| Einar Bárðarson | umboðsmaður Íslands |
| Sara McMahon | blaðamaður |
| Steinþór Helgi Arnsteinsson | umboðsmaður |
| Lilja Katrín Gunnarsdóttir | blaðamaður |
| Kjartan Guðmundsson | dagskrárgerðarmaður |
| Kolbrún Björt Sigfúsdóttir | leikstjóri |
| Björn Teitsson | tónlistargagnrýnandi |


McMURDO
Dregur nafn sitt af STÆRSTU RANNSÓKNARSTÖÐINNI Á ANTARKTÍKU, McMurdo
GÆSADÚNN einangrar og heldur á þér hlýju, jafnvel í versta vetrarkuldanum
HYVENT ÖNDUNARFILMA veitir frábæra vatnsvörn
NÓG AF VÖSUM, ytri og innri, fyrir allt sem þú þarft að hafa með þér
NORTH FACE HEITIR EFTIR KÖLDUSTU HLIÐ FJALLS OG SEGIR ÞAÐ SITT UM GÆÐI FATNAÐARINS, SEM ER HANNAÐUR TIL AÐ VERJA ÞIG FYRIR HVERS KYNS VEÐRI.
THE NORTH FACE
NEVER STOP EXPLORING
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is
ÁRNASYNIR



**BJARTARI MYND** Glaðværar og hraustlegar konur á ökrunum um uppskerutímann. Ungbörn vafin í sjal á bakinu með hrokkinhærðan kollinn, hin fjörmikil og frísk með ávaxtaklíning út um allar kinnar. MYND/STEFÁN JÓN HAFSTEIN

# Hvers konar mannkyn viljum við vera?

**Stefán Jón Hafstein** segir sögur af fólki og náttúru í Afríku í bókinni Afríka – ást við aðra sýn. Hér er brot úr síðasta kafla bókarinnar sem heitir einfaldlega Mæður og fjallar um hættuna við að fæða barn.

**Afríka – ást við aðra sýn**
Höfundur **Stefán Jón Hafstein**
Útgáfa **Ísland ehf.**
Fjöldi síðna **175**

Mæðradauði. Fá orð vekja meiri óhug. Nema ef vera kynni ungbarnadauði. Andartakið þegar konan elur barn, þegar nýtt líf kemur úr skauti konu í þennan heim er það andartak sem mannkyn á að hylla, verja og vernda. En svo er ekki. Aldrei er afrísku konunni jafn hætt og þegar hún elur barn. 800 konur og stúlkur deyja af barnsförum daglega. 99% þeirra í þróunarlöndum. Er hægt að breyta þessu? Já. Síðustu 20 ár hefur dauðsföllum kvenna vegna barneigna fækkað um helming á hverjum degi.

Grátur og gnístran tanna. Gleðidagurinn mikli hefur breyst í harmleik. Smávaxni vörðurinn sem starfar hjá öryggisgæslufyrirtæki sem við skiptum við á eiginkonu sem er komin á blað og orðin hluti af alþjóðlegri tölfræði. Hann er góður maður, trúrækinn Sjöunda dags aðventisti, heiðríkur til augnanna og segir satt og rétt frá, þótt hann sé uppburðarlítill til orðs og stami þegar mikið liggur á hjarta er hann upplitsdjarfur og brosmildur í dagsins önn. Heimurinn hefur hrunið. Eiginkonan hans unga er liðið lík á aðalsjúkrahúsi landsins en við hlið hennar skæla tvíburarnir Emma og Emmanuel. Hún er ein af sextán konum í Malaví þennan dag sem deyja af barnsförum, orðin hluti af þessu skelfilega meðaltali. Ein af 285.000 konum sem deyja árlega af barnsförum í heiminum.

Á undanförunum árum hefur náðst glæsilegur og gleðilegur árangur í því að fækka dauðsföllum af barnsförum. Fyrir áratug eða svo dó rúmlega hálf milljón kvenna árlega í heiminum vegna þessa, nú er talan heldur lægri en nemur íbúafjölda Íslands. Mikið hefur áunnist. Og ungbarnadauði er á hraðri niðurleið líka.

Kona sem fæðir barn á Norðurlöndum er í þúsundfalt minni hættu en kynsystir hennar í Afríku, þar sem hættan er mest. Sönnunargögnin liggja fyrir og þekkingin er til staðar, það er hægt að koma í veg fyrir að kona deyi vegna barnsfæðingar á tveggja mínútna fresti. Ígildi þess að tveir flugvélafarmar tortímist hvern einasta sólarhring. Úr því að okkur tókst að fækka dauðsföllum um næstum helming á einum áratug ætti að vera hægt að gera enn betur. Við höfum ástæðu til að vera bjartsýn og Ísland hefur lagt sitt af mörkum með því að byggja fæðingardeildir og sjúkrahús í Afríku.

Þetta er því ekki spurning um þekkingu eða getu, heldur um siðferði og pólitík. Á mannamáli er þetta spurning um hvers konar fólk við viljum vera, hvers konar mannkyn.

Það er hægt að gefa tvíburum eins og Emmu og Emmanuel ástríka móður, hún hefði ekki þurft að fá sýkingu í þessu sýklabæli sem sjúkrahúsið er, vanbúið tækjum, lyfjum og fólki sem kann til verka.

Það er hægt að sjá fyrir sér miklu bjartari mynd en blasir við á héraðssjúkrahúsinu þar sem lítill sveinn liggur á dulu við hlið magnvana konu sem var að koma úr keisaraskurði. Þær liggja þarna 15-20 konur með króga sína á gólfinu í litlu herbergi, allar samansaumaðar eftir erfiða aðgerð og allar í stórhættu á að fá sýkingu og komast á blað Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar næsta ár.

Konurnar úti í þorpunum deyja af því að eitthvað kemur uppá á meðgöngunni, yfirsetukonan ræður ekki við slíkt með sínu vaskafati og þvottaklúti. Ólánsöm konan þarf að fæða á bastmottu á moldargólfi í óupplýstum leirkofa með yfirsetukonunni og þá má ekkert út af bregða. Sé heppnin með má kalla á reiðhjólavagn með sjúkrabörum til að flytja hana eftir moldarslóða inn á heilsugæslu sem er langt í burtu.

Það er hægt að sjá fyrir sér miklu bjartari mynd: Glaðværar og hraustlegar konur á ökrunum um uppskerutímann. Ungbörn vafin í sjal á bakinu með hrokkinhærðan kollinn, hin fjörmikil og frísk með ávaxtaklíning út um allar kinnar. Komin smábarnafita á upphandlegginn, spékoppar fljótandi um brosmild andlit, jafnvel undirhaka og þessi fagra glóð sem kemur undir dökka húðina þegar börnin og mæður þeirra fá nóg að borða. Glaðlegar brosmildar konur sem gefa brjóst við vatnsdæluna og kjafta í erg og gríð eða bresta í söng. Koma á heilsugæslustöðvar með snjáðu bólusetningarkortin og láta vega börnin og mæla.



**ÖNNUR SÝN** Kona heldur á heilbrigðu barni sínu, ákaflega stolt á svip og gefur aðra sýn en hörmungarsýn á Afríku. MYND/STEFÁN JÓN HAFSTEIN



**UNG MÓÐIR** Kona sem fæðir barn á Norðurlöndum er í þúsundfalt minni hættu en kynsystir hennar í Afríku, þar sem hættan er mest. MYND/STEFÁN JÓN HAFSTEIN

**Konurnar úti í þorpunum deyja af því að eitthvað kemur uppá á meðgöngunni, yfirsetukonan ræður ekki við slíkt með sínu vaskafati og þvottaklúti. Ólánsöm konan þarf að fæða á bastmottu á moldargólfi.**

**800**
STÚLKUR OG KONUR
deyja af barnsförum daglega.

**99%**
þeirra í þróunarlöndum.



GALDRASKJÓÐA
GURRÍAR
Galdraskjóða Gurríar er drekkhlaðin leiðum til að greina, spá og sjá fyrir það sem verður. Til gamans og dægrastyttingar.
Tarot, spilaspár, ástargaldrar, talnaspeki, Feng Shui, draumar, velgengnigaldrar, stjörnuspeki og margt fleira
GALDRASKJÓÐA
GURRÍAR
Til gamans og dægrastyttingar
Tarot
Spilaspár
Ástargaldrar
Talnaspeki
Feng Shui
Draumar
Velgengnigaldrar
Stjörnuspeki
og margt fleira
GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR
FYRIR FÓLK MEÐ FRAMTÍÐ
BIRTÍNGUR
ÚTGÁFUFÉLAG



**NÝJA STJÓRNIN VILL KOMA EFNAHAGSLÍFINU Á SIGLINGU** Kim Kielsen, oddviti nýju þriggja flokka stjórnarinnar á Grænlandi, segir að stjórnarmyndunarviðræður við aðra flokka hafi strandað á afstöðunni til úranvinnslu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Siumut áfram við völdin

Grænlenskum sósíaldemókrötum hefur tekist að fá frjálslynda og frjálshyggjumenn til liðs við sig í nýrri meirihlutastjórn, tveimur mánuðum eftir að fyrri stjórn þeirra hrökklaðist frá völdum vegna spillingarmáls. Úrandeilan réð úrslitum.

**Guðsteinn Bjarnason**
gudsteinn@frettabladid.is



Á fimmtudaginn tókst Kim Kielsen, leiðtoga Siumut-flokksins, að mynda þriggja flokka stjórnarmeirihluta, aðeins tæplega viku eftir kosningar til grænlensku landstjórnarinnar. Siumut er flokkur grænlenskra sósíaldemókrata.

Sósíaldemókratar verða því áfram við völd, þrátt fyrir fylgistap og þrátt fyrir að forveri Nielsens, Aleqa Hammond, hafi óvænt þurft að segja af sér og boða til kosninga nú í haust, tæpum tveimur árum áður en kjörtímabilið rann út, eftir að hafa orðið uppvís að spillingu. Hún hafði notað fé úr ríkissjóði til þess að borga flugmiða og hótelgistingu fyrir sjálfa sig og fjölskyldu sína.

Sósíaldemókratar unnu mjög tæpan sigur á vinstriflokknum Inuit Ataqatigiit. Báðir flokkarnir fengu ellefu þingsæti á grænlenska landsþinginu, Inatsisartut, en Siumut fékk 327 atkvæðum meira en IA.

Eftir kosningarnar var ákaft skorað á báða þessa stóru flokka að mynda saman þjóðstjórn, en niðurstaðan varð sú að sósíaldemókratar fengu tvo litla flokka til liðs við sig. Annars vegar er þar Demókrataflokkurinn, sem er flokkur frjálslyndra, hins vegar Atassutflokkurinn, sem er flokkur frjálshyggjumanna.

Það er því ljóst að Nielsen mun leiða þriggja flokka hægristjórn á Grænlandi næsta kjörtímabil. Saman hafa þessir flokkar sautján þingsæti. Stjórnarandstöðuflokkarnir tveir, IA og Naleraq-flokkurinn, verða með fjórtán þingmenn.

### Úranið réð úrslitum

Það sem réð úrslitum við stjórnarmyndunina var afstaða flokkanna til úranvinnslu. Stjórnarflokkarnir þrír eru á einu máli um að hrófla ekki við ákvörðun síðustu stjórnar um að fella úr gildi algert bann við úranvinnslu, sem sett var árið 1988 þegar Danir höfðu enn öll völd á Grænlandi.

Ógilding bannsins var eitt hið fyrsta sem sósíaldemókratar gerðu þegar þeir komust til valda árið 2013, en vinstriflokkurinn IA hafði í kosningabaráttunni núna heitið því að endurvekja bannið kæmist hann í stjórn núna. Þannig að vart er að undra þótt strandað hafi á þessu máli í stjórnarmyndunarviðræðum stóru flokkanna tveggja nú í vikunni.

„Siumut gat ekki náð samkomulagi við Inuit Ataqatigiit um úranmálið,“ sagði Kielsen, verðandi leiðtogi nýju stjórnarinnar, á blaðamannafundi á fimmtudagskvöld, að því er fram kemur á vef grænlenska dagblaðsins Sermitsiaq: „Við viljum koma efnahagslífinu í gang.“

Í viðtali við grænlenska ríkisútvarpið boðar hann þó að settar verði einhverjar takmarkanir á úranvinnslu, hliðstæðar þeim sem þekkjast í Evrópusambandinu og í Kanada. Hann segist jafnframt ekki útiloka að reynt verði að hafa samstarf við aðra flokka um önnur mál.

### Áhyggjur

Úran er að finna í miklu magni á einum stað sunnan til á Grænlandi, nánar tiltekið í fjalli sem heitir Kvanefjeld. Þar í jörðu eru sjaldgæfir jarðmálmar í meira magni en víðast hvar annars staðar á jörðinni, og þar er sjötta stærsta úranforða jarðar að finna.

Eigandi námuréttar þar er ástralska félagið Greenland Minerals and Energy, sem hefur meðal annars hug á að vinna úran úr jörðu þar. Með því að fella bannið úr gildi var opnað á möguleikann að Greenland Minerals and Energy hefji úranvinnslu, en hagkvæmniskannanir benda til þess að hagnaður geti orðið verulegur.

Helsta áhyggjuefnið hefur verið að vinnslan á þessu geislavirka efni yrði í næsta nágrenni byggðar í Narsaq og flugvallarins. Menn óttast jafnvel að öll byggð, landbúnaður og fiskveiðar leggist af á sunnanverðu Grænlandi. Aðrir óttast að hagnaðurinn fari að stærstum hluta úr landi, þar sem fjármagnið kemur að utan.

### Dvínandi bjartsýni

Fyrir fáum árum gerðu Grænlendingar sér vonir um að stórfelldur námurekstur ásamt olíuvinnslu norðaustur af landinu myndu tryggja landinu fjárhagslegt sjálfstæði, og þar með fullt sjálfstæði frá Danmörku samkvæmt sjálfstjórnarsamningnum við Dani árið 2008. Þetta átti jafnvel að vera orðið að veruleika innan fárra ára.

Verulega hefur nú dregið úr þessum væntingum, jafnvel svo mjög að svartnætti virðist skollið á. Allt virðist hafa farið úrskeiðis á síðustu árum, bæði í efnahagsmálum og velferðarmálum þar sem margt hefur setið á hakanum.

Olíuvinnslan virðist langt undan og efnahagslegt sjálfstæði varla í sjónmáli næstu áratugina.

Í nýlegri skýrslu norrænna sérfræðinga, sem hafa starfað á Grænlandi eða í nánu samstarfi við Grænlendinga, er meðal annars varað við því að stórfelldur námuiðnaður og önnur hráefnisvinnsla krefjist þess að til landsins komi fjöldinn allur af erlendu starfsfólki, svo margir reyndar að á endanum verði Grænlendingar sjálfir í minnihluta íbúa landsins.

### Og þó?

Í viðtölum hafa norrænu sérfræðingarnir þó sagt að útlitið þurfi ekki að vera svo svart. Margt hafi gengið vel, ekki síst í ferðaþjónustu og fiskveiðum, og á því verði Grænlendingar að byggja.

„Grænlendingar sjálfir átta sig ekki á því hve vel hefur í raun gengið frá því nútímavæðing hófst fyrir hálfri öld,“ sagði Minik Rosing, prófessor við Náttúrusögusafn Danmerkur, í viðtali við danska útvarpið í lok nóvember. „Maður á auðvitað ekki að láta eins og vandamálin séu engin, en það hefur náðst töluverður árangur.“



**Kim Kielsen** Leiðtogi Siumut hefur tryggt væntanlegri stjórn meirihluta á grænlenska landsþinginu.



**Sara Olsvig** Leiðtogi vinstriflokksins IA verður í stjórnarandstöðu, rétt eins og á síðasta kjörtímabili.



**KOSIÐ TIL ÞINGS** Grænlendingar kusu sér nýtt landsþing um síðustu helgi, aðeins hálfu öðru ári eftir síðustu þingkosningar. NORDICPHOTOS/AFP

## GRÆNLENSKU STJÓRNMÁLAFLOKKARNIR

**Siumut (Áfram)**
Sósíaldemókratar fengu **34,6 prósent** atkvæða og 11 þingmenn. Fer í forystu fyrir nýrri stjórn. Leiðtogi flokksins er Kim Kielsen, sem tók við af Alequ Hammond.

**Inuit Ataqatiigit (Samfélag fólksins)**
Grænlenski vinstriflokkurinn fékk **33,5 prósent** atkvæða og 11 þingmenn. Leiðtogi flokksins er Sara Olsvig, tók við af Kuupik Kleist.

**Demókratar**
Fengu **11,9 prósent** atkvæða og fjóra þingmenn. Tekur þátt í nýrri stjórn með Siumut og Atassut.

**Partii Naleraq**
Klofningsframboð Hans Enoksens, sem áður var í Siumut, fékk **11,7 prósent** atkvæða og þrjá þingmenn.

**Atassut (Samstaða)**
Fékk **6,6 prósent** atkvæða og tvo þingmenn. Tekur þátt í nýrri stjórn með Siumut og Demókrötum.

## STAÐA GRÆNLANDS GAGNVART DANMÖRKU

**1721** Danski trúboðinn Hans Egede kom til Grænlands og lagði grunn að nýlenduveldi Dana þar.

**1953** Grænland formlega innlimað í Danmörku og fær þar með fulltrúa á danska þinginu.

**1973** Danmörk gekk í Efnahagsbandalag Evrópu (EBE), forvera Evrópusambandsins (ESB), og Grænland þar með einnig.

**1979** Grænland fékk heimastjórn með eigið þing og eigin stjórn.

**1985** Grænland sagði sig úr EBE, vegna ágreinings um fiskveiðistjórnun. Grænlendingar hafa þó áfram töluverð tengsl við ESB í gegnum Danmörku.

**2009** Grænlendingar fengu sjálfstjórn með vilyrði um fullt sjálfstæði síðar meir, takist þeim að standa undir sér efnahagslega án aðstoðar frá Danmörku.

# SPJALDTÖLVUR

LAUGARDAGUR 6. DESEMBER 2014

Kynningarblað Epli.is, eBækur og Tölvulistinn

# iPad er vinsæl jólagjöf fyrir alla

iPad er góð gjöf fyrir fólk á öllum aldri og notagildi hans nær yfir alla aldurshópa. Skerpan í nýjustu skjáunum er orðin það góð að augun þreytast ekki við lestur og áhorf líkt og áður. Öryggi spjaldtölvunnar hefur einnig aukist til muna með tilkomu fingrafaralesarans.

Undanfarin ár hafa spjaldtölvur verið vinsæl jólagjöf. Að sögn Ólafs Sólimanns, hjá Epli, hefur iPad verið vinsælasta spjaldtölvan síðustu ár sem gjafir fyrir fólk á öllum aldri. „Foreldrar koma og kaupa iPad fyrir börnin sín, sjálfa sig og jafnvel foreldra sína. Það virðist vera þannig að þeir sem eiga sjálfir iPad kaupi líka fyrir fólkið í kringum sig. Við höfum fundið vel fyrir því undanfarin ár að iPadinn er vinsæl jólagjöf og er hvíti liturinn sérstaklega vinsæll um jólin. Ætli það sé ekki tengingin við snjóinn,“ segir Ólafur og brosir.

### Notaður í leikskólum

Notagildi iPad er mikið og geta allir aldurshópar fundið eitthvað við sitt hæfi í þeim. „Börn á leikskólaaldri og allt upp í fólk á efri árum notar iPad á sínum forsendum. Inni á leikskólunum eru tölvurnar notaðar, meðal annars, til að þjálfa fínhreyfingar og kenna börnum að draga til stafs. Einnig er verið að vinna með myndbönd og búa til rafbækur. Eldri krakkar nota iPadana til að leita sér að upplýsingum, vinna tónlistarmyndbönd og aðra kvikmyndavinnu og alls kyns aðra skapandi vinnu sem tengist verkefnum í skólanum. Fullorðna fólkið notar svo spjaldtölvurnar í ýmislegt, svo sem til að lesa rafbækur, finna uppskriftir og annað á netinu.“

### Minna pappírsflóð

Notkun spjaldtölva í fyrirtækjum hefur aukist mikið upp á síðkastið. „Við sjáum mikinn vöxt í því að stjórnendur fyrirtækja velja að nota spjaldtölvur sem fundarbækur, glósutæki og tæki til að halda utan um minnispunkta.



iPad er einfaldur og þægilegur í notkun.

Með spjaldtölvum er einnig hægt að minnka pappírsflæði sem oft er mikið í fyrirtækjum. Til dæmis eru þær sniðugar fyrir starfsfólk sem er í vettvangsathugunum. Þá eru skýrslurnar gerðar beint á iPad í staðinn fyrir að gera þær fyrst á pappír sem er svo farið með í hús og upplýsingarnar færðar yfir í tölvu. Þá er myndavélin á spjaldtölvunni góður kostur þar sem hægt er að taka myndir og setja beint inn í skýrslu á einu og sama tækinu,“ útskýrir Ólafur.

### Skjáirnir orðnir betri

Ólafur segir það mikinn kost fyrir eldra fólk að hægt sé að stækka bæði letur og vefsíður á iPad. „Nýjustu skjáirnir, svokallaðir retinaskjáir, eru orðnir það góðir að þeir þreyta ekki augun. Skerpan er svo góð að augað greinir ekki lengur muninn á því hvort verið sé að lesa af skjá eða blaði. Áður þreyttist augað alltaf þar sem það voru óskýrar línur á skjánum. Margt eldra fólk var líka í vandræðum með músina, átti erfitt með að stýra henni og horfa á skjáinn um leið. Með iPadinum eru þessi vandræði úr sögunni þar sem einfalt er að nota hann þar sem fólk horfir á skjáinn, ýtir beint á hann og sér eitthvað gerast í framhaldi af því.“




Ólafur Sólimann, hjá Epli, segir hvíta iPadinn vera sérstaklega vinsælan fyrir jólin. MYND/GVA

### Öryggi í fingrafaralesara

iPad er ein öruggasta spjaldtölvan á markaðnum og fingrafaralesari hennar eykur öryggið til muna. „Fingrafaralesarinn kemur í raun og veru í staðinn fyrir lykilorð. Þannig verður fólki gert auðvelt að setja öryggið á og ekki þarf að muna neitt sem er stór kostur í þessum lykilorðaskógi sem flestir þekkja. Með því að nota fingrafaralesarann er búið að gera tækið og allar upplýsingar inni á því það öruggar að nánast óhugsandi er fyrir einhvern óviðkomandi að komast inn í það. Ef iPadinn týnist eða er stolið er hægt að þurrka allar upplýsingar á honum út frá netsíðu. Fingrafaralesarinn er líka hluti af því að gera okkur öruggari í þessum stafræna heimi sem við lifum í og gera hann þægilegri.“

> Foreldrar koma og kaupa iPad fyrir börnin sín, sjálfa sig og jafnvel foreldra sína. Það virðist vera þannig að þeir sem eiga sjálfir iPad kaupi líka fyrir fólkið í kringum sig.





Jólin byrja með nýju Epli

iPad Air 2
Verð frá 89.990.-
Silfur - Gull - Dökkgrár

iPad mini 3
Verð frá 74.990.-
Silfur - Gull - Dökkgrár

Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

EPLI

# Hljóðbækur sífellt vinsælli

Með tilkomu snjallsíma hefur sala hljóðbóka þrefaldast víða erlendis enda hafa notkunarmöguleikar margfaldast. eBækur bjóða rafrænar útgáfur hljóðbóka sem niðurhal í síma og spjaldtölvur á einfaldan og aðgengilegan hátt.

Með tækninýjungum á borð við snjallsíma og spjaldtölvur hefur orðið bylting fyrir þá sem kjósa að hlusta á bækur í stað þess að lesa þær, að sögn Stefáns Hjörleifssonar, framkvæmdastjóra eBóka. Hann segir fólk ekki lengur bundið við einn stað eins og heimilið eða bílinn líkt og áður, heldur sé mikill meirihluti þess alltaf með tæki á sér sem hægt er að nota til að hlusta í. „Flestir eru með farsímann á sér öllum stundum; í göngutúrnum, á hjólinu, úti að skokka og jafnvel í líkamsræktinni auk þess sem hann er gjarnan skammt undan heima fyrir eða í bílnum. Það sama má segja um spjaldtölvuna sem auðvelt er að kippa með sér þegar farið er að heiman.“




Stefán segir hljóðbækur vera fyrir alla, ekki aðeins fyrir lestrarhamlaða og eldra fólk. „Hljóðbækur eru nefnilega frábær valkostur fyrir alla þá sem vilja njóta góðra bóka í frábærum flutningi, ekki síst fyrir þá sem hafa mikið að gera og finna sér ekki tíma til að setjast niður og lesa. Þú kemst einfaldlega yfir miklu meira efni með því að hlusta þó ekki sé nema á brot eða bókarkafla á leið í vinnuna, í ræktinni að ekki sé minnst á aðra líkamsrækt og útivist sem tekur lengri tíma. Þegar upp er staðið hefur hlustandinn komist í gegnum fjölda bóka á sama tíma og hann var að gera eitthvað allt annað. Svo má auðvitað setja sig í lestrarstellingar líka, halla aftur augunum og njóta þess að hlusta.“

### Útgáfan eykst

Að sögn Stefáns hafa eBækur frá upphafi kappkostað að bjóða hljóðbókina sem alvöru valkost þannig að hún komi út samhliða prentuðu bókinni. „Þannig höfum við boðið marga af vinsælustu titlum síðustu ára í þessu formi sem allra næst útgáfudegi og gjarnan sama dag. Þar má til dæmis nefna nýjustu bækur Arnaldar Indriðasonar og Yrsu Sigurðardóttur, fjölbreyttar ævisögur og fagurbókmenntir. Við leggjum áherslu á að fá góða lesara, leikara eða höfunda til verksins og allur frágangur er fyrsta flokks.“

Það hefur orðið mikil aukning í útgáfu hljóðbóka fyrir almennan markað undanfarin ár og nú eru hundruð titla í boði hjá eBókum sem niðurhal auk þess sem flesta sömu titla má einnig kaupa í bókabúðum. „Það hefur því orðið jafn vöxtur hjá okkur síðustu árin og þetta ár virðist fara mun betur af stað en fyrri ár sem segir okkur að markaðurinn er að stækka enn frekar.“

***Allar nánari upplýsingar um eBækur og þær hljóðbækur sem eru í boði má finna á www.ebaekur.is.***




„Hljóðbækur eru nefnilega frábær valkostur fyrir alla þá sem vilja njóta góðra bóka í frábærum flutningi,“ segir Stefán Hjörleifsson, framkvæmdastjóri eBóka. MYND/VALLI






Yrsa Sigurðardóttir

## *Hvalreki fyrir rafbókaunnendur*

Úrval rafbóka hefur aukist jafnt og þétt hérlendis undanfarin ár og þeim fjölgar stöðugt sem kjósa að lesa rafbækur samhliða eða í stað hefðbundinna bóka. Nú geta unnendur rafbóka nálgast allar tíu glæpasögur Yrsu Sigurðardóttur sem rafbækur á einstöku tilboði á eBækur.is, eða frá 990 kr. Þetta er í fyrsta sinn sem heildarsafn rafbóka er gefið út eftir jafn þekktan og afkastamikinn höfund og er það við hæfi að drottning íslenskra glæpasagna ríði nú á vaðið með heildarútgáfu bóka sinna. Allar upplýsingar um rafbækur Yrsu Sigurðardóttur og aðra titla sem í boði eru hjá eBókum má finna inn á www.eBækur.is.




Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
Umsjónarmenn auglýsinga: Jónatan Atli Sveinsson, s. 512-5446, jonatan@365.is
Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.


SAMSUNG
UPPLIFÐU MUNINN
SAMSUNG
Þynnri, léttari og enn betri skjár
**Samsung Galaxy TAB S** er fyrsta spjaldtölvan sem kemur með **Super AMOLED skjá** sem gefur meiri litadýpt og hraðari svörun.
Þú sérð muninn. Þú finnur muninn.
Samsung
GALAXY Tab S

# Handhæg og auðskilin verkfæri

Spjaldtölvur í skólastarfi kalla á grundvallarbreytingar á kennsluháttum þar sem hlutverk bæði kennara og nemenda breytast. Mikil gróska verður á næstu árum þar sem grunnskólar á landsbyggðinni munu vafalaust taka af skarið.


„Spjaldtölvur og fartækni kalla á grundvallarbreytingar á kennsluháttum," segir Ragnar Þór Pétursson, sérfræðingur í skólaþróun hjá Skema. MYND/GVA

Einungis nokkur ár eru síðan spjaldtölvur eins og við þekkjum þær komu fram á sjónarsviðið. Árið 2011 var starfsfólk grunnskóla hérlendis farið að skoða þær sem möguleg kennslutæki og gera prófanir í þeim tilgangi. Á sama tíma voru stjórnendur og kennarar grunnskóla að skoða fleiri tæknimöguleika eins og bókhlöður eða kindla að sögn Ragnars Þórs Péturssonar, sérfræðings í skólaþróun hjá Skema og fyrrverandi grunnskólakennara. „Fyrsta stóra innleiðingarverkefnið hérlendis var spjaldtölvuverkefni í Norðlingaskóla þar sem ég starfaði áður, um áramótin 2011-2012. Stuttu eftir það fór boltinn að rúlla annars staðar."

Ragnar segir vanda allrar skólaþróunar, sérstaklega tækniþróunar, vera þá að tækin ein og sér stuðli ekki að breytingum, allra síst nauðsynlegum breytingum. „Spjaldtölvur og fartækni kalla á grundvallarbreytingar á kennsluháttum, þar sem kennarinn tekur sér annað hlutverk og nemandinn gerist ábyrgur fyrir þáttum í eigin námi sem áður voru á ábyrgð kennarans. Mikil togstreita er innan skólakerfisins af þessum sökum því of margir reyna að nota spjaldtölvur án þess að stíga skrefið til fulls og umbylta kennsluháttum. Við þær aðstæður er mikil hætta á að það eigi sér stað öfugþróun og að námið verði verra en ekki betra."

Hann segir spjaldtölvuvæðingu gefa nemendum handhæg og auðskilin verkfæri til gagnaöflunar, sköpunar og náms og í þeim felast raunveruleg tækifæri til að frelsa bæði nemendur og kennara frá ítroðslu og stagli. „Í góðum skólum og hjá góðum kennurum eru þær notaðar til að gera nemendur ábyrgari, virkari og skapa rými fyrir betri nýtingu á tíma kennara með nemendum."

Að sögn Ragnars er eitt einkenni rafnáms að hægt er að einstaklingsmiða efni mun betur en áður. Því má segja að mesti ávinningurinn sé kannski fyrir þá sem „hefðbundið nám" hefur hentað verst. „Það geta bæði verið nemendur sem eru slakir á ákveðnu sviði eða ofsasterkir. Einnig má nefna nemendur með annað móðurmál en íslensku sem nú geta aflað sér upplýsinga á móðurmálinu. Þá má nefna lesblinda nemendur sem geta notað talgervla eða rafbækur. En í raun og veru græða allir á réttri nýtingu því námið breytist í grundvallaratriðum hjá öllum ef vel er að verki staðið."

## Spennandi verkefni fram undan

Hann spáir mikilli fjölbreytni í skólaþróun á allra næstu árum. „Að öllu óbreyttu munum við líklega sjá tvo meginstrauma takast á. Annars vegar þá sem munu reyna að nýta spjaldtölvur og fartækni til að auka skilvirkni og straumlínulaga nám eins og við þekkjum það. Því mun fylgja stöðlun kennsluefnis og kennsluhátta og námið vera mjög kennsluefnismiðað, en það hefur einkennt íslenskt skólakerfi furðu lengi. Aðrir munu nota tæknina til að sprengja sig út úr hinu hefðbundna og sækja fram. Þeir munu nota tækin til að ná markmiðum sem hingað til hefur verið erfitt að ná."

Hann segir þá þætti sem ráða munu úrslitum vera stuðning jafningja, endurmenntun og aðgang að þekkingu og fræðslu. „Það verður ekki nóg að hafa aðgang að fólki sem kann rosalega vel á tölvur og öpp. Það verður tilfinnanlegur skortur á fólki með raunverulega þekkingu á þeirri kennslufræði sem liggur til grundvallar rafnámi. Það verður mikið þarfaþing ef skólar auka samstarf sín á milli og taka samhliða tækninni upp aukið innra samstarf, t.d. með teymiskennslu."

Mörg spennandi verkefni eru í gangi þessa dagana víða um land að sögn Ragnars. „Ég held að landsbyggðin muni taka af skarið á næstu árum í skólaþróun með nokkrum markverðum undantekningum á höfuðborgarsvæðinu og að hér muni mestu skipta hvort fólk hefur þann stuðning sem þarf til að leysa úr læðingi þá krafta sem þegar búa í skólalífinu og að menn þori að gera breytingar. Þar sem kennarar og nemendur hafa aðstæður og rými til að endurskapa skólana sína, þar gerast töfrarnir. Verkefni okkar er síðan að styðja við vaxtarbroddana og berjast síðan gegn bakslaginu sem kemur fyrr eða seinna – en það er höfuðóvinur skólaþróunar og hefur alltaf verið."


**Ævintýraheimur barnanna!**

Á Krakkastöðinni er að finna vandað talsett barnaefni úr öllum áttum í bland við íslenskt sjónvarpsefni. Krakkabíó alla daga kl. 19:00 og sögustund fyrir svefninn. Krakkastöðin er svo sannarlega ómissandi fyrir yngstu kynslóðina.




3 + Krakka stöðin + ♪

2.990 kr.




FRÍTT FYRSTA MÁNUÐINN!
NÁNAR Á 365.IS

Fáðu þér áskrift! 365.IS

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## ÓLÍKIR JÓLASIÐIR

**Söguhringur kvenna er samstarfsverkefni Borgarbókasafns Reykjavíkur og Samtaka kvenna af erlendum uppruna á Íslandi. Síðasti söguhringur ársins verður í Gerðubergssafni á sunnudag kl. 13. Boðið verður upp á skemmtilega jólastund í alþjóðlegum anda þar sem meðal annars gefst tími til að ræða um jólasiði í hinum ýmsu heimalöndum.**











Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is


# ÖFLUG VÖRN GEGN SVEPPASÝKINGU

**ICECARE KYNNIR** *Bio Kult Candéa-hylkin veita öfluga vörn gegn candida-sveppasýkingu. Unnur Gunnlaugsdóttir segir notkun hylkjanna það eina sem hafi virkað í baráttu hennar við síendurteknar sýkingar.*

Bio Kult Candéa er öflug blanda af vinveittum gerlum, hvítlauk og grape-seed extract. Það virkar sem öflug vörn gegn candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla. Sveppasýking getur lýst sér á mismunandi hátt og komið fram með ólíkum hætti. Einkenni sveppasýkingar geta meðal annars verið munnangur, fæðuóþol, pirringur, skapsveiflur, þreyta, meltingartruflanir, brjóstsviði, verkir í liðum, mígreni og alls kyns húðvandamál.

Bio Kult Candéa er öflug vörn gegn sveppasýkingu á viðkvæmum svæðum hjá konum. Unnur Gunnlaugsdóttir fékk fyrst sveppasýkingu fyrir fjórtán árum og fékk í kjölfarið síendurteknar sýkingar. „Ég hef prófað allt til að losna við sveppasýkinguna, allt frá grasalækningum til lyfseðilsskyldra lyfja til að losna við þennan ófögnuð en ekkert hefur virkað. Ég minnkaði líka mjög neyslu á einföldum kolvetnum en það hafði ekkert að segja. Tímabilið í kringum blæðingar var algjör hryllingur, stanslaus sviði og vanlíðan, ég var orðin mjög þunglynd,“ segir Unnur.

Hún segir líf sitt hafa tekið miklum breytingum eftir að hún fór að taka inn Bio Cult Candéa-hylkin. „Ég er algjörlega laus við sviða og kláða og önnur óþægindi sem fylgja sveppasýkingum. Að auki get ég loksins farið í sund og nýt þess að fara í sund reglulega með börnunum mínum, þvílíkur munur. Ég mun hiklaust halda áfram að nota Bio Kult Candéa og mæli með Bio Kult Candéa-hylkjunum.“



**BREYTTI LÍFINU**
Unnur segir notkun á Bio Kult Candéa-hylkjunum hafa breytt lífi sínu. Hún er laus við síendurteknar sveppasýkingar sem hrjáðu hana áður í mörg ár.




***Bio-Kult Candéa vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.***

***Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is.***

IceCare
Þín heilsa







**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Bryndís Hauksdóttir,**
bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,**
kkolbeins@365.is, s. 512 5447









**KAUPKONAN** Margrét Kristmannsdóttir er öflugur talsmaður verslunar og þjónustu. Hún hefur sterkar skoðar á öllu sem viðkemur verslun, enda af þriðju kynslóð kaupmanna í Pfaff. MYND/STEFÁN

# JÓLAVERSLUNIN FER SEINT AF STAÐ

**SKEMMTILEGUR TÍMI** *Margrét Kristmannsdóttir framkvæmdastjóri ólst upp við verslunarrekstur og er þriðja kynslóðin sem stýrir versluninni Pfaff. Hún hefur sterkar skoðanir á verslun og þjónustu og er á móti löngum opnunartíma. Margrét vill njóta aðventunnar, fara á tónleika og út að borða.*

Margrét stýrir ekki eingöngu versluninni Pfaff því hún hefur gegnt mörgum ábyrgðarstöðum í þjóðfélaginu. Var formaður Samtaka verslunar og þjónustu, formaður Félags kvenna í atvinnurekstri og situr nú í framkvæmdastjórn og stjórn Samtaka atvinnulífsins ásamt því að vera varaformaður. Hún á auk þess sæti í stjórn BL bílaumboðsins og rekstrarfélags Kringlunnar. Hún var spurð hvernig jólaverslunin legðist í hana. „Ég held að allir séu nokkuð bjartsýnir, tölur sýna aukinn kaupmátt og þjóðfélagið er á uppleið. Allt bendir því til þess að jólaverslun geti orðið mjög góð. Okkur finnst hún þó fara seinna af stað en búist var við og nóvember var lakari en menn reiknuðu með,“ segir hún. „Ég á þó von á að verslun verði góð síðustu dagana fyrir jólin.“

Þeir sem hafa komið til landsins undanfarið frá útlöndum hafa undrast gríðarlegan farangur landans. Margrét kannast við það. „Það er ekkert nýtt. Íslenskir kaupmenn hafa alltaf þurft að glíma við samkeppni að utan. Söluaukning á netinu er hins vegar nýjung fyrir kaupmönnum, ekki bara hérlendis heldur um allan heim. Nú er tækifæri fyrir kaupmenn að bregðast við því. Annaðhvort stöndum við okkur í samkeppninni eða erum undir. Nokkrar íslenskar verslanir hafa þegar brugðist við og sett upp vandaðar netverslanir,“ svarar Margrét.

### JÓLIN FRÁ KÍNA

*Hvað með kaupæðið frá Kína?* „Það keppir engin verslun við verðin í Kína, hvorki hér á landi né í öðrum löndum. Með lægra verði eru gæðin í lakari. Saumastofur hafa fengið mörg verkefni við að breyta fatnaði sem kemur í gegnum netverslun frá Kína,“ segir Margrét.

„Við sem störfum í rafmagnsvörugeiranum vitum að fólk kaupir oft köttinn í sekknum. Viðskiptavinurinn tekur ákveðna áhættu með þessum kaupum,“ segir Margrét enn fremur og bætir við að fólk sé mest að kaupa fatnað, íþróttaskó og aðrar íþróttavörur, smávörur, eins og armbandsúr og þess háttar hluti frá Kína. „Ef fólk er að kaupa jólagjafir þaðan er ekki spurning að verslanir hér munu finna fyrir því.“

### TILBOÐ OG TILBOÐ

Er ekki óvenjulega mikið af tilboðum í verslunum núna? „Ég held að þau tengist vörugjaldsbreytingu sem kemur til framkvæmda eftir áramótin. Það er mál sem verslunareigendur hafa barist fyrir áratugum saman. Ef menn hefðu ekki brugðist við strax hefði fólk haldið að sér höndum með kaup á þessum vörum fram í janúar. Þá hefði jólasalan farið fyrir bí. Ég held að það sé þverpólitísk sátt um að lækka vörugjöld, enda eru þau rosalega óréttlát. Vörugjöld hafa verið á raftækjum, gólfefnum, hreinlætisvörum, ljósum, parketi, flísum, matvörum og fleiru. Ég lít þannig á að eftir þessa lækkun verði heimilin betur sett, jafnvel þótt matarverð hækki. Vonandi verður þetta líka til þess að verslunin flyst heim. Verslunin verður samkeppnishæfari og virðisaukinn skilar sér beint í ríkissjóð.“

### VERSLUNARGLEÐI

Margrét segist óska að þessi ofboðslega verslunargleði Íslendinga í útlöndum fari minnkandi. „Við erum ekkert búin að gleyma verslunarferðum Íslendinga til Glasgow, Dublin, Boston og fleiri staða. Ég held að það æði sé ekki endilega að endurtaka sig. Fólk skreppur frekar til útlanda til að njóta lífsins og upplifa stemningu. Ég skrapp til Kaupmannahafnar um síðustu helgi með eiginmanninum. Við vorum bara með eina tösku sem vóg 14 kíló á heimleiðinni. Auðvitað kíktum við í búðir, það er alltaf gaman að skoða hvað fæst í útlöndum. Langskemmtilegast er þó að setjast niður með góðan mat, öl og snaps að dönskum sið. Vissulega fór það ekki fram hjá mér að allt of margir voru að rogast með þungar töskur á heimleiðinni.“

### HLAKKAR TIL JÓLA

Margrét segist ætla að kaupa allar jólagjafir á Íslandi. „Ég gef ekki margar gjafir og ekki heldur dýrar. Ég er fastheldin á alla siði tengda jólum. Maðurinn minn sér um matargerðina á heimilinu og eldar kalkún á aðfangadag ásamt tengdamóður sinni. Desember er yndislegur mánuður og ég hef lært að njóta hans fremur en að sogast inn í allt stressið. Mér finnst dásamlegt að fara á jólatónleika og út að borða á aðventunni. Það er gaman að upplifa og njóta. Í verslun er annatími á þessum árstíma en ég hef ekki boðið starfsfólki mínu upp á þessa brjálæðislega miklu opnun. Ég hef í langan tíma talað fyrir því að opnunartími á Íslandi sé alltof langur en hér erum við kaupmenn einfaldlega ekki sammála. Mín skoðun er að allt vinnandi fólk ætti að fá meiri frítíma til að njóta sín á aðventunni. Þetta er engu að síður einstaklega skemmtilegur tími fyrir þá sem vinna í verslun,“ viðurkennir hún.

Margrét segist lesa þó nokkuð. „Það er ekki aðfangadagskvöld nema setjast niður með góða bók. Ég er búin að kaupa bókina hennar Helgu Guðrúnar Johnson, Saga þeirra, saga mín, og hlakka mikið til að lesa hana. Þetta er bók um þrjár kynslóðir kvenna og hún lofar góðu.“

Margrét segist ætla að skreyta hjá sér um helgina, fara á jólahlaðborð með samstarfsmönnum og á jólatónleika. „Ég býst við að setja jólin upp í dag,“ segir hún en börnin hennar tvö og tengdadóttir búa heima ásamt tveimur hundum sem Margrét fer með í göngutúr á hverjum degi, enda segist hún vera komin á þann aldur að hreyfingin geri sér gott ekki síður en hundunum. ■ elin@365.is




# Kjólar & Konfekt

## TVEGGJA ÁRA AFMÆLI

Í tilefni þess að Kjólar & Konfekt er tveggja ára, þá verður opið kl. **11-20** í dag **laugardaginn 6. desember.**

ALLIR SEM VERSLA FÁ "AFMÆLISGJÖF"

Ásdís Gunnars förðunarfræðingur verður á staðnum frá kl. 13, kennir að setja á eyeliner á augabragði og setur augnhár frítt á með keyptum augnhárum.

Léttar veitingar.
**20% afsláttur** af förðunarburstum, gerviaugnhárum og öðrum förðunarvörum.



SNYRTIVÖRUR
Glæsilegt úrval

SKÓR
Einnig til í svörtu & bláu
**12.990**

KJÓLL
Stærð 8-16
**14.990**

AUDREY KJÓLL
Stærð 8-26
**12.990**

ESPRIT KJÓLL
Stærð 36-44
**24.990**

**Kjólar & Konfekt**

Laugavegur 92 101 Reykjavík sími 517 0200 www.kjolar.is

# LAMBAHRYGGUR OG OSTAKAKA

**GOTT Á AÐVENTU** *Þessi tími er dimmur en skemmtilegur. Kerta- og jólaljós lýsa upp desember og um að gera að njóta tímans. Ekki er verra að hafa eitthvað gott í matinn. Lambakjötið bregst ekki og það er tilvalið að prófa þessa rétti um helgina.*

## LAMBAHRYGGUR MEÐ GRÆNMETI

Lambahryggur er einstaklega bragðgóður og ef þú vilt leyfa þér eitthvað sérstaklega gott í matinn um helgina er þetta uppskriftin. Kjötið er meyrt og safaríkt. Uppskriftin miðast við fjóra.

**ÞAÐ SEM ÞARF:**
1½ kg lambahryggur
1 tsk. salt
½ tsk. nýmalaður pipar
2 msk. smjör til steikingar
2 msk. gróft sinnep, gjarnan rautt Dijon

**RÓTARGRÆNMETI**
500 g gulrætur
500 g rófur
500 g sellerírót
1 rauðlaukur
1 fennel
2 msk. smjör
3 msk. ferskt estragon (fáfnisgras)
1 tsk. salt

**KARTÖFLURÉTTUR**
4 stórar kartöflur
1 rauðlaukur
1 msk. ólífuolía
2 tsk. timjan, fínt skorið
½ tsk. salt
¼ tsk. pipar

**SÓSA**
1 msk. gróft sinnep
4 msk. sojasósa
1 ½ dl soð frá kjötinu
1 msk. smjör

Saltið og piprið kjötið vel og steikið það snöggt á heitri pönnu. Fallegt er að fituhreinsa hrygginn niður eftir rifbeinunum. Smyrjið sinnepinu á hrygginn og leggið hann í eldfast form. Hitið ofninn í 175°C og eldið í um það bil 20 mínútur. Steikarmælir á að sýna 60 gráður. Hvílið kjötið og skerið síðan niður í kótelettur.
Skrælið og skerið grænmetið í mátulega þykka bita. Setjið í eldfast mót, saltið og setjið smjörklípu yfir. Bakað í ofninum við 175°C í um það bil 45 mínútur. Dreifið estragoni yfir þegar grænmetið er lagt á borð.
Kartöflurnar eru skrældar og skornar í þunnar sneiðar. Sama er gert við rauðlaukinn. Leggið kartöflusneiðarnar í eldfast mót ásamt lauknum og vætið með ólífuolíu. Kryddið með timjani og salti. Bakist í ofni við 175°C í 45-60 mínútur. Best er að setja kartöflurnar fyrst í ofninn, síðan grænmetið stuttu síðar og loks kjötið.
Sósan er löguð með því að hita upp soðið, sojasósa og sinnep sett út í og suðan látin koma upp. Í lokin er smjöri hrært saman við.

## HEIMSINS BESTA OSTAKAKA

Þessi ostakaka uppfyllir öll skilyrði fyrir að vera hin fullkomna ostakaka.

**BOTN**
12 haframjölskökur
100 g smjör
½ tsk. kanill

**OSTAFYLLING**
500 g hreinn rjómaostur
1 dl rjómi
Safi úr einni sítrónu
Smátt skorinn börkur af einni sítrónu
150 g sykur
1 tsk. vanillusykur
4 egg

**KREM**
2 dl sýrður rjómi
2 msk. flórsykur

Setjið kexið í matvinnsluvél, síðan brætt smjör og kanil. Blandan er sett í lausbotna form, 26 cm. Þrýstið kexinu vel í botninn. Bakið neðst í ofni við 180°C í 10 mínútur.
Hrærið ost og rjóma. Blandan á að vera kekkjalaus. Bætið öðru við og hrærið. Hellið yfir kexbotninn. Lækkið hitann í ofninum í 140°C og bakið áfram í 30 mínútur. Kælið kökuna. Þeytið rjóma og flórsykur og þekið kökuna með kreminu.
Gott er að gera kökuna degi áður en hún á að notast en setja kremið á rétt áður en hún er borin fram.



**EFTIRRÉTTURINN** Heimsins besta ostakaka.

**GOTT LAMBAKJÖT** Lambahryggur er alltaf góður og er eftirlæti margra matgæðinga.






# MARENGSTERTA MEÐ SÚKKULAÐIRJÓMA

*Marengstertur eru sívinsælar á veisluborð. Sumum vex þó í augum að baka marengsbotna. Á til dæmis að þurrka þá í ofninum yfir nótt eða dugar að láta þá taka sig smá stund eftir bakstur?*

**Hér fylgir uppskrift sem hefur gefist vel:**

**MARENGSBOTNAR**
220 g sykur
4 eggjahvítur
1 tsk. lyftiduft
5 dl kornflex eða rice crispies (má sleppa)

*Stífþeytið eggjahvítur, lyftiduft og sykur. Bætið kornflexi varlega saman við með sleikju.*
*Teiknið tvo hringi á bökunarpappír. Gott er að nota disk eða kökuform sem er um það bil 23 sentímetrar að þvermáli. Skiptið marengsinum í tvennt. Hellið í miðju hringjanna og sléttið úr. Bakið í 120°C heitum ofni við blástur í u.þ.b. 60 mínútur. Best er að láta marengsinn kólna í ofninum, helst yfir nótt.*

**SÚKKULAÐIRJÓMI**
½ l rjómi
100 g suðusúkkulaði
Ber að eigin vali

*Bræðið súkkulaðið í 1 dl af rjóma. Látið kólna í ísskáp í 30 mínútur. Þeytið restina af rjómanum. Hellið súkkulaðiblöndunni út í í nokkrum skömmtum. Hrærið varlega saman með sleif. Blandið berjum út í, til dæmis jarðarberjum og bláberjum.*

Setjið annan marengsbotninn á kökudisk. Smyrjið rjómanum á botninn og lokið með hinum. Skreytið með bræddu súkkulaði (gott að þynna það aðeins með rjóma).











# 40-50%

afsláttur af völdum vörum í **stærðunum 36-56!**

**Taktu þátt** í happdrætti í versluninni og þú gætir unnið **GLÆSILEGA vinninga!**

Meðal vinninga eru:

- Hótelgisting fyrir tvo ásamt morgunverði
- Gjafabréf í Zik Zak
- Mix & Go blandari
- C3 vöfflujárn

FOSSHOTEL

Fylgstu með Tískuhúsi Zik Zak á Facebook    1. hæð Kringlunnar    Hægt er að panta í síma: 551-1314












**GÓÐGÆTI** Anna Brynja er lítið fyrir sætindi en fær sér stundum góðan bjór í staðinn. MYND/VALLI

# FORBOÐIN FREISTING

*__BJÓRÁHUGAKONA__ Anna Brynja Baldursdóttir bjóráhugakona segir mikið til af góðum jólabjórum sem hafi fest sig í sessi. Henni finnst gott að fá sér jólabjór til að hressa upp á bragðlaukana en fyndist ekki gaman ef hægt væri að fá þá í hverjum mánuði. „Þetta er eins og með jólagjafirnar, það væri ekkert sérstakt við þær ef þær væru mánaðarlegar.“*

Áhugi Önnu Brynju Baldursdóttur, blaðakonu á Nýju Lífi og leikkonu, á bjór hefur farið vaxandi undanfarin ár. Hún reynir að taka jólabjórasmakk á hverju ári. „Ég reyni að minnsta kosti að smakka þá íslensku en mér finnst öll íslensku örbrugghúsin hafa staðið sig vel undanfarin ár. Ég hef ekki verið nógu dugleg að kaupa mér erlenda bjóra en ég er spennt að smakka Hoppy Christmas frá Brew Dog en ég er mjög hrifin af bjórunum frá þeim,“ segir Anna Brynja og brosir.

**BRAGÐLAUKARNIR ÞRÓAST**

Hún komst á bjórbragðið þegar hún var ráðin sem leikkona í Gestastofu Ölgerðarinnar árið 2009 en á þeim tíma var að sögn Önnu Brynju ráðið inn fólk þar sem gat lesið ólíka hópa og spunnið út frá aðstæðum. „Bjórskólinn er á þeirra vegum og á þessum tíma vissi ég lítið um bjór en ég hef unnið þar aðra hverja helgi síðan þá. Það hefur aldeilis safnast í reynslubankann hjá mér og nú veit ég töluvert meira um bjór en ég gerði þá. Bjórsmekkur minn hefur líka breyst, þegar ég byrjaði var ég meira fyrir léttari bjór en í dag er ég hrifnari af bragðmeiri bjór. Bragðlaukarnir hafa breyst, ég veit ekki hvort það sé þroskamerki en ég held að því meira sem maður smakkar því meira breytast þeir. Það hefur að minnsta kosti alltaf verið talað um að maður eigi að prófa það sem manni þykir ekki gott seinna því bragðskynið gæti hafa breyst.“

**MYRKVI ER MÁLIÐ**

Anna Brynja er hrifin af vel humluðum bjórum í dag en bestur finnst henni Myrkvi frá Borg. „Ég er afskaplega hrifin af porterbjórum og þetta árið hefur Myrkvi verið í uppáhaldi en eftir ár verður það örugglega einhver annar. Ég hef aldrei verið sætindagrís fyrr en ég smakkaði Myrkva, ég er kaffisjúk og Myrkvi er kaffi, dökkt súkkulaði og karamella. Þegar ég fer út að borða þá fæ ég mér porter-bjór í staðinn fyrir eftirrétt, það er mín „guilty pleasure“ eða forboðna freisting,“ segir hún og hlær.

**ALLIR EIGA SINN BJÓR**

Af þeim jólabjórum sem Anna Brynja er búin að smakka þetta árið segir hún Jólagull hafa komið mest á óvart. „Þetta er einhver allt önnur uppskrift en í fyrra og hitteðfyrra. Jólagull er létt og ferskt öl með belgísku ölgeri og appelsínuberki og þetta er eiginlega bara jól í glasi. Svo finnst mér jólabjórarnir frá Gæðingi og Kalda alltaf vera skotheldir. Annars finnst mér skemmtilegt að smakka árstíðabundnu bjórana, jóla- og páskabjóra, því þá er verið að hugsa út fyrir kassann og bruggmeistararnir reyna eitthvað nýtt. Mér finnst stemningin sem skapast í kringum jólabjórinn vera hátíðleg, það er meira lagt í hann og þetta er nokkurs konar veisla fyrir bragðlaukana.“

Anna Brynja vill meina að þeir sem segjast ekki drekka bjór hafi ekki fundið sína týpu. „Þetta er eins og með sálufélagana, það er einhver þarna úti sem hentar hverjum og einum, það tekur bara mislangan tíma fyrir okkur að finna hann,“ segir hún spök á svip.

■ liljabjork@365.is



**Í UPPÁHALDI** Myrkvi er uppáhaldsbjór Önnu Brynju þessa stundina.

**JÓLAGLEÐI**

„Ég reyni að minnsta kosti að smakka þá íslensku en mér finnst öll íslensku örbrugghúsin hafa staðið sig vel undanfarin ár. Ég hef ekki verið nógu dugleg að kaupa mér erlenda bjóra en ég er spennt að smakka Hoppy Christmas frá Brew Dog.“

SKÚLI CRAFT BAR

ELSKARÐU HUMLA?

Skúli leggur áherslu á örbjór úr ýmsum áttum og því auglýsum við eftir ástríðufullu bjóráhugafólki sem hefur áhuga á að starfa sem barþjónar í hlutastarfi og taka með því þátt í uppbyggingu á nýjum og metnaðarfullum stað.

Áhugasamir sendið
Stefáni Magnússyni rekstrarstjóra Skúla póst á stefan@skulicraftbar.is
fyrir miðvikudaginn 10. desember.

Bjórmeistari staðarins er Freyr Rúnarsson.
Skál!

# Rafmagns- eða tæknifræðingur

**Mannverk óskar eftir að ráða öflugan starfsmann í verkefna- og framkvæmdastjórnun sem tilbúinn er að takast á við krefjandi verkefni á raforkusviði og skemmtilegar áskoranir með góðri liðsheild.**

**Helstu verkefni**
- Verkefna- og framkvæmdastjórnun á sviði há- og lágspennu
- Samræming hönnunar og á tæknilegum útfærslum
- Undirbúningur verkefna
- Innkaup, áætlanagerð og eftirfylgni
- Kostnaðar-, gæða- og framvindueftirlit

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði rafmagnstækni eða -verkfræði
- Farsæl starfsreynsla
- Menntun í rafiðn er kostur
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Metnað til að ná árangri í starfi
- Góð kunnátta í ensku

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jónas Már Gunnarsson í síma 771 1101. **Umsóknarfrestur er til og með 15. desember n.k.** Umsókn óskast send á jmg@mannverk.is. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf.

MANNVERK FRAMKVÆMDIR OG RÁÐGJÖF

Mannverk ehf. var stofnað á vordögum 2012. Fyrirtækið sérhæfir sig í þróunarverkefnum, stýriverktöku, verkefna- , hönnunar- og byggingarstjórnun ásamt almennri framkvæmdaráðgjöf. Mannverk er ábyrgt og framsækið fyrirtæki og leggur áherslu á öfluga liðsheild. Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess www.mannverk.is

# Byggingatæknifræðingar
# Byggingaverkfræðingar

Áhugaverð tækifæri í boði.

Sjá nánari upplýsingar á www.intellecta.is

intellecta
ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir

Síðumúla 5 ▪ 108 Reykjavík ▪ sími 511 1225 ▪ www.intellecta.is

# TENGIR ÞÚ VIÐ OKKUR?



VIÐ LEITUM AÐ
## FRAMKVÆMDASTJÓRA

Gagnaveita Reykjavíkur auglýsir laust til umsóknar starf framkvæmdastjóra fyrirtækisins. Leitað er að reyndum stjórnanda og leiðtoga sem hefur eldmóð og áhuga til að stýra Gagnaveitunni inn í nýja tíma.

Gagnaveitan er dótturfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur og á hún og rekur umfangsmikið ljósleiðarakerfi á Suðvesturlandi. Starfsmenn eru 30 talsins og ársvelta stefnir í tvo milljarða króna.

***Starfssvið framkvæmdastjóra:***
- *Stýrir daglegum rekstri fyrirtækisins og gætir jafnvægis milli samfélagslegra, fjárhagslegra og umhverfislegra sjónarmiða.*
- *Hrindir í framkvæmd stefnu fyrirtækisins og framtíðarsýn.*
- *Ber ábyrgð á áætlanagerð, eftirfylgni áætlana, gæðastjórnun, fjármálastjórnun og þekkingar- og starfsmannastjórnun.*
- *Ber ábyrgð á framkvæmdum á vegum fyrirtækisins og öryggismálum starfsmanna.*
- *Ber ábyrgð á samskiptum við viðskiptavini, starfsmenn, birgja og aðra hagsmunaaðila.*

***Menntunar- og hæfniskröfur:***
- *Háskólamenntun sem nýtist í starfi.*
- *Þekking á sviði fjarskiptamála er kostur.*
- *Reynsla úr sambærilegu starfi er kostur.*
- *Leiðtoga- og stjórnunarhæfileikar auk færni í að móta og innleiða framtíðarsýn.*
- *Hæfni í að styðja öflugan hóp samstarfsmanna til ábyrgðar og nýta hæfileika allra starfsmanna með samráði og upplýsingaflæði.*
- *Samskipta- og tjáskiptahæfileikar, greiningarhæfni, metnaður, frumkvæði og heilindi.*

Sótt er um starfið á ráðningarsíðu Gagnaveitu Reykjavíkur, starf.or.is/gagnaveitan.
Umsóknarfrestur er til og með 5. janúar 2015.
Umsjón með úrvinnslu umsókna hefur Sólrún Kristjánsdóttir, starfsmannastjóri, sem veitir nánari upplýsingar á: starf@gagnaveita.is.

Allar fyrirspurnir og umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál. Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um starfið.

GAGNAVEITA REYKJAVÍKUR

PIPAR\TBWA • SÍA

# PENNAVINUR ÓSKAST

## *Launafulltrúi/gjaldkeri*

### Starfssvið og ábyrgð:

- Launavinnsla og umsjón með útborgun launa
- Upplýsingagjöf og samskipti við starfsfólk vegna launa- og kjaratengdra mála
- Tímaskýrslur
- Skýrslugerð
- Aðstoð og ráðgjöf til stjórnenda
- Umsjón með greiðslu reikninga
- Mánaðarlegar söluskýrslur
- Reikningagerð
- Afstemmingar
- Önnur tilfallandi verkefni

### Hæfniskröfur

- Reynsla af launavinnslu og færslu bókhalds
- Þekking á DK launakerfi
- Þekking á Bakverði tímaskráningarkerfi
- Þekking á kjarasamningum og réttindum
- Þekking á Navision er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Frumkvæði í starfi, nákvæmni og öguð vinnubrögð skilyrði
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum

**Um 100% starfshlutfall er að ræða og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eftir áramót.**

**Áhugasamir vinsamlegast sendið fyrirspurnir og umsóknir á netfangið atvinna@penninn.is fyrir 14.desember nk.**

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárugötu 2
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Bláa kannan

CAFÉ PARIS LE POT BLEU

# BAKARI ÓSKAST

Bláa kannan – kaffihús í miðbæ Akureyrar óskar eftir bakara / Konditora í 100% starf

Viðkomandi þarf að vera stundvís, samviskusamur og áreiðanlegur.
Góður í mannlegum samskiptum og geta unnið undir álagi.

Þeir sem hafa áhuga vinsamlega sendið umsóknir til:
Bláa kannan, Hafnarstræti 96, 600 Akureyri eða á netfangið: blaakannan@internet.is

Nánari upplýsingar í síma: 461 4600


# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144


Grand HÓTEL REYKJAVÍK

## FAGLÆRT MATREIÐSLUFÓLK
## ÞJÓNAR
## AUKAFÓLK Í SAL

Við leitum að faglærðu matreiðslufólki, þjónum og auka fólki í sal.

**Almennar hæfniskröfur**

- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku og ensku
- Snyrtimennska og stundvísi



Umsóknir sendist á asi@grand.is

Grand Hótel Reykjavík / Sigtún 38 / 105 Reykjavík / Sími: 514 8000

## Formulation Scientist (formúlator)

Starfið tilheyrir þróunardeild lyfjaforma sem er á þróunarsviði Actavis samstæðunnar. Deildin sér um þróun á lyfjum, framleiðslu á tilraunalotum, uppskölun lota í framleiðslustærð og gildingu framleiðsluferla. Formúlator þróar samheitalyf sem samþykkt hefur verið að hefja þróun á og er í miklum samskiptum við aðrar deildir þróunarsviðs.

### Helstu verkefni:

- Þátttaka í verkefnahópum
- Yfirferð á einkaleyfastöðu í samvinnu við einkaleyfadeild
- Þátttaka í vali á hráefnabirgjum og frásogslotum
- Gerð tillagna að geymsluþolsprófum
- Framleiðsla á lotum á þróunarstofu og í tilraunaverksmiðju Actavis á Íslandi
- Þátttaka/eftirlit með framleiðslu á fyrstu lotum í verksmiðjum Actavis sem eru staðsettar erlendis

### Við leitum að einstaklingi:

- með háskólamenntun á sviði efnafræði, lyfjafræði eða sambærilegt
- með reynslu af lyfjagerð (kostur)
- sem er vandvirkur og nákvæmur í vinnubrögðum
- sem er fljótur að tileinka sér ný vinnubrögð og þekkingu
- með mjög góða enskukunnáttu

Umsóknir óskast fylltar út á **www.actavis.is**, undir Störf í boði.
Umsóknarfrestur er til og með 14. desember nk.

Einungis er tekið á móti umsóknum á heimasíðu Actavis.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Jenný Sif Steingrímsdóttir, jsteingrimsdottir@actavis.is



Kíkið á fleiri laus störf á www.actavis.is



Actavis
www.actavis.is

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Flataskóli**
- sérkennari

**Sjálandsskóli**
- starfsmaður í tómstundaheimili

Nánari upplýsingar á vef Garðabæjar, **www.gardabaer.is**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar Lausar stöður

Á heimasíðu Hafnarfjarðar www.hafnarfjordur.is má sjá auglýsingu um lausar stöður í leik- og grunnskólum. Einnig er bent á heimasíður skólanna til að kynna sér nánar stefnur og starfsemina.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. desember 2014.**

Samkvæmt jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar er körlum jafnt sem konum bent á að sækja um störfin.

***Fræðslustjórinn í Hafnarfirði***

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## ÖLDRUNARLÆKNINGAR
## Deildarlæknar í starfsnám og/eða endurmenntunarstaða

Staða tveggja deildararlækna í öldrunarlækningum eru lausar til umsóknar. Störfin veitast frá 1. febrúar 2015 eða eftir samkomulagi.

Um er að ræða fjölbreytt starf á hinum ýmsu þjónustuþáttum öldrunarlækna. Stöðurnar eru námsstöður sem veitast til eins árs en möguleiki er á skemmri ráðningu. Starfið er gott innlegg til sérnáms í öldrunarlækningum, heimilislækningum, lyflækningum og fleiri greinum. Starfsvettvangur er á Landakoti og í Fossvogi. Vaktir eru á Landakoti. Einnig getur staðan verið góð endurmenntunarstaða fyrir starfandi heimilislækna.

### Helstu verkefni og ábyrgð

Deildarlæknir hlýtur þjálfun og reynslu á öllum sviðum öldrunarlækninga, við heildrænt mat, meðferð og greiningu á bráðaöldrunarlækningadeild, endurhæfingardeild og heilabilunardeild svo og við göngudeild og ráðgjöf.

### Hæfnikröfur

» Almennt íslenskt lækningaleyfi
» Íslenskukunnátta
» Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum

### Nánari upplýsingar

» Umsóknarfrestur er til og með 15. janúar 2015.
» Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá.
» ATH. Fylla þarf út lágmarksupplýsingar á almenna umsókn og setja viðhengi, en ýtarlegri upplýsingar í umsókn fyrir læknisstöðu, sjá vef landlæknis.
» Upplýsingar veita Pálmi V Jónsson, yfirlæknir, netfang palmivj@landspitali.is, sími 543 9891.
» Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Pálma, K-4 öldrunarlækningar Landakoti.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



## Þjóðminjasafn Íslands

**óskar eftir rekstraraðila til að taka að sér veitingarekstur í Safnahúsinu við Hverfisgötu.**

**Sá sem annast veitingareksturinn þarf að:**

- Vera fær um að sinna fjölbreyttum hópi sýningargesta, fundargesta og annarra gesta.
- Geta boðið fjölbreyttar veitingar sem henta starfsemi hússins.
- Hafa reynslu og hæfni til að sinna veitingarekstrinum af alúð, smekkvísi og metnaði.
- Búa yfir góðri samskiptahæfni og vera tilbúinn að þróa reksturinn í takt við reynslu og þarfir hússins hverju sinni.

Safnahúsið við Hverfisgötu er friðuð bygging sem á sér aldargamla sögu og er af mörgum álitið eitt fegursta hús Reykjavíkur. Í lok mars 2015 opnar Þjóðminjasafn Íslands Safnahúsið með nýrri sýningu Sjónarhorn/Points of View um sjónrænan íslenskan menningararf sem er samstarfsverkefni Landsbókasafns-Háskólabókasafns, Listasafns Íslands, Náttúruminjasafns Íslands, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Þjóðminjasafns Íslands og Þjóðskjalasafns Íslands. Í húsinu verður jafnframt nýinnréttuð safnbúð, fundaraðstaða og nýhönnuð veitingastofa þar sem gert er ráð fyrir kaffihússveitingarekstri og léttum veitingum. Auk þess nær veitingareksturinn til veitingaþjónustu viðburða og funda.

Þjóðminjasafn Íslands tekur öllum umsóknum af opnum huga en mikilvægt er að bragur veitingastarfseminnar falli vel að yfirbragði nýrrar sýningar og friðaðrar byggingar. Áhugasömum er bent á að nálgast umsóknarform og frekari upplýsingar um rekstrarfyrirkomulag með því að hafa samband við tengiliði verkefnisins Þóru Björk Ólafsdóttur s. 530 2235 thora.bjork@thjodminjasafn.is eða Guðrúnu Garðarsdóttur s. 530 2217 gudrun.gardarsdottir@thjodminjasafn.is

**Umsóknarfrestur er til og með miðvikudeginum 14. janúar 2015.**

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
*National Museum of Iceland*

# YFIRNÁTTÚRULEGUR FJÁRMÁLASTJÓRI

**Gló Veitingar ehf. óskar eftir að ráða kraftmikinn og öflugan starfsmann í stöðu fjármálastjóra. Fyrirtækið er í miklum sóknarhug og framundan eru mörg spennandi verkefni.**

## Starfssvið

- Daglegur rekstur reikningshaldsvinnu fyrirtækisins
- Undirbúningur og umsjón með gerð rekstraráætlunar sem og eftirfylgni áætlana
- Umsjón með upplýsingagjöf til stjórnenda
- Ábyrgð á fjárstýringu, greiðsluflæði og innheimtu
- Mánaðaruppgjör og undirbúningur uppgjörs til endurskoðenda
- Kostnaðareftirlit sem og virk þátttaka í stefnumótun

## Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræða
- Reynsla af fjármálastjórnun og/eða starfi aðalbókara skilyrði
- Reynsla og þekking á uppgjörum, kostnaðareftirliti og gerð rekstraráætlana
- Faglegur metnaður og hæfni til að miðla upplýsingum
- Góð íslensku og enskukunnátta
- Góðir skipulags- og leiðtogahæfileikar
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

Umsóknarfrestur er til og með 14. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, **www.capacent.is**. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita Ragnheiður Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

EFTA SURVEILLANCE AUTHORITY

The EFTA Surveillance Authority is an intergovernmental organisation which ensures that the participating EFTA States - Iceland, Liechtenstein and Norway - respect their obligations under the EEA Agreement. The Authority protects the rights of individuals and market participants who find their rights violated by rules or practices of the EFTA States. The Authority also enforces the competition and state aid rules in the EEA Agreement.
The Authority is located in Brussels and employs a total of 70 international staff.

# Internal Market Affairs Officer Financial Services Brussels

**Deadline for applications:**
**15 January 2015**
**Start date: Summer 2015**

The Authority is seeking to appoint an Internal Market Affairs Officer who will be assigned responsibility for general surveillance work and case handling relating to the implementation and application in the EEA EFTA States (Iceland, Liechtenstein, and Norway) of EEA law relating to Financial Services.

The financial supervision legislation setting up the European Supervisory Authorities EBA, ESMA and EIOPA, will soon be incorporated into the EEA Agreement. The Authority will be given decision making powers under this legislation and the successful candidate will play a key role in developing an effective working relationship between the EFTA Surveillance Authority and the European Supervisory Authorities.

Other tasks include examination of complaints, legal conformity assessments, and drafting of decisions, opinions and reports. Depending on workload and other developments, the responsibilities may be changed to cover other, general or specific, issues relating to EEA law.

For the detailed vacancy notice, including eligibility and selection criteria, an overview of our favourable conditions and to apply for this position please visit **https://jobs.eftasurv.int**.

Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann

## HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

**Óskum eftir að ráða hjúkrunarfræðing til starfa við Sjúkrahúsið Vog**
Vaktavinna - starfshlutfall samkomulag

**Upplýsingar veitir**
Þóra Björnsdóttir
Hjúkrunarforstjóri Vogs
Sími 8247615
thora@saa.is



*Launafl ehf er iðnfyrirtæki í Fjarðabyggð.*

## Atvinna
## RAFVIRKI

**Launafl ehf óskar eftir að ráða rafvirkja með sveinspróf. Góð laun í boði.**

**Nánari upplýsingar veitir Magnús Helgason, framkvæmdastjóri.**

**Hægt er að senda fyrirspurnir og umsóknir á launafl@launafl.is eða magnus@launafl.is.**

LAUNAFL

**www.launafl.is – sími 414-9400**

www.byggdastofnun.is Sími: 455 54 00

BYGGÐASTOFNUN

## Vegna aukinna verkefna óskar Byggðastofnun eftir að ráða sérfræðinga á fyrirtækja- og rekstrarsvið stofnunarinnar

### Sérfræðingur á fyrirtækjasviði

*Helstu verkefni*
- Mat á lánsumsóknum og greiningarvinna fyrir lánanefnd og stjórn Byggðastofnunar
- Skjalagerð í tengslum við útlánastarfsemina
- Upplýsingasöfnun, skýrsluskrif og önnur verkefni á sviði atvinnu- og byggðaþróunar
- Stjórnarseta í fyrirtækjum sem Byggðastofnun á hlut í
- Samskipti við viðskiptavini Byggðastofnunar og aðrar lánastofnanir

*Hæfniskröfur*
- Háskólamenntun á sviði viðskipta- eða hagfræði, eða önnur sambærileg menntun og víðtæk þekking á íslensku atvinnulífi og samfélagi.
- Reynsla af starfi hjá fjármálafyrirtæki æskileg en ekki skilyrði
- Hæfni í lestri og greiningu ársreikninga og annarra fjárhagsupplýsinga
- Reynsla af greiningarvinnu og mjög góð greiningarhæfni
- Góð færni í að tjá sig í rituðu og töluðu máli
- Nákvæm og öguð vinnubrögð og hæfni til að vinna undir álagi
- Frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi ásamt hæfni til að vinna sjálfstætt og í hópi
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir Elín Gróa Karlsdóttir, forstöðumaður fyrirtækjasviðs, í síma 455 5400 eða í netfanginu elin@byggdastofnun.is.

### Sérfræðingur á rekstrarsviði

*Helstu verkefni*
- Umsjón með flutningsjöfnunarstyrkjum
- Skýrslugerð til Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands
- Yfirferð á verkefnum íslenskra þátttakenda í Norðurslóðaáætluninni (NPA)
- Færsla fjárhagsbókhalds
- Leysir aðalbókara og launafulltrúa af í forföllum

*Hæfniskröfur*
- Háskólapróf í viðskiptafræði, rekstrarfræði, viðskiptalögfræði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking á Microsoft Dynamics NAV æskileg
- Þekking og/eða reynsla í launavinnslu er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Gott vald á íslensku og ensku
- Nákvæm og öguð vinnubrögð og hæfni til að vinna undir álagi
- Frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi ásamt hæfni til að vinna sjálfstætt og í hópi
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir Magnús Helgason, forstöðumaður rekstrarsviðs, í síma 455 5400 eða í netfanginu magnus@byggdastofnun.is.

Staðsetning starfanna er á Sauðárkróki. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja.

Um er að ræða fullt starf í báðum tilfellum.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

**Umsóknarfrestur er til 22. desember nk.** og skulu umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsreynslu sendar til Byggðastofnunar, Ártorgi 1, 550 Sauðárkróki eða á netfangið postur@byggdastofnun.is. Ekki er um sérstök umsóknareyðublöð að ræða.

Öllum umsóknum verður svarað.

Byggðastofnun hefur fengið jafnlaunavottun VR og greiðir körlum og konum jöfn laun og býður sömu kjör fyrir jafn verðmæt störf. Byggðastofnun er vinnustaður þar sem bæði karlar og konur eiga jafna möguleika til starfa. Byggðastofnun hefur það að markmiði að vera eftirsóknarverður vinnustaður fyrir hæfa og metnaðarfulla starfsmenn.

Sauðárkrókur er höfuðstaður Skagafjarðar og einn öflugasti byggðakjarni landsbyggðarinnar. Þar er fjölbreytt og öflugt atvinnulíf. Fjölbreytt þjónusta er í boði, kröftugt menningarlíf og öflugt íþróttalíf. Boðið er upp á skóla á öllu skólastigum, frá leikskóla til háskóla. Íbúar Sauðárkróks eru um 2.600 talsins.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Áheyrnarprufur fyrir einsöngvara

Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur áheyrnarprufur fyrir einsöngvara miðvikudaginn 4. febrúar 2015.

Valið verður í áheyrnarprufur út frá hljóðritum þátttakenda og er áhugasömum bent á að senda inn upptökur með söng sínum fyrir mánudaginn 12. janúar 2015 til:

Sinfóníuhljómsveitar Íslands
Hörpu, Austurbakka 2
101 Reykjavík
Merkt: Einsöngur

Nánari upplýsingar:
Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri
545 2506 / anna@sinfonia.is.

www.sinfonia.is » 545 2500

# Hugbúnaðarþróun

## Windows desktop software – Android – Embedded firmware

**Nox Medical er leiðandi hátæknifyrirtæki á heimsvísu í þróun og framleiðslu á búnaði til greiningar á svefnröskunum.**

Nox Medical er í örum vexti og leitum við nú að fólki með brennandi áhuga á forritun, til að koma að krafti inn í hugbúnaðarteymið okkar og taka þátt í þróun á hugbúnaði sem er leiðandi á sínu sviði á heimsvísu og er notaður í yfir fjörutíu löndum. Við leitum bæði að forriturum sem hafa yfirgripsmikla reynslu og þeim sem yngri eru og skara framúr en eru á sínum fyrstu metrum sem atvinnumenn í forritun.

Hjá Nox Medical eru tækifæri til að þróa vörur á mjög breiðu sviði. Við þróum Windows desktop hugbúnað, Android app hugbúnað, embedded firmware og erum að vinna að næstu kynslóðar skýjalausnum á vefnum. Fjölmörg tækifæri munu skapast á næstu mánuðum og árum innan okkar fyrirtækis til að vinna að fjölbreyttum, spennandi og skemmtilegum verkefnum.

Nýir starfsmenn koma inn í öflugt teymi sem vinnur eftir agile hugmyndafræði í verkefnum sem tengja saman hugbúnað, vélbúnað og ský. Fjölbreytileiki verkefnanna er mikill og mun reyna á þekkingu á breiðum grunni.
Við erum fyrirtæki í örum vexti og hyggjum á enn frekari landvinninga á næstu árum.

**Umsóknir og óskir um frekari upplýsingar óskast sendar á netfangið work@noxmedical.com. Umsókn ásamt ferilskrá skal sendast fyrir 29.desember 2014. Vinsamlegast setjið í efnislínu tölvupóstsins hvaða starfs er sótt um. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.**

Margskonar menntun og reynsla getur nýst við umrætt starf t.d. háskólamenntun í tæknigreinum: BSc og/eða MSc. gráða í tölvunarfræði, verkfræði, stærðfræði eða eðlisfræði

- Góð forritunarkunnátta og reynsla
- Reynsla af C# er kostur
- Reynsla af Asp.NET MVC er kostur
- Reynsla af Bootstrap er kostur
- Reynsla af AngularJS er kostur
- Góð enskukunnátta í rituðu og töluðu máli
- Frumkvæði í vinnubrögðum og vera tilbúin að taka ábyrgð á verkefnum
- Vera nákvæm(ur) og fylgin sér vera sjálfstæður í vinnubrögðum
- Sé jákvæður og tilbúinn að takast á við fjölbreytt verkefni

Nox Medical er leiðandi hátæknifyrirtæki á heimsvísu í þróun og framleiðslu á lækningatækjum sem notuð eru til greiningar á svefnröskunum. Fyrirtækið var stofnað árið 2006 af verkfræðingum, fjárfestum og sérfræðingum með víðtæka áratugareynslu í að hanna og framleiða vörur til svefnrannsókna og svefngreininga. Umsvif fyrirtækisins hafa vaxið jafnt og þétt og er framleiðsluvörum þess nú dreift um allan heim. Nox Medical er annað tveggja íslenskra félaga sem hlotið hefur ISO 13485 gæðavottun til þróunar og framleiðslu á lækningavörum. Nox Medical hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga, s.s. Nýsköpunarverðlaun ársins 2010 og Vaxtarsprotann 2010. Höfuðstöðvar Nox Medical eru í Höfðatorgi við Katrínartún.

**Nox Medical**

Nox Medical | Katrínartún 2 | Höfðatorg | 105 Reykjavík | 570 7170 | info@noxmedical.com | www.noxmedical.com



**Landsvirkjun**

# Við leitum að **sérfræðingi** með áherslu á vélbúnað aflstöðva í rekstri

Starfið er á tæknideild orkusviðs. Í því felst verkefnastjórnun viðhalds- og endurbótaverkefna á sviði vélbúnaðar í orkumannvirkjum í rekstri. Um er að ræða fjölbreytt verkefni, s.s. gerð og rýni útboðsgagna, eftirfylgni samninga, samskipti við innlenda og erlenda ráðgjafa og framleiðendur vélbúnaðar, ásamt þátttöku í stefnumótun varðandi viðhald, aðstoð við rekstur og við val á nýjum vélbúnaði.

- Háskólamenntun á sviði vélaverkfræði eða véltæknifræði
- Reynsla af rekstri, viðhaldi, hönnun og ráðgjöf á sviði vélbúnaðar
- Tölvu- og hugbúnaðarfærni
- Hæfileiki til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði og samskiptahæfni
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Norðurlandatungumál er kostur

Sótt er um starfið á vef Capacent, nánari upplýsingar um starfið veita Auður Bjarnadóttir *(audur.bjarnadottir@capacent.is)* og Þóra María Guðjónsdóttir á starfsmannasviði Landsvirkjunar *(thora.maria.gudjonsdottir@landsvirkjun.is)*.
Umsóknarfrestur er til og með 21. desember.

Jafnlaunaúttekt PwC 2013

Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlaunaúttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

**Hlutverk Landsvirkjunar** er að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi.









**Orkuveita Reykjavíkur er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu.**

Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er.

JAFNRÉTTISRÁÐ

Orkuveita Reykjavíkur hlaut jafnréttis-viðurkenningu árin 2002 og 2013

Nánari upplýsingar um þjónustu okkar má finna á www.or.is

# Viltu komast á samning hjá okkur?

Hjá okkur vinnur 121 iðnaðarmaður við fjölbreytt og spennandi verkefni með það að markmiði að tryggja fólki aðgang að hreinu vatni, hita, rafmagni og fráveitu. Þar af eru sex konur. Við viljum breyta þessu.

Okkur finnst áríðandi að fá fleiri konur í hóp þeirra sem leggja fyrir sig iðngreinar. Því ætlum við að fjölga iðnnemastöðum og ráða jafn margar konur og karla í þær.*

## Ef þú ert iðnnemi sem hefur áhuga á að komast á samning hjá okkur eru lausar nemastöður í þessum greinum:

- Vélvirkjun
- Rafvirkjun
- Rafveituvirkjun

**Nánari upplýsingar** veitir Birna Bragadóttir, starfsþróunarstjóri Orkuveitunnar, í netfanginu starf@or.is.
**Þú sækir um** á vefnum okkar, www.or.is.
Umsóknarfrestur er til og með 15. desember 2014.

*Um sértæka aðgerð er að ræða þar sem mikið hallar á konur í iðnaðarstörfum hjá fyrirtækinu. Sjá 24. gr. laga nr. 10/2008 um jafnan rétt karla og kvenna.

Orkuveita Reykjavíkur

KATLA GEOPARK
JARÐVANGUR

## FRAMKVÆMDASTJÓRI

**Katla jarðvangur leitar að kraftmiklum einstaklingi í krefjandi starf framkvæmdastjóra.**

Í boði er spennandi starf í metnaðarfullu umhverfi. Framkvæmdastjórinn hefur rík tækifæri til að sýna frumkvæði að nýsköpun á svæðinu, vinna að gerð fræðsluefnis, taka á móti nemendahópum, veita stuðning við verkefni og fyrirtæki á svæðinu og þróa rekstrarumhverfi jarðvangsins. Að verkefninu stendur stjórn og öflugt net fagaðila, framkvæmdastjórinn þarf því auk frumkvæðis að taka virkan þátt í teymisvinnu.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi. Æskilegt er að viðkomandi hafi nám að baki í jarðfræði eða landfræði eða skyldum greinum
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni
- Frumkvæði og sveigjanleiki í starfi
- Reynsla af nýsköpunarstarfi er æskileg

Jarðvangurinn nær yfir sveitarfélögin þrjú; Rangárþing eystra, Mýrdalshrepp og Skaftárhrepp, og er gert ráð fyrir að starfstöð og búseta rekstrarstjórans verði í einhverju þessara sveitarfélaga. Um fullt starf er að ræða og um launakjör fer eftir samkomulagi. Umsóknir, m.a. með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, berist formanni stjórnar jarðvangsins á netfangið sveitarstjori@vik.is eigi síðar en mánudaginn **29. desember 2014.**

**Nánari upplýsingar veita:**
Ásgeir Magnússon (sveitarstjori@vik.is, s. 487-1210) og
Sigurður Sigursveinsson (sigurdur@hfsu.is, s. 560-2040)
en auk þess er bent á *www.katlageopark.is.*

WÜRTH

## Sölufulltrúi fyrir vinnuföt

Würth á Íslandi óskar eftir að ráða drífandi og metnaðarfullan sölufulltrúa til starfa. Würth samsteypan samanstendur af rúmlega 400 fyrirtækjum í 84 löndum og starfa yfir 65.000 manns hjá samsteypunni. Würth sérhæfir sig í gæðavörum fyrir iðnaðarmenn og eru um 8500 vörutegundir á skrá hér á Íslandi.

Helstu framleiðsluvörur hjá Würth eru efnavara af ýmsum toga s.s. límkítti, fituhreinsir og HHS 2000 smurefni. Auk þess er fyrirtækið með breiða línu af rafmagnsvörum, vinnuvettlingum, persónuhlífum og festingum auk hand- og rafmagnsverkfæra.

Þjónusta okkar byggist á heimsóknum til viðskiptavina sem eru skipulagðar á viku til mánaðar fresti. Í hverri heimsókn einbeitum við okkur að heildarlausn fyrir hvern viðskiptavinahóp auk þess að fara yfir helstu söluvörur.

Við vinnum undir merkjum "Fagfólk velur Würth"

**Starfssvið:**
- Heimsóknir til viðskiptavina og skipulagning söluferða.
- Sala á vinnufötum, skóm og hliðarvörum til viðskiptavina
- Frágangur pantana

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Iðnmenntun kostur
- Þekking á vörum Würth kostur
- Reynsla af sölustörfum er skilyrði
- Þekking á fatasölu
- Vilji og metnaður til að ná árangri
- Sjálfstæði í vinnubrögðum

**Við bjóðum:**
- Árangurstengd laun
- Bifreið til afnota, farsíma og tölvutengingu heima.
- Góðan starfsanda
- Fjölskylduvænt fyrirtæki

Umsjón með starfsumsóknum hefur Haraldur Leifsson framkvæmdarstjóri - halli@wurth.is
Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að senda umsóknir í tölvupósti með ferilskrá og mynd.
Umsóknarfrestur er til 20. desember 2014

# Vörumóttaka og vörudreifing

**Við leitum að hraustum, ferskum, kröftugum og skemmtilegum starfmanni til að vinna við vörumóttöku og vörudreifingu á vörum okkar. Hlutverk starfsmanns er að taka á móti vörum frá erlendum birgjum, taka til pantanir af sölulager, sinna pökkunum, pakka sendingum, undirbúa til útflutnings og afgreiða vörur til flutningsaðila.**

**Starfsmaður vinnur í samstarfi með fimm manna hópi sem sinnir framleiðslu og prófunum ásamt því að vinna í samstarfi við vöruflæðis- og framleiðslustjóra. Önnur verkefni falla einnig undir starfssvið starfsmanns, s.s. aðstoð við önnur störf og viðvik sem til gætu fallið.**

## Hæfniskröfur og menntun

- **Geti unnið og nálgast verkefni af krafti og nákvæmni**
- **Sé heilsuhraustur og í góðu í líkamlegu ásigkomulagi**
- **Geti lesið og skilið ritaða ensku**
- **Sé vel tölvufær og talnaglöggur**
- **Búi yfir frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum**
- **Sé jákvæður og sé tilbúinn að takast á við mörg fjölbreytt verkefni**

**Umsóknir og óskir um frekari upplýsingar óskast sendar á netfangið work@noxmedical.com. Umsókn ásamt ferilskrá skal sendast fyrir 15.desember 2014. Vinsamlegast setjið í efnislínu tölvupóstsins hvaða starf er sótt um.**

Nox Medical

Nox Medical | Katrínartún 2 | Höfðatorg | 105 Reykjavík | 570 7170 | info@noxmedical.com | www.noxmedical.com

**Stolt Sea Farm** is one of the world's most advanced high-tech aquaculture companies. We specialise in the production of high quality turbot, sole, sturgeon and caviar. We are proud to produce healthy foods in an environmentally sound manner.

The successful farming of the premium species we produce requires extensive scientific knowhow, sophisticated technology and highly specialised custom-designed facilities. To achieve our goals, we engage in a process of continuous improvement, driven by substantial ongoing investments in research and development. Since the founding of Stolt Sea Farm in 1972, we have dedicated ourselves to the advancement of aquaculture as an environmentally sustainable source of healthy food.

# Financial Controller

Stolt Sea Farm Iceland hf. is currently seeking a highly motivated individual to join our group as a Financial Controller based at our farm in Reykjanes.

### Main responsibilities

- Prepare month and quarter-end close and financial reports
- Overview of outsourced accounting
- Implementation of group´s accounting principles
- Cost analysis and follow up of company´s yearly budget
- Internal control planning, design and compliance
- Miscellanous administration functions: mail management, invoices matching with purchase orders, etc.

### Requirements

- University degree in accounting/finance
- Experience in corporate accounting and/or financial positions
- Perfect English: written and spoken
- Icelandic: written and spoken
- Excellent communication skills

## Please contact:

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

**Application deadline is December 15th.**

Please submit your application at www.hagvangur.is

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

# Capacent Ráðningar

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á **www.capacent.is**

capacent



# ERTU ON?

## OKKUR VANTAR STELPUR OG STRÁKA Á SAMNING

**Ertu að læra vél- eða rafvirkjun og vilt komast á spennandi samning?**

Hjá Orku náttúrunnar tekur öflug sveit iðnmenntaðs fólks þátt í uppbyggingu, viðhaldi og framförum í skemmtilegu og nýjungagjörnu fyrirtæki. Í þeim hópi eru nú aðeins tvær konur. Um leið og við viljum fjölga þeim sem leggja fyrir sig iðngreinar sem koma að góðum notum við framleiðslu rafmagns og hitaveituvatns í virkjunum okkar þykir okkur líka áríðandi að konum fjölgi í þeim hópi.

Ef þú ert iðnnemi og hefur áhuga á að komast á samning hjá okkur erum við með lausar nemastöður í:

- **Vélvirkjun**
- **Rafvirkjun**

Við höfum ákveðið að ráða jafn margar konur og karla í þessar stöður.*
Nánari upplýsingar veitir Birna Bragadóttir, starfsþróunarstjóri Orku náttúrunnar, á netfanginu starf@on.is. Þú sækir um á vefnum okkar **https://starf.or.is/on/**

*Um er að ræða sértæka aðgerð þar sem mikið hallar á konur í iðnaðarstörfum hjá fyrirtækinu. Sjá 24. gr. laga nr. 10/2008 um jafnan rétt karla og kvenna.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. desember 2014.**

Orka náttúrunnar framleiðir og selur rafmagn til allra landsmanna á samkeppnishæfu verði. Við viljum nýta auðlindir af ábyrgð og nærgætni og bæta lífsgæðin í nútíð og framtíð.

**ORKA NÁTTÚRUNNAR**
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is · on@on.is

on
ORKA NÁTTÚRUNNAR

# Sölu og markaðsstjóri

Smárahótel óska eftir að ráða sölu- og markaðsstjóra í fullt starf.

**Starfssvið :**

Umsjón með kynningarmálum, bókunarfyrirtækjum, heimasíðum, áætlanagerð og kostnaðarmat vegna sölu- og markaðsmála. Þáttaka í þróun rekstrar og þjónustu fyrirtækisins. Samskipti við viðskiptamenn, tilboðsgerð og samningar.

**Hæfniskröfur :**

Menntun á sviði viðskipta- og/eða markaðsfræði æskileg en ekki skilyrði
Góð reynsla og þekking á sölu- og markaðsmálum
Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
Góð samskiptafærni og reglusemi

**Áhugasamir umsækjendur sendi ferilskrá og nánari upplýsingar á netfangið flughotel@gmail.com**

Smárahótel reka Airport Hótel Smára við Flugstöð Leifs Eiríkssonar og Hótel Smára í Kópavogi.

Smárahótel

Eggert Kristjánsson hf.

## Innkaupastjóri

Eggert Kristjánsson hf. óskar að ráða öflugann innkaupastjóra. Starfssvið innkaupastjóra er yfirumsjón með öllum innkaupum fyrirtækisins, bæði erlendum og innlendum, tollafgreiðslum, verðútreikningum og bókun birgða á lager. Innkaupastjóri hefur einnig umsjón með birgðaeftirliti og birgðabreytingum á lager og þarf að vera fær um að greina birgðir með ýmsum aðferðum. Leitað er eftir einstaklingi sem er röggsamur, töluglöggur og fljótur að koma auga á lausnir.

Hæfniskröfur:

- Viðskipta-, verkfræði- eða tæknifræðimenntun með áherslu á vörustjórnun
- Reynsla af innkaupastjórnun skilyrði
- Gott vald á íslensku og ensku
- Frumkvæði og útsjónarsemi
- Reynsla/áhugi á matreiðslu og matvælum er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta áskilin.
- Færni í Navision og innkaupakerfum er kostur

Viðkomandi þarf að geta starfað í hóp og þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti. Ráðið verður í starfið sem fyrst. Upplýsingar um starfið veitir Páll Arnar í síma 568 5300. Umsóknir um starfið sendist á netfangið pall@eggert.is fyrir 22. desember n.k.

EGGERT KRISTJÁNSSON HF. SÉRHÆFIR SIG Í INNFLUTNINGI, SÖLU OG DREIFINGU FYRIR MATVÖRUVERSLANIR, LYFJAVERSLANIR, MÖTUNEYTI, VEITINGAHÚS OG FYRIR MATVÆLAIÐNAÐ.

www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## Hjúkrunarfræðingur eða geislafræðingur á geislameðferð krabbameina

Geislafræðingur eða hjúkrunarfræðingur óskast til starfa á geislameðferð krabbameina 10K við Hringbraut. Starfið er laust frá 1. janúar 2015 eða eftir samkomulagi. Starfshlutfall er 80-100%, dagvinna. Í boði er einstaklingshæfð aðlögun með reyndum hjúkrunarfræðingum og geislafræðingum.

### Helstu verkefni og ábyrgð

Starfið felst m.a. í að veita einstaklingum með krabbamein geislameðferð og þátttöku í þverfaglegri teymisvinnu.

### Hæfnikröfur

» Íslenskt starfsleyfi sem hjúkrunarfræðingur eða sem geislafræðingur
» Góð samskiptahæfni
» Faglegur metnaður

### Nánari upplýsingar

» Umsóknarfrestur er til og með 22. desember 2014.
» Starfshlutfall er 80-100%.
» Upplýsingar veita Svandís Matthíasdóttir, hjúkrunarfræðingur, svandism@landspitali.is, sími 543 6800 og Þórdís Ágústa Ingólfsdóttir, mannauðsráðgjafi, thoring@landspitali.is, sími 824 5480.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

WWW.FABRIKKAN.IS BORÐAPANTANIR Í SÍMA 575 7575

ÍSLENSKA HAMBORGARA FABRIKKAN 2010



„SÁ SEM FANN UPP HAMBORGARANN VAR KLÁR.
**SÁ SEM FANN UPP OSTBORGARANN VAR SNILLINGUR.**“

*Matthew McConaughey*

## FABRIKKAN Í REYKJAVÍK AUGLÝSIR

*Vegna aukinna umsvifa leitum við að fólki sem brosir meira en góðu hófi gegnir og hefur brennandi þörf fyrir að láta öðru fólki líða vel.*

### VAKTSTJÓRI Í SAL

*Vaktstjóri í sal er fyrirliðinn á vaktinni. Hvetjandi og jákvæður orkubolti sem kallar ekki allt ömmu sína (bara raunverulegu ömmu sína).*

***Þetta eru skilyrðin:***
** Framúrskarandi samskiptahæfni og þjónustulund*
** Reynsla af vaktstjórn á veitingastað*
** 25 ára +*

*Umsóknir ásamt mynd sendist á **atvinna@fabrikkan.is** merkt **„Fabrikkan Reykjavík – vaktstjóri“***

### ÞJÓNN 100%

*Hefur þú jákvætt viðhorf til lífsins og nýtirðu hverja stund til að láta þér og öðrum líða vel?*
***Viltu verða Fabrikkuþjónn?***

***Þetta eru skilyrðin:***
** Framúrskarandi samskiptahæfni*
** Jákvætt viðhorf til lífsins*
** Reynsla af þjónustu er kostur.*
** 20 ára +*

*Umsóknir ásamt mynd sendist á **atvinna@fabrikkan.is** merkt **„Fabrikkan Reykjavík – þjónn 100%“***

Framúrskarandi fyrirtæki 2013

www.facebook.com/fabrikkan www.youtube.com/fabrikkan. www.instagram.com/fabrikkan



## Capacent Ráðningar

Ráðgjafar Capacent búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.
**Kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is**

capacent

FRIÐRIK A. JÓNSSON ehf.

### Tæknimaður - Rafeindavirki

**Friðrik A. Jónsson ehf leitar að framtíðar starfsmanni.**

**Starfslýsing:**
Starfið felst í uppsetningu og viðhaldi á siglinga- og fiskileitartækjum ásamt bilanagreiningu og bilanaleit á verkstæði og um borð í skipum og bátum.

**Hæfniskröfur:**
Rafeindavirki eða sambærileg menntun.
Jákvæðni og hæfileiki í mannlegum samskiptum.
Áhugi til að læra og tileinka sér nýja tækni.
Sjálfstæð vinnubrögð og góð þjónustulund.

Umsókn og ferilskrá með upplýsingum um menntun og reynslu sendist á faj@faj.is

Friðrik A. Jónsson býr yfir 70 ára viðskiptasögu og er leiðandi í rafeindatækni og þjónustu fyrir skip og báta. Helstu vörumerki okkar eru SIMRAD siglinga og fiski-leitartæki. OLEX þrívíddarplotter, Vingtor síma- og kallkerfi. AquaSignal og Norselight ljósabúnaður. Sailor og ICOM fjarskiptabúnaður. Lowrance siglingatæki og dýptarmælar. SeaStar hafupplýsingakerfi ásamt fjölmörgum öðrum.

**Friðrik A. Jónsson ehf – Miðhrauni 13**
**Garðabæ – www.faj.is - s. 552-2111**

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



# Hjúkrunarfræðingur á sýkingavarnadeild Landspítala

Starf hjúkrunarfræðings í sýkingavörnum á gæða- og sýkingavarnadeild Landspítala er laust til umsóknar. Starfið er laust nú þegar. Starfshlutfall er 100% eða samkvæmt samkomulagi, unnið er í dagvinnu.

Hlutverk sýkingavarnardeildar er að veita forystu, leiðsögn og umgjörð um sýkingavarnir í samvinnu við önnur svið og stuðla þannig að öruggu umhverfi fyrir sjúklinga. Starf hjúkrunarfræðings í sýkingavörnum er því fjölbreytt og varðar allar starfseiningar sjúkrahússins. Sem hluti af starfsþjálfun er gert ráð fyrir að viðkomandi sæki námskeið í sýkla- og veirufræði við Læknadeild Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands.

## Helstu verkefni og ábyrgð
» Eftirlit með sýkingum á sjúkrahúsinu, viðbragð og varnir við útbreiðslu þeirra
» Fræðsla og ráðgjöf um sýkingavarnir bæði innan sjúkrahússins sem utan
» Gerð leiðbeininga, skráning og töluleg úrvinnsla gagna
» Eftirlit, greinargerðir og leit að orsökum faraldra eru stór þáttur í starfinu og möguleikar til rannsókna- og gæðaverkefna eru miklir.

## Hæfnikröfur
» Íslenskt hjúkrunarleyfi
» Góðir samskiptahæfileikar og lipurð í samskiptum
» Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði
» Reynsla af hjúkrunarstarfi á sjúkrahúsi
» Reynsla/ sérmenntun í hjúkrun á gjörgæslu- skurð-svæfinga- eða bráðadeildum er kostur
» Reynsla í kennslu er æskileg

## Nánari upplýsingar
» Umsóknarfrestur er til og með 29. desember 2014.
» Starfshlutfall er 100%.
» Með umsókn skal leggja fram skrá um nám og starfsferil ásamt gögnum um vísindavinnu og ritsmíðar. Jafnframt skal leggja fram afrit af prófskírteinum og starfsleyfi. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.
» Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast til Ásdísar Elfarsdóttur Jelle, Landspítala, Eiríksgötu 29.
» Upplýsingar veitir Ásdís Elfarsdóttir Jelle, deildarstjóri, asdiself@landspitali.is, sími 543 1000.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



# Deildarstjóri og aðstoðardeildarstjóri á röntgendeild

Störf deildarstjóra og aðstoðardeildarstjóra á röntgendeild Landspítala eru laus til umsóknar.

Umfangsmikil myndgreiningarþjónusta er veitt allan sólarhringinn á starfseiningum röntgendeildar í Fossvogi og við Hringbraut. Þar starfa á annað hundrað starfsmanna og framkvæmdar eru fjölbreyttar myndgreiningarrannsóknir , s.s. tölvusneiðmyndir, ísótóparannsóknir, segulómanir, ómrannsóknir, æðaþræðingar og rannsóknarinngrip auk almennra röntgenrannsókna.

Um er að ræða 100% starfshlutfall í dagvinnu.

Störfin veitast frá 1. febrúar 2015 og er umsóknarfrestur til og með 22. desember 2014.

Umsækjendur sem vilja sækja um báðar stöðurnar eru hvattir til þess.

Sjá nánar á vef Landspítala, www.landspitali.is og á www.starfatorg.is.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



# Stjórnendur bráðamóttöku Landspítala Fossvogi

**Á bráðamóttöku Landspítala í Fossvogi starfar öflugt fagfólk sem hefur metnað til að veita landsmönnum örugga bráðaþjónustu. Bráðamóttakan samanstendur af tveimur deildum, bráðadeild G-2 sem sinnir bráðveikum og slösuðum og bráða- og göngudeild G-3 sem sinnir einstaklingum með minniháttar áverka og veikindi.**

**Leitað er að kraftmiklum stjórnendum sem vinna sem eitt teymi að áframhaldandi uppbyggingu öflugrar bráðamóttöku og hafa vilja til að meta spítalann sem eina heild.**

## Yfirlæknir bráðalækninga

Yfirlæknir bráðalækninga er yfirmaður sérgreinar í bráðalækningum og er leiðandi um læknisfræðileg málefni innan bráðamóttöku og sérgreinar. Hann ber ábyrgð á þróun bráðalækninga, skipuleggur vinnufyrirkomulag og mönnun. Yfirlæknir setur fram markmið um gæði og öryggi og tryggir eftirfylgni. Hann setur einnig fram markmið varðandi kennslu og rannsóknir innan sérgreinarinnar. Gert er ráð fyrir að viðkomandi hafi sérfræðiviðurkenningu í bráðalækningum.

## Hjúkrunardeildarstjóri bráðadeildar G-2

Hjúkrunardeildarstjóri bráðadeildar G-2 er yfirmaður hjúkrunar á deild, stjórnar daglegum rekstri og er leiðandi um hjúkrunarfræðileg málefni innan deildarinnar. Hann ber ábyrgð á þróun bráðahjúkrunar og setur fram markmið um gæði og öryggi og tryggir eftirfylgni. Hann setur einnig fram markmið varðandi kennslu og rannsóknir í bráðahjúkrun.

## Hjúkrunardeildarstjóri bráða- og göngudeild G-3

Hjúkrunardeildarstjóri bráða- og göngudeildar G-3 er yfirmaður hjúkrunar á deild, stjórnar daglegum rekstri og er leiðandi um hjúkrunarfræðileg málefni innan deildarinnar. Hann ber ábyrgð á þróun hjúkrunar og setur fram markmið um gæði og öryggi og tryggir eftirfylgni. Hann setur einnig fram markmið varðandi kennslu og rannsóknir í hjúkrun.

### Verkefni og ábyrgð allra stjórnenda
Fagleg, fjárhagsleg og starfsmannaábyrgð í samráði við framkvæmdastjóra flæðisviðs.

### Hæfnikröfur
» Sérfræðiviðurkenning í bráðalækningum (yfirlæknir)
» Hjúkrunarmenntun, framhaldsnám í hjúkrun er æskilegt (hjúkrunardeildarstjórar)
» Reynsla af kennslu og vísindastörfum
» Farsæl stjórnunarreynsla
» Leiðtogahæfni
» Samskiptahæfni

### Nánari upplýsingar
» Ráðið er í stöðurnar frá 1. febrúar 2015 til 5 ára.
» Umsóknarfrestur er til og með 12. janúar 2015.
» Starfshlutfall er 100%
» Umsóknum fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, kennslu og vísindavinnu.
» Fyrir stöðu yfirlæknis þarf að fylla út lágmarksupplýsingar á almenna umsókn og setja viðhengi, en ítarlegri upplýsingar fyllist út í umsókn fyrir læknastöðu, sjá vef Landlæknis.
» Umsóknir yfirlækna verða sendar til stöðunefndar lækna hjá Landlæknisembættinu og umsóknir hjúkrunardeildarstjóra til stöðunefndar hjúkrunarráðs LSH.
» Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggir ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.
» Nánari upplýsingar um stöðurnar veitir Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri flæðisviðs, gudrakel@landspitali.is, sími 543 2270.
» Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast á skrifstofu Guðlaugar Rakelar, E2 Fossvogi.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Sótt er um störfin rafrænt á www.landspitali.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

# Akraneskaupstaður auglýsir eftir öflugum leiðtoga

## Sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs

Við leitum að metnaðarfullum leiðtoga til að stýra nýju velferðar- og mannréttindasviði. Undir sviðið heyrir félagsleg ráðgjöf og fjárhagsaðstoð, húsnæðismál, barnavernd, málefni aldraðra, málefni fatlaðra, atvinnumál, jafnréttis- og mannréttindamál. Meðal brýnna verkefna á næstu árum er að móta stefnu í þjónustu við aldraða og fatlaða einstaklinga, fylgja eftir framkvæmdaáætlun í mannréttindamálum og þróa samráð við fulltrúa helstu hagsmunahópa. Ennfremur að móta verkferla og undirbúa stefnu sviðsins í þjónustu- og gæðamálum.

### Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Fagleg forysta í málaflokkum sem heyra undir sviðið
- Undirbúningur mála og eftirlit með að ákvörðunum velferðar- og mannréttindaráðs sé framfylgt
- Yfirstjórn stofnana sem heyra undir sviðið
- Yfirumsjón með gerð starfs- og fjárhagsáætlunar sviðsins og eftirfylgni
- Mótun gæða- og þjónustustefnu sviðsins

### Menntunar- og hæfnikröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsnám á sviði stjórnunar æskilegt
- Reynsla af stefnumótun og breytingastjórnun
- Stjórnunarreynsla og reynsla af opinberri stjórnsýslu
- Mikil samskipta- og samstarfshæfni
- Hæfni í framsetningu á efni í ræðu og riti
- Góð þekking og reynsla af fjárhagsáætlanagerð

Ráðið er í stöður sviðsstjóra hjá Akraneskaupstað í 5 ár í senn með möguleika á endurráðningu.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri í síma 4331000.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Akraneskaupstaðar, www.akranes.is

Með umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðning fyrir hæfni í starfið.

Umsóknarfrestur er t.o.m. 14. desember næstkomandi.

Akraneskaupstaður



---

**Global Fuel**

**Vanur bókari óskast til vinnu frá og með áramótum**

Um er að ræða fullt starf.
Kunnátta á DK bókhaldskerfið væri kostur.
Áhugasamir hafi samband við jobs@globalfuel.is
**fyrir 10. desember.**

---

FLÓAHREPPUR — Krakkaborg

## Leikskólastjóri óskast

**Flóahreppur auglýsir eftir leikskólastjóra við leikskólann Krakkaborg.**

Um er að ræða 100% starf. Laun og launakjör eru samkvæmt kjarasamningi launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Leikskólinn Krakkaborg er þriggja deilda leikskóli sem þjónar um 50 börnum frá 9 mánaða aldri til 6 ára aldurs. Skólinn flytur, 1. febrúar 2015, í nýtt húsnæði í Þingborg við Suðurlandsveg.

Leitað er að starfsmanni með leikskólakennaramenntun eða aðra uppeldismenntun.

**Gerð er krafa um:**
- Leikskólakennaramenntun eða aðra uppeldismenntun.
- Menntun og/eða reynslu af stjórnun og rekstri sbr. 10. gr. laga nr. 87/2008.
- Góða skipulagshæfileika.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

**Starfssvið:**
- Stjórn og ábyrgð á daglegri starfsemi, fjárhagsáætlunum og rekstri.
- Fagleg forysta.
- Ráðningar og stjórnun starfsfólks.
- Vinna með starfsfólki að markmiðum leikskólans.

**Lögð er áhersla á :**
- Að börnin þroskist og dafni í í leik og starfi.
- Að börnin fái verkefni við hæfi hvers og eins.
- Gott samstarf og samvinnu við forráðamenn og íbúa sveitarfélagsins.
- Gott samstarf við grunnskóla sveitarfélagsins, Flóaskóla.

Frekari upplýsingar veita sveitarstjóri Flóahrepps, Eydís Þ. Indriðadóttir í síma 480 4370, netfang: **floahreppur@floahreppur.is** og leikskólastjóri Jóna Björg Jónsdóttir í síma 482 3085, netfang: **jonabjorg@floahreppur.is**

Umsóknum skal skila fyrir 19. desember, n.k. á skrifstofu sveitarfélagsins, Þingborg, 801 Selfoss, eða á netfangið **floahreppur@floahreppur.is**. Umsóknir skulu merktar "Leikskólastjóri"

---

LAND ROVER · SUBARU · BMW · HYUNDAI · ISUZU D-MAX · RENAULT · NISSAN · DACIA

# VIÐ BÆTUM Í HÓPINN

## BL óskar að ráða öfluga og þjónustulundaða aðila í eftirtalin störf á þjónustusviði félagsins

### Starfsmaður í vöruhús

**Starfssvið:**
- Utanumhald pantana viðskiptavina
- Almenn afgreiðsla
- Vöruupptekt og frágangur

**Hæfniskröfur:**
- Nákvæm vinnubrögð
- Góð tölvukunnátta
- Stundvísi
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Vinnutími er frá kl. 8.00-17.00

### Starfsmaður í ábyrgðardeild

**Starfssvið:**
- Umsjón með framkvæmd innkallana frá framleiðendum
- Umsjón og viðhald fastverðkerfis
- Vinna við skráningar í ábyrgðarkerfi framleiðenda

**Hæfniskröfur:**
- Góð tölvukunnátta
- Gott vald á íslensku og ensku
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Umsækjandi þarf að vera töluglöggur og sjálfstæður í vinnubrögðum

Vinnutími er frá kl. 8.00-17.00

### Starfsmaður í þjónustuver

**Starfssvið:**
Símsvörun sem felur í sér upplýsingagjöf til viðskiptavina, stofnun verkbeiðna, varahlutasölu o.fl.

**Hæfniskröfur:**
- Áhugi og þekking á bílum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvukunnátta
- Stundvísi

Vinnutími er frá kl. 8.00-17.00

Umsækjendur eru beðnir um að fylla út umsókn á heimasíðu BL ehf. Umsóknarfrestur er til 16. desember nk. Nánari upplýsingar veitir Hrafnhildur Hauksdóttir, starfsmanna- og gæðastjóri.

ENNEMM / SÍA / NM66228

Starfsfólk BL leitast eftir að ráða til sín samstarfsfólk sem hefur gaman af að veita góða þjónustu, löngun til að skara framúr, hefur nægjanlegt sjálfstæði til að grípa inn í og stýra málum í réttan farveg, hefur gaman af samvinnu og mannlegum samskiptum og síðast en ekki síst er létt í lund.

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Verkefnisstjóri hálendisverkefnis

Náttúruverndarsamtök Íslands og Landvernd auglýsa eftir verkefnisstjóra til að stýra nýju og spennandi verkefni samtakanna fyrir verndun hálendisins. Verkefnið er unnið í samvinnu við Náttúruverndarsjóð Pálma Jónssonar. Starfið felst meðal annars í skipulagningu viðburða, þekkingaröflun og miðlun um málefni hálendisins í samvinnu við hagsmunaaðila úr ólíkum áttum. Gert er ráð fyrir að viðkomandi taki til starfa sem fyrst og ráðið er til eins árs með möguleika á áframhaldandi ráðningu.

**Menntun og hæfniskröfur**
Samtökin óska eftir að ráða dugmikinn einstakling með háskólamenntun og góða þekkingu og reynslu af náttúruvernd, skipulagsmálum, málefnum miðhálendisins, eða með aðra þá þekkingu sem mundi nýtast við stjórnun verkefnisins. Viðkomandi þarf að vera skipulagður, búa yfir mikilli samskiptafærni og hafa góða stjórnunarhæfni. Gerð er krafa um frumkvæði, sjálfstæði og jákvæðni í starfi og viðkomandi þarf að eiga auðvelt með að koma fram.

**Kröfur til umsóknar og frestur**
Umsókn þarf að fylgja ferilskrá og greinargerð þar sem ástæða umsóknar er útlistuð, hæfni viðkomandi til að gegna starfinu lýst og listi yfir 2-3 meðmælendur gefinn. Umsóknir skulu sendar á mummi@landvernd.is og arni@natturuvernd.is, merktar „Hálendisverkefni umsókn". **Umsóknarfrestur er til 5. janúar n.k.**

**Nánari upplýsingar veita:**
Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtakanna, s. 897 2437 og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, framkvæmdastjóri Landverndar, s. 863-1177.

NÁTTÚRUVERNDARSJÓÐUR PÁLMA JÓNSSONAR STOFNANDA HAGKAUPS
NÁTTÚRUVERNDARSAMTÖK ÍSLANDS
LANDVERND

# NÓATÚN ÓSKAR EFTIR MATRÁÐI Í NÓATÚN AUSTURVERI

**HELSTU VERKEFNI ERU:**
- Matargerð í versluninni.
- Þjónusta við viðskiptavini.

**HÆFNISKRÖFUR:**
- Reynsla af matseld er skilyrði.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Skipulögð vinnubrögð.
- Íslenskukunnátta er skilyrði.
- Aldurstakmark 20 ára.

**Vinnutími er 8³⁰-16 virka daga.**

**ÁHUGASAMIR VINSAMLEGAST SÆKI UM Á NOATUN.IS**
Umsóknarfrestur er til og með 14. desember 2014



Opið til miðnættis alla daga 8-24 NÓATÚN

# HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann

**Óskum eftir að ráða hjúkrunarfræðing til starfa við Sjúkrahúsið Vog**
Vaktavinna - starfshlutfall samkomulag

**Upplýsingar veitir**
Þóra Björnsdóttir
Hjúkrunarforstjóri Vogs
Sími 8247615
thora@saa.is

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Lektor í uppeldis- og menntunarfr. | HÍ, menntavísindasvið | Reykjavík | 201412/940 |
| Nýdoktor | HÍ, hagfræðideild og Hagfræðistofnun | Reykjavík | 201412/939 |
| Nýdoktor | HÍ, Stofnun Sæmundar Fróða | Reykjavík | 201412/938 |
| Náttúru- eða lífeindafræðingur | Tilraunastöð HÍ í meinafræði | Reykjavík | 201412/937 |
| Sérfræðingur í prófagerð | Námsmatsstofnun | Reykjavík | 201412/936 |
| Sérfræðingur í mati | Námsmatsstofnun | Reykjavík | 201412/935 |
| Hjúkrunardeildarstjóri | LSH, bráða- og göngudeild | Reykjavík | 201412/934 |
| Hjúkrunardeildarstjóri | LSH, bráðadeild G-2 | Reykjavík | 201412/933 |
| Yfirlæknir bráðalækninga | LSH, bráðamóttaka | Reykjavík | 201412/932 |
| Heilbrigðisritari/skrifstofumaður | LSH, lyflækningar krabbameina | Reykjavík | 201412/931 |
| Lektor í tölvunarfr. / hugb.verkfr. | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201412/930 |
| Sérfræðingur | Velferðarráðuneytið | Reykjavík | 201412/929 |
| Skrifstofumaður | Sýslumaðurinn á Suðurlandi | Hvolsvöllur | 201412/928 |
| Miðasölustjóri | Þjóðleikhúsið | Reykjavík | 201412/927 |
| Fulltrúi á skrifstofu | Menntaskólinn á Ísafirði | Ísafjörður | 201412/926 |
| Forstöðuhjúkrunarfræðingur | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201412/925 |
| Rannsóknarlögreglumaður | Lögreglustjórinn á Eskifirði | Eskifjörður | 201412/924 |
| Deildarlæknar | LSH, öldrunarlækningar | Reykjavík | 201412/923 |
| Sérfræðingur | Byggðastofnun, rekstrarsvið | Sauðárkrókur | 201412/922 |
| Sérfræðingur | Byggðastofnun, fyrirtækjasvið | Sauðárkrókur | 201412/921 |
| Hjúkrunarfræðingur | Sólvangur, hjúkrunarheimili | Hafnarfjörður | 201412/920 |
| Lögfræðingar | Úrsk.nefnd umhverfis- og auðl.mála | Reykjavík | 201412/919 |
| Heilbrigðisritari / skrifstofumaður | LSH, dag- og göngudeild | Reykjavík | 201412/918 |
| Aðstoðardeildarstjóri | LSH, röntgendeild | Reykjavík | 201412/917 |
| Deildarstjóri | LSH, röntgendeild | Reykjavík | 201412/916 |
| Starfsmaður í upplýsingatækni | Lánasjóður íslenskra námsmanna | Reykjavík | 201412/915 |
| Hjúkrunar- eða geislafræðingur | LSH, geislameðferð krabbameina | Reykjavík | 201412/914 |
| Hjúkrunarfræðingur | LSH, sýkingavarnadeild | Reykjavík | 201412/913 |
| Framhaldssk.kennari í spænsku | Fjölbrautaskóli Vesturlands | Akranes | 201412/912 |

**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið



# Verkefnisstjóri hverfisskipulags hjá embætti skipulagsfulltrúa

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar auglýsir eftir verkefnisstjóra hverfisskipulags hjá embætti skipulagsfulltrúa. Leitað er að öflugum starfsmanni til að verkefnisstýra og samræma vinnu við gerð hverfisskipulags Reykjavíkur. Hverfisskipulagi er ætlað að leggja grunn að sjálfbærri þróun hverfa borgarinnar með stefnumótun aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 að leiðarljósi. Með gerð heildarskipulags fyrir hverfi borgarinnar er verið að brúa bilið milli aðal- og deiliskipulagsáætlana á vistvænan og sjálfbæran hátt og sameina gildandi deiliskipulagsáætlanir og skilmála fyrir viðkomandi hverfi með almennum skipulags- og byggingarheimildum. Um er að ræða starf í skapandi og faglegu starfsumhverfi með nýsköpun og framsækni í skipulagsgerð að leiðarljósi.

**Starfssvið**
- Samræma vinnu við gerð hverfisskipulags í nánni samvinnu við skipulagsfulltrúa og aðra verkefnisstjóra.
- Yfirumsjón verkefnateyma vegna einstakra umfangsmikilla skipulagsverkefna og þátttaka í öðrum verkefnateymum á vegum skipulagsfulltrúa og/eða umhverfis- og skipulagssviðs vegna skipulagsgerðar.
- Hefur eftirlit með aðkeyptum ráðgjöfum, hönnuðum og verktökum.
- Ber ábyrgð á að skipulagsáætlanir séu í samræmi við lög og reglugerðir.
- Gerð umsagna og mat á fyrirspurnum, umsóknum, framkvæmdaleyfum og öðru er varðar skipulagsmál og framkvæmdir sem fara í málsmeðferðarferli hjá skipulagsfulltrúa.
- Hefur samskipti um skipulagsmál við stofnanir, nefndir, ráð, skrifstofur og deildir innan og utan borgarkerfis og ráðgjöf til sömu aðila um framgang og málsmeðferð mála hjá embætti skipulagsfulltrúa.
- Hefur samskipti við íbúa og aðra hagsmuna- og umsagnaraðila.
- Heldur fræðslufyrirlestra og kynningar fyrir samstarfsfólk, aðrar stofnanir, hagsmunaaðila og íbúa.
- Einstaka áætlanagerð sem falla undir embættið og öðrum verkefnum sem honum eru falin

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun í arkitektúr, landslagsarkitektúr eða skipulagsfræðum.
- Reynsla af skipulagsgerð og málsmeðferð skipulagsáætlana.
- Reynsla af og þekking á verkefnisstjórnun og stefnumótunarvinnu.
- Reynsla af ráðgjöf til viðskiptavina og hagsmunaaðila.
- Þekking á skipulags- og mannvirkjalögum.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og færni til að stýra vinnuhópum.
- Hæfni til greiningar á flóknum gögnum og miðlun upplýsinga.
- Örugg framkoma og framsetning í ræðu og riti.
- Góð íslenskukunnátta og ritfærni og reynsla af skýrslugerð.
- Frumkvæði, áræðni, fagleg og sjálfstæð og nákvæm vinnubrögð.
- Geta til að vinna undir álagi.
- Færni í notkun á algengum hugbúnaði sem tengist skrifstofustörfum og þekking á algengum hönnunar-, umbrots- og teikniforritum.
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur.

Um er að ræða 100% starf og æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags. Nánari upplýsingar veitir Björn Axelsson skipulagsfulltrúi í síma 411-1111 eða ***bjorn.axelsson@reykjavik.is***. Sótt er um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar ***www.reykjavik.is*** undir **„laus störf"** og **„verkefnisstjóri hverfisskipulags"**. Umsóknarfrestur er til og með **22. desember 2014**. Öllum umsækjendum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

# Starfagátt STARFs

## Atvinnuleitendur

**Flest auglýst störf í landsfjölmiðlum má finna á einum stað í lista á vefsíðu STARFs**

**www.starfid.is**

STARF
VINNUMIÐLUN OG RÁÐGJÖF

STARF – vinnumiðlun og ráðgjöf ehf. er fyrirtæki í eigu Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins og var stofnað vorið 2012 til að halda utan um tilraunaverkefni um þjónustu við fólk án atvinnu, atvinnuleitendur, sem eru félagar í tilteknum stéttarfélögum. Þjónustan fer fram í fjórum þjónustumiðstöðvum og þar starfa m.a. 14 atvinnuráðgjafar STARFs. Þungamiðja þjónustunnar er vinnumiðlun og jafnframt er atvinnuleitendum liðsinnt við margvísleg vinnumarkaðsúrræði – markmiðið er að koma fleiri atvinnuleitendum aftur til starfa. Nánari upplýsingar um STARF má finna á vefsíðu félagsins: www.starfid.is

---

KLAUSTUR DOWNTOWN BAR

# BARÞJÓNN

Klaustur Downtown Bar auglýsir eftir vönum barþjóni í hlutastarf

**Umsóknarfrestur er til og með 18. desember**

**Hæfniskröfur**
**Umsækjandi þarf að:**

- Hafa reynslu sem þjónn í sal og/eða á bar
- Hafa metnað til að standa sig vel í starfi og vilja til að bæta við sig þekkingu og reynslu
- Vera brosmildur, áreiðanlegur og stundvís
- Eiga auðvelt með samskipti og teymisvinnu
- Hafa góða tungumálakunnáttu

Fyrirspurnir og umsóknir skal senda ásamt ferilskrá á **thorsgardur@thorsgardur.is**

---

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Sérfræðingur á skrifstofu hagmála og fjárlaga

Velferðarráðuneytið auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings á skrifstofu hagmála og fjárlaga.

Hlutverk skrifstofunnar er að undirbyggja stefnumarkandi ákvarðanir velferðarráðherra með hagtölum og greiningu og hafa heildarsýn yfir fjárreiður stofnana, tryggingarliða og annarra viðfangsefna sem undir ráðuneytið heyra. Í því felst m.a. uppbygging, greining og úrvinnsla gagna, ábyrgð á gerð fjárlaga, rekstrar- og framkvæmdaáætlana og eftirlit með framkvæmd fjárlaga.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun í viðskiptafræði eða hagfræði eða önnur sambærileg menntun.
- Öryggi og reynsla í meðferð, greiningu og úrvinnslu gagna. Áhersla er lögð á færni í notkun töflureikna.
- Þekking og reynsla af áætlanagerð, kostnaðargreiningu og kostnaðareftirliti.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og færni til að geta unnið sjálfstætt með skipulögðum og öguðum vinnubrögðum.
- Færni í miðlun upplýsinga í mæltu og rituðu máli.
- Þekking og reynsla af stjórnsýslunni og fjárlagagerð er kostur.
- Þekking á fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins er kostur.

Um launakjör fer eftir kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Ráðuneytið hvetur karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

Í boði er áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir á öguð vinnubrögð ábyrgð og frumkvæði. Nánari upplýsingar um starfið veita Hrönn Ottósdóttir skrifstofustjóri, hronn.ottosdottir@vel.is eða Dagný Brynjólfsdóttir, dagny.brynjolfsdottir@vel.is.
Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil skulu berast velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík eða á netfangið: postur@vel.is eigi síðar en 22. desember nk.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. reglur nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum.

*Velferðarráðuneytinu, 5. desember 2014.*

---

## Viðgerðamaður!

Suðurverk óskar eftir að ráða viðgerðamann til viðgerða og þjónustu á vinnutækjum við Norðfjarðargöng. Þarf að hafa staðgóða þekkingu í bilanagreiningu vinnuvéla.

**Umsóknir skulu berast á skrifstofu okkar að Hlíðasmára 11 eða senda þær á vef á www.sudurverk.is.**

SUÐURVERK

---

GRUNNSKÓLI GRINDAVÍKUR
VIRÐING – VELLÍÐAN – VIRKNI

## Kennara vantar í Grunnskóla Grindavíkur.

**Frá áramótum vantar okkur eftirtalda kennara:.**

- **Umsjónarkennari á miðstigi.**
- **Umsjónarkennari á elsta stigi, kennslugreinar íslenska, samfélagsfræði, danska.**
- **Einnig vantar í stuðningskennslu í íslensku og stærðfræði á yngsta stigi.**

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.
Umsóknir skulu berast Grunnskóla Grindavíkur Ásabraut 2, 240 Grindavík eða sendist á netfangið halldorakm@grindavik.is **fyrir 15. desember.**

Nánari upplýsingar veitir Halldóra K. Magnúsdóttir skólastjóri í síma 420-1150.

Upplýsingar um skólann er að finna á heimasíðu hans *http://www.grindavik.is/grunnskolinn.*

---

## Okkur vantar lagermann og bílstjóra

Okkur vantar lagermann sem er jafnframt bílstjóri í framtíðarstarf.

Óskum eftir eftir jákvæðum einstaklingi með ríka þjónustulund og sem á auðvelt með mannleg samskipti.

Umsóknir og fyrirspurnir sendist á kjartan@isafold.is

Umsóknarfrestur er til 12. desember

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

Suðurhraun 1
Garðabæ
Sími: 595 0300
**www.isafold.is**

Ísafoldarprentsmiðja er eitt af elstu fyrirtækjum landsins, stofnuð 1877. Hjá fyrirtækinu starfa 60 manns. Ísafoldarprentsmiðja býður heildarlausnir í prentþjónustu og er leiðandi í hagkvæmum lausnum

---

# 365 ÓSKAR EFTIR GÓÐU FÓLKI

**365 miðlar auglýsa eftir markaðssérfræðingi.**
**Starfið heyrir undir forstöðumann markaðssviðs 365.**

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Áætlunargerð
- Verkefna- og viðburðastjórnun
- Samskipti við auglýsingastofu
- Samskipti við innlenda og erlenda birgja
- Ýmis textagerð og vefumsjón

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af markaðsmálum
- Þekking á sjónvarpsmarkaði kostur
- Mjög góðir samskiptahæfileikar
- Gott vald á íslensku og ensku nauðsynleg
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og metnaður

Frekari upplýsingar veitir Svanur Valgeirsson mannauðsstjóri, svanur@365.is.
Umsóknarfrestur er til og með 12. desember. Umsækjendur sæki um á 365midlar.is.

3 Krakkastöðin BRAVÓ SPORT SPORT 2 365

## Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

**Leikskólar**
- Leikskólakennari í Baug
- Sérkennari/þroskaþjálfi í Fífusali

**Grunnskólar**
- Stuðningsfulltrúi í námsver
- Stuðningsfulltrúi/skólaliði
- Þroskaþjálfi í Hörðuvallaskóla
- Starfsmenn í dægradvöl og skólaliðar í Hörðuvallaskóla

**Velferðarsvið**
- Starfsmenn á heimili fyrir fatlað fólk
- Starfsmenn á hæfingarstöð fyrir fatlað fólk

Nánari upplýsingar og fleiri störf er að finna á vef Kópavogsbæjar

**Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is**

Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst **www.kopavogur.is**

Kópavogsbær

kopavogur.is

---

Global Fuel

**Vanur bókari óskast til vinnu frá og með áramótum**

Um er að ræða fullt starf.

Kunnátta á DK bókhaldskerfið væri kostur.

Áhugasamir hafi samband við jobs@globalfuel.is

**fyrir 10. desember.**

---



## SUNDÞJÁLFARI

**Sunddeild Stjörnunnar leitar að einstaklingi í hlutastarf við þjálfun æfingahópa við yngra starf deildarinnar.**

**Nánari upplýsingar um starfið gefur Friðbjörn yfirþjálfari í netfanginu sund@stjarnan.is.**

Sunddeild Stjörnunnar er eitt af fyrirmyndarfélögum KSÍ.

---

## ATVINNA
SÁLFRÆÐINGUR ÓSKAST TIL STARFA

**Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar óskar eftir að ráða sálfræðing til starfa.**

Starfið felst í greiningu, ráðgjöf, meðferð og fræðslu til barna og fjölskyldna þeirra, sem og ráðgjöf til starfsfólks í leik- og grunnskólum.
Krafist er réttinda til að starfa sem sálfræðingur á Íslandi og lipurðar í mannlegum samskiptum.

Reynsla á sviði skólasálfræði og félagsþjónustu er æskileg. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar veita Gylfi Jón Gylfason fræslustjóri og Gyða Margrét Arnmundsdóttir deildarstjóri sérfræðiþjónustu í síma 421-6700

Umsóknum skal skila rafrænt á heimasíðu Reykjanesbæjar fyrir 20. desember 2014 www.reykjanesbaer.is/stjornkerfi/laus-storf

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

---

## Rafmagns- eða tæknifræðingur

**Mannverk óskar eftir að ráða öflugan starfsmann í verkefna- og framkvæmdastjórnun sem tilbúinn er að takast á við krefjandi verkefni á raforkusviði og skemmtilegar áskoranir með góðri liðsheild.**

**Helstu verkefni**
- Verkefna- og framkvæmdastjórnun á sviði há- og lágspennu
- Samræming hönnunar og á tæknilegum útfærslum
- Undirbúningur verkefna
- Innkaup, áætlanagerð og eftirfylgni
- Kostnaðar-, gæða- og framvindueftirlit

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði rafmagnstækni eða -verkfræði
- Farsæl starfsreynsla
- Menntun í rafiðn er kostur
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Metnað til að ná árangri í starfi
- Góð kunnátta í ensku

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jónas Már Gunnarsson í síma 771 1101. **Umsóknarfrestur er til og með 15. desember n.k.** Umsókn óskast send á jmg@mannverk.is. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf.

MANNVERK FRAMKVÆMDIR OG RÁÐGJÖF

Mannverk ehf. var stofnað á vordögum 2012. Fyrirtækið sérhæfir sig í þróunarverkefnum, stýriverktöku, verkefna- , hönnunar- og byggingarstjórnun ásamt almennri framkvæmdaráðgjöf. Mannverk er ábyrgt og framsækið fyrirtæki og leggur áherslu á öfluga liðsheild. Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess www.mannverk.is

---

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## ÖLDRUNARLÆKNINGAR
## Deildarlæknar í starfsnám og/eða endurmenntunarstaða

Staða tveggja deildararlækna í öldrunarlækningum eru lausar til umsóknar. Störfin veitast frá 1. febrúar 2015 eða eftir samkomulagi.

Um er að ræða fjölbreytt starf á hinum ýmsu þjónustuþáttum öldrunarlækna. Stöðurnar eru námsstöður sem veitast til eins árs en möguleiki er á skemmri ráðningu. Starfið er gott innlegg til sérnáms í öldrunarlækningum, heimilislækningum, lyflækningum og fleiri greinum. Starfsvettvangur er á Landakoti og í Fossvogi. Vaktir eru á Landakoti. Einnig getur staðan verið góð endurmenntunarstaða fyrir starfandi heimilislækna.

### Helstu verkefni og ábyrgð
Deildarlæknir hlýtur þjálfun og reynslu á öllum sviðum öldrunarlækninga, við heildrænt mat, meðferð og greiningu á bráðaöldrunarlækningadeild, endurhæfingardeild og heilabilunardeild svo og við göngudeild og ráðgjöf.

### Hæfnikröfur
» Almennt íslenskt lækningaleyfi
» Íslenskukunnátta
» Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum

### Nánari upplýsingar
» Umsóknarfrestur er til og með 15. janúar 2015.
» Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá.
» ATH. Fylla þarf út lágmarksupplýsingar á almenna umsókn og setja viðhengi, en ýtarlegri upplýsingar í umsókn fyrir læknisstöðu, sjá vef landlæknis.
» Upplýsingar veita Pálmi V Jónsson, yfirlæknir, netfang palmivj@landspitali.is, sími 543 9891.
» Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Pálma, K-4 öldrunarlækningar Landakoti.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

---

www.isor.is

ÍSOR ICELAND GEOSURVEY

## Sérfræðingur á sviði forðafræði jarðhitakerfa

Íslenskar orkurannsóknir, ÍSOR, leita að metnaðargjörnum einstaklingi til að bætast í hóp þeirra sem leiða rannsóknir og þróun á sviði jarðvarma, grunnvatns og kolvetna í jörðu.

Starfið felur í sér vinnu við forðafræðirannsóknir, einkum líkanreikninga fyrir jarðhitakerfi og túlkun borholuprófana og -mælinga, en einnig eftir atvikum almennar rannsóknir og ráðgjöf auk kennslu og þjálfunar.

Fastur vinnustaður er á skrifstofum ÍSOR í Reykjavík eða á Akureyri. Starfið getur falið í sér vinnu utanbæjar eða utanlands og langan vinnudag á köflum.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Meistara- eða doktorspróf í jarðeðlisfræði, eðlisfræði, verkfræði eða skyldum greinum.
- Reynsla á sviði forðafræði eða grunnvatnsfræði æskileg, einkum líkanreikninga.
- Góð kunnátta í eðlisfræði og stærðfræði.
- Frumkvæði og öguð vinnubrögð.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti.
- Kunnátta í öðrum tungumálum, svo sem spænsku, frönsku eða þýsku, er kostur.

ÍSOR leggur áherslu á að hækka hlutfall kvenna og yngra fólks í starfsliði sínu.

Nánari upplýsingar og umsóknir má senda á netfangið

**gudrun.erlingsdottir@isor.is**, eigi síðar en **5. janúar 2015.**



# SUNDÞJÁLFARI

**Sunddeild Stjörnunnar leitar að einstaklingi í hlutastarf við þjálfun æfingahópa við yngra starf deildarinnar.**

**Nánari upplýsingar um starfið gefur Friðbjörn yfirþjálfari í netfanginu sund@stjarnan.is.**

Sunddeild Stjörnunnar er eitt af fyrirmyndarfélögum KSÍ.

# Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

**Leikskólar**

- Leikskólakennari í Baug
- Sérkennari/þroskaþjálfi í Fífusali

**Grunnskólar**

- Stuðningsfulltrúi í námsver
- Stuðningsfulltrúi/skólaliði
- Þroskaþjálfi í Hörðuvallaskóla
- Starfsmenn í dægradvöl og skólaliðar í Hörðuvallaskóla

**Velferðarsvið**

- Starfsmenn á heimili fyrir fatlað fólk
- Starfsmenn á hæfingarstöð fyrir fatlað fólk

Nánari upplýsingar og fleiri störf er að finna á vef Kópavogsbæjar

**Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is**

Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst **www.kopavogur.is**

Kópavogsbær

kopavogur.is

# Þrotabú Marmetis ehf. í Sandgerði




**Fasteign, vélar og tæki ofangreinds þrotabús verða seld á nauðungaruppboði þriðjudaginn 9. des. n.k. á starfsstöð Marmetis ehf. að Hafnargötu 3 í Sandgerði.**

Fasteignin verður seld kl. 10.00 en um er að ræða 2.365,8 fm. fiskverkunarhús við Hafnargötu 3 í Sandgerði, byggt 2013.
Um söluna og greiðslur gilda venjulegar reglur uppboðslaga.
Vélar og tæki, sem allt er nýlegt, verða seld kl. 10.30 en þar er aðallega um að ræða:

1) Curio flökunarvél, C-2011
2) 52 stk. 330 lítra plastkör ásamt 7 plastbrettum og handlyftara.
3) Innmötunarkar, fjögurra stæða slægingarlína og færiband fyrir slóg að kari frá Martaki.
4) Vigtarband frá Marel.
5) Vigtarband að lokinn slægingu frá Marel.
6) Flæðilína (snyrtilína) með 12 stöðvum frá Marel.
7) Lausfrystir með pressu, böndum og tröppum auk plötufrystis og platna.
8) Samvalsflokkari frá Marel.
9) Skeifuvog ásamt 2 handskönnum.
10) Handflökunarlína með 8 stöðvum, rúlluborð og vigt.
11) 40 viðarfataskápar í búningsherbergjum.
12) Lyftari, JL-7740 Linde E-25.
13) Allt lausafé í kaffistofu, mötuneyti, skrifstofum og víðar, þmt. ísskápar og önnur laus tæki.

Um sölu á lausafé gilda venjulegar reglur uppboðslaga, greiðsla við hamarshögg eða eftir nánari ákvörðun uppboðshaldara.

# LEIGUSAMNINGUR

**Veitingaaðstaða til leigu í Gerðubergi, nýju sameinuðu bókasafni og menningarhúsi í Breiðholti,** mál nr. 13359.

Nánari upplýsingar er að finna á **www.reykjavik.is/utbod**

GERÐUBERG Menningarmiðstöð

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

SORPA

# ÚTBOÐ

SORPA bs. óskar eftir tilboðum í verkið:

**Viðtaka á raf- og rafeindatækjaúrgangi af endurvinnslustöðvum SORPU 2015.**

Verkið fellst í viðtöku á úrganginum meðhöndlun og afsetningu.

Útboðsgögn fást á skrifstofu SORPU **frá og með 9. desember 2014 kl. 11** með skráningu samskiptaaðila hjá bjóðanda í útboði.

Opnun tilboða: **22. desember 2014 kl. 11:00** hjá SORPU bs., Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík.

# ÚTBOÐ

**Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:**

- **Skor- og skotklukkur fyrir Laugardalshöll,** útboð nr. 13364

Nánari upplýsingar er að finna á **www.reykjavik.is/utbod**

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

ALLT FASTEIGNIR

Síðumúli 29 108 Reykjavík, Sími 565 1233

## Laugavegur – Íbúðir

Höfum fengið í einkasölu 5 íbúðir í eigu einkahlutafélags. Stærð íbúðanna er frá 75 til 125 fermtrar. Íbúðirnar eru nýlegar og seljast allar saman og eru í traustri leigu. Hægt er að kaupa einkahlutafélagið.

**Upplýsingar veitir Kristinn B. Ragnarsson viðskiptafræðingur/lögg. fasteignasali, sími 898 4125 einungis á skrifstofu fasteignasölunnar.**

# Einbýlishús til leigu:

- Vandað 360 fm hús á útsýnisstað í Garðabæ.
- Vandað 250 fm hús í austurbæ, 110 Reykjavík.

**Áhugasamir sendi upplýsingar sigurdur@eigna.is**

Sundagörðum 2
Sími: 533-4800
www.midborg.is

MIÐBORG fasteignasala

Björn Þorri Viktorsson
Hrl. og lögg. fasteignasali
Karl Georg Sigurbjörnsson
Hrl. og lögg. fasteignasali

## Rauðalækur 47

Opið hús sunnudag á milli 15.00 og 16.00




Falleg og björt 5 herbergja sérhæð á tveimur hæðum í fallegu fjölbýli/parhúsi á eftirsóttum stað í Reykjavík. Mikið endurnýjuð eign. Stór bílskúr fylgir eigninni. Topp eign á góðum stað. Stærð 165,3 fm.
**Verð 51,1m**

**Uppl. Gylfi 822-0700**

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN

Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001

## Sörlaskjól 50




**OPIÐ HÚS LAUGARD. 6. DESEMBER KL 14:00-15:00**

Þriggja herbergja 77,8 m2 íbúð í þríbýlishúsi við Sörlaskjól í Reykjavík.
Íbúðin skiptist í gang, tvö svefnherbergi stofu eldhús og geymslu. Sameiginlegt þvottahús. Parket á gólfum og flísar á baðherbergi. Um er að ræða mikið endurnýjuð kjallaraíbúð með sér inngangi í góðu húsi á þessum eftirsótta stað. Íbúðin getur verið laus við kaupsamning.

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

TRAUSTI fasteignasala

Kristján Baldursson hdl.
Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari

## LANGAHLÍÐ 11




**OPIÐ HÚS Í DAG LAUGARD. 6. DESEMBER FRÁ KL. 13:00-13:30**

Góð fjögurra herbergja kjallaraíbúð með sér inngangi í Hlíðunum. Falleg íbúð í góðu húsi á þessum vinsæla stað. Stærð: 99.8 fm.
**Verð: 28.800.000**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**

RE/MAX LIND

**Við sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og hlökkum til að taka á móti þér og þínum um helgina í opnu húsi þar sem boðið verður upp á nýbakaðar jólakræsingar.**

**Allar fekari upplýsingar um neðangreindar eignir veitir Þórey Ólafsdóttir í síma 663 2300 eða thorey@remax.is**



RE/MAX Lind | Hlíðasmára 6 | 201 Kópavogi | Sími 510 7900
Þórunn Gísladóttir | lögg. fasteignasali

**Opið hús að Álfatúni 23 (íb. 301) í Kópavogi**
sunnudaginn 7. desember milli kl. 13:00 og 13:30
91,4 ferm | 3ja herb | fmr 22.000.000 | **Verð 29.900.000**



**Opið hús að Mjóstræti 3 (íb. 101) í Grjótaþorpi**
sunnudaginn 7. desember milli kl. 14:00 og 14:30
103,8 ferm | 3ja herb | fmr 28.200.000 | **Tilboð óskast**



**Opið hús að Njálsgötu 19 (íb. 201) í Reykjavík**
sunnudaginn 7. desember milli kl. 15:00 og 15:30
80,1 ferm | 2ja herb | fmr 26.850.000 | **Tilboð óskast**



**Opið hús að Þorrasölum 9 (íb. 403) í Kópavogi**
sunnudaginn 7. desember milli kl. 16:00 og 16:30
108,7 ferm | 4ra herb | fmr 30.850.000 | **Verð 42.900.000**



**Opið hús að Krossalind 7 í Kópavogi** sunnudaginn 7. desember kl. 17:00 og 17:30 og þriðjudaginn 9. desember kl.17:30 og 18:00
Bjart og rúmgott parhús á tveimur hæðum með bílskúr í barnvænu hverfi. Einstakt útsýni yfir suðurhlíðar Kópavogs.
229,4 ferm | 8 herb | fmr 54.200.000 | **Verð 59.900.000**



**Opið hús að Kirkjulundi 12 (íb. 404) í Garðabæ**
sunnudaginn 7. desember milli kl. 20:00 og 20:30
105,4 ferm | 3ja herb | fmr 34.050.000 | **Verð 54.900.000**



**NÝTT Á SKRÁ** **Opið hús að Akrakór 2 og 4 í Kópavogi** sunnudaginn 7. desember milli kl. 17:00 og 17:30
Vel skipulagt parhús með mikilli lofthæð á tveimur hæðum með bílskúr. Húsið skilast rúmlega fokhelt eða eftir samkomulagi.
198,6 ferm | 5 herb | fmr 30.700.000 | **Verð 41.900.000**



**Opið hús að Hrísmóum 3 (íb. 201) í Garðabæ**
þriðjudaginn 9. desember milli kl. 17:30 og 18:00
137,1 ferm | 4ra herb | fmr 28.200.000 | **Verð 37.900.000**



**Opið hús að Austurkór 109 - 115 í Kópavogi** sunnudaginn 7. desember milli kl. 18:00 og 18:30
Vel skipulagt raðhús með mikilli lofthæð á einni hæð með bílskúr. Húsið skilast rúmlega tilbúið til innréttinga eða eftir samkomulagi.
188,9 ferm | 4 herb | fmr 29.000.000 | **Verð 55.000.000**



FASTEIGNASALAN TORG
Áb. Sigurður Gunnlaugsson lfs.

Fasteignasalan TORG   Garðatorgi 5   210 Garðabær   www.fasttorg.is

Gleðileg jól

520 9595

# Holtsvegur 23-25

## Urriðaholt – 210 Garðabær

**NÝJAR ÍBÚÐIR - TILBÚNAR**



**OPIÐ HÚS**
**sunnudaginn 7. desember kl. 14:00-15:00**

**19 ÍBÚÐIR - 75,2 m² – 181,8 m²**

## Verð frá: kr. 28.500.000

Fasteignasalan TORG kynnir nýtt 19 íbúða fjölbýlishús með lyftu á Holtsvegi 23-25 í Urriðaholti í Garðabæ. Íbúðirnar eru 3ja til 5 herbergja, 75 til 181,8fm og er sú stærsta glæsileg penthouse útsýnisíbúð. Íbúðirnar skilast fullbúnar án gólfefna og er geymsla og hjólageymsla í sameign og stæði í bílakjallara.

Um er að ræða glæsilegar nýjar útsýnisíbúðir á einum besta og fallegasta stað á höfuðborgarsvæðinu, Urriðaholti í Garðabæ.

**– ÍBÚÐIR TILBÚNAR –**

**Afhending við undirritun kaupsamnings**

**Allar nánari upplýsingar og bókun skoðunar hjá Bjarna sölufulltrúa í síma 895 9120 og Sigurði fasteignasala í síma 898 6106**

**Dæmi um íbúð**
Íbúð 302
Kr. 29,9 m
Herbergi: 3
Stærð: 77,3 m²






**Bjarni**
Sölufulltrúi
895 9120



**Sigurður**
Fasteignasali
898 6106










## TILBÚIÐ OG GOTT HÚSNÆÐI, TIL LEIGU NÚ ÞEGAR

## LYNGHÁLS 9 – REYKJAVÍK

Til leigu gott skrifstofuhúsnæði í Reykjavík með fallegu útsýni. Húsnæðið er alls 1625,2 m2 að stærð á tveimur hæðum auk hálfri 3. hæð. Hver hæð er um 650 fm. Lyfta er í húsinu. Móttökurými er á öllum hæðum og eru allar hæðir nýlega standsettar á smekklega hátt auk þess hefur húsið verið endurnýjað að utan. Kaffiaðstaða og salerni eru á öllum hæðum. Húsið er laust til afhendingar.

**Allar nánari upplýsingar veita sölumenn á BORG fasteignasölu í síma: 519-5500 og utan opnunartíma í síma: 860-1155**

BORG
FASTEIGNASALA

Borg fasteignasala
Síðumúla 23
108 Reykjavík
www.fastborg.is

519 5500

# BORG
FASTEIGNASALA

Borg fasteignasala
Síðumúla 23
108 Reykjavík
www.fastborg.is

# 519 5500



| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Þóra Birgisdóttir** | **Brandur Gunnarsson** | **Gunnlaugur Þráinsson** | **Héðinn Birnir Ásbjörnsson** | **Sigurður Fannar Guðmundsson** | **Hildur Birkisdóttir** | **Ingimar Ingimarsson** | **Margrét Gunnarsdóttir** | **Vilborg G. Hansenl** | **Stefán Páll Jónsson** | **Úlfar Þór Davíðsson** | **Bryndís Alfreðsdóttir** | **Stefán Jóhann** |
| Fasteignasali | Sölumaður | Sölumaður | Fasteignasali | Sölumaður | Sölumaður | Hrl. | Fasteignasali | Fasteignasali | Sölumaður | Fasteignasali | Skrifstofustjóri | Fasteignasali |
| 777 2882 | 897 1401 | 844 6447 | 848 4806 | 897 5930 | 663 4539 | 519 5501 | 691 3555 | 853 7030 | 781 5151 | 897 9030 | 519 5500 | 864 8808 |




Opið hús þriðjudaginn 9. des kl. 17.30-18.00

## Kópavogsbraut 77

Björt og falleg íbúð í nýlegu húsi með sér inngang, sér verönd og fallegu útsýni inni í grónu hverfi. Stofa og eldhús eru í opnu og rúmgóðu alrými, herbergi eru rúmgóð, hvítar innréttingar og gott geymslupláss sem nota má sem auka herbergi.

**Þóra** Fasteignasali 777 2882
**Sigurður Fannar** Sölumaður 897 5930

**Verð: 42.900.000**




Opið hús mánudaginn 8. des kl. 17.00-17.30

## Lundarbrekka 10 (íbúð 202)

Góð 3ja herbergja íbúð miðsvæðis í Kópavogi. Sér inngangur af svölum í fjölbýlishúsi sem hefur fengið gott viðhald. Endurnýjað eldhús og baðherbergi, opin stofa og svalir í suður. 2 svefnherbergi og lítil geymsla innan íbúðar.

**Þóra** Fasteignasali 777 2882
**Sigurður Fannar** Sölumaður 897 5930

**Verð: 25.900.000**




Opið hús mánudaginn 8. des kl. 18.00-18.30

## Frjóakur 1 - 210 Garðabæ

Vel staðsett og háreist fjölskylduhús á eftirsóttum stað í Garðabæ. 4 svefnherbergi. Möguleikar með nýtingu á 120 fm í risi

**Þóra** Fasteignasali 777 2882
**Sigurður Fannar** Sölumaður 897 5930

**Verð: 89.900.000**




## Hrólfsskálamelur 2

Falleg og vönduð tveggja herbergja 84,3 fm íbúð á 1.hæð með sérinngangi nýlegu fjölbýlishúsi við Hrólfsskálamel á Seltjarnarnesi. Vönduð gólfefni og innrétingar. Stæði í bílskýli fylgir eigninni.

**Brandur** Sölumaður 897 1401
**Úlfar Þór** Fasteignasali 897 9030

**Verð: 34.900.000**




## Berjaland - Meðalfellsvatn í Kjós

Fallegt og vandað einbýlishús/sumarhús byggt 1997 á einstökum útsýnisstað við Meðalfellsvatn í Kjós. Um er að ræða lögbýli. Skv. þjóðskrá íslands er eignin skráð 95,3 fm sem skiptist í 78,5 fm hús og 16,8 fm gestahús/geymslu.

**Brandur** Sölumaður 897 1401
**Úlfar Þór** Fasteignasali 897 9030

**Verð: 29.900.000**




Opið hús mánudaginn 8. des. kl. 18:00-18:30

## Kirkjulundur 8 - 210 Garðabæ

Björt og falleg 97,9 fm 3ja herbergja enda íbúð á efri hæð í fjölbýlishúsi fyrir 60 ára og eldri er til sölu. Verslanir og þjónusta í göngufæri. Lyfta og eignaraðild í 80 sæta sal a jarðhæð.

**Stefán Páll** Fasteignasali 781 5151

**Verð: 36.400.000**

# NÝJAR ÍBÚÐIR

## Austurkór 65 – Kópavogur




Opið hús laugardaginn 6. desember kl. 14.00-15.00

- **Verð frá:** 38.000.000 kr.
- **Herbergi:** 4
- **Stærðir:** frá 115-122 m²
- **Kíktu á:** http://austurkor63-65.is/

**Borg Fasteignasala kynnir 4ra herbergja íbúðir 115-122 fm. Nýjar og glæsilegar útsýnis íbúðir**

Íbúðirnar afhendast fullbúnar fyrir utan gólfefni í stofu og herbergjum: Gott skipulag, allar íbúðirnar hafa 3 svefnherbergi og opið alrými fyrir stofu og eldhús, stórar svalir mót suðri / verönd fylgir íbúðum á jarðhæð.



**Þóra** Fasteignasali 777 2882
**Sigurður Fannar** Sölumaður 897 5930

# Móvað

## Einbýli á jaðarlóð við Buðgðuna





Vandað, einstaklega vel skipulagt og glæsilega hannað ca 240 fm einbýlishús á jaðarlóð við Bugðuna og er óbyggt friðað svæði suður og suðaustur af húsinu i Heiðmörkinni. Hús teiknað af Kára Eiríkssyni. Glæsilegar sérsmíðaðar innréttingar úr hnotu, mikið skápapláss og sérsmíðaðar hillur í stofu og sjónvarpsstofu fylgja. Hjónasvíta með sérbaðherb og fataherbergi. Stór harðviðarverönd og harðviðargirðing. Heitur pottur. Einstök staðsetning. **Ásett verð. 89,3 millj.**

heimili fasteignasala – á traustum grunni



Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali

EIGNAMIÐLUN
588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík



Þórarinn M. Friðgeirsson
lögg. fasteignasali

**530 6500** Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is

---

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

KJARNA - ÞVERHOLTI 2
• 270 MOSFELLSBÆ
• SÍMI: 586 8080
• FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

**Opið hús í dag laugardag frá kl. 14:00 til 14:30**




### Gerplustræti 25-27 – 270 Mosfellsbær

Rúmgóðar og glæsilegar íbúðir, ásamt bílastæði í bílakjallara, í lyftuhúsi í Helgafellshverfinu. Vönduð tæki. Glæsilegar innréttingar og gólfefni. Gólfhiti. Fallegt útsýni.
Íbúð 207 sem er 123 m2, 3ja herbergja íbúð á 2. hæð V. 33,9 m.
Íbúð 105 sem er 133,1 m2, 4ra herbergja íbúð á jarðhæð V. 37,9 m. *Ný íbúð*
Íbúð 101 sem er 151,3 m2 5 herbergja endaíbúð á jarðhæð V. 40,9 m. *Ný íbúð*
Íbúð 301 sem er 144,8 m2 4ra herbergja endaíbúð á efstu hæð V. 41,9 m. *Ný íbúð*

**Einar Páll Kjærnested Löggiltur fasteignasali**

---

FASTEIGNASALAN TORG
Áb. Sigurður Gunnlaugsson lfs.

# ÚTSÝNISÍBÚÐIR

Fasteignasalan TORG Garðatorgi 5 210 Garðabær www.fasttorg.is

## Holtsvegur 31-33 210 Garðabær (Urriðaholt)

**OPIÐ HÚS**
**sunnudaginn 7.desember kl. 14:00-15:00**







**VERÐ FRÁ KR. 33.600.000**

**18 ÍBÚÐIR** **Stærðir:** 90,3 - 165,9m²






íbúð 403
Afhending vor 2015

Fasteignasalan TORG kynnir 2ja til 5 herbergja 90,3fm til 165,9fm glæsilegar útsýnisíbúðir fullbúnar án gólfefna að Holtsgötu 31-33, Urriðaholti í Garðabæ. Eitt bílastæði í lokuðu bílastæðahúsi fylgir hverri íbúð. Um er að ræða glæsilegar og nýjar útsýnisíbúðir á einum besta og fallegasta stað á höfuðborgarsvæðinu, Urriðaholti í Garðabæ.

Lofthæð 2,8m. Gluggar á þrjá vegu í 2ja og 3ja herbergja íbúðum og á fjóra vegu í stærri íbúðum.

Stutt í verslun, þjónustu og óspillta náttúru. Framkvæmdir við grunn- og leikskóla eru ákveðnar. Stutt í golf, útiveru og á helstu stofnbrautir.

**Teikningar og skilalýsing liggja fyrir. Allar nánari upplýsingar og bókun skoðunar hjá Sigurði fasteignasala í síma 898 6106 eða hjá Þorsteini fasteignasala í síma 694 4700.**

**Þorsteinn**
Fasteignasali
694 4700



**Sigurður**
Fasteignasali
898 6106



---

# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144










# Loks leikföng á Laugaveginum!











**Fögnum saman opnun leikfangadeildar í Bókabúð Máls og menningar í dag, laugardag.**

**14.00**
Jólasveinamyndasmiðja með **Brian Pilkington**. Öllum börnum gefst tækifæri á að teikna jólasveina sem verða til sýnis í leikfangadeildinni í desember. Þátttakendur geta unnið bókina *Þrettán dagar til jóla* eftir Brian Pilkington!




**14.00 - 16.00**
Andlitsmálun og sleikjó fyrir hressa krakka.

**17.00**
**Sveppi** kynnir *Fjörfræðibók* sína, sprellar og heldur uppi stuðinu.



**BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR**
LAUGAVEGI 18

**Opið alla daga til kl. 22.00**
**facebook.com/malogmenning**

# KK BRÓÐIR Í MESTU UPPÁHALDI

**SÖNGFUGL** *Aðventan er annasamur tími hjá Ellen Kristjánsdóttur tónlistarkonu. Hún heldur rúmlega tíu tónleika með KK, bróður sínum, auk þess sem frumsýning á jólatónleikum Borgardætra var í vikunni en þeir verða líka tíu.*

Það hafa verið stífar æfingar undanfarnar vikur hjá mér en eftir að tónleikarnir með Borgardætrum og okkur KK fara í gang kemst meiri rútína á,“ segir Ellen Kristjánsdóttir, tónlistarkona.

„Jólatónleikarnir hjá Borgardætrum hafa verið haldnir árlega frá því við gáfum út plötu fyrir fjórtán árum og ég og KK gerðum jóladisk árið 2005 sem við fylgdum eftir og höfum haldið áfram með jólatónleika síðan þá. Þetta gengur vel hjá okkur og er gaman, við erum alveg ótrúlega heppin.“

Þar sem Ellen hefur nóg að gera í desember segist hún hafa lært að skipuleggja sig vel. Hún bakar með barnabörnunum í nóvember og segir alla fjölskylduna vera orðna vana því að hún sé upptekin á þessum tíma.

„Barnabörnin mín grínuðust einmitt með það um daginn að ég væri bara búin að gleyma þeim en ég er svo rík að eiga fjögur börn, fjögur barnabörn og eina stjúpdótturdóttur. Elsta dóttir mín, Sigríður, á þrjú þeirra, miðstelpan mín, Elísabet á einn strák og svo á Elín eina stjúpdóttur.“

### DÁSAMLEGT AÐ VINNA MEÐ BÖRNUNUM

Fjölskylda Ellenar er, eins og flestir vita, mikil tónlistarfjölskylda en öll börn þeirra Ellenar og Eyþórs Gunnarssonar tónlistarmanns hafa lagt tónlistina fyrir sig. „Allar stelpurnar mínar, Sigga, Elísabet og Elín, eru saman í hljómsveitinni Sísí Ey. Þær hafa verið að ferðast um erlendis og eru svolítið að slá í gegn þar. Strákurinn okkar, hann Eyþór Ingi, er í Tónlistarskóla FÍH og er á fullu að semja og svo er Eyþór með mér í Borgardætrum og í Baggalút.“

Verandi í tónlistarbransanum og þekkja hann því og hve harður hann getur verið reyndu þau Ellen og Eyþór að beina börnum sínum frá því að leggja tónlistina fyrir sig.

„Samt sem áður finnst okkur það dásamlegt að þau séu í þessu. Þessi bransi er auðvitað oft upp og niður en við erum vön því og börnin hafa alist upp við það og við getum í raun ekki kvartað. Við elskum það sem við gerum og þá er ekki hægt að biðja um meira,“ segir Ellen og brosir.

Hún bætir því við að fjölskylduböndin eflist í gegnum tónlistina og að það sé gaman fyrir hana að fá að vera með börnunum sínum í henni. „Við komum sjaldan fram saman en við mæðgur vorum saman með tónleika á dögunum og í febrúar ætlum við að vera með stóra fjölskyldutónleika í Salnum þar sem við ætlum að að blanda alls konar tónlist saman.“

### BEST AÐ SYNGJA MEÐ BRÓÐURNUM

Ellen skaut upp á stjörnuhimininn árið 1979 þegar hún söng lagið Einhvers staðar einhvern tímann aftur með Mannakornum. Hún hefur sungið með fjölda tónlistarmanna en segir þó KK, bróður sinn, vera uppáhaldstónlistarmanninn sinn.

„Að sjálfsögðu er KK uppáhalds en fyrstan ber auðvitað að nefna manninn minn, hann er algjör snillingur og það eru forréttindi að fá að vinna með honum. Svo er mjög gott að vinna með Borgardætrum og Mannakornum, Maggi Eiríks og Pálmi Gunnars eru eins og bræður mínir. Svo eru auðvitað miklu fleiri og ég gleymi örugglega að nefna einhvern sem er frábær. Ég hef verið svo heppin að fá að vinna með alveg ótrúlega skemmtilegu fólki.“

### VERKEFNI Í PÍPUNUM

Ellen hefur gert meira af því undanfarin ár að semja tónlist og stefnir á að gera enn meira af því á næsta ári. „Ég er með smá verkefni í pípunum, jafnvel plötu. Þetta er mjög spennandi og skemmtilegt og eitthvað sem mig langar virkilega að gera og hef trú á.“

Eyþór, eiginmaður Ellenar, tekur þátt í þessu verkefni með henni en þau höfðu ekki unnið mikið saman fyrr en þau gerðu plötuna Sálmar árið 2004. Aðspurð segir Ellen þau stundum verða þreytt hvort á öðru þar sem þau búa og vinna saman. „Við erum bara eins og venjuleg hjón en okkur þykir svo vænt hvoru um annað og höfum svo betur fer þroskast og höfum verið lengi saman í þessum bransa,“ segir hún og hlær.

Helgarnar hjá Ellen eru yfirleitt undirlagðar af vinnu en þegar hún fær frí finnst henni gaman að fá barnabörnin í heimsókn.

„Oft höfum við kósíkvöld eða förum saman eitthvert út í náttúruna. Mér finnst gaman að fara á hestbak og þegar ég syng úti á landi nýti ég mér tækifærið þar sem eru hestaleigur og fer á bak. Í janúar fer Eyþór út að spila í heilan mánuð og þá ætla ég að kíkja í heimsókn til hans og við ætlum að fara saman til Parísar.“

### JÓLIN EIGA AÐ SNÚAST UM AÐ HJÁLPA ÖÐRUM

Jólin hjá fjölskyldunni eru hefðbundin en annríki aðventunnar verður lokið rétt fyrir aðfangadag. „Um hver jól ætla ég að hafa lítið tré en hef aldrei komist upp með það,“ segir Ellen og hlær. Hún bætir við að öll fjölskyldan verði saman heima hjá þeim Eyþóri á aðfangadagskvöld. „Það verður eflaust einhver hamagangur enda fjórir krakkar á aldrinum sex til tólf ára að taka upp gjafir.“

Á aðventunni leitar hugur Ellenar til þeirra sem minna mega sín og er hún að reyna að finna upp á einhverju til að gera til að létta þeim sem eiga erfitt lífið.

„Ég mun auðvitað spila einhvers staðar þar sem það er vel þegið en mér finnst við hér á landi oft of gjörn á að kvarta þó við búum í raun í paradís miðað við önnur lönd. Þó margt megi betur fara hér ættum við samt að geta hjálpað þeim sem eiga virkilega erfitt og mér finnst að jólin eigi að snúast um það.“

liljabjork@365.is



**ELLEN** Á aðventunni leitar hugur Ellenar til þeirra sem minna mega sín og leitar hún leiða til að leggja sitt af mörkum til að létta meðborgurunum lífið. MYND/STEFÁN






BERGHEIMAR AÐ SÓLHEIMUM



## AÐVENTUHÁTÍÐ BERGMÁLS

**Hugljúf stund í Háteigskirkju á vegum líknar- og vinafélags krabbameinssjúkra og langveikra.**

**HUGVEKJA OG SÖNGUR**

Aðventuhátíð Bergmáls verður haldin í Háteigskirkju sunnudaginn 7. desember klukkan 16.

Þar verður boðið upp á jólasálma, hugvekju og söng. Drengjakór Þorfinnsbræðra syngur ásamt einsöngvurunum Guðbjörgu R. Tryggvadóttur, Aðalsteini Má Ólafssyni og Guðmundi Davíðssyni. Við píanóið verða Kristinn Örn Kristinsson og Ingimar Pálsson.

Bergmál er líknar- og vinafélag krabbameinssjúkra og langveikra sem rekur hvíldarheimili, Bergheima að Sólheimum.

Allir vinir og velunnarar sem vilja næðis njóta eru velkomnir. Enginn aðgangseyrir er að hátíðinni. Að lokinni dagskrá verða veitingar í Safnaðarheimili Háteigskirkju.

# VIÐ ERUM SANNFÆRÐ!

GREEN DIAMOND
HARÐKORNADEKK

„Fyrir tæpu ári settum við Green Diamond Harðkornadekk undir forgangsbifreiðina okkar. Það er samdóma álit þeirra sem keyrt hafa bifreiðina að dekkin standist allar okkar kröfur um öryggi og mýkt við þau störf sem við sinnum. Dekkin eru hljóðlát og ekki sjálfgefið að dekk með þessa eiginleika séu á svo viðráðanlegu verði.“

*Borgþór Vignisson, formaður Björgunarfélagsins Eyvindur, Flúðum.*




**PANTIÐ Á:**
panta@hardkornadekk.is
611 7799
www.hardkornadekk.is

# FRÁBÆR MEÐMÆLI...

**frá traustum og kröfuhörðum viðskiptavinum segja allt sem segja þarf!**

**GARÐABÆR**

„Ég er búinn að nota Harðkornadekkin í heilt ár á pickup bíl. Þetta eru ein þau bestu dekk sem ég hef notað. Bíllinn er rásfastari og um leið mýkri í akstri á Harðkornadekkjunum en á öðrum dekkjum sem ég hef notað. Ég mæli eindregið með Green Diamond Harðkornadekkjunum.“

*Sigurður Hafliðason forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar Garðabæjar.*

**isavia**

"Í stefnumiði Isavia er m.a. lögð áhersla á að lágmarka áhættu, stuðla að auknu öryggi og hafa umhverfismál í öndvegi. Það er því í góðu samræmi við stefnumið Isavia að hafa bifreiðar okkar á Green Diamond Harðkornadekkjum. Góð reynsla og hagstætt verð styður enn frekar þessa ákvörðun."

*Vilhjálmur Karl Karlsson Verkefnastjóri fjármálasviði / Innkaupadeild.*

**ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN**

„Hjá Öryggismiðstöðinni erum við með allan okkar bílaflota á heilsársdekkjum. Undanfarin ár höfum við notað Harðkornadekkin með iðnaðardemantinum og hafa þau reynst vel í hálku og snjó. Dekkin uppfylla okkar markmið um að vera umhverfisvæn og örugg. Getum því með góðri samvisku mælt með Green Diamond Harðkornadekkjum.

*Reynir Valbergsson, frkvstj. fjármálasviðs.*

**HAFNARFJÖRÐUR**

„Hafnarfjarðarbær hefur markað sér skýra stefnu í umhverfismálum og viljum við forðast nagladekkjanotkun og stuðla þannig að minni svifryksmengun. Eftir góða reynslu af notkun Harðkornadekkja frá haustinu 2012 munum við áfram velja Green Diamond Harðkornadekk umfram önnur dekk.“

*Gunnar Guðnason umsjónarmaður tækja hjá Hafnarfjarðarbæ.*

**Jóhanna Lind Elíasdóttir**

„Ég hef ekið á Green Diamond Harðkornadekkjum í rúmt ár og er svo ánægð að ekki kom annað til greina en að setja eins dekk undir bíl bóndans nú í haust. Í ferðum mínum um landið hafa dekkin reynst mjög vel við allar aðstæður. Ekki skemmir fyrir að Green Diamond dekkin eru á mjög samkeppnishæfu verði.“

*Jóhanna Lind Elíasdóttir ráðgjafi hjá Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins*

RADAR.IS

**Í Harðkornadekkjum eru iðnaðardemantar sem...**

[Ath. iðnaðardemanta er ekki að finna í neinum öðrum „korna“ dekkjum á Íslandi.]

- stórauka veggrip í hálku
- má keyra á allt árið
- auka rásfestu
- valda hverfandi svifryki
- endast allan líftíma dekksins

VARIST EFTIRLIKINGAR!

GREEN DIAMOND
HARÐKORNADEKK
Íslenskt hugvit með umhverfi og öryggi að leiðarljósi.




**Active Liver**

Eykur niðurbrot fitu í lifrinni og styrkir starfsemi hennar

*„Finn mikinn mun á mér, eftir að ég byrjaði að nota Active Liver. Hef minni löngun í óhallan mat, sætindi, kaffi og áfengi. Ég hef líka lést og er mjög ánægð með árangurinn".*

-**Kirsten**



**TOPPURINN FRÁ PHILIPS**

Philips 9000 Series með 60 daga ánægjuábyrgð.



Heimilistæki ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

AKRANES • AKUREYRI • HÚSAVÍK • EGILSSTAÐIR • SELFOSS • REYKJANESBÆR • REYKJAVÍK




**GÖMLU JÓLIN** Jólasýning Árbæjarsafnsins verður opnuð á sunnudaginn.

# HVAÐ ER UM AÐ VERA?

**VIÐBURÐIR UM HELGINA** *Á aðventunni er margt um að vera. Á fáum tímum ársins má finna fleiri tónleika en einnig má finna marga viðburði sem ekkert eða lítið kostar inn á. Hér má finna nokkra slíka sem fram fara um helgina.*

**LAUGARDAGUR 6. DESEMBER**

**KL. 11 TIL 16**

Jólamarkaðurinn vinsæli á Elliðavatni verður opinn allar helgar fram að jólum. Þar má finna mikið úrval af íslensku handverki og hönnun. Á Hlaðinu verða til sölu nýhöggvin íslensk jólatré og þar að auki mikið úrval af tröpputrjám. Einnig eldiviður og viðarkyndlar.

**KL. 11 TIL 17**

PopUp-verslun heldur jólahönnunarmarkað í Porti Hafnarhússins helgarnar 6.-7. og 20.-21. desember. Þar munu hönnuðir af ýmsum toga bjóða upp á ýmislegt í jólapakkann.

Mismunandi blanda hönnuða verður báðar helgarnar og því verður úr mörgu að velja í jólapakkann í ár!

**KL. 12 TIL 17**

Ásgarður verður með sinn árlega jólamarkað og kaffisölu í húsnæði sínu að Álafossvegi 14 og 22 í Mosfellsbæ í dag. Allar leikfangalínur Ásgarðs verða til sýnis og sölu, einnig verður kaffi, súkkulaði og gómsætt meðlæti selt gegn vægu gjaldi. Gestir fá að sitja við borð með listamönnum Ásgarðs og ræða við þá um listina og lífið.

Ásgarður handverkstæði er verndaður vinnustaður með um 30 starfsmenn. Meginframleiðslan er leikföng úr tré, en einnig er töluvert um sérsmíði fyrir viðskiptavini.

**KL. 11 TIL 17**

Íshús Hafnarfjarðar er samstarf skapandi hönnuða, iðn- og listamanna að Strandgötu 90 í Hafnarfirði. Íshúsið býður vinum og gestum í heimsókn í dag og næstkomandi laugardag. Heitt verður á könnunni og handverk til sýnis.

**KL. 14**

Borgarstjórinn í Reykjavík, Dagur B. Eggertsson, mun opna splunkunýtt safn í Spönginni 41. Stúlknakór Reykjavíkur í Grafarvogskirkju syngur undir stjórn Margrétar Pálmadóttur. Einar Már Guðmundsson flytur ávarp og Sirkus Íslands leikur listir sínar. Allir eru velkomnir.

**SUNNUDAGUR 7. DESEMBER**

**KL. 13**

Kex Hostel á Skúlagötu 28 heldur Heimilislega sunnudaga í allan vetur. Á morgun munu þær Sigrún Eldjárn og Elsa Nielsen lesa upp úr nýútkomnum bókum sínum Draugagangi á Skuggaskeri og Knúsbókinni.



Gestum og gangandi gefst tækifæri til að spjalla við höfunda að upplestri loknum. Þá munu Sigríður Eyrún og Karl Olgeirsson vera í syngjandi góðu jólaskapi og spila fyrir gesti.

**KL. 15 TIL 17**

Jólabingó Samtakanna '78 verður haldið í Stúdentakjallaranum í félagi við Q – Félag hinsegin stúdenta. Lofað er góðum vinningum, frábærum kynnum, frábæru málefni og fjölskylduvænni stemningu.

**KL. 13 TIL 17**

Jólasýning Árbæjarsafns hefst á morgun. Þar verður margt skemmtilegt að sjá og gera í hverju horni. Sýningin hefur notið mikilla vinsælda undanfarin ár og hefur hlotið fastan sess í menningarlífi borgarbúa á aðventunni. Ungir sem aldnir geta rölt á milli húsanna og fylgst með undirbúningi jólanna eins og hann var í gamla daga. Hrekkjóttir jólasveinar gægjast á glugga og kíkja í potta, börn og fullorðnir fá að föndra og syngja jólalög.

Klukkan 14 verður guðsþjónusta í safnkirkjunni. Prestur er séra Kristinn Ágúst Friðfinnsson og organisti er Sigrún Steingrímsdóttir.

Klukkan 15 hefst jólatrésskemmtun á torginu. Þar verða sungin jólalög og dansað í kringum jólatréð, við harmónikkuundirleik og körsöng.

Jólasveinar, þessir gömlu íslensku, verða á vappi um safnsvæðið á milli 14 og 16, hrekkjóttir og stríðnir að vanda og taka þátt í dansinum kringum jólatréð.

Sýningin verður opin sunnudagana 7., 14. og 21. desember.

Aðgangseyrir er kr. 1.300 fyrir fullorðna en ókeypis er fyrir börn, ellilífeyrisþega og öryrkja. Menningarkortið veitir ókeypis aðgang að safninu.








# JS Watch co.
REYKJAVIK






## Úrsmíðameistari okkar missir aldrei einbeitinguna

Vegna annálaðrar einbeitingar, nákvæmni og 45 ára reynslu, tryggir úrsmíðameistarinn gæði íslensku úranna.

Gilbert Ó. Guðjónsson úrsmíðameistari og alþekktur fagmaður grandskoðar hvert einstakt úr áður en það yfirgefur verkstæði okkar.

JS úrin eru íslensk hönnun og framleiðsla, sett saman á úrsmíðaverkstæði Gilberts, þar sem viðskiptavinir geta komið og hitt úrsmiðina sem setja saman úrin þeirra.

Úrvalið af JS úrum hefur aldrei verið meira og ættu flestir að geta fundið íslenskt úr við sitt hæfi en úrvalið má skoða á vefsíðu www.gilbert.is eða www.jswatch.com.

GILBERT
ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

## BÍLAR & FARARTÆKI



RENAULT Kangoo. Árgerð 2006, ekinn 116 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 790.000. með vsk 100% Vísalán í boði Bílabankinn S.5880700 www. bilabankinn.is Rnr.192664.

**Bílabankinn**
**Eirhöfði 11, 110 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið á laugardögum 12-16**
**www.bilabankinn.is**

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



Kia Sorento EX Luxury. Árgerð 2012, ekinn 76 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.450.000. Rnr.990709.



MERCEDES-BENZ ML 250 bluetec 4matic. Árgerð 2013, ekinn 11 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 9.750.000. Rnr.990899.



TOYOTA Rav4. Árgerð 2005, ekinn 111 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.390.000. Rnr.240435.



SUZUKI Grand vitara premium+ (cruise, a/c, álfelgur). Árgerð 2011, ekinn 42 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.890.000. Rnr.991065.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

ÍSBAND.IS BÍLAINNFLUTNINGUR



**2015 NÝJIR GMC 3500**

Nýtt útlit að utan sem innan, Dísel, Komdu og kynntu þér málið, erum að taka niður pantanir, Verð frá 9.350þkr m/VSK, Kíktu á síðuna okkar www. isband.is

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18.00 og lau 11-15**
**http://www.isband.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

100 bílar bílasala .is



Toyota Yaris Terra, árg. 5/2005, ek 149þkm, bensín, beinskiptur, Góður bíll og gott eintak, Ásett verð 780þ.kr, Er á staðnum hjá okkur,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00, Lau 11-15**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



**SKODA 4X4**

Skoda Ambiente combi 4x4 árg. 2004 ekinn 137 þúsund km. 116 Hestöfl. Góð vetrardekk og álfelgur. Lítur vel út. Dráttarkúla. Ásett verð 950 þús. Uppl. sími 8217513.



Subaru Forester 27/7 ,10, ek. 19.700 km. Sjsk., dráttarkr. V. 3.050.000. Bein sala. s. 695 4497.



MERCEDES-BENZ E430 4Matic Avantgarde 2001 með öllum aukahlutum og þjónustubók! Ekinn aðeins 118þ.km. TILBOÐ 1.590 ÞÚS. Uppl. Georg s. 824 3674.



TOYOTA COROLLA LIFTBACK 6/2001, 5 G., 5D., 2015 SKOÐUN, EK. AÐEINS 157 Þ.KM.VETRAR OG SUMARD., TOPPÁSTAND. Verð 590þús S 8958956



TOYOTA YARIS ÁRG 2002, BEINSK.,1,0, 5 G.,5 D.,SKOÐAÐUR, GOTT LAKK, HEILSÁRSDEKK.V. 590 S. 8958956



BMW 320i, árg. ,05 til sölu, ek. 77.500km. Bensínbíll. Vel með farið eintak og vel við haldið. Sjálfskiptur, með leðursæti, útvarp og innbyggður CD spilari, fjórir hátalarar og sóllúga. Vinnuskýrsla til reiðu. Nýleg heilsársdekk á flottum álfelgum. V. 2.280.000. Engin skipti, en til í staðgreiðslutilboð. S. 862 1184.



Toyota Matrix RS ,02 ek.119.000 ssk. Flott eintak í toppstandi. low profile sumar- og vetrardekk á álfelgum 1.090.000 kr. Svavar s. 616 6049



Til sölu Grand Cherokee árg. 2000. Ekinn 137þús. 6síl LDT. Ný negld snjódekk. Nýskoðaður. Uppl í s. 893 5517

Seldur.is

**KAUPUM BÍLA**
**HÆRRA UPPÍTÖKUVERÐ**

Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.



JÓLAÚTSALA. Toyota Corolla í fullkomnu ásigkomulagi árg. 2003. Ek. 147þús. 599þús. Sk. ,15 s. 7768696

Subaru Forester til sölu árg. ,04 ek. 146þús/km amerísk týpa. Verð 800þús bíll í toppstandi. Uppl. í s. 691 8961

## 250-499 þús.



**KEYRÐUR AÐEINS 93 ÞÚS - TILBOÐ 499 ÞÚS!**

SKODA FABIA 1,4 mpi árg' 01 ek.93 þús, 5 dyra, beinsk, nagladekk og sumar á álfelgum, smurbók, eyðir litlu, ásett verð 690 þús TILBOÐ 499 ÞÚS möguleiki á 100% visa s.841 8955

## 500-999 þús.



**4X4 SJÁLFSKIPTUR GULLMOLI!**

MMC Outlander 4x4. árg ,05. ek aðeins 114þús, ssk. glæný vetrardekk. ný sko, nýleg tímareim. hiti í sætum,gott eintak. ásett v:1.290þús. Tilboðsverð 990þús stgr. vísalán í boði. s:659-9696



**4X4 FRÁBÆR SMÁJEPPI !**

Suzuki Jimny 1.3. Árg ,05. Ek 171þús km. Bsk. 4x4. Hátt og lágt drif. Skoðaður ,15. Ný vetrardekk. Bíll í mjög góðu ástandi. Ásett v: 1.090þús. Tilboðsverð aðeins 790þús stgr. vísalán í boði. s:659-9696



**MJÖG GOTT EINTAK !**

Hyundai Santa fe 2.4 árg ,04, bsk. 4x4. ek 178þús km. ný yfirfarinn á verkstæði. ný skoðaður. ný heilsársdekk. smurbók frá upphafi. Tilboðsverð 590þús stgr. vísa lán í boði. s:659-9696



**GÓÐUR SPARIBAUKUR Á 599 ÞÚS!**

NISSAN MICRA 2005 ek.142 þús, 5 dyra, beinsk, sk.15 tímakeðja, heill og góður bíll sem eyðir litlu (ca 5ltr/100) ásett verð 790 þús TILBOÐ 599 ÞÚS möguleiki á visaláni í 36 man s.841 8955

## 1-2 milljónir



GRAND CHEROKEE LIMITED. árg.'05, ek. 145þ., 4,7bensín, ssk, sumar-/ný negld vetrardekk. V. 1890þ. Bílaborg s. 517-1111.

## Bílar óskast

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!**

Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**

Má þarfnast lagfæringa.

**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vörubílar



**MAN TGX 26-480**

Nýr glæsilegur Man til sýnis og sölu hjá Krafti hf Vagnhöfða 1. Gott verð. Uppl. gefur Jói í s: 567 7119 eða Árni s: 894 2290.



**KING VÉLAVAGN**

Fjögurra öxla árg 2006. Verð 5 millj. + vsk. Uppl. gefur Árni s: 894 2290.

## Fjórhjól



**KYMCO 700 700EXI HJÓLI**

Öflug götuskráð fjórhjól hlaðin aukabúnaði. Eigum einnig til Linhai fjórhjólin bæði traktorsskráð og götuskráð. Frábær tæki í leik eða starf. VDO. Borgartún 36. S: 588 9747 www. vdo.is

## Vinnuvélar



**BÁTAVÉLAR/VIÐGERÐIR**

Upptektir og viðgerðir á bátavélbúnaði, tökum báta beint í hús ef þörf er á. HS. Vélaviðgerðir. S 786-0303


Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...


## til sölu

**Gullfallegur Nissan Qashqai+2 til sölu**



**2.0 vél, beinskiptur, 7 manna, 17" álfelgur,negld vetrardekk, panorama view, rafdrifin gardína, dökkar rúður, Bluetooth fyrir síma, ekinn aðeins 51 þús., skráður í október 2010 og aðeins einn eigandi, engin skipti en selst nú um helgina á kr. 2.990.þús. Upplýsingar í GSM 843-6011.**

## Lyftarar



Til sölu Atlet TLP200. Árg.2001. Lyftigeta 2.000kg. Lyftihæð 20cm. Pallur fyrir ökumann. Hliðarstuðningsarmar. Hleðslutæki fylgir með. 290.000kr án vsk. Kraftvélar ehf. / S. 5353500 / www. kraftvelar.is

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

Partalistinn.is

**JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA**

Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum flestar tegundir bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www. japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

# Hefja sölu á farsímum og snjallúrum

**Tölvulistinn er stærsta tölvuverslanakeðja landsins. Um helgina stíga þeir skrefið inn á farsímamarkaðinn með því að bjóða í fyrsta sinn upp á iPhone, Samsung, LG og HTC í öllum átta verslunum sínum um landið.**

Spjaldtölvur hafa undanfarin ár verið mjög vinsælar til jólagjafa bæði fyrir börn og fullorðna, að sögn Gunnars Jónssonar, markaðsstjóra Tölvulistans. „Verslanir okkar hafa undanfarin tvö ár selt spjaldtölvur í tugþúsundatali og vinsældir þeirra fara vaxandi með hverju ári.“

Fyrir jólin er Tölvulistinn með yfir 40 gerðir af spjaldtölvum, allt frá 8 tommu spjaldtölvu fyrir börnin á 14.990 upp í flottustu iPad-spjaldtölvurnar á 148.990 krónur. „Það er mjög auðvelt að skilja hvers vegna spjaldtölvur eru svona vinsælar til jólagjafa fyrir börn, sérstaklega þegar maður ber saman verð á spjaldtölvum og verð á leikföngum í verslunum og öðrum jólagjafahugmyndum. Börn elska spjaldtölvur og notagildi þeirra er mjög fjölbreytt þar sem þau fá aðgang að þúsundum ókeypis leikja og fræðsluforrita, geta horft á sjónvarp og bíómyndir, hlustað á tónlist og sögur, tekið myndir og lesið rafbækur. Ég held að það sé erfitt að finna leikföng í leikfangaverslunum fyrir 14.990 krónur sem veita jafn mikla skemmtun og spjaldtölva auk þess sem ending þeirra er tryggð með 2 ára ábyrgð,“ bendir Gunnar á.

## Mikil verðlækkun á hágæða spjaldtölvum milli ára

Þegar valin er spjaldtölva fyrir unglinga, maka eða foreldra í jólagjöf þá færist salan meira í hágæðaspjaldtölvur með skarpari skjá og hraðvirkari örgjörvum að sögn Gunnars. „iPad Air og iPad mini eru ávallt mjög vinsælar fyrir jólin hjá okkur. Þær eru vinsælustu spjaldtölvur heims, af þeirri einföldu ástæðu að þær eru í hæsta gæðaflokki og reynast frábærlega.“

Mikill vöxtur hefur verið í sölu á vandaðri Android-spjaldtölvum á heimsvísu og sama gildir um Ísland. „Bestu tíðindin fyrir jólin eru sú mikla verðlækkun sem við erum að sjá milli ára á hágæðaspjaldtölvum frá Asus og Toshiba vegna aukinnar framleiðslu á heimsvísu og hagstæðra magninnkaupa. Sem dæmi má nú fá fyrir jólin 10 tommu spjaldtölvu með IPS-háskerpuskjá á 49.990 krónur frá Asus en sambærileg spjaldtölva í fyrra var á 79.990 kr. sem þýðir um 37 prósenta lækkun milli ára. Það þýðir einfaldlega að fyrir jólin er hægt að fá öfluga Android-spjaldtölvu með frábærum skjá og öflugum örgjörva á mun betra verði en í fyrra,“ lýsir Gunnar og bendir jafnframt á að verðbilið milli ódýrustu og bestu spjaldtölvanna hefur minnkað mikið og fyrir hverjar fimm þúsund krónur í viðbót fæst mjög mikið fyrir peninginn.

## 32 GB minnisstækkun með öllum Android-símum

Innreið Tölvulistans á farsímamarkaðinn sætir tíðindum þar sem samkeppnin er hörð fyrir.



Stærsta verslun Tölvulistans er á Suðurlandsbraut 26 en samtals eru verslanirnar átta um allt land. Gunnar Jónsson, markaðsstjóri Tölvulistans, er hér með 10" Asus-spjaldtölvu með háskerpuskjá sem er á 49.990 á jólatilboði.

Hvernig hyggst Tölvulistinn blanda sér í þann slag? „Aukin samkeppni er alltaf af því góða. Tölvulistinn er sterkur aðili á markaðnum og við höfum frá fyrsta degi lagt okkur fram um að bjóða hagstætt verð og toppþjónustu á sama tíma. Á því verður engin breyting í símunum. Nú fyrir jólin fylgir til dæmis 32 GB minnisstækkun að verðmæti 7.990 kr. með öllum Android-símum, sem við vitum ekki til að hafi verið boðið áður á íslenskum farsímamarkaði til viðbótar við hagstætt verð á sjálfum símunum,“ segir Gunnar.

## Ein stærsta snjalltækjadeild landsins

Spjaldtölvur, snjallsímar og snjallúr keyra á sömu stýrikerfum og eru því mjög skyldar vörur, að sögn Gunnars. „Í raun má segja að með því að bæta símum og snjallúrum við okkar viðamikla spjaldtölvuúrval séum við sennilega að opna eina stærstu snjalltækjadeild landsins, þar sem hægt er að sjá allt það nýjasta og mest spennandi frá Apple, Asus, Samsung, LG, HTC og Toshiba. Allt eru þetta fimm stjörnu framleiðendur sem viðskiptavinir okkar hafa frábæra reynslu af. Við hlökkum mikið til að bæta símum og snjallúrum við úrvalið og bjóðum alla velkomna að skoða nýju deildina um helgina.“

## SPJALDTÖLVUR




**8" NEXTBOOK** Vinsælasta spjaldtölvan fyrir jólin í Tölvulistanum er 8" frá Nextbook. Sérstaklega hentug stærð fyrir börn. Aðgangur að þúsundum leikja og fræðsluforrita í gegnum Google Play. **Jólaverð kr. 14.990**



**10" MEMO PAD** MemoPad er frábær jólagjöf fyrir þá sem vilja gefa hágæða spjaldtölvu með öllu því nýjasta og frábærum skjá. Hún er ofurhröð með Intel Atom örgjörva, 2 GB vinnsluminni og IPS háskerpuskjá. **Jólaverð 49.990.**



**APPLE IPAD AIR 2** Nýjasta gerðin af iPad með ofurskörpum Retina-skjá með 40% hraðari örgjörva, meira en tvöfalt hraðari grafikvinnslu og allt að 10 tíma rafhlöðuendingu. 18% þynnri og er aðeins 6,1 mm á þykkt. **Jólaverð frá kr. 88.990.**

## SNJALLÚR



**LG G WATCH R** Hringlaga snjallúr með P-OLED skjá. Púlsmælir, loftþrýstingsmælir og lengri rafhlöðuending. **Jólaverð kr. 49.990.**



**SAMSUNG GALAXY GEAR S.** Byltingarkennt og glæsilegt snjallúr með kúptum AMOLED-skjá. Hægt að hringja í eða úr símanum í gegnum Wi-Fi eða Bluetooth. **Jólaverð 58.990.**

## SNJALLSÍMAR



**IPHONE 6** Vinsælasti sími heims. Þynnri, öflugri og léttari. Til bæði með 4,7" skjá og 5,5". A8-örgjörvi og M8-grafíkkjarni. Fingrafaraskanni fyrir aukið öryggi. iPhone 6 er á **jólaverði frá kr. 119.990** og iPhone 6 Plus frá **kr. 129.990.**



**SAMSUNG GALAXY S5** Glæsilegur arftaki hins vinsæla Galaxy S4. Stærri myndflaga og skýrari myndir. Fjórkjarna 2,5 GHz örgjörvi og 2 GB vinnsluminni. Púlsmælir og fingrafaraskanni sem eflir öryggi símans. **Jólaverð kr. 99.990 og 32 GB minnisstækkun í kaupbæti.**




**HTC ONE** 5" skjár og fjórkjarna Snapdragon 801 örgjörvi. 1.080 punkta háskerpuskjár og 16 GB innbyggt minni. **Jólaverð kr. 129.990 og 32 GB minnisstækkun í kaupbæti.**



**LG G3** Fjórir kjarnar og 5,5 tommu skjár sem styður Quad HD-upplausn sem eru mestu skjágæði sem hægt er að fá í farsíma. 13 MP myndavél sem tekur skýrar myndir í háskerpuupplausn. **Jólaverð kr. 99.990 og 32 GB minnisstækkun í kaupbæti.**

# Prufuútgáfa af íslenskum talgervli ókeypis í spjaldtölvum

Spjaldtölvur geta aukið lífsgæði sjónskertra. Blindrafélagið hefur staðið að smíði íslensks talgervils sem les upphátt stafrænar upplýsingar og texta. Prufuútgáfu af íslenska talgervlinum má nálgast endurgjaldslaust í spjaldtölvum með Android-stýrikerfi.

Sífellt fleiri sjónskertir og blindir nýta sér spjaldtölvur og snjallsíma með aukinni tækni að sögn Baldurs Snæs Sigurðssonar, tölvuráðgjafa hjá Blindrafélaginu.

Þar hafi mest að segja mikill stækkunarbúnaður í tækjunum, betri skjáir með háu birtustigi og stórt letur. Þá sé skjálesari orðinn staðalbúnaður bæði í Android-stýrikerfi og í Apple.

„Skjálesarinn segir notandanum upphátt hvar fingurinn er staddur á skjánum. Þeir sem ekki ná að lesa af skjánum með því að þysja að geta nýtt sér hann. Í Android-kerfinu getum við notað íslenska talgervilinn," segir Baldur



Íslenski talgervillinn gagnast ekki einungis sjóndöprum og blindum heldur einnig þeim sem ekki eru sleipir í ensku, eða af einhverjum ástæðum eiga erfitt með að lesa.

en Blindrafélagið hefur staðið að smíði talgervils með íslenskum röddunum, Dóru og Karli, í samvinnu við pólska fyrirtækið Ivona.

## Upplýsingar á íslensku

Það að hafa stjórntækin á íslensku og að fá tölvuskeyti og annan texta lesinn upp á íslensku skiptir miklu máli.

„Þetta eykur vissulega lífsgæði fólks, ekki bara blindra og sjónskertra heldur einnig þeirra sem til dæmis eru ekki sleipir í ensku, eldra fólk getur nýtt sér íslenska talgervilinn, lesblindir og þeir sem eiga af einhverjum ástæðum erfitt með að lesa texta. Þetta er í raun bylting því að með íslenska talgervlinum getur fólk látið lesa fyrir sig stafrænt efni með blæbrigðum en ekki með vélrænni röddu eins og áður fyrr þar sem erfitt var að greina mun á hvort verið væri að lesa upp spurningu eða ekki."



Sífellt fleiri sjónskertir og blindir nýta sér spjaldtölvur og snjallsíma með aukinni tækni. NORDIC PHOTOS GETTY

## Verkefni í þróun

Talgervillinn er verkefni í stöðugri þróun. Íslensku raddirnar fyrir Windows-stýrikerfi er hægt að nálgast á vefverslun Blindrafélagsins, þeir sem ekki geta lesið með eðlilegum hætti, eru með aðgang að Hljóðbókasafni Íslands eða eru lesblindir geta þó fengið talgervilinn endurgjaldslaust.

Í spjaldtölvum með Android-stýrikerfi geta hins vegar allir nálgast talgervilinn endurgjaldslaust.

„Það er einfaldlega hægt að sækja hann í PlayStore. Þar er hann í prufuútgáfu og verður eitthvað áfram. Fólk má endilega aðstoða okkur í að prufukeyra íslenska talgervilinn og láta okkur vita hvað því finnst."




# JÓLAGJÖFIN Í ÁR!

## 8" SPJALDTÖLVA Í JÓLAPAKKANN FYRIR AÐEINS 14.990!

Spjaldtölvur eru vinsælasta jólagjöfin hjá okkur fyrir börn. Skemmtilegar í leikina, sjónvarpið, bíómyndirnar, netið og tónlistina.




## JÓLATILBOÐ

# 14.990

FULLT VERÐ 19.990

nextbook NEX-NX008HD8G

Skemmtilega hönnuð og meðfærileg 8" Nextbook spjaldtölva með 1.5GHz Dual Core Cortex A9 örgjörva. Kristaltær snertiskjár með 1024x768 punkta upplausn í 4:3 hlutföllum. 1GB DDR3 vinnsluminni og 8GB Flash minni sem má stækka í 40GB með MicroSD minniskorti. Android 4.1 Jelly Bean stýrikerfið, myndavél að framan og aftan.

**Frábær jólagjöf fyrir börnin**
Það er fátt sem börnum finnst skemmtilegra en að leika sér í skemmtilegum leik í spjaldtölvu. Hægt er að nálgast þúsundir ókeypis leikja og fræðsluforrita í gegnum Google Play.

**Hentug barnastærð**
8" passar mjög vel í litlar hendur og er góð millistærð á milli farsímastærðar og fullvaxinnar 10" spjaldtölvu. Hún er létt og meðfærileg til að taka með hvert sem er.

**Sjónvarpið í spjaldtölvunni**
Með Sjónvarpi Símans eða OZ opnast nýjir möguleikar við að streyma sjónvarpsefni í spjaldtölvurnar. Börnin geta horft á sína uppáhaldsþætti hvar sem er án þess að vera bundin við sjónvarpsskjáinn.

**Dual Core örgjörvi**
Tveggja kjarna Cortex A9 örgjörvi sem skilar hraðri vinnslu með 1GB vinnsluminni.

**Allt að 40GB minni**
Kemur með 8GB innbyggðu Flash minni sem hægt er að stækka í 40GB með 32GB MicroSD minniskorti.

**Kristaltær fjölsnertiskjár**
Næmur og hraðvirkur skjár með 1024x768 punkta upplausn. 4:3 skjáhlutföll.

**Myndavél að framan og aftan**
Tvær myndavélar til að taka ljósmyndir eða myndbönd. 2MP að aftan og VGA upplausn að framan.

**Android 4.1 Jelly Bean**
Notendavænt stýrikerfi með aðgang að þúsundum ókeypis og hagkvæmra smáforrita með Google Play.

**2 ára traust ábyrgð**
Tölvulistinn hefur í yfir 20 ár rekið sitt eigið þjónustuverkstæði og veitt ábyrgðarþjónustu sem hægt er að treysta.

ALLT SPJALDTÖLVUÚRVALIÐ FYRIR JÓLIN Á TL.IS




BORGAÐU JÓLAREIKNINGINN 2. FEBRÚAR
Netgíró Betri leið til að borga

tl.is
TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 333 | Sími 414 1750 |

## TÍU BESTU SPJALD-TÖLVURNAR

**Vefsíðan techradar.com hefur tekið saman lista yfir þær tíu spjaldtölvur sem forsvarsmönnum síðunnar þykja hafa staðið sig best árið 2014. Hér má sjá listann ásamt ummælum um þrjár efstu tölvurnar.**




### 1. iPad Air 2

„iPad Air 2 er stórkostlegt afrek. Spjaldtölvan er hraðari, fallegri og með fleiri tæknilegum fídusum en fyrr. Við teljum að tölvan verði á toppi þessa lista um nokkra hríð.“




### 2. Samsung Galaxy Tab S

„**Af hverju** er Tab S ekki á toppi listans? Vandamál Samsung snýr að hönnuninni sem er of veigalítil en þó hjálpar til að bjóða upp á tvær mismunandi stærðir. Android-stýrikerfið er ekki enn jafn öflugt og iOS-stýrikerfið. Afar lítill munur er á Tab S og Sony Xperia Z2 Tablet spjaldtölvunum og eru þær bestu valkostirnir fyrir þá sem ekki vilja eiga Apple-vörur.“



### 3. Sony Xperia Z2 Tablet

„**Spjaldtölvan kemur** hlaðin aukabúnaði og með aðgangi að Sony-music, -movies og -Playstation. Á spjaldtölvunni er innrauður geisli og því er hún mjög hentug til að stjórna sjónvarpinu. Þar sem tölvan er bæði mjög létt og afar hraðvirk hentar hún afskaplega vel uppi í sófa. Skjárinn mætti þó vera skarpari.“

### 4. Nexus 9
### 5. iPad Mini 3
### 6. iPad Mini 2
### 7. Samsung Galaxy Note Pro 12.2
### 8. Google Nexus 7
### 9. iPad Air
### 10. Lenovo Yoga 10 HD+



## AFMÆLI Á FACEBOOK

**Margir senda afmæliskveðju til allra vina sinna á Facebook.** Aðrir senda einungis þeim sem þeir þekkja vel. Öllum þykir hins vegar gaman að fá margar afmæliskveðjur, að minnsta kosti þeim sem skrá afmælisdaginn sinn þar inn. Sumir hafa reyndar enga löngun til að aðrir viti hversu gamlir þeir eru. Áður fyrr var venja að heimsækja fólk á afmælisdegi eða hringja og óska afmælisbarninu til hamingju með daginn. Það er orðið mun sjaldgæfara með tilkomu Facebook. Vefmiðill VG spurði Berit Skog háskólakennara hvort fólk væri orðið ópersónulegra með tilkomu Facebook. „Facebook gefur fólki tækifæri til að senda afmæliskveðju og það er bara jákvætt. Afmælisbarninu finnst skemmtilegt að fá margar kveðjur. Það eru ekki til neinar reglur um hvað maður þurfi að þekkja fólk vel til að óska því til hamingju með afmæli. Það er hægt að skrifa langa, persónulega kveðju með broskarli og hjarta til afmælisbarnsins en vera samt ópersónulegur og formlegur. Síðan nota margir Facebook til að búa til tengslanet í kringum sig. Samfélagsmiðlar eru hluti af daglegu lífi okkar og ekkert að því að senda góðar kveðjur.“






## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

**SENDIBILL.IS**
Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

## Húsaviðhald




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is




## Spádómar




**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Spái í Tarot og bolla tek heim og í gegnum síma. Ein af þeim bestu. Trúnaður. Kristín s. 8979002.

## Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki og tónerar í flesta prentara, Hagkaup Smáralind, Fjarðargata 11 Hf og í síma 517-0150

Þjónusta. Verktakastarfsemi. Markaðsmál ofl. ofl. uppl. í s. 847 8704, manninn@hotmail.com

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is






**JÓLAVÖRUR**
Mikið úrval frábært verð Pallíettukjóll 8.990,- margir litir og góðar stærðir Kimono 5.990,- Pallíettileggings 4.990,- Erum á facebook Súpersól Hólmaseli 2 Seljahverfi 567-2077 587-0077 Opið 10-22 alla virka daga Laugardaga 12-18




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og laugardaga 10-16

## Óskast keypt



Óska eftir að kaupa tréstyttu eftir Sæmund Valdimarsson. upplýsingar í síma :898-8637

**KAUPUM GULL**
**JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun



**GEFÐ'ENNI GOTT Í SKÓIN**
Þú færð We-Vibe fyrir pör - vinsælasta unaðstæki í heiminum og allar flottustu vörurnar á www.hush.is Netgíró, greiðslukort og millifærsla

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Nudd

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

Býð upp á gott nudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 21 á kvöldin. 105 Rvk/Ármúli S. 894 4817.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Flug



**EINKAFLUGMANNSNÁM Í FLUGSKÓLA ÍSLANDS - HEFST 12. JANÚAR**
Láttu drauminn rætast! Fyrsta skrefið í átt að atvinnuflugmanni. Kvöldskóli - nám með vinnu. - Skemmtileg upplifun og frelsi - fylgir fluginu. Skráðu þig núna! Skráning á www.flugskoli.is.

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Barnagæsla

Óskað er eftir barngóðri manneskju til að gæta þriggja ára drengs í Þorlákshöfn af og til vegna vaktavinnu móður. Drengurinn sækir leikskóla. Leiguherbergi í laun með aðgangi að baði, eldhúsi, þvottahúsi og interneti. Uppl. í s. 770 2291.

## Dýrahald

**VOFF.IS - NÝ HVOLPASÍÐA**
www.voff.is er hvolpasíða Hundaræktarfélags Íslands, þar geturðu fengið upplýsingar um got, ræktendur, tegundir ásamt greinum um hvolpauppeldi, allt á einum stað. Hundaræktarfélag Íslands stuðlar að góðri meðferð, aðbúnaði, uppeldi og heilsufari hvolpa. Leitaðu þér nánari upplýsingar á www.hrfi.is og www.voff.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska

Til leigu í Hafnarfirði þrjú pláss í hesthúsi í Hlíðarþúgum. Sér gerði. S. 893 0411.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**NORÐURBAKKI HAFNARFIRÐI - TIL LEIGU !**
Til leigu glæsileg 3 herb íbúð (111m2) á jarðhæð með stæði í bílakjallara. Frábært útsýni, Þvottahús í íbúð, Sér verönd, Gæludýr bönnuð, Reykingar bannaðar. Langtímaleiga. Laus strax. Tilboð óskast.

Fyrirspurnir og tilboð sendist á hibili.001@gmail.com

15 fm herb. í kópav. til leigu með húsgögnum, neti og sameiginlegt eldhús, baðh. og þvottahús. Verð 65þ á mán + 1 mán fyrirframm Uppl. í síma 6600550.

Til leigu 2ja herb. 45 fm við Kirkjuteig. 125þ. á mán. Uppl. 892-1994.

Jólaleiga við malmö/lund. Útsölur byrja 25. des. Bíll getur fylgt S. 8992060.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

## jólagleði

**JÓLAGLEÐI**
**Laugardaginn 6.desember**



Undirfataverslunin Ynja og Í 7 himni verða með jólagleði kl. 13 - 18 í Hamraborg 20a.

- Afsláttur verður í verslun
- Kynning á starfsemi meðferða í heilsusetri
- Miðlar verða á staðnum
- Draumabönd - ný jólalína á armböndum
- Nýjar vörur í Ynju
- Steinlampar og stjakar, fallegu engla- og tarotspilin
- Gjafakort • Góð jólagjöf • Happdrætti

**Gerið góð kaup fyrir jólin.**
**Verið hjartanlega velkomin, léttar veitingar.**

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**SPENNANDI NÁMSKEIÐ**



NÆSTU NÁMSKEIÐ HJÁ GLIT:
- 3. DES KERAMIKMÁLUN
- 3. DES SKARTGRIPANÁMSKEIÐ
- 8. DES TRÉKÚLUNÁMSKEIÐ

SJÁ NÁNAR Á WWW.GLIT.IS
ERUM Á FACEBOOK.COM/GLITEHF

WWW.GLIT.IS
WWW.GLIT.IS GLIT@GLIT.IS
GLIT
Glit ehf. Krókhálsi 5, 110 Rvk. sími 587 5411

**VARAHLUTIR**
**Iveco • Benz • Man • Renault**
*Varahlutaþjónusta*
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

XPRENT
- hönnun og merkingar
PRENTUN | HÖNNUN | MERKINGAR | SKILTAGERÐ | XPRENT.IS
**...og margt fleira**
Sundaborg 1 - 104 Reyjavík - Sími: 777 2700 - xprent@xprent.is




**Iveco**
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA ehf
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
viðarhöfði 2 · 110 reykjavík · sími 445 4540 / 697 4540
bilathjonustabjarka@gmail.com
http//www.facebook.com/bilathjonustabjarka

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

# LANDMARK

FASTEIGNASALA

**Sími 512 4900**
**landmark.is**




# Landmark leiðir þig heim! – Þú hringir við seljum!




## ÁSAKÓR 7 – 203 KÓP

**OPIÐ HÚS SUNNUDAG 7. DES KL.15:30 – 16:00**

- 3ja herb. ca. 90 fm á 3ju hæð
- Lyftuhús / sérinngangur af svölum
- Getur losnað fljótlega
- Yfirtakanleg lán uppá ca. 24. Millj.
- Nánast viðhaldsfrítt að utan.

**V. 28,5 millj.**

Hafðu samband
**SVEINN EYLAND**
Löggiltur fasteignasali. Sími 690 0820





## AUSTURKÓR – 203 KÓP

- Raðhús 150 fm á einni hæð
- Fullbúin að öllu leiti án aðalgólfefna
- Rúmgóð verönd út frá stofu
- Afhendingartími eftir 3 mánuði
- Innbyggður bílskúr

**V. 48,5 – 49 millj.**

Hafðu samband
**SVEINN EYLAND**
Löggiltur fasteignasali. Sími 690 0820






## ASPARHOLT 3 - 225 GBÆ.

**VERIÐ VELKOMIN Í OPIÐ HÚS MÁN. 8 DES. FRÁ KL. 18:00-18:30.**

- 76,4 fm. 2 herbergja íbúð á 3. Hæð.
- Frábært fjöldskylduhverfi, glæsileg eign að öllu leiti.
- Eign sem stoppar stutt við.
- Stutt í skóla, leikskóla og sundlaugina.

**V. 23,6 millj.**

Hafðu samband
**BENEDIKT ÓLAFSSON**
Sölufulltrúi. Sími 661 7788






## STIGAHLÍÐ 28 - 105 RVK.

**VERIÐ VELKOMIN Í OPIÐ HÚS MÁN. 8 DES. FRÁ KL. 17:00-17:30.**

- 80,7 fm. 3 herb. íbúð á 1. Hæð til hægri.
- Frábært staðsetning , falleg eign.
- Eign sem stoppar stutt við.
- Stutt í skóla og alla þjónustu.

**V. 27,9 millj.**

Hafðu samband
**BENEDIKT ÓLAFSSON**
Sölufulltrúi. Sími 661 7788






## RÁNARGATA 12A – 101 RVK

**OPIÐ HÚS SUNNUD. 7. DESEMBER KL. 13:00 – 13:30**

- Afar falleg hæð og ris, alls 85 fm, 3ja herbergja í 101 Reykjavík
- Íbúðin er með sérinngangi og í göngufæri frá miðbænum
- Húsið hefur verið mikið endurnýjað að innan og utan síðastliðin ár

**V. 38,9 millj.**

Hafðu samband
**SIGURÐUR R. SAMÚELSSON**
Löggiltur fasteignasali. Sími 896 2312






## ÞÓRÐARSVEIGUR 6 – 113 RVK

**OPIÐ HÚS SUNNUD. 7. DESEMBER KL. 14:00 – 14:30**

- Björt og falleg 4ra herbergja endaíbúð með sérinngangi af svölum.
- Íbúðinni er í lyftuhúsi og henni fylgir stæði í bílageymslu.
- Vel skipulögð íbúð með ljósum gólfefnum, innréttingum og hurðum.

**V. 29,9 millj.**

Hafðu samband
**SIGURÐUR R. SAMÚELSSON**
Löggiltur fasteignasali. Sími 896 2312





## TUNGUVEGUR 8 – 108 RVK

**BÓKIÐ SKOÐUN**

- Fallegt 199,2 fm. einbýlishús þ.a. 40,6 fm. bílskúr á þessum eftirsótta stað.
- Aukaíbúð í kjallara með sérinngang.
- Einnig herbergi í hluta af bílskúr með sérinngang.

**V. 52,9 millj.**

Hafðu samband
**ÞÓRARINN THORARENSEN**
sölustjóri. Sími 770 0309





## VINDAKÓR 5-7 - 203 KÓP

**BÓKIÐ SKOÐUN**

- 5 herbergja **endaíbúð** á jarðhæð, alls 176,9 fm með sérinngangi.
- Íbúðinni fylgir stæði í bílageymslu og sérafnotaréttur.
- Frábær fjöldskyldueign. Gluggar á þrjá vegu.
- Stæði í bílageymslu fylgir íbúðinni.

**V. 43,9 millj.**

Hafðu samband
**ÞÓRARINN THORARENSEN**
sölustjóri. Sími 770 0309





**SKREYTT HJÖRTU** Kökurnar voru alls 150 talsins og reyndi Vigdís að hafa engar tvær eins. Heimilið var undirlagt meðan á bakstrinum stóð, eða í tíu daga.

# Heimilið var undirlagt

Vigdís Sigurðardóttir fékk það verkefni að gera fallegar og ætar piparkökur fyrir ítalska vinkonu sína.



**EKKI BAKARAMEISTARI** Vigdís hefur gaman af því að skreyta kökur en segist bara vera áhugamaður í faginu.

Vigdís Sigurðardóttir býr á Ítalíu og vinkonu hennar, sem rekur eigið fyrirtæki í bænum, langaði að gefa viðskiptavinum sínum íslenskar piparkökur fyrir jólin. Kökurnar áttu að vera ætar og fallegar. Vigdís tók að sér verkið en segir að við undirbúninginn hafi nánast allt farið úrskeiðis sem gat farið úrskeiðis.

„Upphaflega ætlaði ég að hafa fjögur mismunandi form og kökurnar áttu að vera hvítar og rauðar. Eftir mikla leit að nógu stórum formum gafst ég upp og ákvað að gera bara hjörtu. Eftir að hafa prófað nokkra mismunandi matarliti og endað með allavega fjórar skálar af bleikri leðju gafst ég upp.“

Baksturinn og skreytingarnar tóku tíu daga og á þeim tíma var heimilið gjörsamlega undirlagt. „Við borðuðum í stofunni því það var ekki pláss fyrir okkur í eldhúsinu, það voru box og bökunarplötur úti um allt,“ segir Vigdís en segist vera ánægð með útkomuna þótt hún hafi verið langt frá upphaflegu hugmyndinni. „Þetta var frumraun og tókst vel. Þetta snerist aðallega um mikla þolinmæði. Ég elska snjókorn og var með svoleiðis þema, en reyndi að hafa kökurnar ekki einhæfar. Mesta áskorunin fólst í að hafa engar tvær kökur eins en þær voru rúmlega 150 talsins.“

### Skreytt hjörtu

Sérstaklega þykkur glassúr úr flórsykri, eggjahvítu og pínulitlu vatni notaður til að gera útlínur á hjörtun. Leyft að þorna yfir nótt. Fyllt upp í eyðurnar með þynnri glassúr. Þegar kökurnar eru þornaðar er notaður örmjór sprautupokastútur, númer eitt, til að skreyta kökurnar ásamt kökuglimmeri og sykurkúlum.



**PIPARKÖKUJÓLATRÉ** Stjörnum er raðað upp, stærstu neðst og minnstu efst.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hentugt fyrir litla putta

Piparkökujólatré þykja einfaldari en piparkökuhúsin.

Þórdís Elva Þorvaldsdóttir skreytir piparkökur árlega ásamt fjölskyldu mannsins síns í Grindavík. „Mágkona mín, Fríða Egilsdóttir, vinnur grettistak á hverju ári, tekur á móti okkur og hýsir þennan piparkökubakstur. Undirbýr allt og svo komum við hin og vöðum beint í glassúrinn,“ segir Þórdís. Í stað þess að setja saman piparkökuhús býr fjölskyldan til piparkökujólatré. „Ég mæli eindregið með þessu fyrir litla fingur enda ekki eins vandasamt og að láta veggi og þak tolla saman. Stjörnum er raðað upp og svo er rjómasprauta notuð til að skreyta og litlu krakkarnir ráða vel við föndrið.“

### Piparkökujólatré

Misstórar stjörnur búnar til með stjörnuformum. Stjörnum raðað á víxl, hverri ofan á aðra og minnsta stjarnan sett á rönd á toppinn. Smjörkrem með grænum matarlit sett í rjómasprautu og sett krem á hverja „grein“. Greinar skreyttar með glassúr, snjókorn eða jólaskraut. Lengja með rauðum jólakúlum vafin um tréð.



**JÓLASTEMNING** Jólasveinninn var í heimsókn hjá Þórdísi og vildi fá að vera með á mynd með jólatrénu fína.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**TVÆR UPPÁHALDSSORTIRNAR** Baldur Trausti bakar alltaf hveitikökur og Sörur fyrir jólin. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vestfirskar hveitikökur steiktar á aðventunni

**Baldur Trausti Hreinsson** leikari lætur ekki annatíma í leikhúsinu trufla jólabaksturinn. Jólaundirbúningurinn hefst á hveitikökubakstri og eru kökurnar geymdar fram að jólum. Ljúffengu Sörurnar má borða strax.

Það fer ekkert að gerast í jólaundirbúningi fyrr en ég og dóttir mín erum búin að baka hveitikökurnar. Þetta er vestfirskt fyrirbæri og hafa þessar kökur fylgt jólunum frá því að ég man eftir mér. Þær eru bakaðar á aðventunni og svo teknar upp á Þorláksmessu og borðaðar með hangikjötinu,“ segir Baldur Trausti. Hann er þessa dagana að æfa fyrir Sjálfstætt fólk sem frumsýnt verður um jólin í Þjóðleikhúsinu og leikur í Konunni við 1000 gráður. Það hefur þó engin áhrif á jólabaksturinn. „Ég gef mér tíma til að baka. Við dóttir mín stöndum í bakstrinum, svo kemur restin og borðar þetta. Hveitikökurnar passa með öllum mat, skötustöppu, hangikjöti, með afgöngum af hamborgarhryggnum og eru æðislegar með rauðbeðusalati. Við kaupum ekkert brauð yfir hátíðirnar heldur borðum allt með þessu.“

Baldur Trausti hefur síðastliðin sextán ár bakað Sörur á aðventunni eftir uppskrift sem hann fékk frá Guðrúnu Erlu Sigurbjarnadóttur, starfsfélaga í Þjóðleikhúsinu. „Ég hef aðeins þróað stærðina, því ég vil hafa þær svona þrjá munnbita, og svo hef ég möndlurnar grófar í botninum því ég vil hafa botninn grófan,“ segir Baldur og bætir við að fyrstu árin hafi hann verið svolítið nískur á Sörurnar. „Einhvern tímann sá ég síðan að frystikistan var full af Sörum um páska því ég hafði verið svo sparsamur. Eftir það er ég slakari og er á því að maður eigi að borða þær á aðventunni enda nóg annað að borða yfir jólin.“

### Hveitikökur

7-8 kökur
3 bollar hveiti
3 tsk. lyftiduft
1 tsk. salt
1 msk. sykur
2,5 dl mjólk
2,5 dl rjómi

Hnoðað saman í hrærivél. Búin til pylsa og skorið í 7-8 kökur. Flatt út með kökukefli. Stinga í hverja köku með gaffli. Steikt á pönnu, helst þykkbotna og eldgamalli. Bakað við meðalhita.



**HVEITIKÖKUR OG SÖRUR** Hveitikökubakstur er vestfirsk hefð en uppskriftina að Sörunum fékk Baldur hjá starfsfélaga í leikhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Sörur

**Botn**
5 eggjahvítur
6 dl flórsykur
400 g möndlur

Eggjahvítur stífþeyttar í tíu mínútur. Flórsykri og möndlum bætt við og hrært vel, en hægt og rólega. Möndlur ekki maukaðar heldur rétt brotnar í höndunum. Ríflega sett í teskeið og á plötu og bakað við 180 gráður í 10-15 mínútur.

**Krem**
½ dl sykur
½ dl vatn
5 eggjarauður
300 g smjör
2 msk. kakó
2½ tsk. kaffiduft
1 msk. Swiss Miss

Sykur og vatn soðið saman í 10-15 mínútur við vægan hita og svo látið kólna vel. Eggjarauður stífþeyttar og vatninu svo hellt varlega saman við í mjórri bunu. Smjöri, kakó, kaffidufti og Swiss Miss bætt við. Þeytt saman. Smurt á botninn á kökunum. Sett í frysti og látið bíða í einn dag.

**Súkkulaði**
300 g Nói Siríus suðusúkkulaði
1 tsk. olía

Gufubrætt saman og svo er kökunum dýft ofan í súkkulaðið. Raðað upp og sett í frysti.

# LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL *um jólin*

## FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM, SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM






**Diva tungusófi** Stærð: 202cm x 150cm
Nettur og þægilegur tungusófi. Hann er einnig fáanlegur sem hvíldarstóll, 2ja eða 3ja sæta og öll sæti stillanleg.



**Ezzy** Stærð: 80cm
Nettur og góður hvíldarstóll með háu baki og stillanlegum hnakkapúða



**Espace** Nokkrar stærðir í boði
Léttur og smekklegur sófi.
Kemur í fjórum stærðum.



**Yuni** Stærð: 283cm x 199cm
Fallegur horn- og tungusófi með hvíldarstól í enda.
Margir litir í boði.



**Edwin** Stærð: 190cm
Mjög góður 3ja sæta hvíldarsófi. Alklæddur leðri eða vönduðu tau áklæði. Margir litir í boði.



**Demetra svefnsófi** Nokkrar stærðir í boði
Glæsilegur og virkilega vandaður svefnsófi frá Ítalíu.



**Mobius** Stærð: 195cm
Fáanlegur einnig sem hvíldarstóll. Margir litir í boði.
Fáanlegur bæði raf- eða handstýrðir.



**Isabella** Stærð: 212cm
Frábær 3ja sæta hvíldarsófi. Öll sæti stillanleg hand- eða rafstýrð. Til í mörgum litum. Klæddur leðri eða tauáklæði.



**Walton hvíldarsófi** Stærð: 214cm x 154 cm
Hvíldarstóll í enda, fáanlegur í leðri og áklæði.
Hægri eða vinstri tunga.

**Nánari upplýsingar og vöruúrval má sjá á heimasíðu Lúr - www.lur.is**

## Komdu í heimsókn
– og uppfylltu drauma þína um betri hvíld

LÚR | Hlíðasmára 1 | 201 Kópavogi | Sími 554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LÚR
BETRI HVÍLD

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!



**Jólalæri Krónunnar**

ÍSLENSKT

**1699 kr. kg**

Hátíðarlambalæri a la orange án mjaðmabeins



**20% afsláttur**

ÍSLENSKT

**3599 kr. kg**

Verð áður ~~4498~~ kr. kg

Lambafile með fiturönd

**Ekta Bayonneskinka úr læri**




**1399 kr. kg**

Verð áður ~~1698~~ kr. kg

Ekta Bayonneskinka úr læri

**2 í pk.**



ÍSLENSKT

**459 kr. pk.**

Verð áður ~~549~~ kr. pk.

Ungnauta hamborgari, 2 x 120 g

**Stórkaup!**




**1999 kr. kg**

Krónu kjúklingabringur, stórkaup



## FORRÉTTIR Í ÚRVALI

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

| Krónan Árbæ | Krónan Bíldshöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Vallakór | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|

# Jóladagatal

Nýtt tilboð alla daga til jóla

AÐEINS Í DAG 6. DESEMBER

HÁMARK 2 STK. Á MANN á meðan birgðir endast!

**899** kr. stk.

MS jólaostakaka með skógarberjum

Fylgstu með nýjum tilboðum daglega á kronan.is og sparaðu stórt alla daga til jóla

**1199** kr. tvennan

Coke, Coke light eða Coke zero kippa og Freyju Hátíð bestu molarnir

**2799** kr. pk.

Gillette gjafataska bodyrakvél og gel

Þú getur unnið glæsilega vinninga ef þú verslar vörur frá Garnier

1. 100.000 kr gjafabréf Smáralind
2. 30.000 kr gjafabréf Krónunni
3. 30 stk. gjafaöskjur frá Garnier

Take care. GARNIER

Skilaðu kassastrimlinum í næstu Krónu verslun

**2999** kr. pk.

Dove dömu gjafaaskja, 5 hlutir

**1699** kr. pk.

Nivea gjafadós, 4 hlutir

**949** kr. stk.

Garnier 24 stunda andlitskrem, fyrir venjulega eða þurra húð, 50 ml

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

**YRSA VELTIR ARNALDI ÚR SESSI !**

**DNA Yrsu Sigurðardóttur situr í fyrsta sætinu á Metsölulista Eymundsson þessa viku og hefur ýtt Kamp Knox eftir Arnaldi Indriðason niður í annað sætið.**

FÆRT TIL BÓKAR



## Líbrettó Chandlers

Óbirtur óperutexti eftir glæpasagnahöfundinn **Raymond Chandler** uppgötvaðist fyrir skemmstu í bókasafni bandaríska þingsins í Washington.

Líbrettóið er við óperuna The Princess and the Pedlar sem Julian Pascal samdi tónlistina við. Handritið hafði raunar legið fyrir allra augum síðan 29. ágúst 1917 án þess að vekja athygli.



## Hans til Ameríku

Gísli Pálsson er búinn að skrifa undir útgáfusamning á bandarískri útgáfu bókar sinnar Maðurinn sem stal sjálfum sér, sem segir sögu Hans Jónatans, þeldökks manns sem settist að á Djúpavogi. Útgefandinn er Chicago University Press. The Man Who Stole Himself er væntanleg á bandaríska markað árið 2015.

## Jón Kalman og Bergsveinn í úrtaki

Bækurnar Harmur englanna eftir **Jón Kalman Stefánsson** og Svar við bréfi Helgu eftir **Bergsvein Birgisson** eru tilnefndar til International Impac Dublin-bókmenntaverðlaunanna sem veitt verða 17. júní á næsta ári.

Bækurnar eru í fyrsta úrtaki til verðlaunanna en 142 bækur komast í þennan fyrsta flokk. Styttri listinn, þær bækur sem keppa um verðlaunin, verður kynntur í apríl.

Verðlaunin eru veitt fyrir enskar bækur og bækur í enskri þýðingu og meðal annarra nafna á listanum má sjá Náðarstund Hönnuh Kent og Life after life eftir Kate Atkinson.



JÓN KALMAN STEFÁNSSON



BERGSVEINN BIRGISSON

# Rokið fær rómantískan blæ

Nála–riddarasaga eftir **Evu Þengilsdóttur** er ein þeirra bóka sem tilnefndar eru til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Eva myndskreytir söguna sjálf og eru bæði myndirnar og sagan innblásnar af riddarateppinu fræga í Þjóðminjasafninu. Sagan er friðarboðskapur og Eva segir aldrei of seint að taka upp sverðin í eigin lífi og beita þeim með frjórri hætti.



**Friðrika Benónýsdóttir**
fridrikab@frettabladid.is



**INNBLÁSTURINN** Eva við riddarateppið í Þjóðminjasafninu sem varð kveikjan að Nálu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hugmyndin kviknaði í raun og veru út frá teppi sem móðir mín saumaði eftir riddarateppinu á Þjóðminjasafninu," segir Eva Þengilsdóttir um tilurð bókarinnar Nálu. „Ég var svo heppin að þegar mamma lauk við teppið, 700 dögum eftir að hún byrjaði á því, þá gaf hún mér það og ég hef notið þess að horfa á það síðan. Þetta er merkilegt verk, stórt og mikið og ótal spor sem öll skipta máli. Hvert spor þarf að taka rétt og saman þurfa sporin að mynda mynstur. Þau þurfa síðan að ganga upp til að úr verði þessi sterka heild. Maður getur í raun yfirfært þetta á lífið sjálft, við þurfum öll að lifa í sátt og samlyndi hvert við annað og umhverfið til þess að allt fari vel. Já, svona verk kallar á að um það sé skrifað."

Eva segir bókina í aðra röndina vera óð til íslensks menningararfs og handverks og á sama tíma pælingu um frið. „Við erum svo rík. Bæði að eiga þessar dásamlegu sögur, sem margar hverjar eru magnaðar, og svo allt þetta fallega handverk."

**Aldrei of seint**

Nála segir frá riddara nokkrum sem geysist um á hesti sínu, berst við dreka og óvættir og raunar bara allt sem á vegi hans verður. Þar kemur að það er enginn eftir til að drepa og þá verður á vegi hans stúlkan Nála sem beitir sverði hans sem nál og hefst handa við að skapa nýjan heim. Myndirnar í bókinni eru í krosssaumsstíl og þær vann Eva innblásin af riddarateppinu. „Myndirnar eru allar mínar en ég nota brot úr mynstri úr teppinu til að vísa í það."

Friðarboðskapur sögunnar fer ekki á milli mála enda er efnið Evu hugleikið. „Mér finnst mikilvægt þó að við búum á Íslandi og séum fjarri þeim stöðum þar sem bardagar geisa að við séum meðvituð um að við erum hluti af stærri heild og við gegnum mikilvægu hlutverki þegar kemur að friði. Boðskapur sögunnar er ekkert endilega aldurstengdur, þótt hún sé flokkuð sem bók fyrir börn upp að 10 ára aldri. Það er alltaf gaman að hverfa á vit ævintýranna og það er aldrei of seint að taka upp sverðin í eigin lífi og beita þeim með nýjum og frjórri hætti."

**Ekki aftur snúið**

*Eva er viðskipta- og stjórnsýslufræðingur að mennt en hefur nú alfarið helgað sig skriftum. Hvernig lá leiðin þangað?* „Ég hef haft gaman af því að skrifa alveg frá því að ég var unglingur og hef líka verið í myndlistinni síðan. Fyrir tilviljun fékk ég í fangið verkefni fyrir rúmlega tíu árum sem leiddi til þess að ég fór að skrifa barnaefni fyrir sjónvarp, sem aftur leiddi til þess að ég fór að skrifa fyrir barnastarf kirkjunnar og svo fyrir leikskóla. Þannig að þetta vatt upp á sig, aðallega vegna þess að ég hafði svo ægilega gaman af þessu, og fyrsta bókin mín kom út fyrir tveimur árum og þá varð ekki aftur snúið."

*Hentirðu þá viðskiptafræðinni bara í ruslakörfuna?* „Það er von að þú spyrjir. Ég hef verið svo heppin að þar sem ég hef starfað sem viðskiptafræðingur hef ég gjarnan verið í mjög skapandi verkefnum eða þar sem ég hef haft svigrúm til að skrifa og hanna. Eftir að við fjölskyldan fluttum til Genfar fyrir tveimur árum hef ég haft meiri tíma til að skrifa, en áður nýtti ég helst kvöldin og helgarnar. Nála er afraksturinn af þessum tveimur árum í Sviss og svo er auðvitað full skúffa af öðru efni. Ótrúlegt hvað þessar skúffur geta orðið djúpar!"

**Hvað er vinsælast?**

Það vekur forvitni mína að kona með áhuga á skrifum og myndlist hafi valið sér viðskiptafræði sem aðalfag í háskóla. Eva hlær þegar ég spyr um það og segir þá sögu ansi sérstaka. „Ég get eiginlega varla sagt frá því, en ég var í útlöndum þegar fresturinn til að skrá sig í Háskóla Íslands var að renna út og bað mömmu að fara og skrá mig. Ég vissi ekki að maður þyrfti að velja fag strax og þegar mamma kom upp eftir og fékk þær upplýsingar að hún yrði að skrá mig í ákveðið nám spurði hún bara hvað væri vinsælast og skráði mig í það fag.

Ég kom svo heim eftir að skólinn var byrjaður og dreif mig bara í að klára þetta nám og hafði gaman af. Námið hefur nýst mér vel og ég hef lengst af unnið í þriðja geiranum, meðal annars fyrir Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra og Blindrafélagið auk þess sem ég vann um tíma fyrir Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Ég hef mikinn áhuga á grasrótinni og því hvernig við sem samfélag leysum okkar mál. Ég dreif mig því í framhaldi af viðskiptafræðinni í MPA-nám, Master of Public Administration, eða stjórnsýslufræði."

**Saumaðir þú það?**

Eva býr enn í Genf en er heima til að fylgja Nálu eftir með upplestrum í skólum og víðar. Hún segir mjög gefandi og skemmtilegt að lesa upp fyrir börn og þau segi oft hluti sem hvetji hana til umhugsunar. „Ég hef verið að lesa fyrir börn í fyrsta til þriðja bekk og það er ægilega gaman. Ég er búin að fara í eina sextán skóla og það byrjaði rosalega vel. Í fyrsta skólanum var ég spurð hvort ég væri orðin tólf ára, sem ég var dálítið ánægð með, í næsta skóla var ég spurð hvort ég væri kannski 67 ára, sem ég gat alveg þolað. Svo versnaði í því í þriðja skólanum þegar ég var að segja krökkunum frá riddarateppinu og hvað það væri gamalt, meira en 300 ára. Þá rétti einn ákafur upp höndina og spyr: „Saumaðir þú það?" Þá var maður skák og mát. Þau eru alveg yndisleg, þessir krakkar."

**„Boðskapur sögunnar er ekkert endilega aldurstengdur, þótt hún sé flokkuð sem bók fyrir börn upp að 10 ára aldri. Það er er aldrei of seint að taka upp sverðin í eigin lífi og beita þeim með nýjum og frjórri hætti.**

Búsetan í Sviss hefur haft áhrif á skrif Evu og sýn hennar á Ísland. „Þegar maður býr úti sækir allt sem er heima sterkar á mann. Meira að segja rokið fær á sig rómantískan blæ. Það skolaðist reyndar af mér um síðustu helgi þegar ég var að lesa upp í Heiðmörk og þurfti að skríða eftir jörðinni til að komast úr bílnum inn á kaffihúsið."

*Kom tilnefningin til Íslensku bókmenntaverðlaunanna þér á óvart?* „Já, auðvitað gerði hún það. Og ég er innilega þakklát fyrir að fá hana. Maður skrifar um eitthvað sem stendur manni nærri og leggur það í dóm lesenda án þess að vita neitt um það hvernig því verður tekið. Ég er búin að leggja miklu vinnu í þessa bók og er mjög þakklát fyrir að það skuli vera skilningur á verkinu og fólk taki því vel. Það þykir manni vænt um."

# SKEMMTILEGASTI VIÐBURÐUR ALLRA TÍMA!

# BARNABÓKAHÁTÍÐ HAGKAUPS

## STUÐIÐ HEFST Í HAGKAUP SMÁRALIND KL. 14 LAUGARDAGINN 6. DES.




Tilraunir!

Fróðleikur!



Spenna!

Áritaðar bækur




Árituð plaköt

Taktu selfie með höfundi

Bækur á tilboði

Gleði!




Hagkaup í Smáralind efnir til allsherjar krakkaveislu með mörgum af ástsælustu barnabókarithöfundum landsins.

Gunnar Helgason, Ævar Þór Benediktsson, Vilhelm Anton Jónsson, Sveppi og Guðni Líndal Benediktsson sprella og lesa upp úr bókunum sínum.




Fótbolti!

Skrímsli!

Límmiðar



EINFALT AÐ SKILA EÐA SKIPTA

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

# 8 UPPÁHALDS ÖPPIN

Ragnheiður Haralds og Eiríksdóttir hjúkrunarfræðingur



**THE SAVAGE LOVECAST**
Dan Savage er kynlífsráðgjafi í Seattle í Bandaríkjunum. Í gegnum appið nálgast ég poddkastið hans sem ég hlusta á í hverri viku og svo er það troðfullt af alls konar fróðleik.

**INSTAGRAM**
Ég fylgi vinum og vandamönnum og svona 3.000 skeggjuðum karlkyns módelum.

**ARION-APPIÐ**
Því ég þarf að vita hvort ég á pening.

**TINDER**
Það segir sig sjálft, verandi einhleyp kona.




**UP**
Appið sem vinnur með Jawbone-armbandinu mínu sem telur skrefin mín og skráir hversu djúpt ég sef.

**QUIZUP**
Ég er spurninganörd og þetta app er að gera mig að semi-keppnismanneskju.

**ITUNES**
Mér er sagt að það sé ógeðslega gamaldags, en ég kaupi ennþá tónlist þar. Að auki nota ég það til að hlusta á hljóðbækur og poddkóst.

**MESSENGER**
Til að halda sambandi við annað fólk.



**Í NÝJUM GÍR** Zelda, Link og félagar berjast af miklum móð í Hyrule Warriors.

## Bardagaveisla í boði Zeldu

**HYRULE WARRIORS**
★★★☆☆
Wii U **BARDAGALEIKUR**

Hyrule Warriors er bardagaleikur sem byggir á Zeldu-leikjunum en flokkast þó ekki sem „alvöru“ Zeldu-leikur heldur hliðarafurð. Hann er samstarfsverkefni Nintendo og fyrirtækisins Koei Tecmo, byggir á grunni Dynasty Warriors-leikjanna og flokkast einnig til þeirrar leikjaraðar. Í Hyrule Warriors berjast spilarar við ógrynni óvina með það að markmiði að stöðva ill öfl í því að ná yfirráðum í Hyrule (en ekki hvað).

Leikurinn er skemmtilegur og heldur manni við efnið með áhugaverðum söguþræði. Allar helstu hetjurnar eru til staðar og eru þar Link og Zelda vitanlega í fararbroddi. Sérstaklega er ánægjulegt að finna kunnuglegar fjársjóðskistur og vopn. Einnig þegar leikurinn leiðir mann í borð sem byggja á gömlum Zelda-leikjum, nánar tiltekið Twilight Princess, Skyward Sword og Ocarina of Time. Þar skjóta gamalkunnar persónur upp kollinum og spila inn í atburðarásina.

Eftir því sem líður á leikinn safnar maður sér smám saman fleiri persónum til að spila og er þar sniðugt að geta einnig valið óvini sem hafa fallið í valinn og nýtt sér eiginleika þeirra og vopnabúr. Alls eru persónurnar sem hægt er að velja úr þrettán og er hægt að dunda sér við að auka styrk þeirra og hæfileika.

Bardagarnir í Hyrule Warriors eru nokkuð einhæfir með miklum sverðasveiflum. Einhvern veginn virkar þetta allt samt ágætlega. Ekki síst þar sem leikurinn er mjög góður í tveggja manna spili þar sem reynir oft á útsjónarsemi, herkænsku og góða samvinnu. Þá er árásarfimi persónanna sem hægt er að velja úr oft mjög tilkomumikil. Maður nýtur þess að sigra óvini með loftköstunum sem hægt er að framkalla með fjarstýringunni.

Kjörinn leikur fyrir aðdáendur Zeldu sem bíða spenntir eftir risaleiknum sem von er á fyrir Wii U á næsta ári.

tinni@frettabladid.is



## TOPP 5 2015

Nokkrir leikir sem beðið er með eftirvæntingu

1 Mortal Kombat X
2 Metal Gear Solid V: The Phantom Pain
3 The Order: 1886
4 The Legend of Zelda Wii U
5 Uncharted 4: A Thief's End



**VLT-SJÓNAUKINN** Ása notaði sjónaukann í Síle við rannsóknir sínar.

# Fornleifafræðingar alheims leita fyrstu stjarnanna

Myndhöggvarinn hefur verið afkastamikill undanfarið. Þið finnið hann á norðurhimni, að næturlagi. Þar dvelur hann í 280 þúsund kílómetra fjarlægð og þrýstir, lemur og mótar sólstjörnur sem aldrei fyrr. Af milljónum stjarna í þessari vetrarbraut er ein sem fangað hefur athygli íslensks stjarneðlisfræðings. Stjarnan hefur nefnilega stórkostleg leyndarmál að geyma.

**Kjartan Hreinn Njálsson**
kjartanh@frettabladid.is



Stjarneðlisfræðin er stórkostlegt fræðasvið, líklega það stórkostlegasta. Þar freista vísindamenn þess að svara spurningum sem eru jafnaldrar mannkyns: Hvaðan komum við? Af hverju erum við hér? Þannig rýnir stjarneðlisfræðin í hið risavaxna, hinn mælanlega alheim, en um leið hið agnarsmáa.

Í upphafi var alheimurinn tiltölulega leiðinlegur. Hann var reyndar nokkuð óspennandi í um 100 milljón ár eða svo. Vetni og helíum, forverar alls, áttu leiksviðið þangað til að efnin þéttust í gasský sem á endanum féllu saman og mynduðu fyrstu sólstjörnurnar. Í samrunaofnum fyrstu stjarnanna litu þyngri frumefni dagsins ljós. Með ofsafengnum dauða stjarnanna þeyttust þessi efni út í víðáttur alheimsins. Þetta var upphaf þeirrar þróunar sem færði okkur alheiminn eins og hann er í dag –nokkuð spennandi alheimur í raun.

Þeir sem rýna í alheiminn til forna eru fornleifafræðingar stjarnanna. Hlutverk þeirra er að útskýra hvernig og af hverju hlutirnir eru eins og þeir eru. Doktorsneminn Ása Skúladóttir er einn af þeim og nýjasta rannsókn hennar er liður í þessari löngu leit.

Fyrir leikmanninn eru nýlegar rannsóknarniðurstöður Ásu og kollega hennar við Kapteyn-stjarneðlisfræðideildina í Groningen-háskóla lítið annað en frumskógur framandi tákna og orðfæris. Undirritaður var því nokkuð stressaður fyrir símtalinu frá Hollandi, þar sem Ása býr og vinnur. Röddin á hinum endanum var glaðvær, í raun hressandi. „Það er allar stærðargráður að finna í stjarneðlisfræðinni. Það stærsta og það agnarsmáa,“ segir hin 32 ára Ása hlæjandi.

### Leyndarmál Myndhöggvarans

„Það sem ég geri er að skoða yfirborð þessara fornu stjarna, til að sjá hvernig þær mynduðust, hvernig aðstæður voru þegar þær mynduðust og í raun úr hverju heimurinn var gerður þegar þær urðu til.“

Rannsókn Ásu tekur til athugana á stjörnu í hinni ævafornu Sculptor-dvergvetrarbraut (stjörnumerkið Myndhöggvarinn). Eftir að hafa hellt sér yfir rannsóknargögn kom í ljós að þessi fábrotna stjarna var einstök í vetrarbraut sinni.

„Sculptor-dvergurinn er lítil, einn þúsundasti af massa Vetrarbrautarinnar. Stjörnurnar þar mynduðust fyrir tíu milljörðum ára en það sem við sáum var að ein stjarnan var allt öðruvísi en hinar.“

Það sem Ása og félagar sáu í tölunum var að stjarnan er gríðarlega rík af kolefni. Leit að slíkum stjörnum hefur staðið yfir árum saman. Í ljósi uppgötvunarinnar lagði Ása land undir fót, áfangastaðurinn var fullkomnasta stjörnuathugunarstöð heims (VLT-sjónaukinn) í Atacama-eyðimörkinni í Síle.

„Þar fengum við að rannsaka stjörnuna í smáatriðum,“ segir Ása. „Og þar fengum við staðfestingu á uppgötvuninni.“

### Arfur öldunganna

En af hverju að standa í þessu? Hvaða máli skiptir að finna kolefnisríka stjörnu? Til að finna svarið verðum að leita aftur til frumgoðanna: fyrstu stjarnanna, sem gáfu okkur allt.

Það kemur ekki á óvart að vísindamenn hafi áhuga á uppruna kolefnis. Það er fjórða algengasta frumefnið í Vetrarbrautinni, á eftir vetni, helíum og súrefni, og er efnafræðileg forsenda lífs. Líkami okkar er 18% kolefni.

Sólin okkar framleiðir þyngri frumefni í miklum mæli, hún er járnrík og tilheyrir afar fjölmennum hópi stjarna. Járnrýrar stjörnur aftur á móti eru mun sjaldgæfari.



> **Það er allar stærðargráður að finna í stjarneðlisfræðinni. Það stærsta og það agnarsmáa.**
>
> *Ása Skúladóttir, doktorsnemi við Groningen-háskóla í Norður-Hollandi*

„Það sem við höfum séð er að þessar járnrýru stjörnur eru upp til hópa kolefnisríkar,“ segir Ása. „Enn sem komið er getum við ekki séð fyrstu kynslóð stjarna. Með því að rýna í efnin sem þau skildu eftir sig komumst við nær þeim. Það gæti verið að þetta mikla magn kolefnis komi frá fyrstu stjörnunum.“

Niðurstöður Ásu kalla á frekari rannsóknir, það verkefni er þegar hafið. Ása, fornleifafræðingur stjarnanna, er rétt að hefja sína leit. „Skemmtilegasta eðlisfræðin á sér stað úti í geimnum,“ segir Ása. „Þar er dramatíkin. Þetta er svo mikil tenging við okkar daglega líf.“



# Rétta kortið hjálpar þér að upplifa ótrúlegustu ævintýri

ENNEMM / SIA • NM65728



Við bjóðum upp á ýmis fríðindi sem tengjast kortunum okkar.
Veldu kort með þeim eiginleikum sem henta þér.

Kynntu þér kostina á kreditkort.is

MasterCard

AMERICAN EXPRESS


Kreditkort hf
Ármúla 28
108 Reykjavík

550 1500
550 1601
kreditkort@kreditkort.is
kreditkort.is


KREDITKORT

Annar í jólum

Sunnudag










# 8.490 kr. + 0 kr.

## Ljóshraðanet og heimasími fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár!

Sex sjónvarpsstöðvar, internet og heimasími í þrjú ár, Tónlist.is í þrjá mánuði og aðild að Vild á aðeins 8.490 kr. Enginn binditími fyrir internet og heimasíma!

**180.000 kr. sparnaður** á 36 mánuðum

Jóladagur




13. desember




Nýársdagur




Nýársdagur









Desember verður dásamlegur á Stöð 2

# Hátíð heima í stofu!

Það er hátíðarbragur á desemberdagskrá Stöðvar 2. Stórgóðar nýjar kvikmyndir, splunkunýir íslenskir þættir og alls kyns skemmtiefni sem gleður alla fjölskylduna.

**Ævintýrin eru handan hornsins á Stöð 2!**













Fáðu þér áskrift! 365.IS

# AGATHA CHRISTIE, ADOLF HITLER OG JÓN ARASON

FLÆKJUSAGA

**Illugi Jökulsson** trúði því ekki að gamalt fólk hefði mikinn áhuga á að sanka að sér völdum sem það gæti svo ekki notið lengi. En vísbendingar um slíkt er þó víða að finna.




ADOLF HITLER


AGHATA CHRISTIE


JÓN ARASON

Ellefu ára gamall eða árið 1971 komst ég fyrst í kynni við merkilegt sögulegt viðfangsefni eða ætti ég að segja leyndardóm sem ég átti lengi síðan erfitt með að botna í, en það er valdagræðgi gamals fólks. Og þessum leyndardómi kynntist ég fyrst í 69du skáldsögu Agöthu Christie og þeirri hennar sem ég held að óhætt sé að kalla hennar allra, allra versta verk.

Bókin heitir Farþegi til Frankfurt og kom út árið sem Christie varð áttræð eða 1970. Rétt fyrir jólin það ár kom hún svo út í íslenskri þýðingu. Ég held að í þá daga hafi verið afar sjaldgæft að svo splunkunýjar erlendar bækur kæmu út hér á landi, svo mikils hefur líklega verið vænst af þessu glóðvolga verki drottningar leynilögreglusagnanna, konunnar sem hafði fært þakklátri veröld ódauðlegar persónur eins og Hercule Poirot, ungfrú Jane Marple og Hastings ofursta. Sjálfur keypti ég bókina á bókamarkaðinum ári seinna og óhætt er að segja að hún hafi valdið mér heilmiklum heilabrotum en þó kannski ekki alveg á þann hátt sem Christie ætlaðist til.

## Umrót hippatímans rakið til nasista

Söguþráð Farþega til Frankfurt hirði ég ekki um að rekja. Jafnvel ellefu ára gamall lesandi áttaði sig fljótlega á því að hann var í besta falli illskiljanlegur en í versta falli tóm heimskuleg þvæla. Hins vegar var rót sögunnar greinilega tilraun hins aldna rithöfundar árið 1970 til að skilja breytta tíma í samfélaginu – byltingu unga fólksins með tilheyrandi frjálsum ástum, agaleysi og mótþróa gegn foreldravaldinu, eiturlyfjaneyslu og allt annarri tónlist en áður hafði heyrst. Þetta var svo róttæk umbylting að Christie virðist ekki hafa getað trúað því að þetta væri allt sjálfsprottið upp úr samfélaginu, heldur hlyti þetta allt að vera samsæri og stjórnað af vondum mönnum. Og hin enska Agatha Christie vissi náttúrlega ekki af neinum verri mönnum en þýskum nasistum, og því var allt umrót hippatímans í bókinni rakið til undirferla þýskra nasista sem stefndu að heimsyfirráðum og Fjórða ríkinu.

Allt er þetta afar þokukennt í bókinni, ekki biðja mig að skýra það í neinum smáatriðum. En alla vega er það niðurstaðan – gamlir þýskir stuðningsmenn Hitlers hafa einhvern veginn komið öllu í bál og brand með því að beita fyrir sig Bítlunum og Rolling Stones og ætlunin er að sómakæru fólki blöskri svo aðfarir hippanna að það sætti sig við nýja nasistastjórn.

## Forsprakkinn gat ekki verið öldruð greifynja

Einhvern veginn svona held ég að Christie hafi hugsað þetta, þótt ég ítreki að hugsunin að baki bókinni sé afar laus í reipunum, svo ég orði það nú kurteislega. Þótt ég væri enginn hippi þegar ég var ellefu ára og væri enn afar stilltur og prúður drengur og mesti rokkarinn sem ég þekkti væri enn Ómar Ragnarsson, þá gerði ég mér grein fyrir því að Agatha Christie væri kannski aðeins of roskin og ráðsett til að geta skilið hippana, en á því fóru reyndar margir gamalgrónir höfundar flatt þessi misserin. Eftir á að hyggja geta hipparnir í Kristnihaldi undir Jökli eftir Halldór Laxness frá 1968 líklega ekki talist sérlega sannferðugar persónur, þótt Halldór hafi vitaskuld verið þúsund sinnum merkari höfundur en Agatha Christie og persónur Kristnihaldsins megi raunar alls ekki dæma eftir mælistiku eintóms raunsæis. En þessa glámskyggni hinnar gömlu glæpasagnadrottningar fannst mér ellefu ára þó auðvelt að fyrirgefa, það var annað sem mér fannst miklu verra og heimskulegra við Farþegann frá Frankfurt.

Það var þegar í ljós kom hver stóð að baki hinu lymskulega samsæri nasista um að kollvarpa Vesturlöndum með hippa, rokkmúsík og eiturlyf að vopni. Það var nefnilega ekki sonur Adolfs Hitlers sem þó er persóna í bókinni með hakakross tattúeraðan á aðra ilina, heldur var forsprakki samsærisins öldruð greifynja, Charlotte von Waldsausen. Hún hafði fyrrum verið ákafur fylgismaður Hitlers og vildi endurreisa hina nasísku stjórnarhætti og ná heimsyfirráðum en hún sjálf ætlaði að verða Foringinn, og meira að segja sonur sjálfs Hitlers skyldi óhikað kveðinn í kútinn í því valdabrölti hennar.

Og þegar þetta meginatriði plottsins var orðið ljóst þá fyrst sagði hinn ellefu ára lesandi hingað og ekki lengra, nei, þetta er svo fráleitt að það getur engan veginn staðist. Þessi bók er bull, bull og meira bull!

## Christie orðin elliær

Það var ekki kynferði greifynjunnar sem vafðist fyrir mér. Þvert á móti. Mér fannst ekkert athugavert við að nýr Foringi gæti verið kona. Það var aldur hennar sem truflaði mig svona ærlega. Hún var orðin hundgömul, kerlingin, og mér fannst einfaldlega ekki koma til nokkurra mála að svo roskin manneskja væri að standa í alls konar illverkum og undirferlum og samsærum til að raka að sér völdum sem hún gæti auðvitað ekki notið nema í takmarkaðan tíma, þá myndu árin taka af henni völd og hún dæi sínum drottni. Mér fannst þetta í fúlustu alvöru, það væri svo mikið rugl að gömul manneskja væri að sanka að sér völdum í gríð og erg, nánast eins og fársjúk af valdafíkn og yfirgangssemi og hikaði þá til dæmis ekki við að troða á og jafnvel hreinlega útrýma sér mun yngra fólki í valdasýkinni, mér fannst þetta hljóta að ganga gegn náttúrulögmálunum þar sem alltaf hlyti nýtt að taka við af gömlu. Og engin manneskja myndi troða svo vísvitandi á þeim lögmálum.

Það væri einfaldlega ekki rökrétt.

Og ég kastaði frá mér Farþega til Frankfurt og bað þá ruglbók aldrei þrífast, kerlingin bersýnilega orðin elliær og hætt að skilja mannlegt eðli og náttúrulögmálin, hafi hún þá einhvern tíma gert það.

## Hrifsa völdin á sjötugsaldri

Svo leið og beið og það rann um síðir upp fyrir mér að mannlegt eðli lætur ekki stjórnast af náttúrulögmálum og þaðan af síður af því sem rökrétt er. Og að þess væru ótal dæmi í sögunni að menn þekktu ekki sinn vitjunartíma frekar en Waldsausen greifynja og væru langt fram á hin efstu elliár að reyna í ofboði að sölsa undir sig meiri og meiri völd jafnvel þótt þeir gætu svo augljóslega ekki notið þeirra lengi. Það er meira að segja að grimmdin í valdagræðginni getur virst enn meiri hjá þeim gömlu en hinum yngri, kannski einmitt af því þeir vita að þeir muni ekki lengi enn fá notið þess að deila og drottna.

Má ég minna á Rómarkeisarana Pupienus sem var hálfáttræður og félaga hans Balbinus á sjötugsaldri sem í sameiningu hrifsuðu völdin af hinum rúmlega fertuga Gordíanusi II en enduðu svo á því að slást í ellimóðri örvæntingu um hin nýfengnu völd uns lífvörðum þeirra blöskruðu lætin í öldungunum og hjuggu þá báða í spað? Eða Stalín sem var að undirbúa víðtækar hreinsanir á yngri mönnunum í sovéska kommúnistaflokknum þegar einhver þeirra fékk nóg og eitraði fyrir honum – að öllum líkindum.

Og kannski það hafi verið Lavrentí Bería sem endurreisti þannig náttúrulögmálin, hvað veit ég?

**Má ég minna á Rómarkeisarana Pupienus sem var hálfáttræður og félaga hans Balbinus á sjötugsaldri sem í sameiningu hrifsuðu völdin af hinum rúmlega fertuga Gordíanusi II en enduðu svo á því að slást í ellimóðri örvæntingu um hin nýfengnu völd.**

## Jón Arason valdasjúkur öldungur?

En þessar hugleiðingar um valdablindu þá sem virðist líka geta gripið gamalt fólk, ekki síður en ungt, og Agatha Christie vissi þannig sínu viti, þær héldu svolítið fyrir mér vöku fyrir nokkrum vikum af ansi óvæntu tilefni – eða þegar ég fór að hugleiða feril Jóns Arasonar biskups á Hólum.

Því ég hef aldrei skilið þann góða mann. Í mjög yfirborðskenndri útgáfu er saga Jóns Arasonar svona: Hann var íslenskur kaþólskur biskup og baráttuþjarkur sem streittist af miklu þolgæði gegn danskri ásælni og nýjum trúarsið er gekk í berhögg við þá trú sem hann hafði í heiðri. Og í sjálfstæðisbaráttunni á 19. öld var farið að líta á Jón sem „síðasta Íslendinginn“ – svo ötullega hefði hann barist fyrir íslenskt þjóðerni og sjálfstæði. En þegar betur er að gáð er saga Jóns allt önnur. Sína þrotlausu baráttu háði hann helst um jarðir og áhrif við aðra íslenska stórbokka, en átti lengst af friðsamlega sambúð við erlent konungsvald og nýja kirkjuskipan. Það var ekki fyrr en hann var kominn á efri ár og gerðist ellimóður sem hann bjóst til að ganga af fáránlegri fífldirfsku á hólm við danska konungsvaldið og lét þá engu gilda hverjum hann tróð um tær eða stofnaði í hættu.

Okkur er ævinlega holt að endurskoða gamlar hetjur. Kemur kannski í ljós þegar að er gáð að Jón Arason var fyrst og fremst valdasjúkur og yfirgangssamur öldungur líkt og Waldsausen greifynja?


VÉLASÝNING
helgina 6. og 7. des. frá kl. 10-17




Sýndar verða vélar frá Casolin og Robland og allt það sem að við höfum upp á að bjóða í þjónustu við Tréiðnaðinn

Röggi ehf.
Smiðshöfða 12 • 110 Reykjavík • s: 586 8000

markhönnun ehf

# SPENNANDI BÓKAJÓL




**KAMP KNOX**
ARNALDUR INDRIÐASON
**3.574 KR**




**ORÐBRAGÐ**
BRYNJA ÞORGEIRSDÓTTIR & BRAGI VALDIMAR SKÚLASON
**4.079 KR**




**KATA**
STEINAR BRAGI
**4.549 KR**




**VONARLANDIÐ**
KRISTÍN STEINSDÓTTIR
**4.283 KR**




**NÁÐARSTUND**
HANNAH KENT
**3.959 KR**




**ÖRÆFI**
ÓFEIGUR SIGURÐSSON
**3.953 KR**




**VÍSINDABÓK VILLA 2**
VILHELM ANTON JÓNSSON
**2.999 KR**




**SVEITIN Í SÁLINNI**
EGGERT ÞÓR BERNHARÐSSON
**4.619 KR**




**SKÁLMÖLD**
EINAR KÁRASON
**4.409 KR**




**ÞÍN EIGIN ÞJÓÐSAGA**
ÆVAR ÞÓR BENEDIKTSSON
**2.859 KR**

**Tilboðin gilda 06. - 07. des. 2014**

nettó bækur
Kræsingar & kostakjör

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Höfn · Grindavík
Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss · Akureyri

## Konráð og félagar á ferð og flugi 125

Bragi Halldórsson

„Hér eru fjórar tegundir fugla sem allar eru með sérhæfðan gogg til að borða mismunandi fæðu“ las Lísaloppa. „Getur þú parað saman hvern fugl við þá fæðu sem hann er sérhæfður í að borða.“ Kata rýndi í myndina smá stund og sagði svo. „Þetta væri kanski auðveldara ef þetta væru íslenskir fuglar.“ „En við þurfum bara að horfa á gogginn á þeim og þá eigum við að geta séð hvaða goggur er bestur til að borða mismunandi mat, sagði Lísaloppa. „Allt í lagi,“ sagði Kata. „Ég þekki svo sem ekkert íslenska fugla betur en erlenda.

Getur þú hjálpað þeim að para saman fuglsgoggana og viðeigandi fæðu?






svar: A og 3, B og 4, D og 1, E og 2.

## Heilabrot

1. Hver segir manni alltaf satt þegar maður spyr hann?
2. Í hvaða íþróttagrein verður sigurliðið alltaf að ganga aftur á bak?
3. Hvað hefur hatt en ekkert höfuð, einn fót en engan skó?
4. Án hvaða blaða getur maður ekki verið?
5. Hvaða tvö sjá allt nema hvort annað?
6. Hvaða rándýrsheiti verður að mannsnafni þegar fyrsti stafurinn er tekinn?

**SVÖR:**

1. Spegillinn 2. Í reiptogi 3. Sveppurinn 4. Herðablaðanna. 5. Augun 6. Ljón - Jón.






**EMIL MEÐ HAMSTURINN** Kisurnar voru einhvers staðar úti að viðra sig en hamsturinn, sem heitir Scruffy Coca Cola, var heima þegar ljósmyndarann bar að garði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Á hamstur, hænur og kisur en humarinn dó

Flóðhestar eru í uppáhaldi hjá hinum ellefu ára Emil Adrian Devaney. En þar sem þeir lifa ekki á Íslandi lætur hann sér nægja að sinna litlum húsdýrum.

**Emil Adrian Devaney er nemandi í Vesturbæjarskóla og finnst íþróttatímarnir skemmtilegastir. En skyldi hann æfa einhverjar greinar þar fyrir utan?** „Já, ég æfi jiujitsu í Mjölni. Ég keppti nýverið á Íslandsmóti og lenti í öðru sæti í mínum flokki.“

**Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í frístundum?** „Leika við vini mína og leika í leikritum, auglýsingum og kvikmyndum.“

**Áttu einhver uppáhaldsdýr?** „Já, flóðhestar eru í uppáhaldi. Ég á tvær kisur og hamstur og hænur sem eru í fóstri.“

**Er eitthvað vit í að vera með húsdýr í miðborginni?** „Já, endilega og ég mæli með því. Reyndar voru smá vandræði með hænurnar. Við fengum tvær en önnur þeirra reyndist vera hani. Við héldum að hann væri hæna en svo galaði hann svo mikið að nágrannarnir kvörtuðu. Einn hringdi í borgarstjórann og það þurfti að fara með hanagreyið í burtu. Við fengum hænu í staðinn. Svo átti ég humar. Kisurnar mínar myrtu hann. Ég og mamma bjuggumst við að það myndi gerast, þær voru alltaf að hringsóla í kringum búrið. Það kom mér samt svolítið á óvart.“

**Hvað gerðir þú eftirminnilegt í sumar?** „Mér fannst best að vera mikið úti að leika við vini mína og skemmta mér.“

**Hefurðu lent í einhverjum ævintýrum sem þú getur sagt okkur frá?** „Ég klifraði einu sinni upp á fjall með frændum mínum sem eru eldri en ég. Einn strákurinn lenti í hættu, féll en náði að grípa í grein í fallinu. Ef hann hefði ekki gert það þá hefði hann örugglega dáið.“

> **Við héldum að hann væri hæna en svo galaði hann svo mikið að nágrannarnir kvörtuðu. Einn hringdi í borgarstjórann og það þurfti að fara með hanagreyið í burtu.**

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?** „Leikari eða leikstjóri.“


Netgíró
Betri leið til að borga
Borgaðu vaxtalaust innan 14 daga
eða með raðgreiðslum í verslun
Intersport á Bíldshöfða.
KOMDU
OG GERÐU
FRÁBÆR
KAUP!
Gönguskór – bakpokar – skíðafatnaður – úlpur – svefnpokar – peysur – húfur – vettlingar
TAX FREE
DAGAR
AF ÖLLUM
ÚTIVISTAR-
VÖRUM
TAX FREE JAFNGILDIR 20,32% VERÐLÆKKUN. GILDIR AÐEINS Á ÚTIVISTARVÖRUM. DAGANA 6. – 8. DESEMBER 2014.
6.-8.
desember
2014
FULL BÚÐ
AF NÝJUM
VÖRUM!
INTERSPORT AKUREYRI / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 11 - 18. SUN. 13 - 17.
INTERSPORT SELFOSSI / SÍMI 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
SPORT TO THE PEOPLE
INTERSPORT®

# KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**

**1.** Gúmmíbirnir kraftakarla stökkva um moluð ísþök (9)
**11.** Minna dusilmenni vor a) á Vonbrigði, Sjálfsfróun og Nefrennsli? (12)
**12.** Rússland: Veldi hinna mörgu múra? (9)
**13.** Þilja hirsluna fyrir fötin (12)
**14.** Spili ég af krafti, er það þá beiskja eða styrkur? (9)
**15.** Um lík sem lærði málið og meðferðina (12)
**17.** Pjakkur sker, og ekki er þetta stór biti (6)
**20.** Stafur fyrir orm er ávalur (8)
**24.** Sakkan ruglar alla anga (6)
**27.** Sting upp á samningu uppflettirits (13)
**28.** Virða lítils lítið suð (8)
**29.** Fótaferð, Umhverfisstofnun og klink? Útkoman er uppistaða barnagamans (9)
**30.** Þetta fjandans lið, þessi andskotans sveit (9)
**31.** Forfeður eru feitir, mjög feitir (11)
**34.** Árla barst taktur að utan, jafnvel fyrir matinn (8)
**35.** Hugur iðkar hjal í þröng en kirkjukórar þetta (9)
**37.** Um urðarsæg og brunasalla (9)
**40.** Köfum í forað og fát (5)
**42.** En ef hún kysi gamaldags konungsríki? (8)
**43.** Barki stútaði hjónadjöflinum segir sá svikni 9)
**44.** Tinfótur fellur í þennan hóp (5)
**45.** Óyndið smeygði sér í huga minn (7)
**46.** Rækta fé fyrir gjaldþrota stórveldið vestra (9)
**47.** Nei, ég vil ekki fjörgömul í þetta djobb (5)

**LÓÐRÉTT**

**1.** Einspekimeistararnir eta það sama og Þorkell hákur (8)
**2.** Maður kærir sig um karla (8)
**3.** Mas galta um syllurnar (8)
**4.** Hér segir frá frostverkan og viðsnúningi hennar (8)
**5.** Á sögufrægu kaffihúsinu fá menn að kenna á stafnum (7)
**6.** Er læs á lof og annað rugl, er sérdeilis ánægður með það (7)
**7.** Sé karlinn konungur háloftanna þá er þetta drottningin (7)
**8.** Straumbjalla auðveldar fæðinguna (9)
**9.** Mæli fyrir um fótaburð og ferðir dreka (9)
**10.** Þau sem hvetja fólk og blöð stunda þessar jafnt (9)
**16.** Mitt er masgefnara en minna smeykt (8)
**18.** Stans! Skaði getur orðið vegna árásanna og ruglsins hér! (10)
**19.** Þetta er alvöru monthani (10)
**21.** Suddi atar sólgyllt korn, einsog klukkusmiðir (9)
**22.** Sníki ávöxt af Ínu strípalingi (9)
**23.** Mun stærri skagi slær í Skagamenn (6)
**24.** Kenni kvikindinu að nota innhringitólið (13)
**25.** Tókst lim og kastaðir honum nokkra faðma (11)
**26.** Stundarðu kossaflens? Lerkaðu þá ekki þann sem þú kyssir, því það er bara rugl (7)
**32.** Pússa festi fyrir son sinn þrátt fyrir lélega mætinguna (8)
**33.** Bókin um orðið (8)
**36.** Stoppa og rífast um hvort þetta sé gagnrýni (6)
**37.** Fjall vill bregða bandi (5)
**38.** Eru þessar byttur bara ein allsherjarbytta?
**39.** Vís hann þótti, vitur mjög og vinafastur/Bergþórs bjó á hvoli inni/brann þar upp með spúsu sinni (5)
**41.** Innanklæðanæring? (5)

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| V | A | L | D | A | R | Á | N | ■ | H | ■ | Ö | ■ | S | ■ | S | E | S | S | A |
| Ö | ■ | E | ■ | S | ■ | ■ | ■ | B | J | Ó | R | L | Í | K | I | ■ | T | ■ | L |
| R | I | T | V | E | R | K | S | ■ | A | ■ | L | ■ | M | ■ | N | Æ | R | U | M |
| Ð | ■ | I | ■ | T | ■ | ■ | K | O | R | T | A | S | A | F | N | ■ | I | ■ | Ú |
| U | N | G | D | Ó | M | U | R | ■ | T | ■ | G | ■ | L | ■ | I | ■ | G | ■ | G |
| S | ■ | A | ■ | N | ■ | ■ | U | ■ | A | R | A | B | Í | U | S | K | A | G | A |
| T | Á | R | A | G | Ö | N | G | I | N | ■ | T | ■ | N | ■ | H | ■ | B | ■ | M |
| E | ■ | Ð | ■ | L | ■ | ■ | G | ■ | S | ■ | R | ■ | U | ■ | Ý | T | A | N | A |
| I | ■ | U | N | A | ■ | A | U | Ð | M | J | Ú | K | R | A | R | ■ | S | ■ | N |
| N | Ý | R | I | S | I | N | N | ■ | Á | ■ | ■ | R | ■ | F | R | O | S | I | N |
| U | ■ | ■ | K | ■ | ■ | G | A | L | L | B | L | A | Ð | R | A | ■ | I | ■ | I |
| M | Ó | T | E | F | N | A | ■ | I | ■ | Ú | ■ | M | ■ | U | ■ | E | ■ | ■ | N |
| ■ | T | ■ | ■ | R | ■ | L | Í | F | E | Ð | L | I | S | G | I | L | D | I | N |
| B | I | Ð | T | Í | M | A | ■ | R | ■ | A | ■ | S | ■ | L | ■ | D | ■ | N | ■ |
| ■ | L | ■ | ■ | Ð | ■ | N | ■ | A | U | R | S | T | R | A | U | M | I | N | N |
| Ú | T | I | G | A | N | G | U | R | ■ | L | ■ | ■ | Ó | ■ | ■ | Ö | ■ | U | ■ |
| ■ | E | ■ | A | ■ | ■ | A | ■ | P | L | O | K | K | F | I | S | K | I | N | N |
| S | K | O | P | P | A | R | ■ | O | ■ | K | ■ | ■ | U | ■ | ■ | K | ■ | D | ■ |
| ■ | I | ■ | I | ■ | A | ■ | S | L | A | U | F | U | N | A | ■ | U | ■ | I | ■ |
| Æ | Ð | A | R | N | A | R | ■ | L | ■ | R | ■ | ■ | A | ■ | Á | R | Ó | R | A |

Lausnarorð síðustu viku var
**AFSÖKUNARBEIÐNI**

FORLAGIÐ

### VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Skaraðu fram úr eftir Erik Bertrand Larssen frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Pálmar Kristinsson, Reykjavík.**




### LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist blóðugt sport. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 10. desember næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „6. desember“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.


# NOTAÐIR BÍLAR
## Í MIKLU ÚRVALI



▶Tilboð: 8.690.000 kr.
**Volvo XC90** Momentum D5 AWD EYG10
Skráður apríl 2012, 2,4Di dísil, sjálfskiptur
Ekinn 69.000 km.
Ásett verð: 9.190.000 kr.
Í ábyrgð

Vertu með!

FERÐAFJÖR
Kauptu notaðan bíl af Brimborg og þú átt möguleika á að vinna
**400.000 KR.**
GJAFABRÉF FRÁ WOWair*

Hvert myndir þú fara?

▶FINNDU BÍLINN ÞINN Á NOTADIR.BRIMBORG.IS



▶Tilboð: 1.390.000 kr.
**Ford Escape** XLT MZ601
Skráður maí 2007, 3,0i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 126.000 km.
Ásett verð: 1.490.000 kr.



▶Tilboð: 890.000 kr.
**Ford Fusion** Trend ALD03
Skráður júní 2008, 1,4i bensín, beinskiptur
Ekinn 122.000 km.
Ásett verð: 1.090.000 kr.

Skoðaðu úrvalið á
NOTADIR.BRIMBORG.IS
Notaðir bílar – Brimborg

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

50 ár í bílgreininni
brimborg

*Allir sem kaupa notaðan bíl af Brimborg á tímabilinu 1. nóvember 2014 til og með 22. desember 2014 fara í pott. Einn heppinn vinningshafi verður svo dreginn út 23. desember 2014 og fær hann 400.000 kr. gjafabréf frá WOW air. Athugið á ekki við um umboðssölubíla.


## FRÓÐLEIKURINN JÓLAKÖTTURINN

**breyttist úr geit í kött**



# Ekki fara í jólaköttinn

Jólakötturinn er óvættur í íslenskum þjóðsögum og er húsdýr hjá Grýlu og Leppalúða. Jólakötturinn lætur á sér kræla um jólin og er þekktur fyrir að éta börn sem ekki fá nýjar flíkur fyrir jólin. Börnum var því gefið kerti og einhver spjör, sokkar eða skór, til þess að þau þyrftu ekki að klæða köttinn eins og sagt var en í dag er frekar sagt að fara í jólaköttinn ef ekki eru keypt ný föt fyrir jólin. Í öðrum útgáfum frásagnar um jólaköttinn étur hann matinn frá börnunum frekar en börnin sjálf.

Um uppruna jólakattarins er margt á huldu annað en að honum svipar að mörgu leyti til erlendra dýravætta sem birtast í nágrannalöndum okkar á aðventunni. Hinn norski jólahafur er vafalaust sú erlenda dýravættur sem íslenski jólakötturinn líkist mest en þeir eiga sameiginlegt að vera svona uppteknir af flíkum mannfólksins. Talið er að jólahafurinn hafi breyst í kött á ferðalagi sínu frá Noregi enda voru geitur svo sjaldgæfar hér á landi.

# KitchenAid HRÆRIVÉL + BÖKUNARSETT KitchenAid

LITUÐ
Fjöldi lita

Settið inniheldur 5 vönduð og viðloðunarfrí KitchenAid bökunarform.

**FULLT VERÐ... 107.980**
( Hrærivél 87.990 + bökunarsett 19.990 )
**TILBOÐSVERÐ.. 87.990**

**FULLT VERÐ.... 104.980**
( Hrærivél 84.990 + bökunarsett 19.990 )
**TILBOÐSVERÐ...84.990**

HVÍT

PHILIPS
**TÖFRASPROTI**
550W
**VERÐ.....9.995**

GRUNWERG
**HNÍFAPARASETT**
**VERÐ.....9.995**

# JÓLABÚÐIN ÞÍN

# byggtogbúið

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

BABYLISS
**HÁRBLÁSARI**
2000W
**VERÐ ÁÐUR...10.995**
**JÓLATILBOÐ ....7.995**

**PRESSUKANNA**
8 BOLLA
KRÓM
**VERÐ.....6.995**

ÍSLENSKA
PÖNNNUKÖKU
PANNAN
ÞESSI GAMLA GÓÐA
**VERÐ.....9.995**

**HAMBORGARAPRESSA**
EINNIG FYRIR FYLLTA HAMBORGARA
**VERÐ ÁÐUR.....2.495**
**JÓLATILBOÐ .... 1.995**

## KAI PURE KOMACHI 2

Hágæða hnífalína frá KAI í Japan. KAI hefur framleitt hnífa í yfir 100 ár. Pure Komachi 2 hnífarnir eru með litaðri „non-stick" húð.

**VERÐ FRÁ 2.995 TIL 4.499**

FISSLER PARIS
**POTTASETT**
Fissler gæði
**VERÐ...24.995**

**GUFUSLÉTTIR**
**ALGJÖR SNILLD**
ALDREI VERIÐ LÉTTARA AÐ SLÉTTA ÚR FLÍKUM
**VERÐ ÁÐUR.....9.995**
**JÓLATILBOÐ ...7.995**

**FRANCIS FRANCIS X7 ESPRESSO KAFFIVÉL**
**KAUPAUKI FYLGIR**
20%
**VERÐ ÁÐUR... 36.900**
**TILBOÐ ......... 29.900**

SCHOU
**GRÆN METIS SKERI**
SPIROMAT
**VERÐ.....6.995**

**TRISTAR**
**VÖFFLUJÁRN**
EKTA BELGÍSKAR
**VERÐ ÁÐUR....9.995**
**JÓLATILBOÐ ...5.995**

KENWOOD
**MAT VINNSLU VÉL**
Sú vinsælasta
**VERÐ...19.995**

ARIETE
**PIZZAOFN**
Ekta pizza á örfáum mínútum!
**VERÐ...14.995**

DELONGHI
**MÍNÚTUGRILL**
**VERÐ...14.995**

EXIDO
**BLANDARI**
700W
**ÖFLUGUR**
MYLUR KLAKA
**VERÐ ÁÐUR... 9.995**
**JÓLATILBOÐ .. 7.995**

## HÖFUM OPNAÐ NÝJA **GJAFAVÖRUDEILD**








Villeroy & Boch · eva solo · KitchenAid · Rosenthal · GRUNWERG · emsa · LE CREUSET · Fissler · byggtogbúið

## MERKISATBURÐIR

**1768** Alfræðibókin Britannica kemur út í fyrsta sinn.

**1917** Flutningaskipið Mont Blanc, hlaðið sprengiefnum, springur í loft upp eftir árekstur við annað skip í höfninni í Halifax í Kanada.

**1921** Írland lýsir yfir sjálfstæði frá Bretlandi.

**1949** Þriðja ríkisstjórn Ólafs Thors sest að völdum. Hún er minnihlutastjórn Sjálfstæðisflokks.

**1963** Fyrstu menn stíga á land í Surtsey. Það eru þrír franskir blaðamenn.

**1985** Fyrirtækið Hafskip hf. er gert gjaldþrota og er það stærsta gjaldþrotamál á Íslandi um langan tíma.

**1993** Debetkort eru tekin í notkun á Íslandi.

**ÞETTA GERÐIST** 6. DESEMBER 1965

## Laugardalshöllin var vígð

Laugardalshöllin var formlega tekin í notkun þennan mánaðardag árið 1965. Það var Geir Hallgrímsson, borgarstjóri Reykjavíkur, sem opnaði hana.

Tilkoma hallarinnar markaði þáttaskil fyrir innanhússíþróttir og sýningarhald á Íslandi enda hefur höllin hýst íþróttaviðburði, tónleika, sýningar og ráðstefnur frá því hún var opnuð. Laugardalshöllin var teiknuð af Gísla Halldórssyni arkitekt árið 1959 og reist af Reykjavíkurborg og Íþróttabandalagi Reykjavíkur. Fyrsti íþróttaleikurinn sem fór þar fram var á milli úrvalsliðs Reykjavíkur í handbolta og landsliðs Tékkóslóvakíu.

Laugardalshöllin var um 6.500 fermetrar að stærð. Lengi vel var hún stærsta íþrótta- og tónleikahús landsins.



---

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓSKAR SIGURÐSSON**
**flugstjóri,**
**Brúnastekk 2,**

verður jarðsunginn fimmtudaginn 11. desember frá Fossvogskirkju kl. 13.00.
Blóm vinsamlegast afþökkuð, en þeim sem vilja minnast Óskars er bent á reikning númer 0115-05-570588, kt. 290541-4099, þakkar- og styrktargjöf til taugalækningadeildar B-2, Landspítala í Fossvogi.

**Brynja Kristjánsson**
**Martha Óskarsdóttir** — **Ragnar Kristjánsson**
**Ásta Óskarsdóttir**
**Einar Júlíus Óskarsson** — **Rakel Hólm Sölvadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**BJARGAR SIGÞRÚÐAR SIGURÐARDÓTTUR**
**áður til heimilis að Norðurbraut 15, Hafnarfirði.**

Við þökkum sérstaklega öllum á Hrafnistu í Hafnarfirði er sýndu henni umhyggju og hlýju í gegnum árin.

**Björk Guðjónsdóttir** — **Jón Hallur Jóhannsson**
**Lovísa Guðjónsdóttir** — **Tony Afzal**
**Kjartan Ágúst Guðjónsson** — **Sigríður Sigurðardóttir**
**Signý Elínbjörg Guðjónsdóttir** — **Bud Leffler**
**Sigurlín Guðjónsdóttir**
**Guðný Guðjónsdóttir** — **Jón Hjaltason**
**Guðjón Guðjónsson**
**barnabörn og langömmubörn.**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
STOFNUÐ 1996




ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242
STOFNUÐ 1996

LEGSTEINAR
MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGIHLUTUM
VÖNDUÐ VINNA
Steinsmiðjan Mosaik
Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is






Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990



**KOM Á ÓVART** Brynhildur Þórarinsdóttir rithöfundur veitir Aldísi Emblu verðlaunin.

# Hefur lítið fengist við skriftir áður

Aldís Embla Björnsdóttir, nemandi í MA, sigraði í gær samkeppni ungskálda á Akureyri.

„Ég er bara enn þá eiginlega að átta mig á þessu,“ segir Aldís Embla Björnsdóttir sem hlaut þann heiður í gær að sigra í samkeppni ungskálda á Akureyri fyrir smásögu sína Einræðisherra. Önnur verðlaun hlaut Kristófer Alex Guðmundsson fyrir ljóðbálk sinn Brúthál og þriðju verðlaun hlaut Birna Pétursdóttir fyrir leikþáttinn Bóhemíudrottningin. Hlutu þau 50.000, 30.000 og 20.000 krónur í verðlaun. Þá fengu þau í hendurnar ritverkið Jónas Hallgrímsson – Ævimynd eftir Böðvar Guðmundsson að gjöf frá Menningarfélagi Hrauns í Öxnadal.

Einræðisherra fjallar að sögn Aldísar um frekt barn. „Einræðisherra er forvitnileg og vel stíluð smásaga – eða örsaga. Sjónarhornið er skemmtilegt og sögumaður óvenjulegur – enda ekki oft sem smábörn á fyrsta ári láta móðan mása. En merkilegt nokk er þessi ungi sögumaður trúverðugur. Það kannast margir við þetta eigingjarna, stjórnsama eða hreinlega freka barn sem þarna fær rödd. Hnyttinn endirinn varpar hins vegar nýju ljósi á krílið – og sýnir að hér er á ferð lunkinn höfundur.“

Aldís er nemandi á félagsvísindasviði við Menntaskólann á Akureyri en það kemur á óvart að hún hefur lítið fengist við skriftir áður. „Ég hef ekki fengist neitt við það, ég hef ekki gert annað en bara skólaverkefni,“ segir Aldís. „Þetta var í rauninni bara skyndiákvörðun.“

Aðspurð hvort hún ætli að eyða verðlaununum í bækur, segir Aldís: „Ég veit það ekki, ég held að ég hafi alltaf verið mjög léleg að lesa bækur. Nei, nei, ætli þetta fari ekki bara inn á reikning.“

Að samkeppninni stóðu Amtsbókasafnið á Akureyri, Akureyrarstofa, Ungmenna-Húsið, Háskólinn á Akureyri, MA og VMA með stuðningi Menningarráðs Eyþings. Tilgangurinn með samkeppninni er að hvetja fólk á aldrinum 16-25 ára til skapandi skrifa og einnig að skapa vettvang fyrir það til að koma sér og skrifum sínum á framfæri. Þetta er í annað sinn sem þessi keppni fer fram. Það var Brynhildur Þórarinsdóttir, rithöfundur og dósent við Háskólann á Akureyri, sem afhenti verðlaunin fyrir hönd dómnefndar.

> **Ég hef ekki gert annað en bara skólaverkefni, þetta var í rauninni bara skyndiákvörðun.**
>
> *Aldís Embla Björnsdóttir*

thorduringi@frettabladid.is

---

✝



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**SIGURRÓSAR R. JÓNSDÓTTUR**
**frá Suðureyri við Tálknafjörð.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks á hjúkrunarheimilinu Skjóli og Norðurbrún 1.

**Eyjólfur A. Magnússon**
**Guðrún V. Stefánsdóttir** — **Björn Ágústsson**
**Halldóra Eyjólfsson** — **Mats Arne Jonsson**
**S. Katrín Eyjólfsdóttir** — **Arnaldur S. Baldursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma, langamma og langalangamma,

**VIGDÍS ÁMUNDADÓTTIR**

lést þann 26. nóvember á Grund við Hringbraut. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju mánudaginn 8. desember kl 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Aðalsteinn Guðmundsson** — **Ragnheiður H. Jóhannsdóttir**
**Dagný Guðmundsdóttir** — **Ingólfur Jónsson**
**Gunnar Guðmundsson** — **Kristín Siggeirsdóttir**
**Gréta Guðmundsdóttir** — **Friðrik Jónsson**
**Ásta Guðmundsóttir**


herra GARÐURINN
-klæðir þig vel
KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410
ÓPERUDRAUGARNIR ERU AÐ SLÁ Í GEGN !
JÓLAGJÖFIN FYRIR ÞÁ SEM EIGA ALLT - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX
FLUGFÉLAG ÍSLANDS
ÓPERU DRAUGARNIR
NÝÁRSTÓNLEIKAR
VINSÆLUSTU TENÓRAR LANDSINS SYNGJA ARÍUR OG
SÖNGLÖG Á NÝJU ÁRI ÁSAMT PÍANÓLEIKARA & STRENGJASVEIT
NORÐURLJÓSASAL HÖRPU 1. JANÚAR KL. 17:00 - LAUS SÆTI
NORÐURLJÓSASAL HÖRPU 2. JANÚAR KL. 17:00 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
NORÐURLJÓSASAL HÖRPU 2. JANÚAR KL. 20:00 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
HOFI AKUREYRI 3. JANÚAR 2015. KL 17:00 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
HOFI AKUREYRI 3. JANÚAR 2015. KL 20:00 - LAUS SÆTI
ATHUGIÐ TAKMARKAÐ MAGN MIÐA - AÐEINS ÞESSIR SÝNINGADAGAR-
MIÐASALA Á MIÐI.IS, HARPA.IS & MENNINGARHUS.IS




**KÁTT Á HJALLA** KK og Ellen tróðu upp í maraþoninu árið 2012. MYND/AMNESTY INTERNATIONAL

# Þúsundir radda hljóta hljómgrunn

Í dag fer fram bréfamaraþon Amnesty International, einn stærsti mannréttindaviðburður heims.

„Þó ef til vill megi kæfa niður eina rödd sem krefst réttlætis er ljóst að þúsundir slíkra radda hljóta hljómgrunn,“ sagði framkvæmdastjóri Amnesty International, Salil Shetty, eitt sinn og á það vel við í dag þegar bréfamaraþon Amnesty International fer fram. Undanfarin ár í kringum 10. desember, sem er alþjóðlegur mannréttindadagur, hefur Amnesty International staðið fyrir þessu bréfamaraþoni. Þá koma hundruð þúsunda saman víða um heim og skrifa bréf til stjórnvalda sem brjóta gróflega á mannréttindum fólks í eigin landi. Þá hafa þolendur mannréttindabrota einnig fengið sendar stuðningskveðjur sem eru ekki síður mikilvægar því þær veita þolendum brotanna von og vissu.

Bréfin bera svo sannarlega árangur. Til dæmis var Yorm Bopha dæmd í þriggja ára fangelsi í Kambódíu eftir að hafa mótmælt nauðungarflutningum á fólki í samfélagi hennar. Yorm var sleppt úr fangelsi í nóvember 2013 eftir að yfirvöld höfðu fengið 253.000 áskoranir frá stuðningsmönnum Amnesty í 54 löndum um að láta hana lausa. Mál hennar var tekið fyrir á bréfamaraþoni samtakanna.

Bréfamaraþonið mun fara fram í dag frá klukkan 13.00 til 18.00 á skrifstofu samtakanna að Þingholtsstræti 27, þriðju hæð. Boðið verður upp á kaffi og kruðerí og Sigríður Thorlacius, Guðmundur Óskar Guðmundsson og Svavar Knútur sjá um tónlist.

- þij

# Styðja menningu í nafni Snorra

Þrír erlendir fræðimenn hlutu nýlega styrki Snorra Sturlusonar til að dvelja hér á landi á næsta ári og vinna að þýðingum á fornsögum og ritstörfum.

Alison Finlay, prófessor í enskum og íslenskum miðaldabókmenntum við Lundúnaháskóla, Oleksandr Mykhed, dósent í ritlist við Taras Shevchenco-þjóðarháskólann í Kænugarði, og Rasa Baranauskiené, lektor í sænsku og íslensku við Vilníusháskóla, hlutu styrki úr sjóði kenndum við Snorra Sturluson. Hann eiga þau að nota til að ferðast hingað til Íslands og dvelja hér í minnst þrjá mánuði á næsta ári; Finley til að vinna að þýðingu á Sturlungasögu á ensku, Mykhed til að skrifa bók um samtímamenningu hér á landi og Baranauskiené til að þýða Njálu á litháísku.

Í tilefni af 750. ártíð Snorra Sturlusonar, 23. september 1991, ákvað ríkisstjórn Íslands að efna til styrkja sem kenndir yrðu við nafn hans. Þetta árið bárust 62 umsóknir frá 29 löndum.

Í úthlutunarnefnd eru Úlfar Bragason rannsóknarprófessor, Ásdís Egilsdóttir prófessor og Pétur Gunnarsson rithöfundur.

- gun



**RITSNILLINGURINN** Snorri hefði kunnað vel að meta það að fá hingað fólk til að þýða fornrit og skrifa um samtímamenningu.

---



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför foreldra okkar, tengdaforeldra, afa og ömmu,

**KÁRA ELÍASSONAR**
**rakarameistara**
og **KATRÍNAR ÁSMUNDSDÓTTUR**
**húsmóður.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hjúkrunarheimilisins Sóltúns fyrir frábæra umönnun.

**Elías Kárason**
**Ásgerður Káradóttir** **Hannes Jón Helgason**
**Katrín og Kári Jón**

---



Kær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÞORLEIFUR GUÐMUNDSSON**

lést 14. nóvember sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.
Þeim sem vildu minnast hans er bent á styrktarreikning eftirlifandi eiginkonu: 0315-26-47. Kt. 281046-4039.
Með þökk fyrir veitta samúð og kærleik. Guð blessi ykkur öll.

**Guðrún Stefánsdóttir**
**Stefán Þorleifsson** **Anna Þórný Sigfúsdóttir**
**Málfríður Þorleifsdóttir** **Þorsteinn Árnason**
**Steindóra Kristín Þorleifsdóttir** **Rene Sigsgaard Pedersen**
**Lilja Rós Þorleifsdóttir** **Sigurður Elvar Baldvinsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



Ástkær eiginmaður minn og vinur, faðir, tengdafaðir, tengdasonur, bróðir og mágur,

**KJARTAN HARALDSSON**
**Fljótaseli 22, Reykjavík,**

varð bráðkvaddur á heimili sínu 3. desember síðastliðinn. Útför hans verður gerð frá Seljakirkju föstudaginn 12. desember kl. 13.

**Sigríður E. M. Biering**
**Magnús Arnar Kjartansson** **Elísabet Halldórsdóttir**
**Bergþór Kjartansson** **Hekla Sif Hreggviðsdóttir**
**Louisa Biering**
**Sigrún Haraldsdóttir** **Jón S. Ástvaldsson**
**Bergþóra Haraldsdóttir** **Guðmundur Ómar Þráinsson**
**Herdís Haraldsdóttir** **Skafti Ingi Stefánsson**
**Sigtryggur A. Magnússon** **Magnea Kristín Ólafsdóttir**
**Thelma Magnúsdóttir** **Guðni Ingi Pálsson**
**Styrmir Magnússon** **Tinna Ösp Bergmann**

---




Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför mæðgnanna

**INGIBJARGAR GISSURARDÓTTUR**
**Leiðhömrum 32, Reykjavík,**

**BRYNDÍSAR GUÐMUNDSDÓTTUR**
**Bólstaðarhlíð 34, Reykjavík,**

sem létust á líknardeild Landspítalans 17. október og 5. nóvember sl. Sérstakar þakkir til krabbameinslæknanna Gunnars Bjarna Ragnarssonar, Guðmundar Rúnarssonar, starfsfólks 11E og 11G, líknardeildarinnar og heimahjúkrunar Karitas.

**Örn Sigurjónsson**
**Þorvaldur Arnarson**
**Bryndís Björk Arnardóttir** **Árni Grétarsson**
**Jónína Gissurardóttir** **Bragi Ragnarsson**
**Símon Gissurarson** **Mariam Heydari**
**Hulda Kristinsdóttir**
**stjúpbörn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**SIGURÐUR KR. JÓNSSON**
**húsasmíðameistari, Keflavík,**

lést þann 1. desember síðastliðinn á hjúkrunarheimilinu Hlévangi. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju þann 11. desember kl. 13.00.

**Selma Jóhannesdóttir**
**börn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN AUÐUNN VIGGÓSSON**
**málarameistari,**

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni þann 3. desember. Útförin verður auglýst síðar.

**Steinn Auðunn Jónsson** **Ásgerður Sverrisdóttir**
**Dagbjört Nanna Jónsdóttir** **Sigurberg Jónsson**
**Þórunn Jónsdóttir** **Haraldur Helgason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




Áratuga reynsla af samlokugerð skilar sér til þín í ferskara og ljúffengara salati. Þú getur treyst á ferskt og vel útilátið gæðahráefni sem breytir venjulegri brauðsneið í veislu.



SÓMI

Ferskt á hverjum degi




565 6000 / somi.is




**Afgreiðslutími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Gjafakort Bónus
er gjöf sem kemur að góðum notum fyrir alla
SPARAÐU TÍMA OG FYRIRHÖFN. GEFÐU GJAFAKORT BÓNUS
Bónusgjafakortið fæst nú til afgreiðslu í öllum verslunum Bónus
BÓNUSKORT
RJÚPUR FRÁ SKOTLANDI
979 kr. stk.
Frosin RJÚPA frá Skotlandi
NÝ UPPSKERA
298 kr. kg.
Sítrónur frá Spáni
FROSNAR KJÚKLINGABRINGUR
EURO SHOPPER
KYCKLINGFILÉ
900g
1498 KR.
Authentic Asia
AROMATIC CRISPY DUCK
VEISLUMATUR Á AÐEINS 30 MÍNÚTUM
2598 kr. stk.
CRISPY DUCK: Beinlaus forelduð/steikt önd og 24 pönnukökur og sósa. Asíuveisla fyrir þrjá til fjóra
ÍSLANDS NAUT
Ferskt ungnautakjöt
GOTT VERÐ Í BÓNUS 100 kr. lækkun Verð áður: 1695 kr.kg
1595 kr. kg.
100% íslenskt ungnautahakk
GOTT VERÐ Í BÓNUS 400 kr. lækkun Verð áður: 2798 kr.kg.
2398 kr. kg.
Ferskt ungnautagúllas
GOTT VERÐ Í BÓNUS 400 kr. lækkun Verð áður: 2798 kr.kg.
2398 kr. kg.
Ferskt ungnautasnitsel
FRÁ AMERÍKU
798 kr. kg.
Vínber steinalaus
Bónus ferskt grísakjöt
598 kr. kg.
Bónus Ferskur grísabógur
1098 kr. kg.
Bónus Grísakótilettur / ferskar
998 kr. kg.
Kaupfélag Skagfirðinga
FROSIÐ LAMBALÆRI
Slátrun 2013
FRÁ AMERÍKU
379 kr. kg.
Sætar kartöflur
ÍSLANDS GRÍS
1398 kr. kg.
Íslandsgrís Vínarsnitsel í brauðsraspi
ÍSLANDSNAUT
BEINT FRÁ BÓNDA
3598 kr. kg.
Íslandsnaut ferskt Íslenskt ungnauta ribey
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VERÐTILBOÐIN Í ÞESSARI AUGL. Gilda til 7. des 2014
Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •




KL. 19:55
**Bubbi og Bó heimildamynd**
Vönduð heimildamynd um tvo vinsælustu söngvara landsins. Hér verður ferill þeirra rakinn og kíkt á bak við tjöldin við sameiginlega tónleika þeirra í Hörpunni um árið.

# Meiriháttar sunnudagur

KL. 18:10
**Jóladagatal Skoppu og Skrítlu**
Skoppa og Skrítla opna nýjan glugga á nýju jóladagatali á hverjum degi fram að jólum á Stöð 2.



KL.19:15
**Sjálfstætt fólk**
Þeir kalla sig Retro Stefson, Unnsteinn Manuel og Logi Pedro Stefánssynir tónlistarmenn eru gestir Jóns Ársæls í Sjálfstæðu fólki.



KL. 21:10
**Hreinn Skjöldur**
Glæný gamanþáttaröð eins og þær gerast bestar. Hér er fjallað um einfaldan og áhrifagjarnan náunga sem heitir Hreinn Skjöldur.



KL. 22:35
**The Goodwin Games**
Gamanþættir um þrjú systkini sem talast ekki við en við jarðaför föður þeirra komast þau að því að þau neyðast til að sættast.



KL. 23:55
**The Gray**
Liam Neeson fer með aðalhlutverkið í þessari spennumynd sem segir frá eftirlifendum flugslyss.



Krakka stöðin | KL. 19:10
**Skógardýrið Húgó**
Skemmtileg teiknimynd um Húgó og vinkonu hans, Ritu en saman lenda þau í allskyns spennandi ævintýrum.



Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 6 | | | | 5 | | 3 |
| 9 | 3 | | | 1 | | 2 | | 7 |
| | | | | 4 | 8 | | 1 | |
| | | | | | 9 | | | |
| | 5 | 7 | 6 | | | | 9 | |
| 2 | 8 | | 7 | 3 | | 1 | | |
| 3 | | | 8 | 2 | | 6 | 5 | 4 |
| | | 5 | 1 | | | | | |
| | 2 | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 5 | | 1 | 6 | 3 | 2 |
| | | 2 | | | 8 | 5 | | |
| 3 | 5 | | | 9 | | | | |
| | | | | | | | 4 | 7 |
| | | | 2 | | | 1 | | 3 |
| 6 | 4 | 7 | 9 | | | 2 | | |
| 7 | 8 | | | | | | | |
| | | 6 | 3 | | | | 7 | |
| 1 | | 5 | | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 6 | 2 | | 1 | | |
| | | 6 | 8 | | | | | |
| 4 | 7 | 8 | 5 | 9 | | | | |
| | | | | | | | 8 | 6 |
| | 5 | 9 | | | 8 | | | |
| | 8 | | | 4 | | 5 | | |
| | | 3 | | 8 | | 4 | 7 | |
| | | | | 5 | 2 | | 1 | |
| | | | | | | | 3 | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | 6 | 3 | 5 | 1 | 8 | 9 | 7 |
| 5 | 7 | 8 | 6 | 2 | 9 | 1 | 3 | 4 |
| 9 | 1 | 3 | 4 | 7 | 8 | 2 | 5 | 6 |
| 6 | 8 | 4 | 5 | 1 | 7 | 9 | 2 | 3 |
| 1 | 9 | 7 | 8 | 3 | 2 | 4 | 6 | 5 |
| 3 | 2 | 5 | 9 | 4 | 6 | 7 | 8 | 1 |
| 7 | 6 | 2 | 1 | 8 | 5 | 3 | 4 | 9 |
| 8 | 3 | 9 | 7 | 6 | 4 | 5 | 1 | 2 |
| 4 | 5 | 1 | 2 | 9 | 3 | 6 | 7 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 8 | 1 | 4 | 5 | 2 | 7 | 9 |
| 9 | 1 | 4 | 6 | 2 | 7 | 8 | 3 | 5 |
| 7 | 2 | 5 | 8 | 9 | 3 | 6 | 4 | 1 |
| 8 | 9 | 6 | 2 | 1 | 4 | 7 | 5 | 3 |
| 4 | 7 | 3 | 5 | 6 | 8 | 9 | 1 | 2 |
| 2 | 5 | 1 | 7 | 3 | 9 | 4 | 6 | 8 |
| 1 | 4 | 7 | 9 | 5 | 2 | 3 | 8 | 6 |
| 5 | 8 | 9 | 3 | 7 | 6 | 1 | 2 | 4 |
| 6 | 3 | 2 | 4 | 8 | 1 | 5 | 9 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 2 | 8 | 6 | 3 | 9 | 7 | 4 | 1 |
| 6 | 9 | 3 | 7 | 4 | 1 | 2 | 8 | 5 |
| 7 | 4 | 1 | 5 | 8 | 2 | 6 | 9 | 3 |
| 8 | 5 | 9 | 3 | 6 | 7 | 4 | 1 | 2 |
| 1 | 6 | 2 | 4 | 9 | 8 | 3 | 5 | 7 |
| 3 | 7 | 4 | 1 | 2 | 5 | 8 | 6 | 9 |
| 4 | 1 | 7 | 8 | 5 | 3 | 9 | 2 | 6 |
| 2 | 8 | 5 | 9 | 7 | 6 | 1 | 3 | 4 |
| 9 | 3 | 6 | 2 | 1 | 4 | 5 | 7 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Ég hef verið heppin. Tækifæri koma ekki oft á borðið hjá manni. Þegar þau gera það þarftu að grípa þau.“**

*Audrey Hepburn*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** tala, **6.** í röð, **8.** stúlka, **9.** eldsneyti, **11.** hætta, **12.** harmur, **14.** ráðagerð, **16.** tveir eins, **17.** gerast, **18.** utanhúss, **20.** tveir, **21.** flokka.

**LÓÐRÉTT**
**1.** sár, **3.** hljóm, **4.** fugl, **5.** af, **7.** barningur, **10.** dorma, **13.** sódi, **15.** skaði, **16.** ferð, **19.** stöðug hreyfing.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** tólf, **6.** áb, **8.** mær, **9.** gas, **11.** vá, **12.** tregi, **14.** áform, **16.** tt, **17.** ske, **18.** úti, **20.** ii, **21.** raða.
**LÓÐRÉTT: 1.** bágt, **3.** óm, **4.** lævirki, **5.** frá, **7.** barátta, **10.** sef, **13.** gos, **15.** mein, **16.** túr, **19.** ið.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Við höldum áfram frá í gær með skák Hannesar Hlífars Stefánssonar (2564) og Luis Galego (2461), á Íslandsmóti skákfélaga.**

**Hvítur á leik**



**33. g6! H5f6?** (33...Hf4 var skást) **34. Re4! He6 35. Rd6 Hef6 36. Rf7+ H6xf7 37. gxf7.** Hvítur hefur nú unnið skiptamun. Við förum yfir úrvinnslu Hannesar í mánudagsblaðinu. **www.skak.is** Yu Yangyi sigraði á Katar-mótinu.

# JÓLA FJÖR

## 25% AFSLÁTTUR* AF JÓLAVÖRUM

*Afsláttur gildir fyrir félaga í BYKO klúbbnum.

GILDIR TIL 7.DESEMBER.



Vnr. 55095034
Jólastjarna.
895kr.
AÐEINS Í BYKO BREIDD OG GRANDA

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.




## JÓLA-STEMNING

Í BYKO BREIDD ALLA HELGINA

**Laugardagur 6. desember**

| | |
|---|---|
| 13:00-15:00 | Sirkus Íslands - Andlitsmálun fyrir börnin. |
| 13:00-15:00 | Vöfflur og kaffi í boði í öllum verslunum. |
| 13:00-13:45 | Reggie Óðins syngur ljúfa tóna. |
| 13:00-15:00 | Guðný Helgadóttir, frá OSRAM á íslandi, aðstoðar við val á ljósaperum. |
| 14:00-15:00 | Systkinin Arnar og Ingunn syngja. |

**Sunnudagur 7. desember**

| | |
|---|---|
| 13:00-15:00 | Sirkus Íslands - Andlitsmálun fyrir börnin. |
| 13:00-13:45 | Reggie Óðins syngur ljúfa tóna. |
| 14:00-15:00 | Systkinin Arnar og Ingunn syngja. |




HEPPNIR VIÐSKIPTAVINIR GETA UNNIÐ MIÐA Á LÍNU LANGSOKK!

VÖFFLUR OG KAFFI Á LAUGARDAG Í ÖLLUM VERSLUNUM

## ÞÚ FINNUR JÓLAGJÖFINA HJÁ OKKUR


Verkfæri


Leikföng


Búsáhöld


Ljós


Smáraftæki

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð.
Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

Allt sem þarf til að gera jólin að þínum

# Bókin er miklu betri en ég

**Hafnfirðingabrandarinn eftir Bryndísi Björgvinsdóttur hefur hlotið góðar viðtökur og er tilnefnd bæði til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og Fjöruverðlaunanna. Fyrri bók hennar, Flugan sem stöðvaði stríðið, hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin árið 2011.**

Ég er mjög þakklát, tvær tilnefningar í sömu vikunni, maður á örugglega ekki eftir að upplifa það aftur,“ segir Bryndís Björgvinsdóttir þegar henni er óskað til hamingju með velgengni Hafnfirðingabrandarans, sem tilnefnd er bæði til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og Fjöruverðlaunanna. Hún er raunar ekki óvön verðlaunum því fyrri bók hennar, Flugan sem stöðvaði stríðið, var valin úr fjölda handrita og fékk Íslensku barnabókaverðlaunin 2011. „Það er náttúrulega handritasamkeppni, svo það er dálítið öðruvísi,“ segir Bryndís. „Það voru bestu fréttir sem ég hef fengið í lífinu, held ég, því þá vissi ég að bókin myndi koma út, sem er alltaf mesti sigurinn í þessum bransa.“



**Það er svo margt í lífi unglings sem er á mörkum þess að vera barn og fullorðinn sem er bæði fyndið og sorglegt, erfitt og skemmtilegt.**
*Bryndís Björgvinsdóttir*

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Söguhetja Hafnfirðingabrandarans heitir Klara sem er í 10. bekk í Víðistaðaskóla árið 1999 og bókin er flokkuð sem unglingabók, var það alltaf markmiðið að skrifa bækur fyrir börn og unglinga? „Nei, í tilfelli Hafnfirðingabrandarans þá langaði mig til þess að það yrði mikill húmor í bókinni og hann lá best hjá aðalsöguhetju sem er unglingur. Þannig varð þessi fimmtán ára Klara að sögumanni og það er rödd hennar sem lýsir öllu sem hún sér og tilfinningunum sem hún finnur fyrir. Það er svo margt í lífi unglings sem er á mörkum þess að vera barn og fullorðinn sem er bæði fyndið og sorglegt, erfitt og skemmtilegt. Hún er líka dálítið sjálfhverf sem mér finnst gera hana svolítið skemmtilega.“

Bjóst þú í Hafnarfirði þegar þú varst fimmtán ára? „Já, ég er Hafnfirðingur og hef búið þar alla tíð þangað til núna nýlega. Ég get samt ekki sagt að þessi saga sé sjálfsævisöguleg. Bókin er svo rosalega viðburðarík, líf mitt hefur alls ekki verið svona viðburðaríkt. Ég reyndar, eins og góð kona sagði um árið, misskildi sjálfa mig. Ég lagði upp með bók sem hét 2000 vandinn, af því mér fannst það svo flottur titill, og sú bók átti að fjalla um vandamál sem líta út fyrir að vera stór, alveg eins og 2000 vandinn var þegar flugvélar áttu að hrapa og allar tölvur áttu að verða kolklikkaðar og springa í loft upp en svo gerðist ekki neitt. Mig langaði að skrifa bók um einhvern sem væri rosalega kvíðinn og blési upp vandamál sem væru ekki um neitt. Þetta var sem sagt ástæða þess að ég byrjaði að skrifa bók sem gerist í desember 1999 þegar verið er að undirbúa áramótin og 2000 vandann en síðan kom bara allt önnur saga sem nær ekki einu sinni fram yfir áramótin heldur lýkur á aðfangadag 1999. Það var svo mikið í gangi hjá Klöru í desember að hún komst ekki að áramótunum.“

Verður það þá ekki bara næsta bók? „Ég er nú ekkert með það í bígerð, en það hefur náttúrulega verið rosalega hvetjandi að fá þessar tilnefningar. Ég finn alveg að ég er allavega líklegri til að halda áfram með þessa sögu eftir þær.“

Höfundar barna- og unglingabóka kvarta stundum yfir þessari flokkun og segja að góðar bækur séu fyrir alla aldurshópa, hver er þín skoðun á því? „Allir sem skrifa fyrir börn og unglinga vilja auðvitað að bækurnar þeirra rati til sinna enda eru allar góðar sögur fyrir alla aldurshópa og þróunin er sú að það er verið að fara þvert á þessi mörk. Næsta skref er væntanlega að brjóta niður þessa múra sem flokkunin veldur. Ég hef lagt áherslu á það að Hafnfirðingabrandarinn sé bók fyrir unglinga og alla sem hafa verið unglingar, eru það ekki nokkurn veginn allir? Annars veit ég ekkert meira en aðrir um þetta og mér finnst bókin vera miklu betri en ég. Hún veit meira en ég vegna þess að ég kom að henni aftur og aftur, þannig að hún er í rauninni ekki skrifuð bara af mér heldur af her af mér. Mér í gær og mér í fyrradag og mér fyrir ári í alls konar skapi, með alls konar tilfinningar. Þess vegna held ég að bækur verði alltaf betri en höfundar þeirra.“

fridrikab@frettabladid.is

Kertaljós og skreytingar þarf að umgangast með varúð



Reykskynjarar, slökkvitæki og eldvarnarpakkar í miklu úrvali.



Eldvarnarpakki 1
Tilboðsverð í vefverslun
14.526 kr.

Slökkvitæki, léttvatn 6 l
Tilboðsverð í vefverslun
8.972 kr.

Eldvarnarteppi, 1,1x1,1 m
Tilboðsverð í vefverslun
2.917 kr.

PIPAR\TBWA • SÍA • 144608

Brunavarnir

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

Vefverslun með öryggisvörur á oryggi.is

Verslanir | Askalind 1, Kópavogi | Njarðarnesi 1, Akureyri | Sími 570 2400 | oryggi.is



**SÖNGFJELAGIÐ** Kórinn var stofnaður fyrir þremur árum og auk þess að fagna sumri í Iðnó eru aðventutónleikar fastur liður í starfsemi hans.

# Tónleikagestir fá að taka undir

**Söngfjelagið heldur tvenna aðventutónleika á morgun, 7. desember, í Langholtskirkju. Þeir verða í anda breskrar jólahefðar, fullir af gleði og fögnuði.**

„Elsta lagið á tónleikunum er frá miðöldum en uppruna flestra jólalaganna má rekja til síðari hluta 19. aldar, sem kallaður hefur verið Viktoríutíminn. Öll eru þau í anda enskrar jólahefðar,“ segir Hilmar Örn Agnarsson um aðventutónleika Söngfélagsins sem verða á morgun í Langholtskirkju klukkan 16 og 20.

Hilmar Örn segir mikla vakningu hafa orðið í varðveislu og skráningu á þjóðlögum og mörg ný jólalög og sálma hafa litið dagsins ljós á Viktoríutímanum. Það hafi orðið til að efla jólin sem fagnaðarhátíð alþýðunnar.

„Tónlistin einkennist af gleði og fögnuði og hún hefur notið vinsælda víða um heim um árabil,“ segir Hilmar Örn og bætir við: „Líkt og tíðkast ytra gefst gestum kjörið tækifæri til að taka undir með kórnum í sígildum jólalögum.“

Í bland við ensku jólalögin verður flutt frönsk og íslensk jólatónlist auk þess sem frumflutt verður jólalag Söngfjelagsins 2014, Ave Maria, eftir Georg Kára Hilmarsson.

Fyrrverandi organisti í Westminster Abbey verður meðal sérlegra gesta Söngfjelagsins á jólatónleikunum. Hann heitir Martin Neary.

Auk hans verða þau Björg Þórhallsdóttir sópransöngkona, Hrólfur Sæmundsson barítón, og Adrian Peacock djúpbassi með á tónleikunum. Elísabet Waage leikur á hörpu og Peter Tompkins á óbó.

gun@frettabladid.is



★★★★

„... sterkasta og merkilegasta bók
Guðbergs í langan tíma.“

JÓN YNGVI JÓHANNSSON / FRÉTTABLAÐIÐ

# ÞRÍR SNERU AFTUR




„Guðbergur er í stuði hérna ...
gladdi mig alveg ofboðslega.“

EGILL HELGASON / KILJAN

# GUÐBERGUR BERGSSON



„Það er unun að lesa þetta.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN

*www.forlagid.is – 1 kr. sendingargjald í vefverslun 5.–8. desember*

# Draugalegur söngur

TÓNLIST ★★☆☆☆

**VAR**
Anna Jónsdóttir
**ÚTG. ANNA JÓNSDÓTTIR**

Anna Jónsdóttir sópran er glæsileg söngkona. Hún hefur þétta, kraftmikla rödd og syngur af innlifun. Það er auðheyrt á nýjum geisladiski hennar sem inniheldur íslensk þjóðlög. Diskurinn er djarfur, Anna syngur nánast öll lögin án undirleiks. Það er rétt að glitti hér og þar í harmonium, þ.e. stofuorgel sem Svavar Knútur leikur á. Lögin eru tekin upp í Djúpavík og í Akranesvita. Umhverfið, þ.e. mikið bergmál, leikur stórt hlutverk. Á vissan hátt má segja að endurómunin sé undirspilið, hún er hugsuð til að skapa stemninguna á diskinum. Lögin eru dauðhreinsuð af nútímalegri umgjörð, þeim er ætlað að virka forneskjuleg og hrá.

Þetta er góð hugmynd en hún heppnast þó ekki alveg. Ef þjóðlög eiga að hljóma ekta verða þau líka að vera sungin þannig. Anna er skólaður sópran, hún er hreinlega of góð söngkona til að þjóðlög, sem langoftast eru illa sungin, komi út á sannfærandi hátt. Það er of mikill óperubragur á lögunum.

Auðvitað er ekkert að því að syngja þjóðlög vel. En þá verður umgjörðin að vera í stíl. Söngurinn þarfnast fallegs meðleiks og þægilegrar endurómunar. Það má ekki bara drekkja lögunum í bergmáli. Bergmálið hér verður mjög fljótt leiðigjarnt, söngurinn hljómar eins og sírenuvæl. Heildaryfirbragðið skortir smekkvísi. Anna hefði þurft að hugsa þetta dæmi aðeins betur. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Vel sungið en hljómburðurinn fer lögunum illa.




**VAR** „Auðvitað er ekkert að því að syngja þjóðlög vel.“

# Vonin um betra líf

BÆKUR ★★★★☆

**Vonarlandið**
Kristín Steinsdóttir
**VAKA-HELGAFELL**

Líf alþýðukvenna á Íslandi fyrr á öldum virðist vera Kristínu Steinsdóttur hugleikið. Síðustu bækur hennar hafa allar fjallað um aðstæður og örlög kvenna í heimi sem er þeim í flestu andsnúinn. Í nýjustu bók sinni, Vonarlandinu, beinir Kristín athyglinni frá aðstæðum kvenna í sveit yfir í líf þeirra í hinum ört stækkandi þéttbýliskjarna sem Reykjavík var á seinni hluta nítjándu aldar.

Vonarlandið er saga um vonina um betra líf en líka um vonbrigðin þegar raunveruleikinn stendur ekki undir væntingum eða vonir bresta. Vinkonurnar Guðfinna og Stefanía taka sig upp, yfirgefa sveitina og flytjast til Reykjavíkur í von um betra líf. Möguleikar þeirra reynast takmarkaðir en þó veitir lífið í bænum þeim meira frelsi og sjálfstæði en það sem þær flúðu. Bók Kristínar dregur upp raunsæja mynd af stritinu, óréttlætinu og hjartasárunum sem fátækar konur þurftu að takast á við í lífinu en líka fallega mynd af vináttu og samtakamætti, gleði og frelsisþrá. Sagan byggir augljóslega á mikilli rannsóknarvinnu um líf og aðstæður almúgafólks í Reykjavík um 1870-80. Heimildavinnan ber söguna ofurliði á köflum, en það er að vissu leyti skiljanlegt þar sem þær sögulegu upplýsingar sem Kristín hefur safnað að sér eru oft og tíðum einstaklega áhugaverðar.




Þetta er samt fyrst og fremst saga um fólk. Það er augljóst að markmið Kristínar er að beina sjónum að fólki sem hefur yfirleitt ekki verið í sviðsljósinu í sögulegum skáldsögum. Samúð hennar með persónunum skín alltaf í gegn og litar söguna og framsetningu hennar á þeim. Kristín bregður upp myndum af íslenskum alþýðukonum sem verða í meðförum hennar meira heldur en hlutverk þeirra. Vinnukonurnar sem flýja úr striti sveitanna eru líka ekki bara týpur heldur einstaklingar sem hafa ólík persónueinkenni og örlög. Vatnsberarnir í Reykjavík eru dæmi um skrítnar aukapersónur sem oft koma fyrir í frásögnum frá þessum tíma, og svo er einnig hér, en Kristín beinir athygli að einni þeirra og gerir hana að einstaklingi. Þessi samúð höfundar gerir persónurnar kannski aðeins of fullkomnar, en Kristín nær að skapa persónur sem manni er ekki sama um. Þrátt fyrir erfiðleika sýna þær viljastyrk, hugrekki, samtakamátt og húmor þannig að það er auðvelt fyrir lesendur að halda með þeim í lífsbaráttunni.

Aðrar persónur, sérstaklega karlmennirnir í sögunni, eru hins vegar upp til hópa afskaplega einhliða persónur. Illgjarna en hlægilega yfirvaldið, pasturslitla undirtyllan, drykkfelldi eiginmaðurinn og sjarmerandi útlendingurinn þjóna sögu kvennanna en verða eiginlega aldrei að alvöru persónum. Að einhverju leyti stafar það kannski af því að lesandinn fær ekki að sjá atburði frá sjónarhorni þeirra, á meðan sjónarhornið færist á milli allra helstu kvenpersónanna. Í síðustu bók Kristínar, Bjarna-Dísu, þar sem hún beitti svipaðri aðferð, fengu aðrar persónur en titilpersónan ekki nægilegt rými til að verða raunverulegar persónur í huga lesenda en hér nær Kristín að gera mun betur þegar kemur að konunum fimm sem mest koma við sögu.


**KRISTÍN STEINSDÓTTIR**

Vonarlandið er sem sagt falleg lýsing á konum sem þurftu að takast á við erfitt líf en gátu líka sýnt hver annarri vináttu og umhyggju og tendrað vonarneista í brjóstum hver annarrar. **Ásdís Sigmundsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Falleg saga um vináttu og von.

ANÍTA MARGRÉT ARADÓTTIR

NÝTT LÍF KONA ÁRSINS 2014

MONGOL DERBY
HÆTTULEGASTA KAPPREIÐ Í HEIMI
1000 KÍLÓMETRAR Á 10 DÖGUM




MYNDADAGBÓKIN HENNAR ANÍTU FRÁ MONGÓLÍUKAPPREIÐINNI, HRÍFUR ALLA SEM HAFA GAMAN AF DIRFSKUFULLUM ÆVINTÝRUM



Hestakonan Aníta Margrét Aradóttir vann mikið afrek þegar hún tók þátt í Mongólsku kappreiðinni. Hún kláraði 1000 km á 10 dögum við hrikalegar aðstæður í hrjóstrugri náttúru Mongólíu. Keppnin fór fram á hálftömdum villihestum.

Mongólíu kappreiðin þykir sú erfiðasta í heimi og aðeins á hendi frábærra knapa og hörkutóla að ljúka þessari 1000 km þrekraun. Aníta Aradóttir var útnefnd kona ársins 2014 af Nýju Lífi fyrir þetta afrek sitt.

Mongol Derby kappreiðinni eru hér gerð skemmtileg skil í lifandi myndmáli og þessi bók er fyrir alla sem láta sig dreyma og hafa gaman af ævintýrum og hetjum sem þora að láta drauma sína rætast.









Kappreiðin reynir mjög á knapana og meiðsli eru mjög algeng.



**Á ÆFINGU** Kammersveit Reykjavíkur kemur fagurri músík til skila á faglegan hátt.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Háklassíkin við völd

*Jólatónleikar Kammersveitar Reykjavíkur hljóma í Hörpu á morgun. Sex einleikarar koma þar fram.*

Við erum með barokkverk á jólatónleikunum að vanda,“ segir Rut Ingólfsdóttir, fiðluleikari í Kammersveit Reykjavíkur, og nefnir konserta eftir Wassenaer, Wagenseil og Vivaldi. „Tónlist Wassenaer er bæði áferðarfalleg og ljúf og minnir um margt á ýmis verka Händels,“ segir hún og heldur áfram að lýsa dagskránni.

„Konsertinn eftir Wagenseil er einungis í tveimur köflum en ekki í hefðbundnum þremur. Fyrri kaflinn er hægur og syngjandi en seinni kaflinn hraður og fjörugur. Svo eru þrír konsertar eftir Vivaldi. Einn þeirra er flautukonsertinn La tempesta di mare eða Sjóstormurinn.“

Kammersveitin er að hefja sitt 41. starfsár. „Við höfum alla tíð lagt áherslu á að bjóða ungu og framúrskarandi tónlistarfólki, sem nýlega er komið heim frá námi, að leika einleik á tónleikum sveitarinnar. Á því er engin breyting nú,“ segir Rut.

> **Tónlist Wassenaer er bæði áferðarfalleg og ljúf og minnir um margt á ýmis verka Händels.**

Í þetta sinn eru það flautuleikarinn Hafdís Vigfúsdóttir, básúnuleikarinn Carlos Caro Aguilera og fiðluleikararnir Joaquin Páll Palomares, Una Sveinbjarnardóttir, Helga Þóra Björgvinsdóttir og Gunnhildur Daðadóttir sem sjá um einleikinn.

Tónleikarnir eru í Norðurljósasal Hörpu 7. desember og hefjast klukkan 17.

- gun




# Saga borganna

Glæsilegt yfirlitsrit um þróun borga á Vesturlöndum í 5000 ár.

Ítarleg umfjöllun um höfuðborgir Íslands, Kaupmannahöfn og Reykjavík.

Fyrsta yfirlitsritið á íslensku um þróun borga og borgarskipulag almennt.

Aðgengileg öllum þeim sem áhuga hafa á skipulagi borga og menningarsögu.

Um 500 myndir, kort og skýringarmyndir prýða bókina.



# Ævintýri H.C. Andersen

Sígild ævintýri H.C. Andersen eiga erindi við öll börn. Í þessari fallegu útgáfu birtast mörg af vinsælustu ævintýrum hans með einstökum myndskreytingum Val Biros.

Áður hafa komið út í sama flokki:
*Dæmisögur Esóps*
og *Grimmsævintýri.*







# Sauðaþjófar og innbrotsmenn

*Illur fengur* segir frá langri afbrotasögu í afskekktu héraði við Breiðafjörð á öndverðri 20. öld. Heimilisfólk á bæ í miðri sveit kemst upp með stórtækan sauðaþjófnað í áratugi og að því er virðist í skjóli sýslumanns sem jafnframt er þingmaður sýslunnar. Réttarhöld fara fram og skýrslur teknar af kærendum og meintum sauðaþjófum en þær lenda allar í harðlæstum skúffum sýslumanns.

Það er svo ekki fyrr en sauðaþjófarnir færa sig upp á skaftið og taka til við annars konar og augljósari afbrot í sveitinni að héraðsmönnum er ofboðið.

**SKRUDDA**
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is

★ ★ ★ ★
FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

★ ★ ★ ★
INGVELDUR GEIRSDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

„… heillandi verk um hræðilegan heim …“
GUÐRÚN BALDVINSDÓTTIR / HUGRÁS

„… mögnuð ljóðsaga.“
ARNALDUR MÁNI FINNSSON / STARAFUGL

„… á móti hinu myrka og drungalega kemur léttleiki og fegurð tungumálsins, sem Gerður hefur svo sannarlega á valdi sínu.“
JAKOB S. JÓNSSON / VIKAN

„Það er auðvelt að sökkva sér ofan í Drápu og gleyma sér í myrkraveröld hennar, njóta fegurðar orðanna …“
STEINUNN INGA ÓTTARSDÓTTIR / KVENNABLAÐIÐ

„Magnaður bálkur … Nístingsgóðar myndir.“
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN, RÚV




www.forlagid.is
– alvöru bókabúð á netinu

# Kórfélagar láta ljós sitt skína

Jólatónleikar Mótettukórs Hallgrímskirkju verða haldnir í dag og næstu daga.

Mótettukór Hallgrímskirkju heldur þrenna tónleika á aðventunni þar sem hreinn kórsöngur skreyttur orgelleik verður í öndvegi undir stjórn Harðar Áskelssonar.

Á efnisskránni er hátíðleg aðventu- og jólatónlist, þýskir barokksálmar, enskir jólasöngvar frá 20. öld og fjöldinn allur af þekktum jólasálmum og nýlegri verkum, meðal annars eftir tónskáldið og lækninn Sigvalda Kaldalóns.

Mótettukórsfélagar láta ljós sitt skína í ýmsum hlutverkum og verður orgelleikur á hið mikla Klais-orgel Hallgrímskirkju til að mynda í höndum Lenku Matéovu, organista og kórfélaga.

Tónleikarnir eru í Hallgrímskirkju í dag klukkan 17, á morgun klukkan 17 og á þriðjudaginn, 9. desember, klukkan 20. - gun



**Í HALLGRÍMSKIRKJU** Kórinn heldur þrenna aðventutónleika.

# Syngur í Hörpu og fær smá jól í hjartað

Herdís Anna Jónasdóttir stígur á Eldborgarsvið Hörpunnar annað kvöld með Kristjáni Jóhannssyni og bassasöngvaranum Samuel Ramey, Óperukórnum í Reykjavík, karlakór og sinfóníuhljómsveit undir stjórn Garðars Cortes.

„Það er ekki á hverjum degi sem maður kemst nálægt kappa eins og Samuel Ramey og Kristján er alger gullmoli. Það er mikill heiður að syngja með þeim og ég hlakka mikið til. Svo stjórnar Garðar Cortes kórum og hljómsveit, þetta eru allt kempur,“ segir Herdís Anna Jónasdóttir sópransöngkona sem komin er frá Þýskalandi til að syngja á jólatónleikum Kristjáns Jóhannssonar í Eldborgarsal Hörpu annað kvöld. Hún er yngst einsöngvaranna, eina stelpan og fær örugglega að njóta sín.

Mér finnst prógrammið mjög fallegt,“ segir Herdís Anna um efnisskrána.

„Þar er blanda af hátíðlegu efni og léttara. Ég syng Maríukvæði, eitt eftir Schubert og annað þýskt eftir Max Reger. Svo verða íslenskir jólasálmar, sönglejkalög og aríur,“ segir hún og nefnir eina stuðaríu sem hún syngur, Glitter and Be Gay úr Candide eftir Bernstein.

Herdís Anna býr í Saarbrücken í Þýskalandi, fastráðin við óperuna þar. Fékk bara frí til að skjótast heim að syngja á tónleikunum með Kristjáni og Samuel Ramey. Hún getur hins vegar ekki verið heima um jólin. „Þetta er bara eins og í leikhúsunum hér, ef maður er fastráðinn er maður bara í vinnunni bæði að æfa og sýna. Kórafólk og einsöngvarar búa við þetta líka. Ég er í sýningum á jóladag, annan í jólum og á gamlárskvöld. Þetta er svona hátíðavinna. En foreldrar mínir ætla að vera hjá mér um jólin. Þau koma með hangikjötið í töskunni og laufabrauðið er á listanum líka. Mér er engin vorkunn.“

Herdís Anna kveðst alsæl með að komast heim til Íslands á aðventunni. „Jólasnjórinn kom bara akkúrat fyrir mig. Ég sá eiginlega engan snjó í fyrravetur. Það var bara einn morgun sem var smá föl og hún var horfin eftir klukkutíma. Það vantaði því heilan vetur í mína klukku. Þannig að það er alveg yndislegt að koma heim og fá smá jól í hjartað, hlusta á jólalögin í flugvélinni og sjá allar jólaskreytingarnar.“

Þar sem Herdís Anna er Ísfirðingur er hún spurð hvort hún hafi tíma til að skreppa vestur. „Nei,“ svarar hún. „Mamma og pabbi eru komin suður. Þau elta mig.“

gun@frettabladid.is



**GLAÐBEITT** Samuel Ramey, Herdís Anna og Kristján hlakka til að syngja saman.

### ➜ Stórsöngvarar saman á ný

Samuel Ramey hefur verið virtur bassabarítónsöngvari í nær þrjá áratugi og tíður gestur á stærstu óperusviðum heims.

Hann hefur gert yfir áttatíu upptökur sem hafa skilað honum þrennum Grammy-verðlaunum og Gran Prix du Disc-verðlaunum, ásamt fjölda viðurkenninga. Kristján Jóhannsson og Samuel Ramey sungu fyrst saman árið 1991 í uppfærslu Lyric Opera of Chicago á Mefistofele eftir Boito.

Uppfærslan vakti mikla lukku og var flutt víðar á næstu árum af þeim félögum.

ÍSLENSKA ÓPERAN

HÁDEGISTÓNLEIKAR
Í NORÐURLJÓSUM, HÖRPU
ÞRIÐJUDAGINN 9. DESEMBER KL.12:15



SIGRÚN PÁLMADÓTTIR
SÓPRAN
ANTONÍA HEVESI
PÍANÓ

FRANSKIR DEMANTAR
BIZET - GOUNOD - DELIBES

ÓKEYPIS AÐGANGUR

# „FRÁBÆRT LISTAVERK“

„Ögrandi og skemmtileg ... rótar í kynhlutverkum á róttækan hátt .... Hún sér kynhneigðina sem fljótandi.“
ANNADÍS GRÉTA RÚDOLFSDÓTTIR OG TORFI TULINÍUS, BÓK VIKUNNAR, RÁS 1

„Svei mér þá ef ég elska ekki þessa konu.“
SIGRÚN HERMANNSDÓTTIR, PRESSUNNI

★★★★
ÁSDÍS SIGMUNDSDÓTTIR, FRÉTTABLAÐIÐ









# „EKKERT SMÁ AFREK“



„Fyrst og fremst er þó Ástarmeistarinn fantalega skemmtileg og frumleg saga sem fær lesandann til að hugsa málin upp á nýtt og sjá ástina og lífið frá óvæntu sjónarhorni. Það er sannarlega ekkert smá afrek.“

★★★★
FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR, FRÉTTABLAÐIÐ

„Frumleg og fersk ástarsaga sem opnar lesandanum nýjar víddir.“
FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR, FRÉTTABLAÐIÐ

# „SPENNUSAGA MEÐ BYSSU-HASAR, KYNLÍFI, PYNTINGUM OG DULARGERVUM.“ KILJAN

„Hugsun höfundar að plottinu er ágæt, sérstaklega með tengingunni við Ísland, og frásögnin er spennandi.“
STEINÞÓR GUÐBJARTSSON, MBL.






Fyrri bók höfundar, **Hlustað,** er komin út í Noregi og Frakklandi.

BJARTUR

DYNAMO REYKJAVÍK

# LAUGARDAGUR 6. DESEMBER 2014

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Tónleikar

**09.40** Syngjandi jól í Hafnarborg. Fjölmargir kórar Hafnarfjarðar skipaðir söngfólki á öllum aldri koma saman og syngja jólalög.

**16.00** Pollapönk halda tónleika í Bæjarbíói í Hafnarfirði í dag.

**17.00** Frímúrarakórinn og kór Oddfellow-stúkunnar Hallveigar nr. 3 taka höndum saman og halda aðventutónleika til styrktar Hjálparstarfi kirkjunnar í Bústaðakirkju á laugardag.

**20.00** Slash treður upp í Laugardalshöll ásamt Myles Kennedy & The Conspirators. Dimma hitar upp. Miðar frá 9.990 krónum.

**20.00** Tónleikar með Jólaperlum fara fram í Seljakirkju í Vestmannaeyjum í kvöld undir yfirskriftinni Stjarnan skín í nótt.

**20.00** Sigga Beinteins heldur jólatónleika í Hörpunni. Hún fær til sín þá góðu gesti Diddú, Garðar Thor Cortes og Guðrúnu Gunnarsdóttur. Miðar frá 5.990 til 8.990 króna.

**20.00** Borgardætur halda jólatónleika á Café Rósenberg.

**20.30** Stefán Hilmarsson flytur lög af nýju jólaplötunni sinni ásamt lögum af plötunni Ein handa þér í Salnum í Kópavogi í kvöld. 5.900 krónur inn.

**21.00** Brain Police troða upp á Gauknum.

**21.00** SimSimma spila reggí á Frederiksen Ale House í kvöld.

**21.00** Addicted to Drums troða upp á Gauknum í kvöld.

**21.00** Gummi Hebb treður upp á Loft Hostel í kvöld.

**21.00** Páll Ivan frá Eiðum heldur tónleikana Kemur í ljós á Mengi. 2.000 krónur inn.

**22.00** Hljómsveitin Svartidauði treður upp á Dillon. 500 krónur inn.

**22.00** FALK kynna Hacker Farm á Paloma. AMFJ, Ultraorthodox og Harry Knuckles hita upp. 1.000 krónur inn.

**22.00** Í kvöld fara fram Heiðurstribute-tónleikar Skúla mennska með ákaflega litlu jólaívafi í Þjóðleikhúskjallaranum.

**23.00** Sváfnir Sigurðarson og Ingvar Grétarsson halda tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8 á laugardag. Aðgangur er ókeypis.

### Leiklist

**11.00** Jólaleikritið Smiður jólasveinanna í Árbæjarkirkju á sunnudag. Aðgangur er ókeypis. Sýningin hentar börnum frá tveggja ára aldri. Allir hjartanlega velkomnir.

**22.00** Í kvöld ætla trúðar Íslands, sem telja orðið yfir hundrað einstaklinga, að hittast í Tjarnarbíói og leysa úr öllu því sem er að langt fram eftir nóttu. Allir eru velkomnir að fylgjast með fyrir litlar 500 kr. og geta jafnvel fengið lausn sinna eigin vandamála. Leyfilegt er að ganga inn og út eins og fólki sýnist.

### Opnanir

**14.00 Í** dag mun borgarstjórinn í Reykjavík, Dagur B. Eggertsson, opna nýtt hverfissafn Grafarvogsbúa í Spönginni 41 við hátíðlega athöfn. Klukkan 2 mun Pálína Magnúsdóttir, borgarbókarvörður, bjóða gesti velkomna, Dagur B. Eggertsson opnar nýtt safn, Stúlknakór Reykjavíkur í Grafarvogskirkju syngur jólalög undir stjórn Margrétar Pálmadóttur og Grafarvogsbúi flytur hugvekju. Klukkan hálftvö mun Sirkus Íslands leika listir sínar og Gunnhildur Þórðardóttir opnar sýningu.

### Hönnun

**14.00** Guðbjörg Káradóttir og Ólöf Jakobína Ernudóttir opna sýninguna Snjókomu í Harbinger á Freyjugötu 1.

### Námskeið

**13.00** Jólalistasmiðja fyrir börn og fullorðna í Bókasafni Kópavogs. Þar verður hægt að búa til jólaskraut og kort, mála á krukkur og fleira. Hafið með ykkur krukkur. Leiðbeinandi og allt efni verður á staðnum.

### Opið hús

**10.00** Opið hús í glerblástursverkstæðinu á Kjalarnesi. Gestablásarar eru Harvey Mear og Kresten F. Bindesböll frá Danmörku, og munu þeir, ásamt Sigrúnu og Ólöfu Einarsdætrum, sýna glerblástur. Einnig verður útsala á útlitsgölluðum glermunum og afsláttur af öðru gleri. Hilmar Hjartarson mun spila á harmoniku á laugardagsmorgninum.

### Kvikmyndir

**12.00** Nemendur Myndlistarskólans í Reykjavík ásamt hópi af blindum pólskum myndlistarmönnum sýna fjórar stuttmyndir í Bíó Paradís. Frítt inn.


BRAIN POLICE

### Uppákomur

**13.00** Kósý sunnudagur á Kex Hostel. Elsa Nielsen og Sigrún Eldjárn lesa upp, Sigríður Eyrún og Karl Olgeirsson flytja tónlist og svo verða piparkökur skreyttar.

**19.00** Jólahlaðborð í Hörpunni. Verðlaunakokkurinn Bjarni Gunnar Kristinsson ber fram glæsilegan mat. 9.900 krónur inn.

### Bókmenntir

**14.00** Árleg bókmenntakynning MFÍK verður í MÍR salnum við Hverfisgötu 105 í dag. Glæsilegt kaffihlaðborð fyrir 1.000 krónur. Eftirtaldir höfundar kynna verk sín; Kristín Steinsdóttir, Úlfhildur Dagsdóttir, Elísabet Jökulsdóttir, Margrét Marteinsdóttir, Guðrún Hannesdóttir, Ármann Jakobsson og Olga Markelova.

**16.00** Í dag munu rithöfundarnir Jónína Leósdóttir, Gerður Kristný, Einar Kárason og Kristín Steinsdóttir lesa úr nýútkomnum bókum sínum í gamla lestrarsal Safnahússins.

### Opið Hús

**12.00** Á næstu helgi er tækifæri að heimsækja sex leirlistakonur á vinnustofur þeirra við Seljaveg 32, það er gamla Landhelgisgæsluhúsið, sem hýsir nú vinnustofur listamanna í Sambandi íslenskra myndlistamanna, SÍM.

### Málþing

**13.00** Í dag efnir Félag fornleifafræðinga í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands til málþings til heiðurs dr. Kristjáni Eldjárn.

### Uppistand

**21.00** Maðurinn með 10.000 raddirnar, Michael Winslow, goðsögnin úr Police Academy-myndunum með uppistand á Hendrix við Gullinbrú. Sálin hans Jóns míns verða síðan með ball langt fram á nótt. Miðaverð 5.990 krónur, 4.990 krónur og 3.990 krónur.

### Tónlist

**21.00** Krystal Carma heldur á Stofuna í kvöld til að töfra fram faldar gersemar tónlistarinnar í góðum gír. Í þessum kósý kjallara má manninn ala vel með fínasta hljóðmeti.

**21.00** Hljómsveitin Vio býður upp á hlustunarpartý tileinkað fyrstu plötu hljómsveitarinnar, Dive In, á Hvíta riddaranum í Mosfellsbæ. Bjórinn á 700 krónur og tilboð á drykkjum til miðnættis. Platan verður til sölu á staðnum.

**21.00** Trúbadorarnir Hjálmar og Dagur spila á English Pub og svo taka Eiríkur og Steini við.

**21.00** DJ Reagan & Gorbachov spila á Húrra í kvöld.

**21.00** Affair konur sameina takta sína að nýju á Dolly. Fram koma DJ Anna Brá, DJ Sura, DJ Anna Rakel, DJ Delarosa, DJ Lovisa, Vibrant K, DJ Sunna Ben, Sigrún Skafta, Karó Antonsen, DJ Ýr og Julia Ruslanovna. Frír ískaldur Crabbies í glasi með klaka og lime fyrir þá fyrstu.

**21.00** Trúbadorarnir Andri og Gísli troða upp á Dubliner.

**22.00** DJ Árni Kocoon þeytir skífum á Prikinu.

**22.00** DJ Margeir þeytir skífum á Bar Ananas í kvöld.

**23.00** DJ KGB þeytir skífum á Kaffibarnum í kvöld.

### Myndlist

**14.00** Sýningin Frystikista í fjörunni með verkum eftir Gunnhildi Þórðardóttur verður opnuð í nýju safni Borgarbókasafnsins í Spönginni í Grafarvogi. Safnið verður opnað við hátíðlega athöfn á sama tíma.

**14.00** Ingibjörg Berglind opnar sýninguna HUG-SJÓN í Mjólkurbúðinni í Listagili.

**15.00** Listamaður vikunnar í Kunstschlager er Þórður Ingi Jónsson.

**16.00** Finnska listakonan Kristiina Koskentola opnar einkasýninguna Tvö fljót í sýningarsal Skaftfells í dag, sem er þjóðhátíðardagur Finnlands.

**17.00** Myndlistarmaðurinn Ingólfur Arnarsson opnar sýningu í Skúrnum í dag. Ljós er viðfangsefni sýningar Ingólfs.

### Markaðir

**11.00** POPUP VERZLUN heldur nú upp á hátíðarnar með veigamiklum jólahönnunarmarkaði í Porti Hafnarhússins. Reykjavík Roasters PopUp Kaffihús, jólavættir, góðir tónar og fallegar hönnunarvörur.

**12.00** Jólamarkaður verður haldinn í Fákaseli í dag.

**13.00** Hönnunardeild LHÍ heldur jólamarkað á Loft Hostel í dag. Falleg hönnun frá ungum hönnuðum til sölu á góðu verði.

### Samkoma

**12.00** Jólaþorpið í Hafnarfirði opnað í dag. Barnakór Víðistaðakirkju syngur klukkan 16.00 en þorpið verður formlega opnað hálftíma seinna með Felix Bergssyni kynni. Lúðrasveit Hafnarfjarðar hitar upp fyrir tendrun á jólatrénu, sem er gjöf frá vinabæ Hafnarfjarðar, Frederiksberg í Danmörku. Allir munu síðan syngja og dansa í kringum jólatréð. Klukkan 15.00 á Flensborgarhöfn verða tendruð jólaljós á vinabæjartré frá Cuxhaven en börn frá Víðivöllum syngja. Fulltrúi frá Cuxhaven flytur ávarp ásamt bæjarstjóra Hafnarfjarðar, Haraldi L. Haraldssyni, og sendiherra Þýskalands, Hr. Thomas Meister. Jólasveininn mun líta við og aðstoða við að tendra ljósin, jólatríóið Tríóla syngur og síðan verður kakó á Kænunni að lokinni skemmtun. Klukkan 14.00 verða aðventutónleikar lúðrasveitar Hafnarfjarðar í Víðistaðakirkju en frá 14.00 til 18.00 verða opnar vinnustofur í Dverg þar sem listamennirnir Jórunn Jörundsdóttir, Helgi K. Pálsson, Sigrún Óla og María Aldís Kristinsdóttir taka vel á móti gestum og gangandi. Síðan er tónleikar í Bæjarbíói með Páli Rósinkranz og Margréti Eir þar sem kostar 3.500 krónur inn.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*


VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ HÁSKÓLI ÍSLANDS FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN

*NORRÆN VELFERÐARVAKT-VELFERÐ OG VÁ*

**Velferðarvaktin 2009-2013**

**Kynning á drögum að matsskýrslu um starf Velferðarvaktarinnar**

**Morgunverðarfundur miðvikudaginn 10. desember kl. 8:00-10:30**

**Háskólatorgi (Litla torgi)**

**Sæmundargötu 4**

Rannsóknin er liður í rannsóknarverkefninu *Norræn velferðarvakt -Velferð og vá* sem unnið er í tilefni af formennsku Íslands í norrænu ráðherranefndinni og er kynningin haldin í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og velferðarráðuneyti.

**Dagskrá:**

| | |
|---|---|
| 8:00 | Morgunverður |
| 8:30 | Ávarp: Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra |
| 8:45 | Kynning á úttekt á störfum Velferðarvaktarinnar: Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Vala Jónsdóttir og Ásdís Arnalds, Félagsvísindastofnun |
| 9:45 | Umræður |
| 10:15 | Ávarp: Siv Friðleifsdóttir, formaður Velferðarvaktarinnar 2014 |
| 10:30 | Dagskrá lýkur |

Fundarstjóri: Guðrún Sigurjónsdóttir, sérfræðingur í velferðarráðuneyti

Fundurinn er öllum opinn en þátttakendur eru vinsamlegast beðnir um að tilkynna þátttöku með tölvupósti til ilo@hi.is eða hringja í síma 5255183



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




INHOPE insafe SAFT


# SUNNUDAGUR 7. DESEMBER 2014

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Tónleikar

**11.30** Fiðluleikarinn Herdís Anna Jónsdóttir og ásláttarleikarinn Steef van Oosterhout spila barnatónlist í Hannesarholti í dag. 1.000 krónur inn.

**17.00** Ástvaldur Zenki spilar tónlist undir zen-áhrifum af plötu sinni Hljóð. 2.500 krónur inn.

**17.00** Kór Akureyrarkirkju heldur sína árlegu Jólasöngva í Akureyrarkirkju á sunnudag. Kórinn heldur tvenna tónleika þann dag, kl. 17.00 og 20.00, og er aðgangur ókeypis.

**20.00** lowercase nights kvöld á Húrra, þar sem tilraunatónlist verður spiluð.

**20.00** Kristján Jóhannsson heldur jólatónleika í Hörpunni. Miðar frá 5.700 til 11.300 krónur.

**20.00** Borgardætur halda jólatónleika í Salnum í Kópavogi. 4.900 krónur inn.

**21.00** Shades of Reykjavík, Úlfur Úlfur, Emmsjé Gauti, Herra hnetusmjör, Gísli Pálmi og DJ Moonshine troða upp á Dolly.

**22.00** DJ Jólavinir formannsins spilar á Paloma.

### Leiklist

**20.00** Möguleikhúsið sýnir einleikinn Aðventu sem byggður er á samnefndri sögu Gunnars Gunnarssonar.

### Síðustu Forvöð

**13.00** Sunnudagur er síðasti dagur sýningarinnar Fígúrur og form sem er á 1. hæð Borgarbókasafns Reykjavíkur, Tryggvagötu 15. Auður Inga Ingvarsdóttir og Hafdís Brands eiga verkin á sýningunni.

### Söfn

**13.00** Jóladagskrá í Árbæjarsafni. Guðsþjónusta, jólasveinar á vappi og svo verður dansað í kringum jólatréð á torginu.

### Kvikmyndir

**15.00** Úlfhundurinn, bandarísk kvikmynd frá árinu 1991 byggð á samnefndri skáldsögu eftir Jack London, sýnd í MÍR-salnum, Hverfisgötu 105. Aðgangur ókeypis.

### Uppákomur

**14.00** Á sunnudag munu Grýla og Leppalúði skemmta gestum Þjóðminjasafnsins ásamt söngkonunni Jóhönnu Guðrúnu. Löng hefð er fyrir því að foreldrar jólasveinanna heimsæki safnið og fái til liðs við sig góðan gest.

### Bókmenntir

**14.00** Bókin Sóla og sólin verður kynnt í Grasagarðinum í Kaffi Flóru á sunnudag.

**16.00** Aðventuupplestrar á Gljúfrasteini. Það kemur í hlut Áslaugar Agnarsdóttur, Bjarka Bjarnasonar, Guðrúnar Guðlaugsdóttur, Gyrðis Elíassonar og Péturs Gunnarssonar að lesa upp úr bókum sínum.

### Opið Hús

**10.00** Opið hús í glerblástursverkstæðinu á Kjalarnesi. Gestablásarar eru Harvey Mear og Kresten F. Bindesböll frá Danmörku, og munu þeir, ásamt Sigrúnu og Ólöfu Einarsdætrum sýna glerblástur. Einnig verður útsala á útlitsgölluðum glermunum og afsláttur af öðru gleri.


ANDREA JÓNSDÓTTIR

### Tónlist

**16.00** Jólalög verða sungin í Langholtskirkju klukkan 16.00 og 20.00.

**17.00** Andrea Jónsdóttir leikur og kynnir lög af hljómplötum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** DJ Hólm spilar á Frederiksen Ale House.

**21.00** Trúbadorinn Ellert spilar á Dubliner.

**21.00** DJ Krystal Carma spilar á Kaffibarnum.

**21.00** Danni trúbador spilar á English Pub.

### Leiðsögn

**14.00** Á sunnudag verður listamaðurinn Jón Óskar með leiðsögn um sýninguna NÝ VERK í Listasafni Íslands.

**15.00** Hulda Vilhjálmsdóttir mun leiða gesti um verk sín á sýningunni Vara-litir sem nú stendur yfir í Hafnarborg.

### Myndlist

**16.00** Jólauppboð Gallerís Foldar fer fram á sunnudag. Boðin verða upp rúmlega 160 listaverk eftir marga af helstu myndlistarmönnum íslensku þjóðarinnar.

### Umræður

**13.00** Síðasti Söguhringur ársins verður í Gerðubergssafni á sunnudag. Boðið verður upp á skemmtilega og skapandi jólastund í alþjóðlegum anda þar sem meðal annars gefst tími til að ræða um jólasiði í hinum ýmsu heimalöndum. Aðgangur ókeypis og allar konur velkomnar. Söguhringur kvenna er samstarfsverkefni Borgarbókasafns Reykjavíkur og Samtaka kvenna af erlendum uppruna á Íslandi. Markmið hans er að skapa vettvang fyrir konur, íslenskar sem erlendar, til skiptast á sögum og taka þátt í skapandi og listrænu starfi.

### Samkoma

**14.00** Jólabingó í Stúdentakjallaranum.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*


FLOTTU JÓLAGJAFIRNAR FYRIR GÆLUDÝRIN
ERU Í DÝRARÍKINU HOLTAGÖRÐUM
FRÁBÆR JÓLATILBOÐ OG GÓÐ VERÐ
ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
GÆÐIN SKIPTA MÁLI
DÝRARÍKIÐ
Holtagörðum ... fyrir dýravini
Stærsta og skemmtilegasta gæludýraverslun landsins
Sími 568 66 68
Opið 11 - 18 virka daga / 12 - 18 um helgar

# Fjölbreyttir jólamarkaðir um helgina

Önnur helgi aðventunnar er gengin í garð og nóg um að vera. Fjölbreytt framboð er af skemmtilegum og spennandi jólamörkuðum víðs vegar um bæ og borg. Kjörið er að gera sér dagamun, keyra út fyrir bæjarmörkin, skoða falleg tálguð tréleikföng eða styðja við unga og upprennandi hönnuði í miðbæ Reykjavíkur. Af nógu er að taka og allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi á mörkuðum helgarinnar.



## JÓLASÝNING ÁRBÆJARSAFNSINS

Það verður margt um að vera á árlegri jólasýningu Árbæjarsafns sem verður opnuð á morgun. Sýningin stendur yfir næstu sunnudaga fram að jólum frá klukkan eitt. Laufabrauð verður skorið út, músastigar föndraðir, dansað í kringum tendrað jólatré og margt fleira sem er víst að blæs hinum eina sanna jólaanda í brjóst gesta.



## TÁLGUÐ TRÉLEIKFÖNG Í ÁSGARÐI

Falleg tálguð tréleikföng eru kjörin gjöf fyrir yngstu kynslóðina. Á árlegum jólamarkaði Ásgarðs í dag verður leikfangalína handverkstæðisins meðal annars til sölu í húsnæði þeirra að Álafossvegi 22. Markaðurinn verður opnaður klukkan tólf og auk tréleikfanga verða ýmsar jólalegar veigar seldar gegn vægu gjaldi. Notaleg stund í Mosfellsbæ með fallegu handverki, skemmtilegum félagsskap og heitu súkkulaði.



## HANDVERK OG TRÉ Í HEIÐMÖRK

Jólamarkaðurinn á Elliðavatni er kjörinn áfangastaður fyrir þá sem vilja komast út fyrir amstur borgarinnar um helgina. Markaðurinn er opinn allar helgar fram að jólum frá klukkan ellefu. Úrval af íslensku handverki, íslensk jólatré og eldiviður er meðal þess sem er í boði. Í notalegum trjálundi rétt hjá verður varðeldur kveiktur og aldrei að vita nema Sveinki kíki í heimsókn.




## UPPBOÐ GÓÐA HIRÐISINS

Góði hirðirinn verður með uppboð á skemmtilegum og óvenjulegum munum í dag. Uppboðið hefst klukkan hálf tólf og verður verslun Góða hirðisins opin frá tíu um morguninn. Í versluninni er oft hægt að finna fágæta fjársjóði sem komið gætu á óvart í jólapakkanum. Allur ágóði af sölunni rennur til styrktarfélagsins Lífs.

## UNGIR OG UPPRENNANDI HÖNNUÐIR

Ungir og upprennandi hönnuðir úr Listaháskóla Íslands verða með jólamarkað á Lofti hosteli. Markaðurinn byrjar í dag og stendur til þrettánda desember. Til sölu verður ýmis hönnun á góðu verði og kjörið að kíkja niður í bæ í jólastemminguna, styðja við framtíðarhönnuði landsins og græja í leiðinni nokkrar frumlegar jólagjafir.

## POP-UP-JÓLAMARKAÐUR

PopUp Verzlun stendur fyrir fjölbreyttum jólahönnunarmarkaði í porti Hafnarhússins um helgina. Fjöldi íslenskra hönnuða verður samankominn og hér er kjörið tækifæri til þess að skoða spennandi íslenska hönnun og koma nokkrum jólagjöfum frá. Kaffiþyrstir þurfa ekki að örvænta því Reykjavík Roasters verða einnig á svæðinu með pop-up-kaffihús. Markaðurinn byrjar klukkan ellefu báða dagana og verður einnig opin næstu helgi.



## BEINT FRÁ BÝLI Í FÁKASELI

Íslenskur matur beint frá býli verður í hávegum hafður á jólamarkaði í hestagarðinum Fákaseli í Ölfusi. Einnig verður ýmiss konar íslenskt handverk á boðstólnum. Jólasveinar kíkja í heimsókn og íslenski hesturinn verður á svæðinu og eiga börnin kost á því að skella sér á bak. Það er kjörið að skella sér í laugardagsbíltúr og kíkja á markaðinn en Fákasel er í um hálftíma akstursfjarlægð frá höfuðborginni.




3 vikur til jóla
Jólatilboð 4. – 10. desember
Gjafakort fyrir tvo í Bláa Lónið
Ef keyptar eru vörur í verslunum okkar fyrir 10.900 kr. vikuna 4.- 10. desember fylgir með gjafakort fyrir tvo í Bláa Lónið.
www.bluelagoon.is
Fegurðin kemur að innan

# Þungarokkssveitin Skálmöld með níu tilnefningar

**Tilkynnt var um tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna í Hörpu í gær. Reggíhljómsveitin AmabAdamA fær sex tilnefningar.**

Hljómsveitin Skálmöld fær flestar tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna í ár, eða níu talsins. Tilkynnt var um það í Hörpu í gær. Reggísveitin AmabAdamA kemur þar á eftir með sex tilnefningar.

GusGus hlýtur fimm tilnefningar og þar á eftir koma Prins Póló og Mono Town með fjórar tilnefningar hvor. Hljómsveitirnar Valdimar, Grísalappalísa og Nýdönsk fá svo þrjár tilnefningar hver.

Í djass- og blúsflokki hlýtur Stórsveit Reykjavíkur flestar tilnefningar, eða fimm talsins. Þar á eftir fylgja ASA trio, ADHD og Sigurður Flosason með fjórar tilnefningar en plata Sigurðar Flosasonar, Tveir heimar, er jafnframt tilnefnd sem plata ársins í opnum flokki.

Í flokki sígildrar og samtímatónlistar er uppsetning Íslensku óperunnar á Don Carlo tilnefnd sem tónlistarviðburður ársins og þau Kristinn Sigmundsson, Oddur Arnór Jónsson, Hanna Dóra Sturludóttir og Helga Rós Indriðadóttir eru öll tilnefnd sem söngvari/söngkona ársins fyrir frammistöðu sína í uppfærslunni.

Anna Þorvaldsdóttir hlýtur þrjár tilnefningar alls fyrir plötu ársins (Aerial), tónverk ársins (Trajectories) og sem tónhöfundur ársins.

- fb



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**BALDUR OG BIBBI** Baldur Ragnarsson og Snæbjörn Ragnarsson úr Skálmöld hljóta að vera ánægðir með tilnefningarnar.



**AMAB-ADAMA** Reggíhljómsveitin vinsæla hlaut sex tilnefningar til verðlauna.






**MARKY** Wahlberg sló í gegn á tíunda áratugnum sem rapparinn Marky Mark.

## Wahlberg vill náðun

Leikarinn Mark Wahlberg vill fá náðun fyrir líkamsárás sem hann framdi árið 1988 þegar hann var 16 ára. Þegar Wahlberg var 16 ára réðst hann á tvo víetnamska menn á sama degi, barði þá með tveggja metra löngu priki og hreytti í þá rasískum fúkyrðum. Seinni árásin varð til þess að maðurinn blindaðist á öðru auga. „Síðan þá hef ég helgað mig því að verða betri manneskja og borgari svo að ég geti verið góð fyrirmynd fyrir börnin mín og önnur börn,“ ritaði Wahlberg í bréfi sínu til náðunarráðsins. Þá vísaði hann í góðgerðarstarfsemi sína.

Árið 2006 sagðist Wahlberg ekki missa svefn yfir fyrra líferni sínu. „Ég gerði margt sem ég sé eftir og hef alveg örugglega bætt fyrir mistök mín,“ sagði hann.

- þij



**BECKHAM** Fatahönnuðurinn færir út kvíarnar og sendir frá sér naglalökk.

MYND/GETTY

## Naglalökk frá Beckham

Fatahönnuðurinn og fyrrverandi kryddpían Victoria Beckham hefur hafið samstarf við naglalakksframleiðandann Nails Inc.

Beckham sendir til þess að byrja með frá sér tvo liti og koma naglalökkin í takmörkuðu upplagi.

Þau eiga að endurspegla vor- og sumarfatalínu Beckham og eru þau tómatrauð og beinhvít að lit. Naglalökkin koma í sölu á síðu Nail Inc. í næstu viku og fara svo í almenna sölu á alþjóðlegum markaði í febrúar á næsta ári. Beckham hefur átt mikilli velgengni að fagna á árinu en hún hlaut verðlaun fyrir besta tískufatamerkið á British Fashion Awards í seinustu viku.

# Kvikmyndahátíð framhaldsskóla í fyrsta sinn

Hugmyndin að hátíðinni kviknaði í áfanga í Fjölbrautaskólanum við Ármúla. Hátíðin verður haldin í febrúar á næsta ári.

Kvikmyndahátíð framhaldsskólanna verður haldin í fyrsta skipti sjöunda febrúar á næsta ári. Undirbúningur fyrir hátíðina er nú í fullum gangi.

„Þetta er í fyrsta skipti sem hátíðin er haldin og vonandi verður þetta árlegur viðburður,“ segir Benedikt Snær Gylfason hátíðarstjóri sem ásamt Bjarka Þór Ingimarssyni hefur staðið í ströngu við að skipuleggja hátíðina auk fleiri nemenda við Fjölbrautaskólann við Ármúla.

Hugmyndin að hátíðinni vaknaði í áfanga í skólanum sem heitir Hátíðaráfangi 103 og er kenndur af Þór Elís Pálssyni.

Benedikt segir ferlið hafa gengið vel og að hátíðinni hafi borist fjöldi mynda. Keppt verður í stuttmyndaflokki en frjálst er að senda fleiri tegundir af efni inn, til dæmis auglýsingar eða tónlistarmyndbönd.

„Ég var að gera snjóbrettamyndbönd og hægt og rólega kviknaði áhuginn á þessu,“ segir Benedikt spurður að því hvernig áhugi hans á kvikmyndagerð hafi kviknað.

Öllum framhaldsskólanemum er frjálst að senda inn efni á hátíðina en hægt er að gera það í gegnum heimasíðu hennar, Filmfestival.is. - gló

**Ég var að gera snjóbrettamyndbönd og hægt og rólega kviknaði áhuginn á þessu.**

*Benedikt Gylfason*



**KVIKMYNDAHÁTÍÐ** Bjarki Þór Ingimarsson og Benedikt Snær Gylfason vonast til að hátíðin verði árleg. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**KHLOE KARDASHIAN** Raunveruleikastjarnan er hætt aftur með rapparanum French Montana.

## Ástarloginn er slokknaður

Raunveruleikastjarnan Khloe Kardashian og rapparinn French Montana eru hætt saman aftur samkvæmt heimildum tímaritsins Us Weekly.

Us Weekly sagði fyrst frá því í september að parið hefði hætt saman eftir átta mánaða samband. Mánuði síðar voru þau byrjuð aftur saman. Nú er ástarloginn hins vegar varanlega slokknaður.

„Khloe var ekki tilbúin eftir Lamar og þetta var að verða of alvarlegt,“ segir heimildarmaður Us Weekly en Khloe skildi við Lamar Odom í desember í fyrra.

## Cumberbatch verður Strange

Staðfest hefur verið að leikarinn Benedict Cumberbatch muni taka að sér hlutverk taugaskurðlæknisins Doctors Stephens Strange.

Tilkynnt var um val á leikaranum á fimmtudag en áður voru leikararnir Jared Leto, Tom Hardy og Joaquin Phoenix orðaðir við hlutverkið.

Forseti Marvel, Kevin Feige, sagði á blaðamannafundi að Cumberbatch hefði dýptina og einlægnina sem þyrfti til þess að leika lækninn.

Karakterinn Doctor Strange var búinn til árið 1963, en hann hefur ekki birst áður á hvíta tjaldinu. Því munu Marvel-aðdáendur væntanlega fagna komu hans á skjáinn, en stefnt er það því að frumsýna myndina árið 2016.

Því ég þekki sjálfur
þær fyrirætlanir sem ég
hef í hyggju með yður,
segir Drottinn,
fyrirætlanir til heilla
en ekki til óhamingju,
að veita yður
*vonarríka* framtíð...






# Félagar sem taka sig hátíðlega

Átta teiknarar hafa opnað Hina konunglegu teiknisýningu í galleríi Ekkisens.

„Þetta byrjaði nú eiginlega sem djók, en svo áttuðum við okkur á að þetta væri að vissu leyti okkar listayfirlýsing,“ segir Sigurður Ámundason teiknari. Hann ásamt sjö félögum sínum hefur opnað Hina konunglegu teiknisýningu í galleríi Ekkisens.

„Eins og flestir vita þá finnst listamönnum þeir yfirleitt vera snillingar og miklu betri en hinir. Við tökum okkur mjög hátíðlega og er það undirtónninn í sýningunni hjá okkur, þótt hver mynd kannski tákni eitthvað annað. Þegar við tökum okkur svona hátíðlega þá myndast smá keppni innan hópsins. Við viljum enga falska hógværð,“ segir Sigurður léttur.

Hann segir hópinn vera eins og nokkurs konar saumaklúbb sem hittist og teiknar saman. Þeir hafi flestir á einhverjum tímapunkti verið saman í skóla og þannig kynnst innbyrðis.

„Okkur fannst hálfhallærislegt fyrst að við værum bara strákar, en svo ákváðum við bara að snúa því upp í grín og láta eins og við værum miklar karlrembur, sem við erum ekki,“ bætir Sigurður við. Þetta er í fyrsta sinn sem þeir halda sýningu saman, en þeir stefna að því að gera hana að árlegum viðburði.

„Við erum að vona að hópurinn stækki svo að í framhaldinu sé hægt að búa til eins konar konungsfjölskyldu á Íslandi. Þá verður þetta á endanum bara teiknisýning,“ segir hann. Sýningin var opnuð í fyrrakvöld í kjallara Bergstaðastrætis 25B í galleríi Ekkisens. - asi



**KONUNGLEGU TEIKNARARNIR** Matthías Rúnar Sigurðsson, Karl Torsten Ställborn, Sigurður Ámundason, Arngrímur Sigurðsson, Héðinn Finnsson, Gylfi Freeland Sigurðsson, Sölvi Dúnn Snæbjörnsson og Arnór Kári Egilsson standa að Hinni konunglegu teiknisýningu. MYND/SIGURLAUG GÍSLADÓTTIR

## Hræðilegt að syngja í Annie

Cameron Diaz segir að söngur sinn í kvikmyndinni Annie hafi verið „það hræðilegasta sem ég hef gert í kvikmynd“.

Hin 42 ára leikkona tekur lagið í söngvamyndinni en Óskarsverðlaunahafinn Jamie Foxx leikur einnig í myndinni. „Þetta var það hræðilegasta sem ég hef gert í kvikmynd,“ sagði hún.

Henni þótti auðveldara að leika í kynlífsatriði í gamanmyndinni Sex Tape þar sem hún reyndi að stunda kynlíf með eiginmanni sínum [Jason Segel] á rúlluskautum. En bætti við: „Mér líður best að vera bara eins og ég er.“

Leikstjóri Annie er Will Gluck sem er þekktastur fyrir myndina Friends with Benefits með Justin Timberlake og Milu Kunis í aðalhlutverkum.



**CAMERON DIAZ** Leikkonan er ekki mikið gefin fyrir að syngja. NORDICPHOTOS/GETTY

## Mjúkir taktar með klassískum áhrifum

TÓNLIST ★★★★☆

**Kiasmos**
Kiasmos
**ERASED TAPES**



Kiasmos er samstarfsverkefni þeirra Ólafs Arnalds, sem hefur getið sér ágætis orð fyrir tilraunakennda tónlist undir klassískum áhrifum, og hins færeyska Janusar Rasmussen, sem er þekktastur sem aðaldriffjöðrin í rafpoppsveitinni Bloodgroup. Hafa þeir félagar starfað saman um nokkurt skeið og sent frá sér stuttskífur með óreglulegu millibili. Í lok októbermánaðar leit fyrsta breiðskífa piltanna dagsins ljós og er gripurinn samnefndur samstarfsverkefninu/hljómsveitinni.

Um er að ræða vandaða plötu sem flokkast til raftónlistar og sem slík er hún jafnvel nokkuð tilraunakennd. Klassísk áhrif frá Ólafi koma berlega í ljós og þá notast þeir félagar við talsvert af „live“ hljóðfærum sem gefa hljómnum aðra vídd. Taktarnir eru útpældir, hljómurinn er mjúkur, ef svo má að orði komast, og erfitt að henda reiður á hvort tónlistin sé dansvæn eða ekki. Kæmi til þess að platan yrði spiluð á klúbbi, væri það líklega rétt fyrir lokun þegar hugur gesta er orðinn tómur og fljótandi. Ef til vill myndi enska orðið „atmospheric“ hæfa hér – en því miður virðist íslenskan ekki geta fangað þá stemningu sem orðinu fylgir. En raftónlistaráhugamenn vita. Þeir vita.

Þeir Ólafur og Janus ná að mynda ágætan heildarsvip, platan er jöfn og sterk frá upphafi til enda. Bestu lögin eru níu mínútna súpurnar Thrown og Burnt en hápunktinum er náð í Bent – sem er líklegasta lagið til að slá í gegn á klúbbagólfum Evrópu, hafi það ekki gert það nú þegar.

Platan er sem fyrr segir einkar vönduð. Helsti galli hennar, ef galla skyldi kalla, væri að hún er of vönduð. Orðsporið sem fer af þeim Ólafi og Janusi er að þeir séu miklir fullkomnunarsinnar, sem er auðvitað jákvætt. En hljómurinn mætti vera aðeins meira „dirty.“ En það mætti auðvitað segja um allt. Já, allt!

Björn Teitsson



**NIÐURSTAÐA:** Flott skífa frá metnaðarfullum tónlistarmönnum sem hafa lagt mikla vinnu í verkið. Mögulega of mikla, hljómurinn mætti vera smá „dirty.“

# Nafn komið á sjöundu plötuna frá Coldplay

Næsta hljóðversplata bresku hljómsveitarinnar heitir A Head Full of Dreams. Sú síðasta kom út á þessu ári.

Chris Martin, söngvari Coldplay, hefur greint frá því að hljómsveitin sé að vinna að sinni sjöundu hljóðversplötu og að titillinn hafi þegar verið ákveðinn, A Head Full of Dreams.

Forsprakkinn lét þessi tíðindi flakka í viðtali við útvarpsmanninn Zane Lowe á BBC Radio 1. Platan mun fylgja í kjölfar Ghost Stories, sem kom út á þessu ári.

„Við höfum ekki sagt neinum þetta. Við erum að gera plötu sem heitir A Head Full of Dreams. Við erum að vinna í henni en vegna þess að þetta ert þú og Radio 1 þá finnst mér í lagi að segja þér,“ sagði Martin. „Þetta er sjöunda útgáfan okkar og við lítum á hana eins og síðustu Harry Potter-bókina. Ekki það að við gefum ekki meira út einhvern tímann síðar en með þessari plötu erum við að ljúka einhverju.“

Ghost Stories kom út í maí og fór á toppinn í Bretlandi. Hljómsveitin fylgdi plötunni eftir með stuttri tónleikaferð um heiminn, þar sem hún spilaði m.a. í Royal Albert Hall í London.



**CHRIS MARTIN** Söngvarinn lét tíðindin flakka í viðtali við útvarpsmanninn Zane Lowe. NORDICPHOTOS/GETTY

Viltu stunda nám í heilbrigðisgreinum við Fjölbrautaskólann við Ármúla?

Opið fyrir umsóknir inn á www.menntagatt.is

fá FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

Kynntu þér málið inn á www.fa.is

# SPORTS DIRECT.COM

# AUKA 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLU

GILDIR 5.-8. DESEMBER

OPNUNARTÍMAR:

Mán-Mið. 10-19 | Fimmtudaga 10-21
Föstudaga 10-20 | Laug-sun 10-18

LONSDALE LONDON · karrimor · PUMA · Slazenger · adidas




facebook WWW.FACEBOOK.COM/SPORTSDIRECTISLAND

# Flengingar, hnefun, saflát …

**BAKÞANKAR**
Hildar Sverrisdóttur



Já, ég biðst afsökunar ef það skvettist upp úr kaffibollanum hjá einhverjum sem kýs almennt minni groddaskap við blaðlesturinn. Þessi fyrirbæri eru hins vegar á meðal þeirra kynlífsathafna sem opinber nefnd í Bretlandi hefur ákveðið að banna í breskum klámmyndum. Það er ekki búið að banna klámið sjálft, en það er búið að banna tiltekna þætti þess sem nefndarmönnum þóttu ógeðslegir.

**SAMA** kvöld og sú frétt barst frá Bretlandi fylgdist ég af aðdáun með Stephen Fry fljúga um heiminn til að reyna að eyða fordómunum gegn samkynhneigðum. Mikið er það vond tilfinning þegar maður hreinlega skilur ekki hvaðan fordómarnir koma, hvað þá hvernig þeir ná að grassera þrátt fyrir upplýsingu, glimmergleðikærleiksgöngur og kærleiksbangsa eins og hann sem leggjast á eitt við að afnema þessa vondu og vandræðalegu forpokun.

**SUMIR** segja sem svo að þó að þeir hafi ekkert á móti samkynhneigð sem slíkri sé bara svo ógeðslegt hvernig samkynhneigðir haga sér. Prestur í Úganda ræddi til að mynda mest um anatómíska áhættu af meintu samkynhneigðu kynlífi karlmanna, þegar Stephen Fry var að reyna að benda honum á að þetta snerist fyrst og fremst um ást. Í Bretlandi hafa margir orðið til að benda á að ákvörðun opinberrar nefndar um hvað séu fallegar kynlífsathafnir og hvað ekki sé aðför að tjáningarfrelsinu. „Klámið er kanarífuglinn í kolanámu tjáningarfrelsisins; það er fyrsta frelsið sem deyr,“ skrifaði lögfræðingurinn Myles Jackman.

**ÞAÐ** er margt til í því. Þótt margir geti ekki hugsað sér að taka þátt í kynlífi með einhverjum af sama kyni bera þeir engu að síður virðingu fyrir samkynhneigð. Með sama hætti er það svo að þótt einhverjum þyki tilteknar kynlífsathafnir skrýtnar og afbrigðilegar þá geta þær hvort sem okkur líkar betur eða verr verið jafnmikil trausts- og ástartjáning á milli tveggja einstaklinga sem eru þannig innstilltir.

**FORDÓMAR** gagnvart kynferðislegum hug og hegðun skána ekkert þó undir öðrum formerkjum séu. Það er jafn vont að vilja takmarka kynhneigð „því hún sé ógeðsleg“ og að vilja takmarka kynhegðun „því hún sé ógeðsleg“.

# Tilnefndur til fernra Grammy

Tilnefningar til Grammy-verðlaunanna árið 2015 voru tilkynntar í gær.

Tilnefningar til Grammy-verðlaunanna voru tilkynntar á föstudag. Breski tónlistarmaðurinn Sam Smith hlaut flestar tilnefningar eða alls fjórar, meðal annars sem besti nýliðinn og fyrir flutning ársins á laginu Stay with me.

Einnig er Beyoncé tilnefnd fyrir bestu samtímatónlistina og Miley Cyrus, Ariana Grande, Iggy Azalea, Katy Perry, Coldplay og The Black Keys eru einnig á lista. Þeir Ed Sheeran og Pharrell Williams voru gestir í þættinum This Morning á CBS á föstudag og tilkynntu þar hluta af tilnefningunum. Verðlaunin verða afhent þann 8. febrúar í Staples Center í Los Angeles í fimmtugasta og sjöunda sinn. Venjulega hafa tilnefningarnar verið birtar á besta tíma í sjónvarpi, en í ár var tilkynningunni skipt niður, og verða þær birtar á Twitter-síðu Grammy-verðlaunanna yfir helgina.

- asi



**NÝTUR MIKILLA VINSÆLDA** Sam Smith fékk American Music Awards sem besti flytjandinn.





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| BIG HERO 6 ÍSL TAL | KL. 2D: 1:20 3D: 3:30 | L |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 8 | 7 |
| BEGIN AGAIN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| THIS IS WHERE I LEAVE YOU | KL. 8 | 12 |
| MÖRGÆSIRNAR ÍSL TAL 2D: | KL. 1 - 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| MÖRGÆSIRNAR ÍSL TAL 3D: | KL. 2 - 4:10 - 6:20 | L |
| DUMB AND DUMBER TO | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| INTERSTELLAR | KL. 8:30 - 10:20 | 12 |
| INTERSTELLAR VIP | KL. 1:30 - 5 - 8:30 | |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| JOHN WICK | KL. 10:20 | 16 |
| TÖFRAHÚSIÐ ÍSL TAL | KL. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| BIG HERO 6 ÍSL TAL | KL. 2D: 2 3D: 2 | L |
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 4:10 - 6:20 - 8 | L |
| BEGIN AGAIN | KL. 10:20 | 7 |
| THIS IS WHERE I LEAVE YOU | KL. 10:10 | 12 |
| VIKINGO | KL. 6 | 12 |
| THE RAILWAY MAN | KL. 8 | 16 |
| INTERSTELLAR | KL. 8:30 | 12 |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 1 - 3:20 | L |
| AFINN | KL. 5:40 | L |
| TÖFRAHÚSIÐ ÍSL TAL | KL. 4 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| EXODUS: GODS AND KINGS 3D | KL. 8 | 16 |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL | KL. 2D: 1 3D: 3:20 | L |
| BEGIN AGAIN | KL. 5:40 - 10:20 | 7 |
| THIS IS WHERE I LEAVE YOU | KL. 5:40 - 8 | 12 |
| INTERSTELLAR | KL. 6:30 - 8 - 10 | 12 |
| MÖRGÆSIRNAR ÍSL TAL 2D: | KL. 2 - 4:20 - 5:50 | L |
| MÖRGÆSIRNAR ÍSL TAL 3D: | KL. (1 - 3:20 (SUN)) | L |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 1 - 3:20 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BEGIN AGAIN | KL. 10:20 | 7 |
| THIS IS WHERE I LEAVE YOU | KL. 10:30 | 12 |
| MÖRGÆSIRNAR ÍSL TAL 3D: | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| THE HUNGER GAMES | KL. 5:30 - 8 | 12 |
| DUMB AND DUMBER TO | KL. 8 | 7 |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 1 - 3:20 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BIG HERO 6 ÍSL TAL | KL. 2D: 1:30 3D: 3:40 | L |
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 5:50 - 8 | L |
| BEGIN AGAIN | KL. 10:20 | 7 |
| THIS IS WHERE I LEAVE YOU | KL. 8 | 12 |
| INTERSTELLAR | KL. 10:10 | 12 |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT




SMÁRABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| EXODUS 3D FORSÝNING | KL 8 | 16 |
| BIG HERO 6 2D FORSÝNING | KL 1 | L |
| BIG HERO 6 3D FORSÝNING | KL 1 | L |
| MOCKINGJAY – PART 1 | KL 2.15 – 5 – 8 – 9 – 10.45 | 12 |
| MOCKINGJAY – PART 1 LÚXUS | KL 2.15 – 5 – 8 – 10.45 | 12 |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL 2D | KL 1 - 3.15 – 5.30 | L |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL 3D | KL 3.15 – 5.30 | L |
| DUMB AND DUMBER TO | KL 3.30 - 6 – 8 – 11.10 | 7 |
| GONE GIRL | KL 10.25 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| EXODUS 3D FORSÝNING | KL 9 | 16 |
| MOCKINGJAY – PART 1 | KL 3.15 - 6 – 8 – 10.30 | 12 |
| DUMB AND DUMBER TO | KL 3 - 5.30 – 8 – 10.30 | 7 |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL 2D | KL 3 - 5.15 | L |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL 3D | KL 3.15 - 5.30 | L |
| NIGHTCRAWLER | KL 8 | 16 |
| ST. VINCENT | KL 10.30 | 12 |

FJÖLSKYLDUPAKKINN
MINNST 4 MIÐAR, A.M.K. 2 BÖRN Á ALDRINUM 2-12 ÁRA
Barnafjölskyldur fá alla miða á barnaverði
Miðasala á: eMiði

LAUGARÁSBÍÓ midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola LAUGARÁSBÍÓI




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| EXODUS 3D | 10(P) - FORSÝNING | 16 |
| BIG HERO 6 2D | 2 - FORSÝNING | L |
| BIG HERO 6 3D | 3:50 - FORSÝNING | L |
| HUNGER GAMES: MOCKINGJAY | 4, 7, 10:20 | 12 |
| MÖRGÆSIRNAR 2D | 2, 5, 6 | L |
| DUMB & DUMBER TO | 2, 8 | 7 |
| NIGHTCRAWLER | 8, 10:30 | 16 |

5% Sími: 553-2075 www.laugarasbio.is



BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

| | | | |
|---|---|---|---|
| Turist Eng Sub | 15.30 | Turist | 20.00, 22.15 |
| Whiplash | 17.45, 22.15 | Síðbúin rannsókn | 20.00 |
| Clouds of Sils Maria | 17.30 | Helgarpabbabíó: | |
| 20.000 days on Earth | 17.30 | Believe | 16.00 |
| White God | 20.00, 22.15 | Andri og Edda | 16.00 |







SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓANNA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT




FJÖLSKYLDUPAKKINN
Allir borga barnaverð
MINNST 4 MIÐAR, A.M.K. 2 BÖRN Á ALDRINUM 2–12 ÁRA
NÁNAR Á WWW.SMARABIO.IS/BYLTING
BIG HERO 6 MÖRGÆSIRNAR FRÁ MADAGASKAR
DAGSKRÁ OG MIÐASALA ER Á EMIÐI.IS
HÁSKÓLABÍÓ SMÁRABÍÓ





Sena óskar samstarfsfólki sínu

# TIL HAMINGJU

með tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna




**Gissur Páll – Aría**
*Plata ársins: Sígild og samtímatónlist*




**Ragga Gröndal – Svefnljóð**
*Söngkona ársins*




**Ylja – Commotion**
*Söngkona ársins: Bjartey Sveinsdóttir*
*Söngkona ársins: Gígja Skjaldardóttir*



**GusGus – Mexico**
*Lagahöfundur ársins / Upptökustjóri ársins*
*Plata ársins: Popp / Lag ársins: Crossfade*
*Söngvari ársins: Daníel Ágúst*




**Sólstafir – Ótta**
*Plata ársins: Rokk*
*Lag ársins: Ótta*




**Skálmöld og Sinfó**
*Plata ársins: Rokk / Tónlistarflytjandi ársins*
*Tónlistarviðburður ársins*




**Ásgeir**
*Söngvari ársins*




**Kaleo**
*Söngvari ársins: Jökull Júlíusson*



**Sigríður Thorlacius**
*Söngkona ársins*




**Anna Þorvaldsdóttir – Aerial**
*Plata ársins: Sígild og samtímatónlist*
*Tónhöfundur ársins*



**Kiasmos – Kiasmos**
*Plata ársins: Opinn flokkur*



**Nýdönsk- Diskó Berlín**
*Lag ársins: Nýr maður / Söngvari ársins: Daníel Ágúst*
*Textahöfundur ársins: Björn Jörundur og Daníel Ágúst*

Framúrskarandi fyrirtæki 2013

www.sena.is/tonlist

sena

## Ætla ekki bara að hafa gaman




**FÓTBOLTI** Stuðningsmenn Bolton fögnuðu í gær þegar Eiður Smári Guðjohnsen skrifaði undir samning við félagið út leiktíðina. Hann er því kominn aftur til félagsins heilum fjórtán árum eftir að hann yfirgaf það og fór til Chelsea.

„Ég finn fyrir jákvæðum hlutum hérna aftur og er hæstánægður að vera búinn að skrifa undir,“ segir Eiður Smári í viðtali við heimasíðu Bolton í gær.

„Ég hef séð aðeins af viðbrögðum stuðningsmannanna og þau fylla mig stolti. Við eigum gott samband. Ég á frábærar minningar héðan og vonandi bý ég til fleiri. Ég er ekki mættur bara til að hafa gaman.“ Óvíst er hvort Eiður spilar með liðinu gegn Reading í dag en Stöð 2 Sport 3 mun sýna leik Bolton og Ipswich um aðra helgi þar sem Eiður mun örugglega koma við sögu. - tom

## Eygló Ósk nálægt því að komast í úrslit

**SUND** Íslensku sundkonurnar náðu ágætis tímum á HM í 25 metra laug sem fram fer í Doha í Katar.

Eygló Ósk Gústafsdóttir varð í tíunda sæti í 200 m baksundi og komst ekki áfram í úrslitasundið. Eygló kom í mark á 2:04,97 mínútum og var 0,19 sekúndum frá Íslandsmeti sínu í greininni.

Engin undanúrslit eru í 200 m baksundi á HM en öllu jöfnu komast sextán bestu keppendur undanrásanna í undanúrslit. Aðeins átta bestu komast áfram í úrslitasundið.

Eygló Ósk hefði þurft að bæta Íslandsmet sitt í greininni um tæpa sekúndu til að komast áfram í úrslitin.

Hrafnhildur Lúthersdóttir bætti eigið Íslandsmet í 100 m bringusundi og var aðeins 0,13 sekúndum frá því að komast í undanúrslit í greininni. Hún hafnaði í 22. sæti af 56 keppendum.

Inga Elín Cryer bætti Íslandsmet annan daginn í röð, í þetta sinn í 400 m skriðsundi er hún synti á 4:11,61 mínútu.

Íslandsmet hennar í greininni var 4:13,23 og er þetta því bæting um rúma eina og hálfa sekúndu. Hún bætti metið sitt í 800 m skriðsundi í gær um þrjár sekúndur.



**EYGLÓ ÓSK GÚSTAFSDÓTTIR.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hún hafnaði í 27. sæti í greininni af alls 53 keppendum og komst því ekki áfram í undanúrslit frekar en aðrir Íslendingar sem kepptu á mótinu í gær. - esá

# Ekki orðinn betri en pabbi

Stjörnumaðurinn Egill Magnússon fór hamförum í tapleik liðsins gegn Val í Olís-deild karla í handbolta á fimmtudaginn þegar hann skoraði 17 mörk. Hann setur stefnuna á atvinnumennsku erlendis.

**HANDBOLTI** „Ég leit upp á stigatöfluna og sá að ég var kominn með tíu mörk. Þá hélt ég bara áfram að skjóta,“ segir Egill Magnússon, stórskytta Stjörnunnar í Olís-deild karla, en hann gerði sér lítið fyrir og skoraði 17 mörk gegn besta liði deildarinnar, Val, á fimmtudaginn. Því miður fyrir Egil dugðu mörkin 17 skammt því Stjarnan tapaði leiknum, 26-23.

Egill er 18 ára gamall og hefur spilað með Stjörnunni allan sinn stutta feril. Hann hefur verið öflugur fyrir Garðabæjarliðið í 1. deildinni undanfarin ár en er nú mættur á stóra sviðið þar sem hann blómstrar.

Hann er langmarkahæstur Stjörnunnar á tímabilinu með 77 mörk, 19 mörkum á undan næsta manni. Fyrir leikinn á móti Val skoraði hann 23 mörk í þremur leikjum gegn HK, Akureyri og Haukum; leikjum þar sem Stjarnan safnaði fimm stigum, helming stiga liðsins í deildinni til þessa.

### Stefnan sett út



Egill segir sjálfstraustið vera í fínu lagi eftir mörkin 17, en í rauninni var í botni fyrir leikinn gegn Val. „Ég er bara fullur sjálfstrausts og ætla að halda áfram,“ segir Egill sem setur stefnuna út.

„Stefnan er að gera handboltann að lifibrauði og fara í atvinnumennsku til Þýskalands eða eitthvað.“

Stjörnumenn hafa tapað nokkrum leikjum í vetur með minnsta mun, en Egill segir liðið staðráðið í að halda sér uppi þótt það sé við botn deildarinnar.

„Að sjálfsögðu ætlum við að gera það. Mér finnst við eiga fullt erindi í þessa deild og mér finnst við hafa sýnt það. Það vantar kannski pínulítið upp á reynsluna. Við erum búnir að tapa 4-5 leikjum með einu marki sem er að verða svolítið þreytt, en nú erum við byrjaðir að klára leiki.“

Lykilinn er þó ekki að hann skori áfram 17 mörk í leik. „Það þýðir ekkert að ég skori 17 mörk ef enginn annar skorar neitt,“ segir hann.




**HÁFLUG** Egill Magnússon svífur hér hátt yfir vörn Valsmanna og skorar eitt af 17 mörkum sínum á Hlíðarenda á fimmtudagskvöldið. Hann er í U21 árs landsliðshópnum sem spilar í forkeppni HM hér á landi í byrjun janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Pabbi náði bara 16

Egill er sonur Magnúsar Sveins Sigurðssonar, fyrrverandi leikmanns Stjörnunnar og landsliðsmanns í handbolta. „Ég fór alltaf með pabba þegar hann var að spila þegar ég var lítill,“ segir Egill sem er handbolti í blóð borinn. En er hann orðinn betri en pabbinn? „Nei, ég held það nú ekki. Ekki enn.“

Magnús er eðlilega stoltur af stráknum sem er búinn að skora fleiri mörk í einum leik en hann gerði. „Ég held hann hafi náð að toppa mig. Ég þykist muna eftir 16 marka leik en ég náði ekki sautján mörkum. Hann er föðurbetrungur í þessu,“ segir Magnús.

Pabbi hefur fulla trú á að strákurinn geti farið alla leið: „Ef hann heldur rétt á spilunum og notar næstu ár til að byggja sig upp þá getur hann náð langt. Hann er töluvert fjölhæfari en ég var, en ekki nægilega sterkur í varnarleiknum. Það er eitthvað sem kemur með árunum. Hver veit samt nema maður fái að sjá hann spila í Þýskalandi,“ segir Magnús Sveinn Sigurðsson. tomas@365.is




**EMIL ATLASON** Væntanlega á förum frá KR. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Emil gæti farið utan

**FÓTBOLTI** Sænska B-deildarliðið Brommapojkarna er á meðal nokkurra atvinnumannaliða sem hafa áhuga á að fá Emil Atlason, leikmann KR, í sínar raðir.

Magni Fannberg er nýr þjálfari Brommapojkarna, en hann hefur stýrt U19 ára liði félagsins undanfarin ár.

„Það eru nokkur lið sem hafa sýnt Emil áhuga og Brommapojkarna er eitt af þeim,“ segir Baldur Stefánsson, varaformaður knattspyrnudeildar KR.

KR-ingar hafa fengið tilboð í Emil en þau eru langt frá því að vera þannig að Emil nálgist brottför úr Vesturbænum.

„Ef þú kallar þetta tilboð þá rignir svona tilboðum yfir okkar menn reglulega. Það er oft ansi mikið bil á milli væntinga liðanna sem hafa samband og þess sem við teljum eðlilegt,“ segir Baldur.

Varaformaðurinn segir að það kæmi sér ekkert á óvart ef Emil fengi tækifæri í atvinnumennsku í vetur.

„Emil er frábær leikmaður með eiginleika sem gera það að verkum að hann getur farið langt. Hann er fljótur, sterkur og einn besti skallamaðurinn í deildinni. Það kæmi mér ekkert stórkostlega á óvart ef Emil fengi áhugavert tilboð í vetur og ef það gerist þá munum við gera allt sem við getum til að hjálpa honum með það,“ segir Baldur Stefánsson. - tom

## Nóg til hjá Man. Utd

**FÓTBOLTI Samkvæmt frétt sem birtist á fréttavef BBC í gær hefur Louis van Gaal, knattspyrnustjóri Manchester United, fengið þau skilaboð að hann megi eyða eins miklu og hann lystir í leikmenn næsta sumar.**

**United eyddi 150 milljónum punda, um 29 milljörðum króna, í leikmenn síðastliðið sumar.**

**Samkvæmt fréttinni eru þeir Kevin Strootman, Mats Hummels og Diego Godin allir á óskalista Van Gaals en ólíklegt er að þeir komi strax í janúar. Ed Woodward, framkvæmdastjóri United, sagði einnig nýverið ólíklegt að United myndi leita að skammtímalausnum þegar opnað verður fyrir félagaskipti í janúar.** - esá

# Szczesny gæti þurft að fá sér sæti á bekknum

Arsene Wenger gæti þurft að taka erfiða ákvörðun í dag verði bæði Martínez og Szczesny klárir í slaginn.

**FÓTBOLTI** Emiliano Martínez hóf leiktíðina sem þriðji markvörður Arsenal, en vegna meiðsla Wojciech Szczesny og David Ospinna hefur Argentínumaðurinn ungi tekið við sem aðalmarkvörður liðsins. Hann hefur staðið sig frábærlega og haldið hreinu í þremur af fimm leikjum til þessa.

Eins og sést á tölfræðinni hér til hliðar sem Sky Sports tók saman hefur Arsenal-vörnin einnig tekið sér tak og fær Martínez að meðaltali færri skot á sig í leik en Pólverjinn, en þó er hlutfallsmarkvarslan mun betri hjá Martínez.

Hann er stór og sterkur strákur sem er góður í loftinu og lokar markinu vel maður á mann. Hann þykir skorta betri fótaburð og þá á hann í vandræðum með lág skot til hliðar við sig, að því er fram kemur í útsendaraskýrslu ESPN FC.

Tölurnar tala þó sínu máli og sigrarnir líka, en Arsenal er komið á smá skrið með Argentínumanninn í markinu; búið að vinna þrjá leiki í röð og halda hreinu.

Wojciech Szczesny verður skoðaður skömmu fyrir leik Arsenal gegn Stoke í dag og gæti verið að hann sé orðinn heill. En þá þarf Arsene Wenger að taka erfiða ákvörðun.

SPORT HD

**LAUGARDAGUR**

| | |
|---|---|
| **12.45 Newcastle - Chelsea** | **Sport 2 HD** |
| **15.00 Stoke - Arsenal** | **Sport 2 HD** |
| **15.00 Liverpool - Sunderland** | **Sport 3** |
| **15.00 Tottenham - Crystal P.** | **Sport 4** |
| **15.00 Hull - West Brom** | **Sport 5** |
| **15.00 QPR - Burnley** | **Sport 6** |
| **17.30 Man. City - Everton** | **Sport 2 HD** |

**SUNNUDAGUR**

| | |
|---|---|
| **13.30 West Ham - Swansea** | **Sport 2 HD** |
| **16.00 Aston V. - Leicester** | **Sport 2 HD** |




**WOJCIECH SZCZESNY, 2014**
**Leikir**: 18
**Mörk á sig**: 19
**Haldið hreinu**: 6 sinnum
**Markvörslur**: 42
**Mínútur milli marka í leik**: 82,05
**Hlutfallsmarkvarsla**: 69 prósent
**Meðaltal skota fengin á sig í leik**: 3,4



**EMILIANO MARTÍNEZ, 2014**
**Leikir**: 5
**Mörk á sig**: 2
**Haldið hreinu**: 3 sinnum
**Markvörslur**: 9
**Mínútur milli marka í leik**: 195,5
**Hlutfallsmarkvarsla**: 82 prósent
**Meðaltal skota fengin á sig í leik**: 2,2



Panasonic
4K
ULTRA HD TV
VIERA
BEYOND SMART TV
SJÁÐU ALLT SEM ÞÚ HEFUR MISST AF
Panasonic TX48/55AX630
• 4K Ultra HD 3840x2160p upplausn
• 3D Direct IPS LED skjár
• 1200 Hz back light scanning
• Fullkomið snjallsjónvarp með WiFi
• TV Anywhere
• USB upptökumöguleiki
• Og margt, margt fleira!
LYD & BILDE
Spesielt anbefalt
48"
FULLT VERÐ
349.990
DUTY FREE VERÐ
279.992
55"
FULLT VERÐ
499.990
DUTY FREE VERÐ
399.992
AFNEMUM VÖRUGJÖLD* AF ÖLLUM
PANASONIC SJÓNVÖRPUM
SM.IS
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS
*Jafngildir 20% verðlækkun. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25% vörugjöld af þessum tækjum. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Sjónvarpsmiðstöðvarinnar.

# Hverjir verða strákarnir okkar í Katar?

Fréttablaðið skoðar í dag hvaða leikmenn eigi að skipa sextán manna landsliðshóp Íslands á heimsmeistaramótinu í handbolta sem hefst í Katar 15. janúar næstkomandi. Það er stutt síðan að íslenska landsliðið datt inn á mótið og landsliðsþjálfarinn, Aron Kristjánsson, hefur talað um það að hann ætli ekki að gera margar breytingar á liðinu en hverjir eru öruggir og hverjir eru á brúninni?

## 9 sem eru öruggir

### ARON PÁLMARSSON
KIEL (ÞÝSKALAND)

**24 ÁRA VINSTRI SKYTTA**
**10 leikir og 40 mörk í ár – 87 leikir alls.**



**Af hverju:** Vinstri skyttustaðan er frátekin fyrir hann. Aron er einn besti handboltamaður heims og aðeins meiðsli koma í veg fyrir að hann spili algjört lykilhlutverk hjá íslenska liðinu á mótinu í Katar.

### SNORRI STEINN GUÐJÓNSSON
SÉLESTAT (FRAKKLAND)

**33 ÁRA LEIKSTJÓRNANDI**
**18 leikir og 49 mörk í ár – 234 leikir alls.**



**Af hverju:** Er leikstjórnandi liðsins númer eitt og eins konar spilandi aðstoðarþjálfari í sóknarleik íslenska liðsins. Snorri Steinn hefur sett upp leik liðsins á undanförnum árum og gerir það áfram.

### ALEXANDER PETERSSON
R-N LÖWEN (ÞÝSKALAND)

**34 ÁRA HÆGRI SKYTTA**
**7 leikir og 27 mörk í ár – 157 leikir alls.**



**Af hverju:** Einn af lykilmönnum íslenska liðsins í bæði vörn og sókn og gefur vonandi kost á sér í mótið sem yrði þá hans fyrsta síðan Aron tók við. Missti af EM 2014 og HM 2013 en hefur spilað síðustu leiki liðsins.

### ARNÓR ATLASON
ST-RAPHAËL (FRAKKLAND)

**30 ÁRA VINSTRI SKYTTA**
**11 leikir og 35 mörk í ár – 154 leikir alls.**



**Af hverju:** Hefur verið í stóru hlutverki hjá íslenska liðinu í mörg ár og það er ekki að fara að breytast á þessu móti. Skorar oft mikilvæg mörk og íslenska liðið treystir á hann til að leysa af Aron í skyttustöðunni.

### ÁSGEIR ÖRN HALLGRÍMSSON
NIMES (FRAKKLAND)

**30 ÁRA HÆGRI SKYTTA (HORN)**
**17 leikir og 59 mörk í ár – 204 leikir alls.**



**Af hverju:** Getur bæði leyst af skyttu- og hornastöðuna hægra megin. Er ómissandi fyrir liðið af því að hann er mjög öflugur liðsmaður og þá er hann mjög góður varnarmaður.

### RÓBERT GUNNARSSON
PARIS ST-GERMAIN (FRAKKL.)

**34 ÁRA LÍNUMAÐUR**
**18 leikir og 38 mörk í ár – 251 leikur alls.**



**Af hverju:** Hefur verið fastamaður í íslenska liðinu í áratug og verður það áfram. Kom ferskari inn í mörg á undan og nær sér vonandi á strik í Katar. Íslenska liðið hefur beðið svolítið eftir því.

### BJÖRGVIN PÁLL GÚSTAVSSON
BERGISCHER HC (ÞÝSKAL.)

**29 ÁRA MARKVÖRÐUR**
**18 landsleikir á árinu – 153 leikir alls**



**Af hverju:** Hefur verið að leika vel í Þýskalandi að undanförnu og er að koma sterkur til baka eftir frekar dapurt gengi framan af. Er og verður aðalmarkvörður liðsins og sá sem getur skilið á milli fyrir liðið.

### ARON RAFN EÐVARÐSSON
GUIF (SVÍÞJÓÐ)

**25 ÁRA MARKVÖRÐUR**
**14 landsleikir á árinu – 36 leikir alls**



**Af hverju:** Er fyrir nokkru búinn að tryggja sig inn sem annar af tveimur markvörðum íslenska liðsins. Er mjög ólíkur Björgvini og hefur oft átt flottar innkomur þegar allt lekur inn hjá aðalmarkverðinum.



### GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON
BARCELONA (SPÁNN)

**35 ÁRA VINSTRI HORNAMAÐUR**
**14 leikir og 93 mörk í ár – 303 alls.**

**Af hverju:** Fyrirliði liðsins og leiðtogi. Einn besti vinstri hornamaður heims í mörg ár. Frekari orð eru óþörf.

## 5 sem eru mjög líklegir

### STEFÁN RAFN SIGURMANNSSON
R-N LÖWEN (ÞÝSKALAND)

**24 ÁRA VINSTRI HORNAMAÐUR**
**11 leikir og 18 mörk í ár – 30 leikir alls.**



**Af hverju:** Hann hefur leikið mjög vel í Þýskalandi þrátt fyrir fá tækifæri. Er líka mjög góður varnarmaður sem styrkir stöðu hans í baráttunni um sæti í hópnum.

### RÚNAR KÁRASON
HANNOVER-BURGDORF (ÞÝS.)

**26 ÁRA HÆGRI SKYTTA**
**10 leikir og 31 mark í ár – 48 leikir alls.**



**Af hverju:** Er að öllu eðlilegu varamaður Alexanders og Ásgeirs Arnar í skyttunni en hefur verið mikið meiddur. Hann hefur ekki spilað með landsliðinu frá EM í ársbyrjun. Mikil skytta og gæti nýst liðinu mjög vel.

### ÞÓRIR ÓLAFSSON
STJARNAN

**35 ÁRA HÆGRI HORNAMAÐUR**
**17 leikir og 43 mörk í ár – 112 alls.**



**Af hverju:** Er kominn aftur heim í íslensku deildina eftir langan atvinnumannaferil. Var síðast í þrjú ár hjá pólska stórliðinu Vive Targi Kielce. Þarf að vera heill til að halda stöðunni í hægra horninu.

### VIGNIR SVAVARSSON MIDTJYLLAND (DANMÖRK)

**34 ÁRA LÍNUMAÐUR**
**19 leikir og 10 mörk í ár – 209 leikir alls.**



**Af hverju:** Er mikilvægur af því að hann styrkir liðið varnarlega. Vignir hefur fengið fá tækifæri í sókninni hjá landsliðinu en þarf líka að gera betur þar ef hann ætlar að fá að spila meira með landsliðinu.

### BJARKI MÁR GUNNARSSON
AUE (ÞÝSKALAND)

**35 ÁRA VINSTRI HORNAMAÐUR**
**14 leikir og 93 mörk í ár – 303 alls.**



**Af hverju:** Er ekki eins sterkur og hann var á Evrópumeistaramótinu í Danmörku og var ekki að spila nógu vel í leikjunum við Ísrael og Svartfjallaland. Er framtíðarmaður og mun halda sæti sínu í liðinu.

## 8 sem eru á brúninni

### SIGURBERGUR SVEINSSON
ERLANGEN (ÞÝSKALAND)

**27 ÁRA VINSTRI SKYTTA**
**2 leikir og 6 mörk í ár – 44 leikir alls.**



**Af hverju:** Var í stóru hlutverki í síðustu leikjum íslenska liðsins og mun áfram banka á dyrnar. Var góður gegn Ísrael en lék ekki vel í Svartfjallalandi. Sá leikur gæti spillt fyrir honum enda í harðri samkeppni.

### ÓLAFUR GUÐMUNDSSON
HANNOVER-BURGDORF (ÞÝS.)

**24 ÁRA VINSTRI SKYTTA**
**16 leikir og 26 mörk í ár – 59 leikir alls.**



**Af hverju:** Hefur verið að glíma við meiðsli og var ekki með íslenska liðinu í síðustu tveimur leikjum. Var í íslenska hópnum á EM og missti aðeins af þremur leikjum liðsins á árinu 2014.

### GUNNAR STEINN JÓNSSON
GUMMERSBACH (ÞÝSKAL.)

**27 ÁRA LEIKSTJÓRNANDI**
**18 leikir og 14 mörk í ár – 18 leikir alls.**



**Af hverju:** Stimplaði sig vel inn á Evrópumeistaramótið í Danmörku og leit þá út fyrir að ætla að tryggja sig inn í liðið á næstu árum. Hefur hins vegar ekki náð að fylgja eftir góðu gengi sínu frá því á EM.

### ÓLAFUR GÚSTAFSSON
AALBORG HÅNDBOLD (DAN.)

**25 ÁRA VINSTRI SKYTTA**
**1 leikur og 0 mörk í ár – 22 leikir alls.**



**Af hverju:** Menn biðja og bíða milli vonar og ótta að Ólafur verði heill heilsu í janúar en ef hann er laus við meiðslin sem hafa verið að plaga hann þá ætti hann að fá sæti í liðinu og styrkja varnarleikinn.

### KÁRI KRISTJÁNSSON
VALUR

**30 ÁRA LÍNUMAÐUR**
**13 leikir og 19 mörk í ár – 83 leikir alls.**



**Af hverju:** Er kominn heim og hefur verið að raða inn mörkum fyrir topplið Olísdeildarinnar. Hann er samt langt frá því að vera öruggur með sæti í hópnum þrátt fyrir að línustaðan sé frekar veik.

### ERNIR HRAFN ARNARSSON
EMSDETTEN (ÞÝSKALAND)

28 ára hægri skytta
**2 leikir og 5 mörk í ár – 16 leikir alls.**



**Af hverju:** Hans möguleikar hafa oft staðið og fallið með forföllum í hægri skyttustöðunni og það eru ekki miklar líkur á að það breytist. Er aldrei inni í myndinni ef Rúnar Kárason er leikfær og Alexander gefur kost á sér.

### BJARKI MÁR ELÍSSON
EISENACH (ÞÝSKAL.)

**24 ÁRA VINSTRI HORNAMAÐUR**
**8 leikir og 19 mörk í ár – 13 leikir alls.**



**Af hverju:** Hefur vissulega hæfileikana til þess að vera í íslenska hópnum en samkeppnin er rosaleg í vinstri horninu. Það er því samkeppnin en ekki hæfileikarnir sem kemur væntanlega í veg fyrir að hann fari til Katar.

### ARNÓR ÞÓR GUNNARSSON
BERGISCHER HC (ÞÝSKAL.)

**27 ÁRA HÆGRI HORNAMAÐUR**
**11 leikir og 6 mörk í ár – 34 leikir alls.**



**Af hverju:** Missir væntanlega enn og aftur af sæti í íslenska liðinu en er í samkeppni við Þóri. Aron velur varla varamann í hornið því bæði Alexander og Ásgeir Örn geta leyst þessa stöðu.

## ➜ Spurningamerkið ...

### SVERRE JAKOBSSON
AKUREYRI

**37 ÁRA VARNARMAÐUR**
**18 leikir og 0 mörk í ár – 169 leikir alls.**

Sverre hefur verið kletturinn í vörn íslenska liðsins síðan Alfreð Gíslason tók hann inn fyrir HM í Þýskalandi 2007. Síðan þá hefur varnarleikur íslenska liðsins byggst upp í kringum sterka og brosmilda tröllið að norðan.

Sverre hefur gefið það út í hálfkveðnum vísum að hann verði ekki með á heimsmeistaramótinu og síðan mega menn líka spyrja sig að því hvort Sverre sé nægjanlega góður í þessa gríðarlega mikilvægu stöðu í íslensku vörninni.

Sverre er kominn heim og spilar með Akureyri í Olís-deildinni í vetur og hann verður 38 ára gamall á næsta ári.

Sverre er ekkert unglamb lengur og það er líka tvennt ólíkt að vera að spila sem atvinnumaður í þýsku deildinni eða í íslensku deildinni.



## 8 sem eiga litla möguleika

**Daníel Freyr Andrésson**
SönderjyskE (Danmörk)
**25 ÁRA MARKVÖRÐUR**
**1 landsleikur í ár – 2 leikir alls.**

**Sveinbjörn Pétursson**
Aue (Þýskaland)
**26 ÁRA MARKVÖRÐUR**
**5 landsleikir í ár – 8 leikir alls.**

**Björgvin Hólmgeirsson**
ÍR
**27 ÁRA VINSTRI SKYTTA**
**1 leikur og 2 mörk í ár – 2 leikir alls.**

**Árni Steinn Steinþórsson**
Haukar
**23 ÁRA HÆGRI SKYTTA**
**6 leikir og 6 mörk í ár – 8 leikir alls.**

**Atli Ævar Ingólfsson**
Guif (Svíþjóð)
**26 ÁRA LÍNUMAÐUR**
**1 leikir og 1 mark í ár – 6 leikir alls.**

**Tandri Már Konráðsson**
Ricoh (Svíþjóð)
**24 ÁRA VINSTRI SKYTTA**
**2 leikir og 0 mörk í ár – 2 leikir alls.**

**Róbert Aron Hostert**
Mors-Thy Håndbold (Danmörk)
**23 ÁRA LEIKSTJÓRNANDI**
**0 leikir í ár – 303 alls.**

**Heimir Óli Heimisson**
Haukar
**24 ÁRA LÍNUMAÐUR**
**1 leikur og 2 mörk í ár – 1 leikur alls.**




The Power to Surprise

# Magnaður **sálufélagi**

Við kynnum Kia Soul, magnaðan nýjan sálufélaga. Hann fæst bæði sem raf- og dísilbíll og hefur ótal spennandi eiginleika. Þú situr hátt í honum, hann er afar rúmgóður og rafbílinn er einn langdrægnasti bíll í sínum flokki. Kia Soul hefur þegar unnið til fjölda verðlauna, m.a. sem besti borgarbíllinn á cars.com.

**Komdu á stefnumót með mögnuðum sálufélaga. Við tökum vel á móti þér.**

Verð frá **3.890.777** kr.

Kia Soul — dísilbíll

Einnig fáanlegur sem rafbíll á **4.750.777** kr. í **Kia Soul EV Luxury** útgáfu.

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

Brandenburg

# DAGSKRÁ

## SUNNUDAGUR

### Stöð 2 kl. 19.55

**Bubbi og Bó**

Vönduð heimildarmynd um tvo vinsælustu söngvara landsins, þá Björgvin Halldórsson og Bubba Morthens. Hér verður ferill þeirra rakinn í máli og myndum og við skyggnumst á bak við tjöldin við undirbúning sameiginlegra tónleika þeirra sem haldnir voru í Eldborgarsal Hörpu fyrr á árinu.



## Í KVÖLD



**Sjálfstætt Fólk**

**STÖÐ 2 KL. 19.15** Vandaður íslenskur þáttur í umsjá Jóns Ársæls en hann heldur áfram að taka hús á áhugaverðum Íslendingum sem hafa sögur að segja. Gestir Jóns Ársæls að þessu sinni eru þeir bræður Unnsteinn Manuel og Logi Pedro Stefánssynir tónlistarmenn.



**Hreinn Skjöldur**

**STÖÐ 2 KL. 21.10** Glænýr íslenskur gamanþáttur með Steinda, Sögu Garðars og Pétri Jóhanni í aðalhlutverkum. Hver þáttur er sjálfstæður, en við fylgjumst með Skildi og félögum lenda í nýjum ævintýrum í hverjum þætti.



**Happy Gilmore**

**STÖÐ 2 KL. 20.25** Uppgjafaíshokkíleikaranum Happy Gilmore gengur ekki nógu vel í lífinu. Kærastan er farin frá honum og hann getur lítið gert fyrir ömmu sína sem er að missa húsið sitt. Með von um skjótan gróða ákveður hann að taka þátt í golfmóti án þess að hafa nokkra reynslu af íþróttinni.

### Bylgjan kl. 10.00

**Sprengisandur**

Að venju verður Sprengisandur á dagskrá Bylgjunnar og að þessu sinni verða gestir Sigurjóns þau Eygló Harðardóttir, Óttarr Proppé, Bryndís Haraldsdóttir, Elín Björg Jónsdóttir og Sigurður Svavarsson.








### STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.01** Strumparnir
**07.25** Könnuðurinn Dóra
**07.50** Latibær
**08.00** Algjör Sveppi
**08.05** Elías
**08.15** Doddi litli og Eyrnastór
**08.25** Víkingurinn Vic
**08.40** Ben 10
**09.05** Grallararnir
**09.25** Villingarnir
**09.50** Litlu Tommi og Jenni
**10.10** Kalli kanína og félagar
**10.20** Ævintýraferðin
**10.30** Ozzy & Drix
**10.50** iCarly
**11.15** Scooby-Doo! Mystery Inc.
**11.35** Ninja-skjaldbökurnar
**12.00** Nágrannar
**12.20** Nágrannar
**12.40** Nágrannar
**13.00** Nágrannar
**13.20** Nágrannar
**13.45** Stelpurnar
**14.10** Hátíðarstund með Rikku
**14.40** Á fullu gazi
**15.15** Um land allt
**15.55** Eldhúsið hans Eyþórs
**16.30** 60 mínútur
**17.20** Eyjan
**18.10** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Sportpakkinn
**19.15** Sjálfstætt fólk
**19.55** Bubbi og Bó
**21.10** Hreinn Skjöldur
**21.40** Shameless
**22.35** 60 mínútur
**23.25** Eyjan
**00.15** Brestir
**00.45** Outlander
**01.40** The Newsroom
**02.40** Rush
**03.25** Liberal Arts
**05.00** Hreinn Skjöldur
**05.25** Fréttir

### SPORT *besta sætið*

**11.10** UEFA Champions League 2014
**12.50** NBA
**13.40** Þýsku mörkin
**14.10** **Spænski boltinn** Real Madrid - Celta
**15.50** **Spænski boltinn** Barcelona - Espanyol
**17.50** **Spænski boltinn** Villarreal - Real Sociedad
**19.50** Meistaradeild Evrópu
**20.20** **Spænski boltinn** Barcelona - Espanyol
**22.00** **Spænski boltinn** Villarreal - R. Sociedad
**23.40** UFC Unleashed 2014

### SPORT 2 *enski boltinn*

**08.20** Premier League 2014/2015
**10.00** **Premier League** Liverpool - Southampton
**11.40** **Premier League** Man. City - Everton
**13.20** **Premier League** West Ham - Swansea
**15.50** **Premier League** Aston Villa - Leicester Bein útsending
**18.00** **Premier League** West Ham - Swansea
**19.40** **Premier League** Aston Villa - Leicester
**21.20** **Premier League** Newcastle - Chelsea
**23.00** **Premier League** QPR - Burnley

### ÍNN

**14.00** Frumkvöðlar **14.30** Panorama **15.00** Fyrirtækjaheimsókir **15.30** Stormað **16.00** Hrafnaþing **17.00** 433 **17.30** Gönguferðir **18.00** Björn Bjarnason **18.30** Tölvur og tækni **19.00** ABC barnahjálp **19.30** Frá Haga í maga **20.00** Hrafnaþing á Vestfjörðum **21.00** Auðlindakistan **21.30** Suðurnesjamagasýn **22.00** Hrafnaþing **23.00** Kling Klang **23.30** Eldhús meistaranna

### STÖÐ 3

**16.40** The Carrie Diaries
**17.25** The Amazing Race
**18.10** Are You There, Chelsea?
**18.35** Last Man Standing
**19.00** Man vs. Wild
**19.45** Bob's Burgers
**20.10** American Dad
**21.00** Allen Gregory
**21.25** The League
**21.50** Fringe
**22.30** The Goodwin Games
**22.55** The Glades
**23.40** The Vampire Diaries
**00.20** Man vs. Wild
**01.05** Bob's Burgers
**01.30** American Dad
**02.15** Allen Gregory
**02.40** The League
**03.00** Fringe
**03.40** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

### KrakkaStöðin

**07.00** Ljóti andarunginn og ég **07.25** Latibær **07.47** Tommi og Jenni **07.54** Tom and Jerry **08.00** Könnuðurinn Dóra **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveins **09.45** Elías **09.55** UKI **10.00** Ofurhundurinn Krypto **10.22** Kalli á þakinu **10.47** Ævintýraferðin **11.00** Ljóti andarunginn og ég **11.25** Latibær **11.47** Tommi og Jenni **11.53** Tom and Jerry **12.00** Könnuðurinn Dóra **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveins **13.45** Elías **13.55** UKI **14.00** Ofurhundurinn Krypto **14.22** Kalli á þakinu **14.47** Ævintýraferðin **15.00** Ljóti andarunginn og ég **15.25** Latibær **15.47** Tommi og Jenni **15.53** Tom and Jerry **16.00** Könnuðurinn Dóra **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveins **17.45** Elías **17.55** UKI **18.00** Ofurhundurinn Krypto **18.22** Kalli á þakinu **18.47** Ævintýraferðin **19.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **19.10** Skógardýrið Húgó **20.25** Sögur fyrir svefninn

### GULLSTÖÐIN

**17.10** Strákarnir
**17.40** Friends
**18.05** 2 Broke Girls
**18.30** Modern Family
**18.55** Two and a Half Men
**19.20** Viltu vinna milljón?
**20.15** Suits
**21.00** The Mentalist
**21.45** The Tunnel
**22.35** Sisters
**23.25** The Tudors
**00.15** Viltu vinna milljón?
**01.05** Suits
**01.50** The Mentalist
**02.30** The Tunnel
**03.20** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

### BÍÓSTÖÐIN

**11.05** Mrs. Doubtfire
**13.10** Darling Companion
**14.55** Happy Gilmore
**16.30** Mrs. Doubtfire
**18.35** Darling Companion
**20.25** Happy Gilmore
**22.00** This is the End
**23.50** The Grey
**01.45** The Killer Inside Me
**03.35** This is the End

### RÚV

**07.00** Morgunstundin okkar
**10.20** Fisk í dag e.
**10.30** Óskalög þjóðarinnar
**12.00** Stúdíó A
**12.45** Stephen Fry: Út úr skápnum
**13.45** Djöflaeyjan
**14.15** Einn plús einn eru þrír – Margfeldisáhrif í samstarfi
**15.05** Geðveik jól 2014
**15.55** Ævintýri Merlíns
**16.40** Saga af strák
**17.05** Táknmálsfréttir
**17.15** Sebbi
**17.26** Jesús og Jósefína
**17.46** Hrúturinn Hreinn
**17.53** Skrípin
**18.00** Stundin okkar
**18.25** Í sambýli við náttúruöflin
**18.40** Jólin hjá Claus Dalby
**18.50** Rétt viðbrögð í skyndihjálp
**19.00** Fréttir
**19.20** Íþróttir
**19.35** Veðurfréttir
**19.40** Landinn
**20.15** **Orðbragð** Skemmtiþáttur um tungumálið á reiprennandi íslensku.
**20.50** **Downton Abbey** Breskur myndaflokkur sem gerist upp úr fyrri heimsstyrjöld og segir frá Crawley-fjölskyldunni og þjónustufólki hennar.
**22.00** **Perrið aldrei tár án hanska** Áhrifamikil sænsk þáttaröð í þremur hlutum. Ástir og átök samkynhneigðra karlmanna í skugga alnæmis. Líf ástfanginna vina tekur átakanlegum breytingum þegar sjúkdómurinn nær útbreiðslu í Stokkhólmi og ungir menn fara að veikjast. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**23.00** Skepnur suðursins
**00.30** Úr launsátri
**01.15** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**12.20** The Talk
**13.05** The Talk
**13.50** Dr. Phil
**14.30** Dr. Phil
**15.10** Kitchen Nightmares
**15.55** Red Band Society
**16.40** Survivor
**17.25** Parks & Recreation
**17.50** Growing Up Fisher
**18.15** Jane the Virgin
**19.00** The Biggest Loser – Ísland
**19.50** Solsidan
**20.10** Red Band Society
**21.00** Law & Order: SVU
**21.45** The Affair
**22.35** Hannibal
**23.20** Hawaii Five-0
**00.05** CSI
**00.50** Law & Order: SVU
**01.35** The Affair
**02.25** Hannibal
**03.10** Pepsi MAX tónlist

### Golfstöðin

**08.40** Golfing World 2014
**09.30** Golfing World 2014
**10.20** Golfing World 2014
**11.10** PGA Tour 2014
**16.10** Golfing World 2014
**17.00** PGA Tour 2014
**22.00** Ryder Cup 2014 - Official Film
**23.15** Golfing World 2014

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


ÁLNAVÖRUBÚÐIN
Hveragerði
Allt í jólapakkann...
Við sendum hvert á land sem er FRÍTT í desember
JÓLATILBOÐ
25%
afsláttur af ÖLLUM fatnaði og metravöru til áramóta.
-ný tilboð bætast við á hverjum laugardegi til jóla
Glitrandi kjóll
Verð: 7990 kr
NÚ: 5993 kr
Chiffon túnika
Verð: 4990 kr
NÚ: 3743 kr
Loðjakki
Verð: 15990 kr
NÚ: 11993 kr
Slá
Verð: 7990 kr
NÚ: 5993 kr
Mjúk loðin peysa
Verð: 7990 kr
NÚ: 5993 kr
Prjónapeysa
Verð: 6990 kr
NÚ: 5243 kr
Jólapeysa með seríu
Verð: 7990 kr
NÚ: 5993 kr
Jólapeysa
Verð: 6990 kr
NÚ: 5243 kr
Stuttermabolir
Verð: 2490 kr
NÚ: 1868 kr
Joggingbuxur gallabuxna
Verð: 7990 kr
NÚ: 13493 kr
Soulstar Skinny gallabuxur
Verð: 7990 kr
NÚ: 5993 kr
Polo peysa
Verð: 6490 kr
NÚ: 4868 kr
Herra ullarjakki
Verð: 17490 kr
NÚ: 13118 kr
Prjónapeysa
Verð: 5990 kr
NÚ: 4493 kr
Skyrta
Verð: 6790 kr
NÚ: 5093 kr
Didriksons úlpur
St.130-160
Verð: 17990 kr
NÚ: 13493 kr
North Rock úlpa
Börn & fullorðnir
Verð: 12990 kr & 16990 kr
NÚ: 9743 kr & 12743 kr
Við bjóðum uppá heitt súkkulaði með rjóma og kaffi, allar helgar til jóla, mmmmm!
Þú getur pantað og fengið sent
í gegnum Facebook eða síma 483-4517
facebook.com/alnavorubudin
OPNUNARTÍMI
Mán-Lau 10-18
Sunnu-dagar 12-18

# DAGSKRÁ

LAUGARDAGUR

## Summer Glau



„Að ljúga er það ljótasta sem hægt er að gera. Vertu sá sem þú ert. Ekki reyna að vera einhver sem þú ert ekki, það mun aldrei ganga upp.“

*Leikkonan Summer Glau fer með eitt af aðalhlutverkunum í jólamyndinni Help for the holidays sem leikstýrt er af Bradford May. Myndin er sýnd á Stöð 2 í kvöld kl. 20.45.*

## Á HVAÐ ERTU AÐ HORFA?

### DAVÍÐ ARNAR ODDGEIRSSON, STJÓRNANDI ÞÁTTARINS ILLA FARNIR



**Tek tarnir** Ég er meiri maraþonseríumaður en að bíða eftir þætti í hverri viku. Pegar er gott frí, til dæmis um jólin, þá tek ég smá törn á nokkrum dögum. Annars horfi ég ekki mikið á sjónvarp og fer í bíó kannski tíu sinnum á ári. Netið er málið fyrir mig, það er allt á netinu í dag.



1 **Californication** Hank Moody er einhleypur piparsveinn sem keyrir um á Porsche, býr í Kaliforníu og allar skvísurnar eru óðar í hann. Ég held það sé ekki hægt að vera mikið svalari en það.



2 **Nitro Circus** Þetta eru adrenalínþættir sem eru á netinu. Ég notaði þá sem innblástur fyrir og hvað? þættina sem ég gerði 2013. Þetta eru atvinnumenn í jaðaríþróttum en eru samt að leika sér.



3 **Snatch** Með Brad Pitt er uppáhaldsmyndin mín. Hún er svo góð að ég get horft á hana aftur og aftur. Þarna er bara úrvalslið af eðaltöffurum og Brad Pitt hefur líklega aldrei verið svalari.

## Bylgjan kl. 16.00

### Veistu hver ég var?

Siggi Hlö er sjóðheitur og skemmtilegur. Hann færir hlustendum flottustu 80's tónlistina.




Domino's 1011 Fjölbreytt og þægilegt ICELANDAIR Coca-Cola

LAUGARDAG 17:20 SPORT 2



MAN. CITY – EVERTON

**Desember hefst með látum!**

LIVERPOOL – SUNDERLAND

LAUGARDAG 14:50 SPORT 3



SOUTHAMPTON – MAN. UTD

MÁNUDAG 19:50 SPORT 2



MESSAN

MÁNUDAG 22:00 SPORT 2



Fáðu þér áskrift! 365.IS


### STÖÐ 2

**07.00** Barnaefni Stöðvar 2
**07.01** Strumparnir
**07.25** Doddi litli og Eyrnastór
**07.40** Waybuloo
**08.00** Algjör Sveppi
**08.05** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
**08.15** Ávaxtakarfan – þættir
**08.30** Mæja býfluga
**08.40** Lína Langsokkur
**09.05** Svampur Sveinsson
**09.30** Tommi og Jenni
**09.50** Ljóti andarunginn og ég
**10.10** Kalli kanína og félagar
**10.30** Villingarnir
**10.50** Batman: The Brave and the Bold
**11.15** Teen Titans Go
**11.35** Big Time Rush
**12.00** Bold and the Beautiful
**12.20** Bold and the Beautiful
**12.40** Bold and the Beautiful
**13.00** Bold and the Beautiful
**13.20** Bold and the Beautiful
**13.45** Logi
**14.35** Sjálfstætt fólk
**15.20** Heimsókn
**15.50** Modern Family
**16.20** ET Weekend
**17.10** Íslenski listinn
**17.40** Sjáðu
**18.10** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Sportpakkinn
**19.15** Svínasúpan
**19.45** Lottó
**19.50** The Big Bang Theory
**20.15** Stelpurnar
**20.45** Help for the Holidays
**22.15** Homefront
**00.00** Ted
**01.45** The Green Mile
**04.50** Puncture

### SPORT *besta sætið*

**10.00** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**10.30** Zenit - Benfica
**12.10** Holland - Lettland
**13.50** Grindavík - Tindastóll
**15.20** Sounds of the Finals 2014
**16.10** Ísland - Holland
**17.50** Samsung Unglingaeinvígið 2
**18.20** La Liga Report
**18.50** Real Madrid - Celta
**21.05** Kiel - Gummersbach
**22.25** Þýsku mörkin
**22.55** Real Madrid - Celta
**00.35** UFC Now 2014
**01.25** UFC Fight Night: Nelson vs Story
**03.00** UFC 181: Hendricks vs Lawler

### SPORT 2 *enski boltinn*

**07.30** Chelsea - Tottenham
**09.10** Swansea - QPR
**10.50** Match Pack
**11.20** Messan
**12.05** Enska úrvalsdeildin - upphitun
**12.35** Newcastle - Chelsea
**14.50** Liverpool - Southampton
**17.00** Markasyrpa
**17.20** Man. City - Everton
**19.30** Stoke - Arsenal
**21.10** Tottenham - Crystal Palace
**22.50** Hull - WBA
**00.30** QPR - Burnley

### ÍNN

**17.00** Kling Klang **17.30** Eldhús meistaranna **18.00** Hrafnaþing **19.00** Kling Klang **19.30** Eldhús meistaranna **20.00** Hrafnaþing **21.00** 433 **21.30** Gönguferðir **22.00** Björn Bjarnason **22.30** Tölvur og tækni **23.00** ABC barnahjálp **23.30** Frá Haga í maga **00.00** Hrafnaþing á Vestfjörðum

### STÖÐ 3

**15.50** Welcome to the Family
**16.15** Wipeout
**17.00** Baby Daddy
**17.25** One Born Every Minute US
**18.10** American Dad
**18.35** The Cleveland Show
**19.00** X-factor UK
**20.25** X-factor UK
**21.15** Raising Hope
**21.40** Ground Floor
**22.05** Longmire
**22.50** Revolution
**23.30** Allen Gregory
**23.55** The League
**00.20** Fringe
**01.05** X-factor UK
**02.30** X-factor UK
**03.15** Raising Hope
**03.40** Ground Floor
**04.05** Longmire
**04.45** Revolution
**05.30** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

### Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveins **07.45** Elías **07.55** UKI **08.00** Ofurhundurinn Krypto **08.22** Lína Langsokkur **08.47** Ævintýraferðin **09.00** Ljóti andarunginn og ég **09.25** Latibær **09.47** Tommi og Jenni **09.54** Tommi og Jenni **10.00** Könnuðurinn Dóra **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Rasmus Klumpur og félagar **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveins **11.45** Elías **11.55** UKI **12.00** Ofurhundurinn Krypto **12.22** Lína Langsokkur **12.47** Ævintýraferðin **13.00** Ljóti andarunginn og ég **13.25** Latibær **13.47** Tommi og Jenni **13.53** Tommi og Jenni **14.00** Könnuðurinn Dóra **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Rasmus Klumpur og félagar **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveins **15.45** Elías **15.55** UKI **16.00** Ofurhundurinn Krypto **16.22** Lína Langsokkur **16.47** Ævintýraferðin **17.00** Ljóti andarunginn og ég **17.25** Latibær **17.47** Tommi og Jenni **17.53** Tommi og Jenni **18.00** Könnuðurinn Dóra **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Rasmus Klumpur og félagar **19.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **19.10** Igor **20.35** Sögur fyrir svefninn

### GULLSTÖÐIN

**18.00** Strákarnir
**18.35** Friends
**19.00** 2 Broke Girls
**19.25** Modern Family
**19.50** Two and a Half Men
**20.15** Without a Trace
**21.00** The Mentalist
**21.45** Derek
**22.10** Fringe
**22.55** Suits
**23.40** The Tunnel
**00.30** Without a Trace
**01.15** The Mentalist
**02.00** Derek
**02.25** Fringe
**03.10** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

### BÍÓSTÖÐIN

**10.55** Working Girl
**12.50** Thunderstruck
**14.25** Multiplicity
**16.25** Working Girl
**18.20** Thunderstruck Skemmtileg gamanmynd fyrir alla fjölskylduna með Kevin Durant í aðalhlutverki. Myndin fjallar um fræga körfuboltastjörnu sem skiptir um hlutverk við 16 ára klaufalegan aðdáanda.
**20.00** Multiplicity
**22.00** Carrie Mögnuð endurgerð þessarar þekktu hrollvekju frá 1976 með Julianne Moore og Chloë Grace Moretz í aðalhlutverkum.
**23.40** 360
**01.35** Sarah's Key
**03.25** Carrie

### RÚV

**07.00** Morgunstundin okkar
**07.01** Smælki
**07.04** Sara og önd
**07.11** Tillý og vinir
**07.22** Kioka
**07.29** Pósturinn Páll
**07.44** Ólivía
**07.55** Ofur-Groddi
**08.02** Músahús Mikka
**08.25** Hvolpasveitin
**08.48** Úmísúmí
**09.11** Kosmó
**09.24** Loppulúði, hvar ertu?
**09.37** Kafteinn Karl
**09.49** Hrúturinn Hreinn
**10.00** Drekar: Knapar Birkieyjar
**10.25** Fum og fát
**10.30** Landinn
**11.00** Útsvar
**12.00** Orðbragð
**12.30** Viðtalið
**13.00** Kiljan
**13.45** Dansað á skjánum
**14.45** Hraðfréttir
**15.10** Geðveik jól 2014
**16.00** Jesús og Jósefína
**16.20** Táknmálsfréttir
**16.30** Forkeppni HM kvenna í handbolta Bein útsending frá seinni leik Makedóníu og Íslands í forkeppni HM í handbolta kvenna sem fer fram í Skopje í Makedóníu.
**18.45** Geðveik jól – Upprifjun
**18.54** Lottó
**19.00** Fréttir
**19.20** Íþróttir
**19.35** Veðurfréttir
**19.40** Óskalög þjóðarinnar
**21.25** Smyglarar í Mánavík Bresk ævintýra- og fjölskyldumynd frá 2013. Ungur eldhugi hefur leit að földum fjársjóði Svartskeggs sjóræningja. Hann lendir í vafasömum félagsskap sem flækir fjársjóðsleitina til muna.
**23.00** Á tæpasta vaði
**01.10** Ljón fyrir lömb
**02.40** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**12.10** The Talk
**12.55** The Talk
**13.40** Dr. Phil
**14.20** Dr. Phil
**15.00** Dr. Phil
**15.40** The Biggest Loser
**16.25** The Biggest Loser
**17.10** The Voice
**18.40** The Voice
**19.25** Dogs in the City
**20.10** Secret Street Crew
**21.00** The Mob Doctor
**21.45** Hairspray
**23.45** Vegas
**00.30** Unforgettable
**01.15** Scandal
**02.00** Fargo
**02.50** Hannibal
**03.35** The Tonight Show
**04.20** Pepsi MAX tónlist

### Golfstöðin

**08.00** Golfing World 2014
**08.50** Golfing World 2014
**09.40** PGA Tour 2014
**12.40** Golfing World 2014
**13.30** PGA Tour 2014
**16.30** Samsung Unglingaeinvígið 2014
**17.00** PGA Tour 2014
**22.00** PGA Tour Latinoamerica
**22.25** Golfing World 2014
**23.15** Feherty

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# ego dekor

## NÝ SENDING AF SÓFUM



JERSEY horntungusófi
Stærð: 316X212/155cm -Verð: 269.900,-
Höfuðpúði Verð: 9.500,-



ORLANDO horntungusófi
Stærð: 316X212/155cm -Verð: 269.900,-
Stærð: 381X212/155cm -Verð: 314.900,



ORLANDO tungusófi
Stærð: 241X153cm -færanleg tunga
Verð: 159.900,-



ERIC sjónvarpsskenkur
Breidd: 210cm
Verð: 149.900,-



ORLANDO hornsófi
Stærð: 317X212
Verð: 258.000,-




PÚÐAR 45X45
Verð: 2.900/stk

Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00 - 16.00 Sun 13.00 - 16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is

## BLAZ BRÆÐIR SNJÓ AF GÖTUM BORGARINNAR

Erpur Eyvindarson eða Blaz Roca á í nógu að snúast um helgina en hann er að taka upp myndband við nýtt lag. „Þetta er bara geðveiki, kostnaðurinn er ein til tvær milljónir. Dýrasta myndband sem ég hef gert,“ segir Erpur.

Margir koma að myndbandinu og þá hefur Erpur einnig látið bræða snjó í þekktri götu í Reykjavík fyrir myndbandagerðina.

„Við erum að fara nota Cadillac Eldorado 74 módel, með blæju og allan pakkann. Þetta verður geggjað myndband við vangefið lag.“ **- glp**





„Þetta er þreytandi á dásamlegan hátt.“

**SCARLETT JOHANSON** UM MÓÐURHLUTVERKIÐ Í VIÐTALI VIÐ GALA MAGAZINE.

## SELJA TOPP BJARKAR

Leikkonurnar og vinkonurnar Esther Talía Casey og **Elma Lísa Gunnarsdóttir** halda Trylltan fatamarkað í dag. Markaðurinn verður í Leikarafélagshúsinu á Lindargötu 6, bak við Þjóðleikhúsið, milli 12-18. Þær vinkonurnar eru miklar smekkkonur og því má búast við að finna miklar gersemar á góðu verði. Meðal þess sem í boði verður er toppur sem áður var í eigu Bjarkar Guðmundsdóttur og kjóll af söngkonunni Svölu Björgvins. Áhugasamir geta séð gössið á Facebook-síðu viðburðarins Trylltur fatamarkaður. **- asi**



## ÚLPA Í FRYSTIGÁMI

Dýrasta úlpan sem fyrirtækið 66°Norður hefur framleitt, Jökla Parka, var sett á markað í gær. Hún kostar 149 þúsund krónur og gefst almenningi kostur á að prófa hana í 25 gráðu frosti í frystigámi í nágrenni verslunar fyrirtækisins í Faxafeni í dag á milli 14 og 16. Nýlega birtist opnuauglýsing í danska tímaritinu Euroman með mynd af leikstjóranum Baltasar Kormáki í úlpunni, en fyrirtækið opnaði verslun þar í landi í nóvember. **- fb**




Draumahöllin

ENN STÆRRI OG ævintýralegri



IVV kertastjaki 17 cm. JÓLATILBOÐ 3.990 KR.



COPENHAGEN CANDLE fjórir mismundandi jólailmir í dós. 2.390 STK.



VIDIVI Esa glasasett 6 stk., 34 cl. 6. 990 KR., 43cl. 8.490 KR.



IITTALA Kastehelmi skál gul 6.490 KR.

VIDIVI skálasett, 2 hjörtu JÓLATILBOÐ 4.490 KR.

HÚSGAGNAHÖLLIN

REYKJAVÍK | AKUREYRI


# Andrúmsloftið létt við tökur á Get Santa

**Hera Hilmarsdóttir lék í sinni fyrstu jólagamanmynd, Get Santa, á dögunum. Meðleikarar hennar voru stjörnurnar Warwick Davis og Jim Broadbent. Kemur heim um jólin.**

„Þetta var bara mjög skemmtilegt, þetta er fyrsta jólagamanmyndin sem ég tek þátt í og andrúmsloftið í tökum var mjög létt og líflegt,“ segir Hera Hilmarsdóttir leikkona um kvikmyndina Get Santa sem var frumsýnd í London síðastliðinn sunnudag.

Hera leikur eitt af hlutverkunum í myndinni, sem fjallar um feðga sem ætla að bjarga jólunum þegar þeir finna jólasveininn sofandi í bílskúrnum sínum.

„Þetta var líka algjört hópverkefni, mjög „óegósentrískt“ á alla kanta þar sem markmiðið var augljóslega að gera skemmtilega jólamynd saman. Það getur auðvitað verið mismunandi hvernig stemning myndast í tökum en leikstjórinn Chris Smith skapaði afar skemmtilegt og afslappað andrúmsloft og kom líka leikarahópnum vel saman þannig að við eyddum miklum tíma saman fyrir utan tökur,“ segir Hera. „Nú gerist myndin í London en við tókum mikið upp í Leeds því í myndinni eru alls konar bílaeltingaleikir til dæmis sem einfaldara er að gera þar en í London.“

Hera var geislandi á rauða dreglinum á mánudegi ásamt stjörnum myndarinnar, Warwick Davis, Jim Broadbent, Rafe Spall og hreindýrinu Dasher. En er Warwick Davis jafn leiðinlegur og í þáttunum Life's Too Short, þar sem hann á að leika sjálfan sig? „Ég get ekki sagt það. Það sem ég hef af honum að segja og þekki er bara allt mjög gott. Hann er líka mjög fyndinn í myndinni.“

Það er ýmislegt á döfinni hjá Heru eins og þriðja sería af Da Vinci's Demons sem verið er að klára um þessar mundir. Þá heldur hún til Þýskalands í byrjun desember til að leika í nýrri stuttmynd. „Hún gæti orðið að bíómynd eða sjónvarpsseríu en þetta er mjög spennandi handrit, ungur þýskur leikstjóri og flottir framleiðendur. Þetta er mjög spes pæling, sagan og handritið sjálft, og skemmtilegt, spennandi verkefni. Ég ætla að hoppa í það í nokkra daga áður en ég kem heim um jólin og nota líka tækifærið og hitta góða vini þar úti,“ segir Hera.

thorduringi@frettabladid.is



**HERA HILMARSDÓTTIR** Jólamyndin Get Santa var að stórum hluta tekin upp í borginni Leeds á Englandi. Þetta er hennar fyrsta jólagamanmynd.



NORDICPHOTOS/GETTY

**JÓLALEG** Hera, lengst til vinstri, ásamt leikurum Get Santa á frumsýningu myndarinnar í London á mánudag.

# Game of Thrones á Snæfellsnesi

**Landslagstökur fyrir fimmtu þáttaröðina hefjast við sjávarmál á mánudaginn.**

Landslagstökur fyrir fimmtu þáttaröð Game Of Thrones hefjast á Snæfellsnesi á mánudaginn og standa yfir í eina viku.

Eins og gefur að skilja taka engir leikarar þátt í tökunum en um tíu manns munu vinna við þær. Þetta verður í fyrsta sinn sem tökur fyrir þættina fara fram á Snæfellsnesi og verða þær niðri við sjávarmálið.

Ekki stóð til að mynda meira á Íslandi á þessu ári fyrir Game of Thrones en hætt var við það. „Þetta er það seint á árinu og birtan er svo stutt hérna,“ segir Snorri Þórðarson hjá Pegasusi, aðspurður. „Það er ekki hægt að koma með einhverjar stórar senur en við myndum umhverfið,“ segir hann og bætir við að atriðunum sem tekin eru hér heima verður skeytt saman við atriði sem voru tekin upp erlendis. Þar klárast aðaltökur fyrir fimmtu seríuna um þessa helgi.

Spurður hvort tökur séu fyrirhugaðar fyrir Game of Thrones á næsta ári, sagði Snorri það óvíst. „Eins og þeir segja: „Winter is coming“. Aðaltökunum er alla vega að ljúka.“ **- fb**

➜ Hafþór Júlíus Björnsson leikur í fimmtu þáttaröðinni af Game of Thrones eins og hann gerði í þeirri fjórðu.



**GAME OF THRONES** Þetta verður í fyrsta sinn sem atriði fyrir Game of Thrones verða tekin upp á Snæfellsnesi.

E&Co. — eogco.is




• **Verið hjartanlega velkomin.** Geysir Skólavörðustíg, Akureyri og Haukadal. Sími 519 6000 — www.geysir.com — •

DORMA

# VERTU VELKOMIN/N Í AFMÆLISVEISLU

# TAX

AFMÆLI

5 ÁRA

OPIÐ Í
HOLTAGÖRÐUM
TIL KLUKKAN $17^{00}$
LAUGARDAG
OG SUNNUDAG
**DORMA**
HOLTAGÖRÐUM
SÍMI: 512 6800
www.dorma.is

DORMA
– býður góða nótt

## TAXFREE

20,32% afsláttur*
af öllum vörum
í búðinni!

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25.5% virðisaukaskatt af söluverði. 20,32% afslátturinn er alfarið á kostnað DORMA.

- Ný og stórglæsileg Dormaverslun Holtagörðum
- Ný og glæsileg smávörudeild
- Enn meira úrval af heilsurúmum
- Stóraukið sófa og svefnsófa úrval
- Heil veröld af dúnvörum
- Mikið og fjölbreytt úrval af sængurfötum



Jón Jónsson slær
á létta jólastrengi kl. $14^{30}$

Jói Fel
BAKARÍ

Jólakökur og
kruðerí frá Jóa Fel

# DORMA

# TAXFREE

## AF ÖLLUM VÖRUM UM HELGINA









Nature's Comfort heilsurúm



DORMA
– býður góða nótt

**TAXFREEVERÐ**
**110.677 kr.**
140x200 cm.
Nature's heilsurúm með botni og löppum.
Fullt verð:
138.900

DORMA
– býður góða nótt

**TAXFREEVERÐ**
**352.430 kr.**
2x80x200 cm.
C&J stillanlegt rúm með Shape dýnum
Fullt verð:
442.300

C&J stillanlegt rúm með Shape heilsudýnu



Nature's Bedding

Charlotte & Julien
Dream your world™

SHAPE
BY NATURE'S BEDDING

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla,
Vesturbergi og
Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland


## NÆRMYND



# Tómas Guðbjartsson

**hjarta- og lungnaskurðlæknir**

**MAKI** Dagný Heiðdal
**BÖRN** Guðbjörg og Tryggvi

Tómas vann sannkallað þrekvirki í síðustu viku þegar hann, ásamt öðrum heilbrigðisstarfsmönnum, bjargaði lífi manns sem hafði verið stunginn í hjartað.

Tómas hefur alltaf verið afar atorkusamur og hann ætlaði sér að verða læknir strax í 1. bekk í Melaskóla. Í mínum huga er hann þó fyrst og fremst góður og nærgætinn sonur, afar seinn til vandræða og ég held að hann lifi og starfi svolítið í anda heilræðisins „Aðgát skal höfð í nærveru sálar“.



***Guðbjörg Tómasdóttir,*** *móðir*

Hann er flinkur strákur sem virðist hafa fleiri klukkustundir í sólarhringnum en við hin. Þá er hann frábær félagi og reynist manni alltaf vel. Það er stutt í grallarann og ég veit um tvö lítil sem vita fátt skemmtilegra en að leika við Tomma frænda.



***Ingibjörg Guðbjartsdóttir,*** *systir*

Tommi er alveg einstakur, yndislegur, svo mannlegur og góður. Hann ber einstaka umhyggju fyrir sjúklingum sínum og setur þá í forgang. Hann á svolítið erfitt með að taka sér frí og er alltaf með hugann við vinnuna. Hann er frábær námsmaður og markmiðadrifinn. Tommi er enginn meðalmaður.



***Tryggvi Hafstein,*** *æskuvinur*





